2

Frá áramótum verður Búnaðarstofa ekki lengur til

28

Fólk með forystufé elskar að tala við forystufé og um forystufé

38

Diskósúpudrottningin tekur við

Bændablaðið

24. tölublað 2019 • Fimmtudagur 19. desember • Blað nr. 553 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Mynd / Þorsteinn Davíðsson

Bændur, björgunarmenn og starfsmenn orkufyrirtækja unnu þrekvirki í ofsaveðrinu sem gekk yfir landið í síðustu viku:

Í myrkri og kulda þegar kerfið brást

– Ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála vill að meira tillit sé tekið í kerfinu til heildarhagsmuna samfélaga en sérhagsmuna

Viðbrögð stjórnmálamanna við þeim áföllum sem ofsaveður olli sem gekk yfir landið í síðustu viku staðfesta að fjölmargir þættir í öryggiskerfi landsmanna brugðust íbúum á stórum landsvæðum. Rafkerfið datt út sem og öryggiskerfið í fjarskiptum þannig að fólk gat ekki kallað eftir aðstoð.

Framganga bænda eins og Magnúsar Ásgeirs Elíassonar á Stóru-Ásgeirsá í Víðidal við að grafa hross úr fönn við ómannlegar aðstæður hefur vakið mikla athygli. Sem og framganga björgunarsveitarmanna og línumanna orkufyrirtækjanna við að bjarga því sem bjargað varð.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra segir að því miður sé það svo að sveitarfélög, samtök og einstaklingar geti með því að setja ekki inn á skipulag eða með því að kæra tafið og jafnvel komið í veg fyrir lagningu stofnlagna sem nauðsynlegar eru vegna almannaheilla.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur talað á svipuðum nótum. Í september lagði hún fram minnisblað í ríkisstjórn um flutningskerfi raforku, en fjallað var um það mál í Morgunblaðinu í gær. Í umræddu minnisblaði er farið yfir lykilverkefni í flutningskerfi raforku og stöðu þeirra:

Sigurður Ingi Jóhannsson.

„Verulegar tafir hafa orðið á mikilvægum framkvæmdum í flutningskerfi raforku og er staða þeirra ekki í samræmi við vilja Alþingis.“

Kærumál og deilur hafa tafið uppbyggingu stofnlína

„Dæmi er um að slík mál hafi unnist fyrir Hæstarétti eða að þau séu kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og þannig komið í veg fyrir lagningu stofnlína sem hafa mikið öryggishlutverk,“ segir Sigurður Ingi.

„Slíkt er að sjálfsögðu bagalegt og til að koma í veg fyrir að svona lagað geti komið fyrir þegar um er að ræða meginstofnleiðir í orkukerfinu, samgöngukerfi eða í fjarskiptum og annað sem skiptir þjóðina sem heild máli væri hægt að skilgreina stofnleiðir með skýrari hætti í landsskipulagi.“

Sigurður segir að landsskipulag sé samþykkt af Alþingi og að það sé spurning hvort það þyrfti að hafa meira vægi en það hefur í dag.

„Vægi landsskipulagsins hefur verið mikið á Norðurlöndunum í lengri tíma. Umræða um landsskipulag hefur ekki verið hávær hér á landi enda er samspil skipulagsvalds ríkis og sveitarfélaga flókið og viðkvæmt.

Að sjálfsögðu er þetta tvíeggjað sverð sem verður að fara varlega með. Ég tel að með því að skilgreina meginstofn- og aðalflutningsleiðir inn í landsskipulagi séu hagsmunir almennings í landinu og heilu byggðarlaganna best tryggðir. Með sterkri umgjörð landsskipulags væri meiri krafa um að sveitarfélög og einstaklingar litu á heildarhagsmuni byggðarlaga og öryggi þeirra.“

Sigurður Ingi segir að dæmi um slíkt sé lagning byggðalínunnar norðan heiða þar sem hún er ekki inni á skipulagi allra sveitarfélaga á svæðinu.

Þegar Sigurður Ingi er spurður hvort möguleiki sé á að leggja raflínur í jörð til að auka öryggi þeirra, segir hann að tæknin sé sífellt að breytast og möguleikar á slíku að aukast.

„Lagning í jörð er klárlega möguleiki sem vert er að skoða en enn sem komið er er slíkt tæknilegum takmörkunum háð. Það er ekkert vandamál að leggja strengi með 66 kílóvöttum í jörð, enda um 65% slíkra strengja Rarik þegar komnir í jörðu.

Slíkt er erfiðara fyrir Landsnet sem flytur hærri spennu. Fyrr í vikunni var sett inn á Samráðsgátt skýrsla sem umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra fengu óháðan aðila til að gera. Niðurstaða hans er sú að 10% af 132 kílóvolta og 5% af 220 kílóvolta rafmagnsstrengjum geti verið jarðstrengir.“

Kerfið of flókið

Sigurður segið að ferlið í kringum lagningu orkulína sé flókið og umhugsunarvert hversu oft kærur koma fram á síðustu stigum og jafnvel síðustu dögum í leyfisveitingaferlinu.

„Auðvitað eiga viðhorf allra að liggja fyrr fyrir þannig að hægt sé að taka tillit til allra sjónarmiða og ná sátt um þau. Þannig myndu mál klárast hraðar. Því er ekki fyrir að heilsa í dag.“ */VH/HKr.*

– Sjá nánar á bls. 2, 4, 24 og 78

FRÉTTIR

Í línuvinnu eftir 33 ára hlé:

Gaman að geta gert samfélaginu gagn

– segir Baldur Grétarsson, bóndi á Skipalæk í Fellum

„Það er alltaf gaman þegar maður hefur tök á að skreppa á vertíð," segir Baldur Grétarsson, sauðfjár- og ferðaþjónustubóndi á Skipalæk í Fellum. Hann var kallaður út til vinnu í rafmagnsleysinu sem upp kom í kjölfar óveðursins í liðinni viku. Baldur er gamall línumaður en hafði ekki unnið við fagið í 33 ár.

„Ég hélt ég væri búinn að gleyma þessu öllu," segir Baldur, en greinilega hafi allt geymst í vöðvaminninu því um leið og hann var kominn af stað, í gallann og með græjurnar hefði allt rifjast upp.

„Maður yngdist um mörg ár við þetta. Það er líka gaman að geta gert samfélaginu gagn í aðstæðum sem þessum," segir hann.



Baldur hefur greinilega engu gleymt.

Baldur hefur verið við störf í Öxarfirði og var enn þegar Bændablaðið ræddi við hann í byrjun vikunnar. Raflínur þar á svæðinu voru illa farnar eftir mjög slæmt ísingaveður. Baldur var ásamt félögum sínum að vinna við byggðalínuna í Núpasveit, en hafði áður verið í Öxarfirði og á Melrakkasléttu.

Baldur var sauðfjárbóndi á Kirkjubæ í 17 ár en flutti að Skipalæk í Fellum og stundar ferðaþjónustu þar auk þess að eiga um 80 kindur. „Konan sinnir skjátunum á meðan og þetta er ekki mikill annatími í ferðaþjónustu, svo þegar leitað var til mín þá auðvitað brást ég við þeirri bón," segir Baldur. */MÞÞ*

Baldur Grétarsson bóndi klár í slaginn. Hann var línumaður fyrir 33 árum og kallaður út til að sinna verkefnum í Öxarfirði vegna rafmagnsleysis sem kom upp í kjölfar óveðursins í síðustu viku.

Verðbreytingar á Bændablaðinu

Um áramót breytist verðskrá auglýsinga og áskrifta á Bændablaðinu. Hækkun á auglýsingaverði hefðbundinna auglýsinga nemur 3,1%.

Áskriftaverð fyrir árgang blaðsins, alls 24 tölublöð og Tímarit Bændablaðsins, verður 11.200 krónur með virðisaukaskatti en gjalddagar verða áfram tveir á ári. Eldri borgarar og öryrkjar fá afslátt af áskrift en árgjaldið til þeirra verður 7.200 krónur m. vsk.

Verðskrá 2020

Áskrift 11.200 kr. m. vsk.
Áskrift, eldri borgarar og öryrkjar 7.200 kr. m. vsk.
Smáaugl. m. mynd 5.800 kr. m. vsk.
Smáaugl. 2.350 kr. m. vsk.
Smáaugl. á netinu 1.100 kr. m. vsk.
Dálksentímetri 1.650 kr. án vsk.
Dálksentímetri, síða 3 og baksíða, 1.850 kr. án vsk.
Dálksm. á fréttas. 2.550 kr. án vsk.
Dálksm. svarthvítt 1.350 kr. án vsk.
Tímagjald fyrir uppsetningu augl. 8.700 kr. án vsk.
Niðurfellingargjald 15% af brúttóverði auglýsingar.

/TB

Málefni Búnaðarstofu Matvælastofnunar flutt til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins:

Frá áramótum verður Búnaðarstofa ekki lengur til sem sjálfstæð eining

- Flutningur leggst samt vel í starfsfólk, segir Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri Búnaðarstofu MAST

Um áramótin tekur gildi flutningur málefna Búnaðarstofu frá Matvælastofnun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Um leið verður hætt að reka þessa starfsemi varðandi gagnasöfnun og landbúnaðartengda umsýslu sem sjálfstæða einingu. Þótt formleg umskipti taki ekki gildi fyrr en um áramót þá lauk flutningi starfseminnar fimmtudaginn 12. desember.

Alþingi samþykkti lög nr. 84/2019 þann 27. júní síðastliðinn um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um stjórnsýslu búvörusamninga (flutningur málefna Búnaðarstofu). Breytingar þurfti að gera á nokkrum lögum; eða lögum um búfjárhald nr. 38/2013, búnaðarlögum nr. 70/1998, búvörulögum nr. 99/1993, lögum um Matvælastofnun og loks lögum um velferð dýra nr. 55/2013. Með lögunum er gerð breyting á stjórnsýslu landbúnaðarmála með því að flytja framkvæmd búvörusamninga og framleiðslustjórn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar, sem verður hluti af starfsemi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um áramót.
Mynd / HKr.

Samlegðaráhrif að færa Búnaðarstofu

Mikil samlegðaráhrif eru falin í að færa Búnaðarstofu í ráðuneytið enda væri þegar mikil samvinna þar á milli og með breytingunni væri ráðuneytið styrkt, eins og segir í greinargerð atvinnuveganefndar með lögunum og þar segir einnig orðrétt:

,,Hagræðingarsjónarmið bentu til þess að hagkvæmara væri að hafa Búnaðarstofu innan ráðuneytisins. Nefndinni var bent á að mikilvægt væri að tryggja sjálfstæði Búnaðarstofu við flutning hennar til ráðuneytisins og betra væri að halda utan um framkvæmd verkefna samkvæmt búvörusamningum hjá sjálfstæðri stofnun. Mikilvægt væri að stjórnsýsla landbúnaðar og framkvæmd búvörusamninga væri skýr þannig að ljóst væri hvar ábyrgð á einstökum verkefnum lægi."

Atvinnuveganefnd beindi því síðan til ráðuneytisins, í ljósi mikilvægi og umfangs þeirra verkefna sem Búnaðarstofa sinnir í dag við framkvæmd búvörusamninga, hagtölusöfnun og þróun tölvukerfa, að ráðuneytið afmarki með skýrum hætti verkefni Búnaðarstofu innan ráðuneytisins. Í svari ráðuneytisins vegna þessa, sem Bændablaðið birti 26. september sl., segir að til að tryggja sem minnst rask á störfum Búnaðarstofu var það talið mikilvægt að starfsemin væri komin inn í ráðuneytið sem ein eining til að byrja með og það verði síðan sameiginlegt verkefni starfsmanna ráðuneytisins og starfsmanna Búnaðarstofu að greina verkefnin og ákveða hvar þeim verði best komið til frambúðar.

Búnaðarstofa sameinast skrifstofu fjárlaga, reksturs og innri þjónustu

Allir sex starfsmenn Búnaðarstofu flytjast á skrifstofu fjárlaga, reksturs og innri þjónustu til að byrja með eins og komið hefur fram. Að sögn Jóns Baldurs Lorange, framkvæmdastjóra Búnaðarstofu Matvælastofnunar, leggst flutningur vel í starfsfólk.

„Samvinna við starfsfólk ráðuneytisins vegna flutningsins hefur verið ánægjuleg og til fyrirmyndar í alla staði. Ákveðið var að við færum inn í ráðuneytið þann 12. desember, þó að formlega séð verðum við ekki hluti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins fyrr en 1. janúar 2020. Það hafi hins vegar verið sameiginleg niðurstaða að farsælla væri að gefa sér góðan tíma við að koma öllum fyrir, sem og tölvukerfum og gagnagrunnum sem fylgja okkur, að tryggja hnökralausa framkvæmd á búvörusamningum frá fyrsta degi í ráðuneytinu. Þann 2. janúar 2020 þarf að greiða nautgripa- og garðyrkjubændum fyrstu stuðningsgreiðslur ársins, og um 15. janúar sauðfjárbændum. Rétt er að vekja athygli á að við fáum ný netföng í ráðuneytinu, sem og að símtöl þurfa að berast þangað frá og með 12. desember."

Stafræn stjórnsýsla í landbúnaði

„Það hjálpar okkur hve mikið af framkvæmd og umsýslu búvörusamninga hefur verið gerð stafræn með rafrænu umsóknar- og umsýslukerfi. Bændur ættu því ekki að verða mikið varir við búferlaflutning okkar frá Dalshrauni í Hafnarfirði á Skúlagötuna í Reykjavík. Þá er ánægjulegt að segja frá því að okkur tókst að opna AFURÐ, greiðslukerfi landbúnaðarins, á vefnum þann 6. desember. Það þýðir að allir bændur landsins fá stafrænan aðgang að svokallaðri jarðabók fyrir bú sín, þátttakendur í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu fá aðgang að rafrænni gæðahandbók og lokst var opnað fyrir rafræna umsókn um kaup á innleystu greiðslumarki í sauðfé.

Þetta er mikilvægur áfangi í áætlun stjórnvalda að koma á stafrænni stjórnsýslu, en þar hefur íslenskur landbúnaður verið í fararbroddi á undanförnum árum," sagði Jón Baldur. Hann verður nú eins konar verkefnastjóri í ráðuneytinu í stað þess að gegna stöðu framkvæmdastjóra Búnaðarstofu. */HKr.*

Einkorna áburður:

Hin fullkomna pakkalausn

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á árinu.

Notaðu minni áburð með Yara

Sláturfélag Suðurlands svf. ▪ Fosshálsi 1 ▪ 110 Reykjavík ▪ Sími 575 6000 ▪ yara@yara.is ▪ www.yara.is

FRÉTTIR

Óvíst hversu miklu þurfti að hella niður af mjólk:

Um 43 þúsund lítrum minni innvigtun

Mjólkursöfnun fór víða úr skorðum vegna óveðurs og ófærðar í liðinni viku. Rafmagnsleysi var líka víða um sveitir og hvatti Auðhumla framleiðendur til að hella niður mjólk þar sem kælirof hafði staðið í einhverja stund og ekki náðist að halda stöðugri kælingu þannig að ekki var hægt að treysta á gæði mjólkurinnar.

Garðar Eiríksson, framkvæmdastjóri Auðhumlu, segir enn ekki komið að fullu í ljós hversu miklu magni mjólkur var hellt niður, en einnig verði að horfa til þess hversu mikil töpuð nyt verður þar sem ekki var hægt að mjólka í langan tíma. Garðar segir að innvigtun í liðinni viku hafi verið 43 þúsund lítrum minni en var í vikunni þar á undan. „Minnkunin kemur einungis fram í Húnaþingi og á Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslusvæðinu. Annars staðar er eðlileg innvigtun," segir hann.

Langur vinnudagur

Kristín Halldórsdóttir, rekstrarstjóri hjá MS-Akureyri, segir að ekki hafi þurft að hella niður mjólk á starfssvæðinu vegna ófærðar, en mjólk var þó ekki sótt á miðvikudag í síðustu viku þegar veður var hvað verst. Upplýsingar um hvort mjólk hafi verið hellt niður af öðrum ástæðum liggja ekki fyrir.

„Við náðum að hreinsa svæðið og koma okkur á rétt ról strax á fimmtudeginum. Það var mikið að gera þann dag og síðasti bíll var að koma í hús undir hálf tólf um kvöldið þann daginn, enda var færð víða þá mjög slæm. Það tefur líka mikið að vera margsinnis yfir daginn að keðja á og af," segir hún.

Á miðvikudag í liðinni viku var mjólkurvörum ekki dreift í verslanir eða fyrirtæki. „Það var einfaldlega ekki hægt," segir Kristín.

/MÞÞ

Talsverðar skemmdir urðu á húsi Ferðafélags Íslands í Norðurfirði í óveðrinu. Þak og sperrur fuku burt. Mynd / Valgeir Benediktsson

Árneshreppur:

Átján áttir í Norðurfirði

Nokkrar skemmdir urðu í Árneshreppi í óveðrinu sem gekk yfir landið í síðustu viku. Klæðning losnaði af vélageymslu gamla prestssetursins í Árnesi og hús Ferðafélagsins að Valgeirsstöðum í Norðurfirði fór illa og liggur undir skemmdum.

Valgeir Benediktsson í Árnesi í Trékyllisvík segir að talsvert hafi gengið á í Árneshreppi í veðrinu sem gekk yfir landið í síðustu viku. „Rafmagnið fór strax um kvöldið og komst ekki á fyrr en tveimur dögum seinna. Svo urðu talsverða skemmdir á útihúsum og skáli Ferðafélagsins í Norðurfirði fór illa."

Laus klæðing og þakplötur

„Satt best að segja var veðrið mjög slæmt hér. Klæðningin og nokkrar þakplötur losnuðu á vélageymslu prestssetursins og það fóru nokkrir plastgluggar norðanmegin í fjárhúsinu hjá okkur en þar sem það er ekkert fé í húsunum var engum skepnum hætta búin."

Þegar Valgeir er spurður hvort það sé rétt að margar rúður í Finnbogastaðaskóla hafi brotnað í veðrinu svarar hann að það sé rétt að margar rúður í skólanum séu

Valgeir Benediktsson. Mynd / VH

brotnar en að það stafi ekki af veðrinu. „Skólinn var glerjaður í sumar og rúðurnar hafa verið að brotna smám saman vegna einhvers galla í framleiðslunni og þær voru meira að segja farnar að brotna áður en skólinn var glerjaður."

Hús Ferðafélagsins skemmdist illa

Valgeir segir að Norðurfjörður geti verið veðravíti þegar svona gengur. „Stundum er sagt að það geti verið átján áttir í Norðurfirði í vondum veðrum og aldrei að vita

Gámur sem þjónaði sem snyrtiaðstaða fyrir ferðaþjónustuna í Finnbogastaðaskóla færðist til um nokkra metra í veðrinu. Mynd / VB

úr hvaða átt næsta hviða kemur. Hús Ferðafélagsins að Valgeirsstöðum í Norðurfirði skemmdist illa í veðrinu. Bíslag sem var búið við húsið fékk á sig slæma hviðu og þakið á því með sperrum og öllu saman fauk út í veður og vind og þannig opið inn í húsið. Auk þess sem eitthvað er farið af járnplötum af þaki gamla hússins og húsið í stórhættu.

Flestir með vararafstöð

Ekki eru nema ellefu manns sem hafa vetursetu í Árneshreppi og búa þar allt árið. Að sögn Valgeirs eru flestir bær og hús þar sem búið er allt árið með vararafstöð og því ekki hundrað í hættunni þótt rafmagnið fari.

/VH

Góðri sjúkdómastöðu alifugla á Íslandi er ógnað með innflutningi á frjóeggjum og fuglum án nauðsynlegra leyfa. Mynd / smh

Matvælastofnun:

Óskar eftir opinberri rannsókn á innflutningi

– Ógn við góða sjúkdómastöðu á Íslandi

Matvælastofnun hefur óskað eftir opinberri rannsókn á innflutningi og útungun frjóeggja kalkúna í Þykkvabænum. Er grunur um innflutning án nauðsynlegra leyfa. Málið varðar brot á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, um innflutning dýra og á reglugerð um sóttvarnarstöðvar fyrir alifugla.

Í síðasta Bændablaði var málið borið undir Brigitte Brugger, dýralækni alifuglasjúkdóma hjá Matvælastofnun. Þar kom fram að mál sem þessi væru litin mjög alvarlegum augum. Hún sagði að smitsjúkdómar geti borist með frjóeggjum og sumir sjúkdómar í alifuglum berist jafnvel gjarnan og auðveldlega í gegnum frjóegg í afkvæmin. Slíkur innflutningur væri ógn við afar góða sjúkdómastöðu á Íslandi.

Brigitte sagði að lítið væri vitað um sjúkdóma í bakgarðsfuglum hér á landi en ætla mætti að frjóeggjum væri smyglað til landsins. „Þess vegna er ekki hægt að útiloka að tilkynningaskyldir sjúkdómar geti verið til staðar í bakgarðshænum. Eigendur bera sjálfir ábyrgð á heilsu þeirra fugla. Mikilvægt er að þeir fái einungis fugla frá heilbrigðum hópum á búum, þar sem ekki hafa komið upp veikindi," sagði hún.

Áhyggjur eggja- og alifuglabænda

Þegar upp komst um innflutninginn sendu Félög eggjabænda og kjúklingabænda, Reykjagarður, Matfugl, Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna og Bændasamtök Íslands bréf til Matvælastofnunar þar sem áhyggjum var lýst vegna hættunnar á að alvarlegir alifuglasjúkdómar berist til til landsins. Var hvatt til þess að hart væri tekið á slíkum ólöglegum innflutningi.

Öll sýni neikvæð

Matvælastofnun tók sýni af fuglunum sem var útungað hér, en reyndust þau neikvæð gagnvart öllum þeim sjúkdómum sem skimað var fyrir. Fuglunum verður fargað eins og lög gera ráð fyrir.

/smh

Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri í Norðurþingi:

Ekki hægt að sitja uppi með þá áhættu að milljarðar tapist

„Í veðurofsanum undanfarna daga urðum við í Norðurþingi hvað verst úti í dreifbýlinu hér á svæðinu sem og er rafmagni aðeins skammtað á Kópaskeri og Raufarhöfn sem stendur. Óvíst er hve lengi sú staða varir en mikið tjón er á línum sem fæða byggðarlögin tvö. Það kemur bersýnilega í ljós við svona aðstæður hversu nauðsynlegar öflugar rafmagnstengingar eru til að ekki þurfi að hægja, jafnvel stöðva heilu samfélögin í fleiri daga vegna tjóns," segir í yfirlýsingu Kristjáns Þórs Magnússonar, sveitarstjóra í Norðurþingi.

Hann segir margt leita á hugann eftir að storminn hefur lægt, m.a. hversu óvægin náttúran geti verið og við lítil andspænis þeim öflum sem engu eira.

Kristján Þór segir að ef Bakka og Þeistareykja hefði ekki notið við hefðu íbúar á Húsavík orðið mun verr fyrir barðinu á ofsanum en raun varð á.

„Það er að mínum dómi mikið

Kristján Þór Magnússon.

áhyggjuefni hversu illa dreifikerfi rafmagns er undirbúið undir veður sem þessi víða um land. Þótt þónokkuð hafi áunnist í að koma „hágæðakerfi" rafmagnsins í jörðu verðum við að gera mun betur í þeim efnum. Og það er vel hægt," segir hann.

Má ekki gerast að smærri sveitarfélög sitji eftir

Nærtækasta dæmið séu viðbrögð við fjárskaðaveðrinu 2012 og með hvaða hætti var bætt úr raforkuöryggi við Mývatn í kjölfar þess hildarleiks sem íbúar svæðisins lentu í.

„Það er auðvitað ekki hægt að sitja uppi með þá áhættu að milljarðar tapist í frystigeymslum sjávarútvegs- og landbúnaðarfyrirtækja eins og við eigum t.a.m. í Fjallalambi á Kópaskeri og GPG á Raufarhöfn árið 2019 vegna yfirvofandi rafmagnsskorts í ríku landi sem okkar. Það má ekki gerast að smærri byggðarlög sitji eftir þegar kemur að úrbótum og tryggingum á afhendingaröryggi rafmagns. Við eigum ekki að sætta okkur við það," segir Kristján Þór í yfirlýsingu sinni. Raufarhöfn sé lífæð byggðarlagsins og vinnsla GPG á staðnum hafi svo að segja verið í lamasessi vegna stöðunnar.

/MÞÞ

Innlend framleiðsla er sameiginlegur hagur okkar allra

Við eigum samleið og höfum val.
Val um að standa saman um innlenda framleiðslu frá fóðri til fæðu.

Íslenskir bændur eru stoltir af afurðum sínum.
Eins og íslenskir bændur þá erum við hjá Fóðurblöndunni líka stolt af okkar framleiðslu og vitum að varan sem við bjóðum er fyrsta flokks.
Við erum sammála um að velja íslenskt frá fóðri til fæðu - það er allra hagur.

Vinnum saman - veljum íslenskt fóður.

ÍSLENSKT
gjöriðsvovel

FÓÐURBLANDAN
...gæði í hverri gjöf!

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 − **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** − **Vefur blaðsins: www.bbl.is** − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun:Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Kerfisvandi

Enn einu sinni hafa náttúruöflin minnt okkur mannfólkið á hvaða kraftar það eru sem ráða raunverulega ríkjum á jörðinni. Ofsaveður sem skall á landinu í síðustu viku sýndi að nýjasta tækni má sín harla lítils þegar innviðir í orkukerfinu bresta og samgöngur stöðvast.

Það vekur óneitanlega athygli að árangur af pólitískri regluverkakerfissmíði sé að festa stjórnsýsluna í sífellt flóknara og óskilvirkara net sem virkar æ fjandsamlegra fyrir búsetu venjulegs fólks í landinu. Allt er það réttlætt með því að eitt eða annað verði að fá að njóta vafans, allt nema fólkið sjálft sem á svo að dansa í takti við reglurnar. Flækjustigið og tímasóun mannafls sem fer í að snúast í kringum þennan vanskapnað er himinhrópandi. Allt er það svo á kostnað almennings sem látinn er borga kerfið í gegnum sífellt aukna skatta.

Þetta hefur komið berlega í ljós í umræðum um gríðarlegan vandræðagang sem uppi hefur verið við uppbyggingu og viðhald raforku- og vegakerfisins í landinu. Þar virðist vera búið að skapa sérlega verndað umhverfi fyrir bómullarvafða einstaklinga sem í krafti reglna og peninga geta leyft sér að troða á hagsmunum samfélagsheildarinnar nánast út í það óendanlega. Að sama skapi hefur verið þverskallast við að innleiða þekkingu og tækni eins og í jarðstrengjum sem hæglega hefðu getað komið í veg fyrir deilur um afmarkaða sérhagsmuni.

Það er hvorki verjandi að raforkufyrirtæki geti komist upp með að leggja ekki raflínur í jörð sé þess nokkur kostur, né að einstakir jarðeigendur geti í það endalausa komið í veg fyrir innviðauppbyggingu í þágu samfélagsins. Þarna verður löggjöfin og regluverkskerfið að vera með þeim hætti að flækjustigið sé í lágmarki og að almannahagsmunir gangi alltaf framar sérhagsmunum.

Það er til tækni sem gerir mönnum kleift að leggja rafstrengi í jörðu þrátt fyrir að lengst af hafi hagsmunaaðilar í orkuflutningi hér á landi barist gegn slíkum hugmyndum. Vissulega þarf þar að skoða mismunandi kosti fyrir mismunandi aðstæður, en slíka jarðstrengi er vel hægt að nota þar sem helst þykir eftirsóknarvert að forðast sjónmengun af staurasamstæðum. Þetta verða menn einfaldlega að skoða með opnum huga.

Annar angi þessa máls er að við innleiðingu á regluverki ESB um orkupakka 1 og 2 var skilið á milli framleiðslu og dreifingar á raforku. Engin kýjandi þörf var fyrir slíku á Íslandi. Það leiddi hins vegar til þess að nú er arðsemi virkjana og orkudreifingarkerfis í algjörum forgangi þegar rætt er um innviðauppbyggingu. Almannahagsmunir skipta viðskiptakerfi ESB með raforku nær engu máli. Orkupakki 3 styrkir enn frekar þessa markaðsþróun kerfisins sem er oft þvert á hagsmuni almennings. Þetta má berlega sjá í nýlegri skýrslu um jarðstrengi í flutningskerfi raforku. Þar er bent á þá ofuráherslu sem lögð er í að verja eignastofn og tekjumöguleika lagnakerfisins. Ástæðan er einföld. Við aðskilnað raforkuframleiðslu og flutnings á raforku er ekki lengur mögulegt að nota arð af framleiðslunni til að byggja upp orkuflutningskerfið. Slíkt er túlkað sem styrkur sem raskar samkeppni á markaði. Þar af leiðir verður dreifikerfið vart byggt frekar upp á Íslandi nema það skili ásættanlegri arðsemi lagnafyrirtækja. Það þýðir hækkun á gjaldskrá fyrir flutning raforku og þar með hækkun á orkureikingum landsmanna. Á sama tíma er Landsvirkjun, sem er í eigu almennra orkugreiðenda, að skila hátt í anna tug milljarða í arð. – Er virkilega einhver glóra í þessu fyrirkomulagi?

Með bestu óskum um gleðileg jól. */HKr.*

Náttúruöflin minntu á sig með hvelli

Guðrún S. Tryggvadóttir
formaður Bændasamtaka Íslands
gst@bondi.is

Hamfaraveður eru ekki nýlunda hér á norðurhjara veraldar. Í gegnum aldirnar hafa ýmis áföll dunið yfir landsmenn, bæði stór og smá. Stórhríðin sem gekk yfir landið í síðustu viku var eitt af þessum veðrum sem setja allt úr skorðum. Ólíkt því sem var hér áður fyrr kom óveðrið mönnum ekki á óvart því búið var að spá fyrir um illviðri. Vel var staðið að viðvörunum og fólk var meðvitað um að vont veður væri væntanlegt. Skólahaldi var aflýst og landsmönnum bent á að halda sem mest kyrru fyrir. Lokanir á vegum höfðu sín áhrif, færri voru á ferðinni og margir vinnustaðir sendu starfsfólk snemma heim á óveðursdaginn.

Þegar veðurspáin er slæm gera bændur viðeigandi ráðstafanir. Í þetta sinn undirbjuggu menn sig eins og hægt var, gengu frá lausamunum og hugðu að útigangi. Það gjörningaveður sem síðan skall á er nær fordæmalaust í seinni tíð og sýnir hvað við erum smá gagnvart náttúruöflunum. Hörmulegt banaslys í Eyjafirði fékk á alla þjóðina og erfiðar aðstæður til leitar voru öllum ljósar.

Bændur senda þakkir til viðbragðsaðila

Fjöldinn allur af viðbragðsaðilum um allt land sinntu björgunaraðgerðum úti í óveðrinu. Mörg vandamál þurfti að takast á við og tilkynningar um tjón og óskir um aðstoð hrönnuðust upp. Rafmagns- og fjarskiptaleysi var viðvarandi á stórum landsvæðum og enn hefur ekki tekist að tengja rafmagn alls staðar með fullnægjandi hætti.

Stjórn Bændasamtakanna kom saman í vikunni og ræddi áhrif óveðursins á sína félagsmenn. Í ályktun sem gefin var út eftir fundinn komu fram þakkir til björgunarsveita landsins og annarra viðbragðsaðila fyrir ómetanlegt framlag við erfiðar aðstæður. Þær þakkir eru endurteknar hér.

Óveður. Mynd / Guðrún Lárusdóttir í Keldudal

Nauðsynlegar aðgerðir í kjölfarið

Stjórn Bændasamtakanna harmar það tjón sem bændur urðu fyrir í óveðrinu. Hún leggur áherslu á að í framhaldinu verði afleiðingarnar metnar og gerðar viðeigandi ráðstafanir. Huga verður að þeim sem hafa orðið fyrir andlegu áfalli og veita viðeigandi aðstoð til að vinna úr því. Aðstæður sem þessar reyna verulega á, bæði andlega og líkamlega. Það tekur á að missa skepnur og að vera innilokaður jafnvel sólarhringum saman, án rafmagns, hita eða nokkurra fjarskipta. Það er ekki auðvelt að átta sig á eða setja sig í spor þeirra sem lenda í ámóta lífsreynslu. Það er líka erfitt að setja sig í spor bænda sem stóðu frammi fyrir kúnum sínum, fullum af mjólk, en höfðu enga leið til að mjólka. Það hefur heldur ekki verið auðvelt að vita af hrossum úti í óveðrinu.

Fara þarf yfir hvort Bjargráðasjóður eða aðrar opinberar áfallatryggingar bæti tjón vegna afurðamissis, gripatjóns eða tjóna á húsakosti og girðingum. Ljóst er að á einstaka bæjum er gríðarlegt tjón af þessum sökum sem almennar tryggingar bæta ekki. Fordæmi eru fyrir því að Bjargráðasjóður hefur fengið fjármagn til að mæta sambærilegum aðstæðum. Bændasamtökin munu fylgja þessum málum eftir fyrir sína félagsmenn.

Bæta þarf verulega afhendingaröryggi á rafmagni og hraða eins og kostur er að koma dreifilínum rafmagns í jörð. Endurmeta þarf hvar er nauðsynlegt að varaaflsstöðvar séu fyrir hendi og tryggja eldsneytisbirgðir fyrir þær í skilgreindan tíma.

Fjarskipti eru hluti af grunnöryggi

Það þarf ekki að fjölyrða um þá hröðu þróun sem hefur orðið í fjarskiptum síðustu áratugi. Fjarskiptin eru hluti af grunnöryggi sem verður að vera til staðar. Fjöldi fólks náði engu sambandi við umheiminn og enginn möguleiki var á að ná í það. Fjarskiptakerfin þurfa að þola tímabundið rafmagnsleysi og styrkja þarf GSM-símkerfið sem er mikilvægt öryggistæki. Það er óásættanlegt að öll fjarskipti falli niður í svo langan tíma eins og gerðist nú.

Rafmagnsskortur setur allt í uppnám

Tækninni hefur fleygt fram í landbúnaði ekki síður en annars staðar. Við erum mjög háð rafmagni og stærstur hluti tækja sem við notum eru rafmagnstæki. Þegar þessi búnaður bregst er svo margt sem við höfum ekki, sumir missa allan hita og neysluvatn. Mjaltaþjónar sinna nú mjöltum í ríflega 37% fjósa á Íslandi. Mjaltaþjónarnir þola einungis stutt rafmagnleysi ef þeir eiga að geta haldið eðlilegum mjöltum. Hvort sem mjaltatækni í öðrum fjósum er mjaltabás eða rörmjaltakerfi er hún engu síður háð rafmagni. Mörg kúabú urðu rafmagnslaus í óveðrinu og höfðu ekki yfir að ráða varaafli. Mislangan tíma tók að koma rafmagni til þessara aðila.

Bændur þurfa í kjölfar óveðursins að meta hver og einn hvernig þeir eru í stakk búnir til að mæta erfiðum aðstæðum eins og sköpuðust í síðustu viku. Það er öllum ljóst að það eiga eftir að koma fleiri slík veður og einnig getur ýmislegt annað komið upp á sem truflar afhendingu á rafmagni. Aldrei verður hægt að koma í veg fyrir það en innviði samfélagsins verður að styrkja svo að þeir þoli ágjöf eins og hægt er.

Jól og áramót

Bændum og öllum lesendum Bændablaðsins eru sendar kærar hátíðarkveðjur og óskir um að árið 2020 verði farsælt og gjöfult.

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Þvottárskriður undir Mælifelli sunnan Álftafjarðar á Austfjörðum. Fjær er vegurinn um Hvalnesskriður sem liggur undir Krossanesfjalli á samnefndu nesi. Sunnan við Krossanes kemur Hvaldalur og síðan Hvalnes og Hvalnesfjall með sitt tignarlega Eystrahorn sem blasir við þegar ekið er veginn um Lón. Vegurinn um skriðurnar lokast oft vegna skriðufalla og snjóflóða. Ýmsar leiðir hafa verið ræddar til að auka örygggi vegfarenda, m.a. að byggja vegskála á hættulegustu köflunum líkt og gert var á Óshlíðarvegi milli Hnífsdals og Bolungarvíkur við Ísafjarðardjúp, áður en þar var ráðist í gerð jarðganga sem opnuð voru árið 2010. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF

Fanndís Viðarsdóttir, Vignir Sigurðsson og Viðar Bragason, sem kjörinn var íþróttamaður ársins hjá Létti fjórða sinn í röð.

Viðar íþróttamaður Léttis fjórða árið í röð

Viðar Bragason hjá Hestamannafélaginu Létti hlaut nafnbótina íþróttamaður Léttis fyrir árið 2019 og er það fjórða árið í röð sem hann hlýtur þá viðurkenningu og þykir vel að titlinum kominn eitt árið enn. Afreksknapi Léttis í ungmennaflokki 2019 var kjörin Valgerður Sigurbergsdóttir sem stóð sig frábærlega á árinu.

Léttismenn efndu til uppskeruhátíðar á dögunum og héldu þá í leiðinni jólaboð fyrir sjálfboðaliða þar sem boðið var upp á hátíðlega umgjörð um samkomuna. Þetta er í fimmta sinn sem Léttir býður sjálfboðaliðum í félagsstarfinu til jólaboðs og er það jafnan vel heppnað, andi þakklætis og virðingar svífur yfir vötnum. Sigfús Ólafur Helgason, framkvæmdastjóri Léttis, segir að án þess ómetanlega starfs sem ótal sjálfboðaliðar leggja fram væri félagsstarfið ekki í líkingu við það sem raun ber vitni.

Á samkomunni var Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, fyrrverandi formaður Léttis og fleira, sæmd silfurmerki Léttis fyrir frábær störf í þágu félagsins í árafjöld. /MÞÞ

Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, fyrrverandi formaður Léttis og fleira, var sæmd silfurmerki félagsins fyrir frábært starf í þágu Léttis til fjölda ára.

Atli Freyr Maríönnuson, Eva María Aradóttir og Valgerður Sigurbergsdóttir, afreksknapi Léttis í ungmennaflokki. Björn Jóhann Jónsson, formaður Léttis, er þeim við hlið.

Jólaboð sjálfboðaliðans var haldið samhliða uppskeruhátíðinni, en um er að ræða fastan og skemmtilegan lið í félagsstarfinu þar sem því fólki sem dregur vagninn er þakkað sitt framlag. Góður andi er jafnan í jólaboðunum.

MÆLT AF MUNNI FRAM 240

Kristinn Reyr (1914–1999) var sérlega fjölhæfur listamaður. Fékkst mikið við listmálun, var þekktur rithöfundur og fékkst einnig talsvert við lagasmíðar. Eftir Kristin lifa líka fjölmargar vísur sem urðu landfleygar, eins og þessi fyrsta vísa þáttarins:

Víða til þess vott ég fann
víðar en í Kana,
er andinn kemur yfir mann
eins og postulana.

Sennilega er næsta vísa ort á skömmtunarárunum:

Ástandið er ekki gott,
ýmsir telja samt, að
þjóðin hafi þurrt og vott.
Þetta vota er skammtað.

Næstu þrjár vísur **Kristins** þurfa ekki sérstakra skýringa með:

Gott er fjáðum að glotta,
glott ber um hagsæld vottinn,
drottinn. Ég er að dotta,
dottinn í lukkupottinn.

Hver sem beint á hausinn fer
hafi á því gætur,
að halla sér og halla sér,
já halla sér á fætur.

Köld ertu kæra veröld,
kaldari'en ég á skilið,
heimasætan er háttuð
hinu megin við þilið.

Hér áður fyrr voru læknar, og ekki síður prestar, vinsælt efni til vísnagerðar. Þá voru nefnilega persónuverndarlög ekki fullmótuð og því sitthvað látið vaða án verulegra eftirmála. **Ólafur Ólafsson Briem** á Sauðárkróki orti forðum um framantalda embættismenn. Þótt beygingarvillu sé að finna í fyrri vísunni, þá verður hún ekki lagfærð hér, enda smámunir hreinir ef miðað er við allt níðið sem framið er í dag, bæði í tal- og ritmáli:

Læknirarnir lífga þá
lítið til sem finna,
meðul þeirra munu á
mörgum hraustum vinna.

Prestar stólnum eru í
eins og hrossabrestir.
Tilfinningu tapa því
tilheyrendur flestir.

Svo orti **Ólafur** líka til kaupmannastéttarinnar:

Faktorar með svarta sál
samviskuna fela,
hjarta þeirra er hart sem stál
og hlakkar til að stela.

Einnig orti **Ólafur** um verkamenn þess tíma:

Vinnumenn með verkin létt
víða liggja flatir,
svikulir í sinni stétt,
svörulir og latir.

Þegar hér er komið vísnaverki, og styttist til jóla og áramóta, er ráð að breyta frá vammyrtum kveðskap til hátíðlegri vísna. Í „ Flóanum“, tímariti sem gefið var út á Blönduósi um árabil, birtist þessi vísa eftir öðlinginn **Óskar Sigurfinnsson í Meðalheimi á Ásum**:

Útlitið er afar ljótt,
úfinn Húnaflóinn.
Kertasníkir kom í nótt
með kartöflu í skóinn.

Ingólfur Ómar Ármannsson á svo síðustu hátíðarkveðju ársins:

Vetur sjóli kreppir klær,
kuldagjóla næðir.
Hátíð jóla helg og skær
hugarbólið glæðir.

Með kærum jóla- og nýársóskum.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Afleiðingar svínapestarinnar í Kína hefur áhrif á kjötmarkað um allan heim:

„Schnitzel“-viðvörun gefin út í Þýskalandi

– Búist við stórhækkunum á beikoni, pylsum og snitsel vegna vaxandi útflutnings til Kína

Mikill samdráttur í kínverskri svínakjötsframleiðslu hefur orðið til þess að kjötiðnaðurinn í Þýskalandi varaði á dögunum við hugsanlegum skorti heima fyrir samfara verðhækkunum. Hafa Landssamtök kjötiðnaðarins (BVDF) því gefið út það sem nefnt er „Schnitzel-viðvörun“ vegna útbreiðslu afrísku svínapestarinnar.

Þetta er þegar farið að hafa áhrif meðal annars á pylsugerð í þessu landi mestu pysluaðdáenda í heimi. Um helmingi svína hefur verið slátrað í Kína og hefur það hrundið af stað stríði í kjötviðskiptum um allan heim, samkvæmt fréttum þýska blaðsins Bild.

BVDF segir að kínversk fyrirtæki kaupi nú mikið af kjöti erlendis frá til að bæta upp skort á framboði í Kína. Er því orðin umtalsverð umframeftirspurn á svínakjötsmarkaði heimsins.

Kína segir að gengið verði á varabirgðir svínakjöts til að halda aftur af verðhækkunum í verslunum. Hins vegar segja Landssamtök kjötiðnaðarins að þýskir neytendur verði ekki eins heppnir.





Pylsuverð fer hækkandi

Forseti BVDF-samtakanna, Sarah Dhem, segir að pylsur séu farnar að hækka í verði og atvinnugreinin hafi staðið gegn verðstýringu vegna þess að markaðsaðstæður hafi verið mjög samkeppnishæfar. Það sé nú ekki lengur raunhæft þar sem hart hafi verið lagt að framleiðendum að fara út í dýrar fjárfestingar vegna krafna um aukna dýravelferð og sjálfbærni í búskap. Þetta sé nú allt í hættu.

Kínverjar reyna nú að kaupa svínakjöt hvar sem í það næst í heiminum til að mæta niðurskurði í framleiðslu heima fyrir. Þótt verð á svínakjöti í Kína hafi aldrei verið hærra en nú er samt búist við enn frekari verðhækkun vegna aukinnar kjötneyslu þegar Kínverjar fagna nýju tungli í janúar.

Kjötneysla Kínverja hefur gríðarleg áhrif

Kínverjar voru langöflugustu framleiðendur á svínakjöti í heiminum á árinu 2018. Þá framleiddu þeir rúmlega 54 milljónir tonna af 120,7 milljóna tonna heildarframleiðslu. Bara við það að þeirra framleiðsla dragist saman á næstu misserum um 45%, eins og spáð hefur verið, vegna svínapestarinnar, þá þýðir það að 24 milljónir tonna hverfa af markaðnum í Kína. Svínpestin er síðan farin að hafa áhrif víða um lönd svo áhrifin geta hæglega orðið mun meiri. Er þetta þegar farið að hafa áhrif til hækkunar á öðrum kjöttegundum, eins og á kindakjöti frá Nýja-Sjálandi. Heildarframleiðslan á kindakjöti í heiminum var tæplega 14,9 milljónir tonna á síðasta ári og búist er við að hún verði um 15 milljónir tonna í ár. Þá voru nærri 72 milljónir tonna af nauta- og kálfakjöti framleidd í fyrra og rúmlega 128 milljón tonna af alifuglakjöti.

– Sjá líka frétt á bls 58 */HKr.*

Ástralir stórefla varnir gegn svínapestinni

– Landbúnaðarráðherrann segir gríðarlega mikið í húfi fyrir þjóðarhag

Áströlsk yfirvöld hafa lofað að leggja 66 milljónir dollara í varnir til að koma í veg fyrir að afríska svínapestin (African Swine Fever – ASF) berist til landsins.

Fjármunirnir munu verða notaðir til að fjölga mannskap í sjúkdómavörnum, taka í notkun sex nýja hunda til að leita uppi smit og taka í notkun tvo nýja þrívíddar röntgenskanna sem verða staðsettir í Sidney og í Melbourne. Þannig hyggjast yfirvöld m.a. reyna að finna vörur sem verið er að flytja inn og geta borið með sér veirusmit, en eru ranglega skráðar.

Fjölmargar aðrar ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir að smit berist til landsins. Felst það m.a. í auknum kröfum um upplýsingagjöf þeirra sem stunda innflutning til Ástralíu.

Milljarða dollara tekjur bænda í húfi

Bridget McKenzie, landbúnaðarráherra Ástralíu sagði í frétt Global Meat News, að ef smit bærist í svínastofninn í landinu þá myndi það setja 5,2 milljarða tekjur bænda í landinu í uppnám og gæti valdið miklum skaða bæði á einstökum svæðum sem og á landsvísu.

Mega ekki við fleiri áföllum

Sagði ráðherrann að landbúnaðurinn í Ástralíu hafi verið að berjast við erfiðleika vegna þurrka og mætti alls ekki við áföllum af þeirri stærðargráðu sem svínapestin gæti skapað.

„Við flytjum út 70% af öllum landbúnaðarvörum sem við framleiðum og það eru gerðar miklar kröfur til okkar á alþjóðavísu þar sem við höfum gott orðspor vegna hreinnar og öruggrar framleiðslu. Það orðspor byggir á okkar stefnu að halda landinu lausu við faraldra og sjúkdóma.

Eins og er er ekki til nein lækning eða lyf við ASF veikinni og um fjórðungur af svínastofni heimsins hefur þegar þurrkast út.“

Tugir tonna af svínakjöti gert upptækt hjá ferðamönnum

Engin vitneskja er um að ASF veiran hafi borist til Ástralíu. Hins vegar breiðist svínapestin nú hratt um lönd Asíu og yfirvöld hafa af því miklar áhyggjur.

Landbúnaðarráðuneyti Ástralíu gaf út tilkynningu fyrir skömmu að frá 5. nóvember 2018 til 31. ágúst 2019 hafi 27 tonn af svínakjöti verið gerð upptæk sem ferðamenn reyndu að koma með til landsins. Þetta gerðist þrátt fyrir gríðarlega hörð viðurlög við innflutningi ferðamanna á hvers konar matvælum til landsins.

Patrick Hutchinson, forstjóri Samtaka ástralskra kjötframleiðenda, fagnaði þeim ráðstöfunum sem áströlsk yfirvöld ætla að grípa til. Þar sé sérstaklega horft til þess að tryggja áfram velvild á erlendum mörkuðum. Hann hefur þó áhyggjur af úrvinnslufyrirtækjum sem eru að framleiða matvörur sem geta verið úr blöndu af bæði innlendu og erlendu hráefni. */HKr.*

Svínapestarveiran getur lifað árum saman í frosnu og þurrkuðu kjöti:

Engar sérstakar ráðstafanir á Íslandi gegn ASF

– Innflutningur á hráu kjöti verður heimill um áramót – fólki bent á bann við fóðrun dýra með matarafgöngum

Víða um lönd er nú verið að herða varnir gegn útbreiðslu afrísku svínapestarinnar (ASF) sem breiðist nú óðfluga út um heiminn. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun er ekki sérstakur viðbúnaður í gangi hér á landi vegna ASF fyrir utan þær ströngu innflutningsreglur sem gilda hér á landi. Þó er búist við auknu eftirliti og upplýsingagjöf samhliða því að breyttar reglur um innflutning á hráu kjöti taka gildi um áramótin.

Mikill ótti er víða um lönd vegna útbreiðslu afrísku svínapestarinnar.

Matvælastofnun hefur verið að brýna það fyrir svínabændum að gæta fyllstu varúðar til að koma í veg fyrir að smit afrísku svínapestarinnar berist með varningi eða fólki inn á íslensk svínabú. Þá birti MAST í síðasta Bændablaði ábendingu til veiðimanna sem verið hafa erlendis við dýraveiðar að huga vel að sótthreinsun á öllum veiðibúnaði sem komið er með til landsins.

Áhyggjur í Evrópu út af villisvínum

Thelma Dögg Róbertsdóttir, sérgreinadýralæknir hjá MAST, segir að áhyggjur manna úti í Evrópu og víðar séu mestar vegna hættu á að villisvín dreifi veirunni. Reynslan hafi sýnt að veiran berist gjarnan með kjöti af smituðum dýrum. Oft hafi fólk verið að gefa svínum afganga af slíku kjöti og smitað dýr á þann hátt.

Hafa því verið settar upp sérstakar girðingar á landamærum Danmerkur og Þýskalands til að hefta för villisvína. Þá segir hún að Norðmenn hafi verið að íhuga mögulega útrýmingu villisvína í landinu.

ASF-veiran getur lifað árum saman í frosnu kjöti

„Vandinn er að veiran getur lifað í mörg ár í frosnu kjöti og einnig í þurrkuðu kjöti. Hér höfum við verið með mjög strangar reglur á innflutningi. Trúlega er tollvarningur þó ekki skoðaður eins gaumgæfilega og æskilegt væri.“

Mikil varúð viðhöfð á íslenskum svínabúum

Thelma Dögg segir að miklar varúðarráðstafanir séu viðhafðar á íslenskum svínabúum gagnvart smiti af öllu tagi. Þau eru um 20 talsins og þar eru að hennar sögn líklega einar bestu smitvarnir sem þekkjast í landbúnaði hérlendis.

– Hvað með ferðamenn sem koma með skipum eins og ferjunni Norrænu?


Afríska svínapestin hefur verið að breiðast hratt út og mun draga úr kjötframleiðslu í heiminum sem nemur tugum milljóna tonna.

„Við höfum lagt áherslu á það við fólk að fóðra ekki svín eða önnur dýr með matarafgöngum. Slíkt er bannað. Við munum síðan halda áfram að upplýsa fólk um hættuna þótt hér séu ekki uppi sérstakar ráðstafanir vegna svínapestarinnar,“ sagði Thelma Dögg Róbertsdóttir. */HKr.*

BÚVÍS ÁBURÐUR

OFT VELTIR LÍTIL ÞÚFA ÞUNGU HLASSI

Fyrir um 9 árum voru boðaðar eins og stundum áður verulegar hækkanir á áburði sem skelfdi bændur. Kom þá fram á sjónarsviðið ungt fyrirtæki sem boðaði að þeir gætu flutt inn áburð á verulega lægra verði. Varð það til þess að allur annar áburður lækkaði og leiddi til meiri kjarabóta fyrir bændur en áður hafði þekkst. Sýndi það glöggt að ekki er sjálfgefið að rótgróin fyrirtæki séu að gera það besta fyrir okkur bændur.
Ég ákvað strax að kaupa allan minn áburð af þeim og hef gert það að mestu leiti síðan. Hef reyndar gert nokkrar óvísindalegar tilraunir með að nota annan áburð að hluta til. Virðist áburður frá Búvís standast fyllilega þann samanburð.
Allur áburður sem ég hef fengið frá Búvís hefur verið hreinn og góður í meðförum og mun ég halda áfram að versla af þeim. Afurðir á búinu hafa farið vaxandi á síðustu árum. Ég veit að það er ekki eingöngu áburðinum að þakka en hann hefur allavegana ekki spillt fyrir.
Samskipti við fyrirtækið og starfsfólk þess hefur verið með miklum ágætum.

Sveinbjörn Þór Búvöllum

FRÁBÆR HEYSÝNI OG GÓÐ UPPSKERA

Við hjónin á Skáldsstöðum höfum keypt áburð af Búvís í allmörg ár og hefur okkur líkað þau viðskipti mjög vel. Áburðurinn verið kögglalaus, ryklítill og heysýni komið mjög vel út. Fóðurfræðingar eru mjög ánægðir með heysýnin og segja að þau séu með því besta sem þeir hafi séð. Heilsufar gripa á búinu er almennt gott og kýrnar mjólkað vel. Verðefni í mjólk vel yfir meðallagi og er sá munur svipuð tala og áburðurinn kostar.
Svo er alltaf gott að koma til þeirra á Búvís og þiggja kaffi. Við mælum hiklaust með Búvís.

Kolbrún og Ármann Hólm

Verðlista má nálgast á heimasíðu okkar www.buvis.is

Búvís

Akureyri · Sími 465 1332

www.buvis.is

Hvetjum bændur til að ganga frá áburðarpöntun sem fyrst

Héraðsprent

FRÉTTIR

Verð á áburði lækkar á nýju ári vegna lækkunar á erlendum mörkuðum.
Mynd / YARA

Yara áburður frá SS lækkar umtalsvert

Áburðarverðskrá Sláturfélags Suðurlands (SS) fyrir Yara áburð lækkar nú umtalsvert á milli ára. Skýrist það fyrst og fremst af lækkun á áburði á erlendum mörkuðum.

Köfnunarefnisáburður lækkar þannig um 7% samkvæmt fréttatilkynningu frá SS. Þá lækkar NP áburður um 14–15% og flestar NPK áburðartegundir lækka um 14%.

Í boði eru hagstæðir greiðslusamningar eða afslættir. Sé greitt fyrirfram fyrir 15. mars 2020 er 8% afsláttur og 5% ef greitt er fyrir 15. maí 2020. Gerður er samt fyrirvari varðandi mögulegar breytingar á gengi. Þá býður SS hagstætt tilboð á flutningi á áburði heim á hlað ef pantað er fyrir 15. janúar 2020. Hljóðar tilboðið upp á 1000 krónur á tonnið án virðisaukaskatts ef flutt eru 6 tonn eða meira.

Sex tegundir sem allar innihalda selen

SS bætir nýrri tegund í áburðarflóruna með NPK 20-5-10. Tegundin er sögð henta sérstaklega vel þar sem þörf er á miklum fosfór. Yara leggur áherslu á að bjóða bændum góða valkosti til að auka selen í heyi og á beitarlönd enda víða selenskortur. Þá segir að heyefnaniðurstöður hjá bændum sem hafa borið á selenbættan Yara áburð staðfesti með óyggjandi hætti góða selenstöðu gróffóðursins.

Einkorna gæðaáburður

Allur Yara áburður er sagður einkorna gæða áburður þar sem öll næringarefnin eru í hverju korni en góð dreifing og nýting næringarefna í áburði getur skipt sköpum varðandi fóðrun og heilsufar gripa. – Nánari upplýsingar um Yara áburðinn er að finna á www.yara.is. */HKr.*

Stofnun rannsóknateymis til að rannsaka sýklalyfjaónæmi á Íslandi:

Markmið að viðhalda lágu hlutfalli ónæmis í landinu

– og vinna gegn þróun ónæmis annars staðar í heiminum

Rannsóknarteymi íslenskra og bandarískra vísindamanna hefur verið sett saman í þeim tilgangi að rannsaka sýklalyfjaónæmi á Íslandi, en landið er talið ákjósanlegur vettvangur til að rannsaka þessa vaxandi ógn við lýðheilsu í heiminum vegna sérstöðu þess.

Meginmarkmið teymisins er að skapa þekkingu sem gæti nýst til þess að móta mótvægisaðgerðir byggða á gagnreyndum vísindum, til að viðhalda lágu hlutfalli ónæmis á Íslandi og vinna gegn þróun ónæmis annars staðar í heiminum.

Tekur til manna, dýra, matvæla og umhverfis

Rannsóknin byggir á aðferðafræði sem kölluð er „ein heilsa“ og tekur til manna, dýra, matvæla og umhverfis á landsvísu, með það að markmiði að auka þekkingu á því hvernig sýklalyfjaónæmar bakteríur breiðast út. Ætlunin er að ná til sem flestra þátta með því að rannsaka E. coli bakteríuna sem finnst í búfénaði, umhverfi, svo og í innlendum og innfluttum kjötvörum – og bera þær saman við E. coli bakteríur sem greinast í sýkingum í mönnum.

Að sögn Karls G. Kristinssonar, frá sýkla- og veirufræðideild Landspítalans og læknadeild Háskóla Íslands, hafa takmarkaðar rannsóknir verið gerðar á því að hve miklu leyti sýklalyfjaónæmi geti borist með dýrum og matvælum til manna, þótt vitað sé að það geti gerst. „Þar skipta aðstæður á hverjum stað miklu máli, svo og neysluvenjur,“ segir Karl.

Aðstæður á Íslandi einstaklega góðar

„Dr. Lance Price er sá aðili sem hefur verið hvað fremstur í rannsóknum á þessu sviði, og hefur flutt fjölda fyrirlestra um málið auk þess að birta greinar í vísindaritum. Hann kom og hélt fyrirlestur á Hótel Sögu fyrr á þessu ári og var þá meðal annars tekið viðtal við hann í Bændablaðinu. Við Lance hittumst fyrst á árinu 2015 og töluðum saman um rannsóknir okkar og aðstæður á Íslandi. Aðstæður á Íslandi væru

Karl G. Kristinsson, yfirlæknir sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans.
Mynd / smh

einstaklega góðar til að framkvæma rannsókn svipaða og hann hafði gert í Arizona í Bandaríkjunum nokkru fyrr. Það var svo á árinu 2016 sem var ákveðið að kanna möguleikann á að gera slíka rannsókn á Íslandi og þá enn víðtækari en í fyrri rannsóknum. Þá má segja að rannsóknahópurinn hafi verið settur saman með fulltrúum frá helstu viðeigandi stofnunum hér á landi. Það hefur síðan tekið þennan tíma að setja saman rannsóknaráætlun og fá samþykki viðeigandi aðila og stofnana til þess að framkvæma rannsóknina,“ segir Karl um forsögu þessa rannsóknarteymis.

„Leitað verður að E. coli bakteríunni í sýnum frá mönnum, dýrum, matvælum og umhverfi á Íslandi. Sýklalyfjanæmi þessara stofna verður skoðað og hluti þeirra heilgenamengisraðgreindur hér á landi. Flestir stofnanna verða væntanlega raðgreindir á rannsóknastofu Lance Price og Cindy Liu í Washington, svo og úrvinnsla þeirra niðurstaðna, meðal annars hver sé líklegur uppruni þeirra.“

Í tilkynningu um stofnun rannsóknarteymisins segir að sú „sérstaða sem gerir Ísland bæði einstakt og ákjósanlegt til slíkra rannsókna er landfræðileg einangrun, íbúafjöldinn og hversu auðvelt er að fylgjast með sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi bæði hjá mönnum og dýrum. Sýklalyfjaónæmi í landinu er með því lægsta sem þekkist í heiminum, en þeirri öfundsverðu stöðu er nú ógnað. Vaxandi ferðamannaiðnaður með meira en 2 milljónir ferðamanna til lands með íbúafjölda um 360.000, auknar ferðir Íslendinga til svæða með meira sýklalyfjaónæmi og vaxandi innflutningur á landbúnaðarafurðum eins og fersku kjöti og grænmeti.“

Hlutfall ónæmra baktería á Íslandi með því lægsta

„Mikilvægt er að átta sig á því hvers vegna hlutfall sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi er með því lægsta sem þekkist í heiminum í dag, þrátt fyrir að við notum meira af sýklalyfjum í menn en gert er í nágrannalöndum okkar. Við notum hins vegar mun minna af sýklalyfjum í landbúnaði en þekkist víðast hvar annars staðar. Við vonumst til að sú þekking sem fæst með þessari rannsókn hjálpi til við að viðhalda lágu hlutfalli ónæmis í landinu. Sú vitneskja gæti einnig hjálpað til að vinna gegn ónæmisþróun annars staðar í heiminum,“ segir í tilkynningunni.

Þverfaglegir sérfræðingar

Rannsóknarteymið er skipað þverfaglegum sérfræðingum sem rannsaka munu vistfræði baktería og sýklalyfjaónæmis svo og áhrif þess á dýr, matvæli og menn. Þær stofnanir sem koma að rannsókninni eru Sýkla- og veirufræðideild Landspítalans, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Matís, Matvælastofnun; Aðgerðarstofnun gegn sýklalyfjaónæmi, George Washington University, Washington DC (ARAC) og Vísindastofnun vistkerfis og þjóðfélags, Northern Arizona University, Arizona (ECOSS). Í íslenska rannsóknarteyminu með Karli eru þau Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Viggó Marteinsson frá Matís og Vigdís Tryggvadóttir frá Matvælastofnun. */smh*

Hlaðan – hlaðvarp Bændablaðsins:

Bændablaðið gefur út hlaðvarpsþætti á netinu

Bændablaðið hefur á síðustu vikum unnið að uppsetningu og þróun á hlaðvarpsþáttum sem deilt verður á vef blaðsins, bbl.is, og á helstu hlaðvarpsveitum. Hlaðvörp eru í raun eins og útvarpsþættir sem gefnir eru út á netinu en ekki sendir út í beinni útsendingu. Hlustendur geta hlýtt á þættina á vefnum eða hlaðið þeim niður og spilað í síma í gegnum SoundCloud og fleiri efnisveitur í fyllingu tímans.

Hlaðvarp Bændablaðsins gengur undir nafninu Hlaðan en í henni verða nokkrir fastir þættir birtir reglulega.

Jón Gnarr reið á vaðið með þáttinn *Kaupfélagið* þar sem hann ræðir viðskipti með nýja og notaða hluti. Í þættinum tekur hann fyrir það helsta sem er á smáauglýsingasíðum Bændablaðsins hverju sinni og hefur jafnvel samband við auglýsendur. Fyrsti þáttur Jóns hefur fengið yfir 1.200 hlustanir en þar sagði Jón m.a. frá áhugamálum sínum sem tengjast endurnýtingu gamalla hluta og viðskiptum með þá.

Umhverfismál og nýsköpun í landbúnaði

Tveir aðrir þættir hófu göngu sína í síðustu viku. Sveinn Margeirsson, matvælafræðingur og doktor í iðnaðarverkfræði, stýrir þætti sem heitir *Víða ratað* og mun fjalla um tækniumbyltingar, nýsköpun og þróun í landbúnaði og tengdum greinum.

Nýjasti þátturinn er í umsjá Áskels Þórissonar, fyrrverandi ritstjóra Bændablaðsins, og ber hann nafnið *Skeggrætt*. Áskell mun fá til sín gesti og ræða umhverfismál í víðu samhengi.

Fylgist með á næstu vikum

Fleiri hlaðvarpsþættir eru í burðarliðnum sem munu birtast á næstu vikum og mánuðum. Þar má nefna þætti um landbúnað og málefni lífrænnar ræktunar í umsjá Berglindar Häsler og Svavars Péturs Eysteinssonar. *Máltíð* er heiti á þætti í umsjón Hafliða Halldórssonar matreiðslumeistara og *Bruggvarpið* verður í höndum félaganna Höskuldar Sæmundssonar og Stefáns Pálssonar. Una Hildardóttir og Guðrún Vaka Steingrímsdóttir ræða um matarmenningu og sögu í þættinum *Snakk* og ritstjórn Bændablaðsins sjálfs verður með yfirlitsþátt um nokkrar fréttir blaðsins. Þá mun útgefandi Bændablaðsins, Bændasamtök Íslands, einnig miðla upplýsingum úr sinni starfsemi í gegnum hlaðvarpið. */TB*

LANDSHÚS

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Nú er tíminn til að panta fyrir sumarið!

GESTAHÚS

JÖKLAR - Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.

Jöklar Flat *(24fm) kr. 2.589.600,-*

Jöklar Burst *(24fm) kr. 2.797.600,-*

Jöklar Íslensku húsin *(24fm) kr. 2.797.600,-*

BÍLSKÚRAR

JÖKLAR BÍLSKÚR - Nú bjóðum við Jöklahúsin útfærð sem bílskúr. Fljótleg, hagkvæm og traust leið til þess að reisa bílskúrinn eða athafnahúsið sem marga vantar. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.

Jöklar bílskúr - Flatt þak
(grunnstærð 24 fm) frá kr. 2.277.600,-

Jöklar bílskúr Burst
(grunnstærð 24fm) frá kr. 2.485.600,-

Jöklar bílskúr Burst tvöfaldur
(grunnstærð 58fm) frá kr. 5.895.000,-

SUMARHÚS

ÁSAR OG KLETTAR - Heilsárshús með eða án svefnlofts. Grunnstærðir Ása og Kletta eru annars vegar 65fm og hins vegar 80fm. Báðar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.

Ásar heilsárshús *(65fm) – kr. 7.176.000,-* ***Ásar heilsárshús*** *(80fm) – kr. 9.349.600,-*

Klettar heilsárshús *(65fm) – kr. 7.476.000,-* ***Klettar heilsárshús*** *(80fm) – kr. 9.649.600,-*

EINBÝLISHÚS

FOSSAR - Einbýlishús sem uppfylla alla staðla sem íbúðarhús í þéttbýli og dreifbýli. Húsin koma í 5 grunnstærðum, frá 101fm – 210fm, með eða án bílskúrs. Allar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.

Foss nr. 4 – Einbýlishús *(180fm) – kr. 22.680.000,-*

EININGAKERFI LANDSHÚSA - ÍSLENSK HÖNNUN

– Með hagkvæmni að leiðarljósi

- Einfalt að stækka

- Landshús býður upp á forsniðin einingahús, útfærð í einingakerfi sem við höfum hannað og þróað alfarið út frá íslenskri byggingarreglugerð.
- Tilgangurinn er að bjóða traust hús sem hægt er að reisa á einfaldan, fljótlegan og hægkvæman hátt.
- Einingakerfið er staðlað með ýmsum val- og breytingarmöguleikum.
- Húsin eru hönnuð sem gestahús, bílskúr, sumarhús og einbýlishús. Öll húsin hafa sína breytingarmöguleika svo að allir geti útfært húsið eins og hver vill.
- **Einingakerfi Landhúsa hefur verið afar vel tekið um allt land og hefur sýnt það og sannað að hægt er að reisa traust og vel byggð hús á hagkvæman hátt.**



Sjáðu hvernig einingakerfið virkar með því að skoða kennslumyndbandið okkar á **www.landshus.is/myndband**

EFLA verkfræðistofa á Akureyri sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar. Öll hönnun á burðarvirki, festingum og allt efnisval er skv. íslenskri byggingarlöggjöf.

EFLA

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS

FRÉTTIR

Sigríður Jóna Hannesdóttir verkefnastjóri, Rebekka Kristjánsdóttir sölustjóri og Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex, með nýju íslensku ullarsængina.

Ullarvinnslufyrirtækið Ístex:

Sængur úr einstakri íslenskri ull

Lopidraumur er ný vörulína hjá Ístex sem inniheldur hágæða sængur úr 100 prósent íslenskri ull sem keypt er beint af íslenskum bændum. Sængurnar eru umhverfisvænar og sjálfbærar en ullin er þvegin í ullarþvottastöð fyrirtækisins á Blönduósi.

„Ístex hefur verið í þróunarvinnu síðustu mánuði með íslenskar ullarsængur og verkefnið hefur gengið vonum framar. Það voru margir sem komu að verkefninu bæði hérlendis og erlendis. Það tók tíma að finna réttu þykktina fyrir sængurnar, þess má geta að við bjóðum upp á tvenns konar þykktir, annars vegar heilsárssængina Emblu og hins vegar vetrarsængina Iðunni. Þannig að fólk getur valið sæng eftir því hversu heitfengt það er,“ útskýrir Sigríður Jóna Hannesdóttir, verkefnastjóri hjá Ístex.

Fengið frábærar viðtökur

Í sængurnar er notuð íslensk hágæðaull sem er náttúruleg og með einstaka eiginleika, hún er létt, hlý, andar vel og er vistvæn.

„Ullin býr yfir þeim eiginleika að hún er temprandi þannig að manni ætti ekki að vera of heitt eða kalt undir sænginni. Við notum sérstaka aðferð til að meðhöndla ullina fyrir sængurnar svo að sængin þófni ekki, sem þýðir að hún hleypur ekki til. Þess má geta að hún má fara í þvott á ullarstillingu og þurrkara á vægan hita. Sængurnar hafa hlotið OEKO-Tex stimpilinn. Sængurnar hafa fengið frábærar viðtökur og við höfum varla undan að afgreiða þær,“ segir Sigríður Jóna og bætir við:

„Íslenska ullin hefur þróast í 1100 ár í köldu, norðlægu loftslagi og býr yfir einstakri samsetningu innri og ytri þráða. Þelið er fíngert, mjúkt og verndar féð gegn kulda. Togið er lengra og vex út úr reyfinu, það er harðgert og glansandi og veitir vörn gegn vatni og vindum. Ull íslensku sauðkindarinnar er einstök og engin sambærileg ull er til í heiminum. Hægt er að sjá nánar um og nálgast sængurnar á heimasíðunni okkar www.lopidraumur.is.“ */ehg*

Páskar í Flórens & Caprí

8. - 21. apríl Vor 6
Fararstjóri: Hólmfríður Bjarnadóttir

Flórens, Sorrento, Amalfíströndin, eyjan Caprí og Assisi eru sannkallaðar draumaperlur Ítalíu en kynngimögnuð fegurð þessara staða umvefur okkur í þessari glæsilegu ferð. Við upplifum skemmtilega daga á meðan við fræðumst um sögu, listir og mannlíf svæðisins. Skoðum m.a. eina af frægustu fornminjum veraldar í Pompei og siglum til klettaeyjunnar Caprí og í Bláa hellinn.

Verð: 366.600 kr. á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 Reykjavík
spör ehf.

SKÓGAR KOLEFNI CO_2

Merki Skógarkolefnis, verkefnis sem Skógræktin hefur hrundið af stað.

Skógarkolefni er nýjung í kolefnisjöfnun hérlendis

Skógræktin hefur hrundið af stað verkefni sem kallast Skógarkolefni. Verkefninu er ætlað að koma á fót viðurkenndu ferli vottunar á bindingu kolefnis með nýskógrækt.

Vottunin gerir í fyrsta sinn á Íslandi kleift að versla með vottaðar einingar kolefnis sem bundið er með nýskógrækt. Ein eining samsvarar einu tonni af koltvísýringi. Stefnt er að því að fyrstu einingarnar verði skráðar á næsta ári.

Raunveruleg kolefnisbinding með nýskógrækt

Í fréttatilkynningu frá Skógræktinni segir að markmið Skógarkolefnis séu að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga með því að binda kolefni, bjóða landeigendum upp á nýja kosti til að fjármagna skógrækt, bjóða fyrirtækjum og einstaklingum upp á nýjan kost til að kolefnisjafna sig, efla skógrækt á Íslandi með öllum þeim kostum sem henni fylgja.

Þar segir einnig að Skógarkolefni tryggi raunverulega kolefnisbindingu með nýskógrækt, viðbót við fyrri kolefnisbindingu, mælda og staðfesta kolefnisbindingu, skilgreindan varanleika kolefnisbindingar, vottaða kolefnisbindingu, umhverfis- og samfélagslega ábyrgð.

Tonn á móti tonni

Hlutverk skóga í kolefnishringrásinni er að fjarlægja koltvísýring úr andrúmsloftinu sem losnað hefur, t.d. við rotnun lífrænna efna eða vegna bruna jarðefnaeldsneytis. Trén binda kolefnið í vefjum sínum og í jarðvegi en skila súrefnishluta sameindarinnar CO_2 aftur út í andrúmsloftið.

Ein skógarkolefniseining samsvarar einu tonni af koltvísýringi (CO_2) í andrúmsloftinu sem bundið er í skógi. Til að jafna losun á einu tonni af CO_2 þarf því að telja fram eina skógarkolefniseiningu. Til að slíkar einingar geti orðið til þarf að rækta nýjan skóg og fá kolefnisbindinguna vottaða og skráða í Skógarkolefnisskrá. Einingarnar eru skráðar „í bið“ til að byrja með. Eftir fimm ár frá gróðursetningu er skógurinn metinn til að sjá hvort hann sé á réttu róli og muni binda það sem til er ætlast. Með óháðri vottun eru þessar úttektir staðfestar og þar með verða skógarkolefniseiningarnar fullgildar. Tíu árum seinna er skógurinn fyrst mældur og kolefnisbinding staðfest og vottuð. Þegar skógarkolefniseiningar eru notaðar til jöfnunar á losun er ekki hægt að nota þær aftur.

Kerfi í mótun

Fyrstu drög að Skógarkolefni eru nú til kynningar en stefnt er að því að hægt verði að skrá fyrstu einingarnar á árinu 2020. Til að svo megi verða þarf að koma á laggirnar Skógarkolefnisskrá sem heldur utan um skógræktarverkefni frá því að stofnað er til þess og þar til vottaðar skógarkolefniseiningar hafa verið notaðar á móti losun. Skógarkolefnisskrá er því eins konar banki sem tryggir að einingar standist settar kröfur og að þær séu aðeins notaðar einu sinni á móti losun. Einingarnar þarf að votta af til þess bærum vottunaraðila. Ekki er nauðsynlegt að einungis ein vottunarstofa sjái um slíka vottun heldur þarf hún aðeins að hafa réttindi til vottunar og vera óháð þeim sem stofna til eða versla með einingarnar.

Ríkið, einkageirinn og almenningur

Skógarkolefni inniheldur viðmið fyrir vottun og skráningu á kolefnisbindingu með ný-skógrækt á frjálsum markaði. Almenningur, stofnanir og fyrirtæki sem vilja leggja sitt af mörkum til loftslagsbaráttunnar og binda kolefni fá þannig fullvissu um bindingu sína. */VH*

Vinsældir vistvænna lanolin-efna sem unnin eru úr sauðfjárull aukast stöðugt:

Ullarfituryðvarnir Smára Hólm í stærra húsnæði í Hafnarfirði

Smári Hólm Kristófersson, stofnandi og eigandi fyrirtækisins „Hjá Smára Hólm“, er nú að flytja í nýtt og stærra húsnæði á Suðurhellu í Hafnarfirði til að ryðverja bifreiðar með lanolin fituefni sem unnið er úr sauðfjárull. Að sögn Smára eru sífellt fleiri að uppgötva frábæra ryð- og tæringarvarnareiginleika þessa.

Verkstæði Smára hefur verið í frekar þröngu iðnaðarhúsnæði að Rauðhellu 1 í Hafnarfirði. Hann er nú að flytja starfsemina í mun stærra og bjartara húsnæði að Suðurhellu 10. Þarna verður opnað strax eftir áramót. „Loksins getum við þá farið að anna eftirspurn,“ segir Smári.

Hann bendir á að lanolin hafi verið grunnefnið í gamla Mjallarbóninu sem mörgum þótti gefa afbragðs vörn fyrir lakk á bílum. Þessa eiginleika hafi menn verið að uppgötva í Prolan efnunum líka og hafi því jafnvel verið að nota það til að bóna bíla sína.

Viðurkennt í matvælaiðnaði

Efnið sem um ræðir kemur frá Prolan á Nýja-Sjálandi, en umboðsaðili Prolan sem Smári skiptir við er Denrex ASP í Danmörku. Hann kynnti þetta m.a. á landbúnaðarsýningunni Íslenskur landbúnaður sem haldin var í Laugardalshöll haustið 2018.

Lanolin ullarolían, sem er lykilefnið í vörum Prolan, þykir eitthvert albesta ryð- og tæringarvarnarefni sem völ er á. Prolan er líka vottuð NSF vara af Evrópusambandinu sem vistvænt smurefni fyrir matvælaiðnaðinn. Vegna þessa sérstöku skaðleysis eiginleika þá hafa íslenskir bændur sýnt Prolan efnunum áhuga, þar sem óhætt er að nota þau sem ryðvörn á dráttarvélar og önnur tæki án þess að valda skaða í umhverfinu eða á framleiðsluvörum bænda.

Smári Hólm Kristófersson og dóttir hans, Alína-Eydís Hólm Smáradóttir.

Lanolin hefur líka verið nefnt ullarvax eða ullarfeiti og myndast í fitukirtlum allra dýra sem hafa ullarfeld. Það er því líka að finna í ull af íslensku sauðfé, en þó í tiltölulega litlu magni. Mun meira af slíkri fitu er í fé sem alið er á heitari slóðum, eins og í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi.

Segir Smári að fjölmargir bændur séu byrjaðir að nota þetta á sinn vélbúnað. Hefur efnið líka notið vinsælda meðal jeppamanna og hafa bifreiðaumboðin líka verið að skoða þetta. Þannig er Smári m.a. að fá glænýjan Mercedes Benz vörubíl til ryðvarnar með Prolan efni.

Hvorki hættulegt fólki né skepnum

„Prolan er hvorki hættulegt fólki né skepnum. Bændur geta því að skaðlausu úðað þessu efni yfir sínar heyvinnuvélar, dráttarvélar og önnur tæki á haustin.

Þá virkar þetta bæði sem smurefni og tæringarvörn. Þó þetta fari á bremsudiska á bílum verða þeir ekki bremsulausir. Bremsudælur sem hætt er við að ryðgi haldast fínar og flottar við að úða á þær Prolani. Þá þarf engar áhyggjur af hafa af gúmmífóðringum, þær skemmast ekki,“ segir Smári. */HKr.*

Hvað gerir þú þegar rafmagnið fer?



Hönnun: ARTPRO

MARGAR GERÐIR TIL Á LAGER

- **Síðan 1992** höfum við selt **yfir 500 rafstöðvar** sem varaafl frá 7,5 kw upp í 1900 kw.
- Meðal þeirra sem hafa varaaflsstövar frá okkur eru; Neyðarlínan, flugvellir, sjúkrahús, rafveitur, vatnsveitur, hitaveitur, flugfélög, bankar, Tollstjóri, Alþingi, hótel, veitingahús, mörg stærri fjölbýlishús með lyftum. Margskonar fyrirtæki í matvælaframleiðslu, heildsölu og iðnaði sem þola illa rafmagnsleysi.

Hvað með þig ?

FG WILSON | mase GENERATORS | HIMOINSA | MERKÚR

Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegi 6 | 113 Reykjavík | Sími 534 6050 | merkur@merkur.is | **www.merkur.is**

FRÉTTIR

Rafræn umsókn opnuð á AFURÐ um kaup á greiðslumarki

Sauðfjárbændur sem óska eftir að kaupa greiðslumark í sauðfé geta nú sótt um á þar til gerðri umsókn inn í greiðslukerfi landbúnaðarins, AFURÐ (vefslóð: www.afurd.is). Sótt er um með rafrænum hætti og þurfa umsækjendur að skrá sig inn með rafrænu skilríki í gegnum ÍSLAND.IS.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gaf út breytingarreglugerð nr. 1009/2019 um nýtt innlausnarfyrirkomulag þann 19. nóvember síðastliðinn í samræmi við endurskoðaðan samstarfssamning um starfsskilyrði í sauðfjárrækt milli ríkis og bænda og breytingu á búvörulögum nr. 99/1993.

Matvælastofnun, Búnaðarstofa, annast úthlutun greiðslumarksins og skal bjóða til sölu innleyst greiðslumark á núvirtu andvirði beingreiðslna næstu þriggja almanksára.

Skilafrestur á beiðni um innlausn og kaup á greiðslumarki var til miðnættis 15. desember 2019. Greiðslufrestur vegna kaupa á greiðslumarki er 5. janúar 2020. Með beiðni um innlausn (sölu) á greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýli og samþykki ábúanda, sameigenda og veðhafa í lögbýlinu. Kaupandi greiðslumarks nýtir greiðslumark frá og með 1. janúar 2020.

Rétt er að taka fram að ekki er sótt um kaup á greiðslumarki á Bændatorginu, heldur í AFURÐ á vefslóðinni afurd.is eða afurd.bondi.is. Fyrir skömmu var AFURÐ opnað fyrir framleiðendur í landbúnaði, en þar geta bændur komist inn á:

- Jarðabók búsins. Heildarupplýsingar um búið, tengiliðir, upplýsingar úr lögbýlaskrá (eigendur), stuðningsgreiðslur og greiðslumark.
- Rafræna handbók um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.
- Umsóknir um stuðningsgreiðslur. Aðeins er komin inn umsókn um kaup á greiðslumarki í sauðfé, en á næstu vikum og mánuðum færast umsóknir sem nú eru inni á Bændatorginu yfir á AFURÐ.

Borun hefur staðið yfir á fjórðu vinnsluholunni á Reykjum við Húnavelli vegna viðbótarvatnsöflunar fyrir hitaveitu Blönduóss og Skagastrandar.

Fjórða vinnsluholan á Reykjum

Um þessar mundir stendur yfir borun á fjórðu vinnsluholunni á Reykjum við Húnavelli vegna viðbótarvatnsöflunar fyrir hitaveitu Blönduóss og Skagastrandar.

Á grundvelli niðurstöðu rannsóknarborana í árslok 2018 var staðsetning þessarar holu sem mun verða 1.200 m djúp ákveðin. Áætlað er að borun ljúki í janúar eða febrúar 2020. Verði árangur fullnægjandi mun það auka rekstraröryggi veitunnar til framtíðar. Borverktaki er Ræktunarsamband Flóa og Skeiða. Þetta kemur fram á vefsíðu Rarik. /MÞÞ

ALHLIÐA VÉLAVERKSTÆÐI

- Allar almennar vélaviðgerðir
- Almenn renni- og fræsivinna
- Rennum og slípum sveifarása
- Málmsprautum slitfleti, t.d. á tjakkstöngum
- Gerum við loftkælingu bíla
- Almenn suðuvinna
- Plönum hedd
- Tjakkaviðgerðir

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is

Metanafgreiðsla við Miðhúsabraut.

Akureyringar jákvæðir um að skipta í umhverfisvænni bíla

Meirihluti Akureyringa sem tóku afstöðu í nýrri könnun um bifreiðakaup stefnir á að kaupa bíl sem er að hluta eða öllu leyti drifinn áfram af vistvænum orkugjöfum. Rafbílar koma þar helst til greina, en þónokkur fjöldi fólks íhugar að kaupa tengi-tvinnbíl eða metanbíl. Könnunin var gerð af Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri fyrir Norðurorku og greint frá henni á vefsíðu Akureyrarbæjar.

Spurt var um næsta bíl sem fólk telur líklegt að það kaupi með tilliti til orkugjafa. Um 30% stefna á að kaupa bensín eða dísilbíl, 23% rafbíl, 18% tengi-tvinnbíl og um 1% metanbíl. 28% svarenda sögðust ekki vita það/tóku ekki afstöðu til spurningarinnar. Ef einungis er litið til þeirra sem tóku afstöðu kemur í ljós að 59% hugsa sér að kaupa næst bíl sem drifinn er áfram af vistvænum orkugjöfum; rafbíl, tengi-tvinnbíl eða metanbíl. 41% telja líklegt að bensín- eða dísilbíll verði næst fyrir valinu.

Ótrúlegt að fleiri kjósi ekki metanbíla

Þriðjungur þeirra sem tóku afstöðu veðja á rafbíl, fjórðungur á tengi-tvinnbíl en aðeins tæp 2% á metanbíl. Þessar niðurstöður ríma við fréttir af því að ríflega sex þúsund fleiri rafbílar en metanbílar séu í umferð hér á landi. Haft er eftir Sigurði Inga Friðleifssyni, framkvæmdastjóra Orkuseturs, að það sé í raun ótrúlegt að ekki fleiri kjósi metan. Slíkir bílar séu ódýrari, eldsneytið sömuleiðis og því framlag inn í loftslagsbaráttuna með því að skipta úr óhreinum erlendum orkugjafa fyrir hreina innlenda orku.

Heilt yfir benda niðurstöður könnunarinnar til þess að stór hluti Akureyringa sé jákvæður gagnvart því að skipta yfir í umhverfisvænni bíla. /MÞÞ

Hrútafundur í Hlíðarbæ:

Hríshólslamb númer 31 stigahæst

Vel var mætt að vanda á hrútafund sem haldinn var í Hlíðarbæ í lok nóvember, en tæplega 50 sauðfjárræktendur og áhugafólk var á staðnum. Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, fór yfir hrútakost sæðingastöðvanna og ýmis áherslumál greinarinnar.

BSE veitti viðurkenningar fyrir þrjá stigahæstu lambhrúta sem skoðaðir voru í haust af ráðunautum RML.

Þar stóð efstur, lamb nr. 32 á Hríshóli 2 með 89 stig sem Guðmundur S. Óskarsson og Helga Berglind Hreinsdóttir, bændur þar, eiga. Hann er undan Simba 18-779 sem er undan Tvistssyni. Á bakvið hann eru margir þekktir sæðishrútar eins og Saumur, Gosi auk Bergsstaðahrútanna Gaurs og Grámanns. Lambið var 63 kg, vöðvi 39, fita 3,9 lögun 5, leggur 110. Stigin við dóm : 8-8,5-9,5-10-9,5-18,5-8-8-9 = 89

Í öðru sæti var lamb nr. 124 á Auðnum 1 í eigu Aðalsteins Heiðmanns Hreinssonar og Sigríðar Svavarsdóttur með 88,5 stig, undan Þræl 16-358 sem er heimahrútur, með ættir að mestu frá Auðnum og nágrannabæjum í Öxnadal. Bakvöðvi lambsins var 40 mm, sem var sá þykkasti sem mældur var hér í haust, ásamt lambi frá Kristnesi. Þyngd 56 kg. fita 3,5 lögun 5, leggur 114 og stig: 8-9-9-10-9-18,5-8-8-9 = 88,5.

Þriðji var hrútur nr. 106 á Hríshóli í eigu Ingva Guðmundssonar og var hann einnig með 88,5 stig. Hrúturinn er undan Ragga 18-774 Guttasyni frá Þóroddsstöðum og Þoku 13-030 sem er undan Grámanni frá Bergsstöðum. Þyngd 50 kg, vöðvi 38, fita 2,5 lögun 5, leggur 110. Stig hans eru 8-8,5-9,5-10-9-18,5-8-8-9=88,5.

Átta aðrir hrútar voru með 88,5 stig en raðast neðar samkvæmt viðmiðunarreglum RML. /MÞÞ

Stigahæsti hrúturinn í Eyjafirði á liðnu hausti, lamb númer 32 á Hríshóli.

Frá vinstri eru Aðalsteinn Heiðmann Hreinsson á Auðnum 1, þá Ingvi Guðmundsson og Guðmundur S. Óskarsson á Hríshóli 2.

Getur þú hugsað þér
gleðilega hátíð án rafmagns?

Við hjá RARIK óskum viðskiptavinum, samstarfsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með von um gott og orkuríkt ár. Við munum eins og áður leitast við að svara orkuþörf viðskiptavina yfir hátíðarnar, með öruggum hætti.

www.rarik.is

RARIK

STEKKUR

Vökustaurar

Ef marka má þjóðháttalýsingu Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili var aldrei keppst eins mikið við vinnu eins og fyrir jólin. Einkum var lagt kapp á að ljúka við ullarvinnu og prjónaskap á jólaföstunni.

Síðasta vikan fyrir jól var kölluð staurvika vegna þess að þá notaði fólk vökustaura til að halda sér vakandi. Staurarnir eða augnteprurnar voru gerðar úr smáprikum ámóta stórum og eldspýtur en stundum var notað svokallað baulubein úr þorskhöfði eða eyruggabein úr fiski. Skorið var inn í beinið til hálfs en það haft heilt hinum megin og á það gerð lítil brotalöm og skinninu á augnlokinu smeygt inn í hana. Stóðu þá endarnir í skinnið og mjög sárt að loka augunum.

Jónas segir að húsbændur hafi stundum sett vökustaura á þá sem áttu erfitt með að halda sér vakandi við vinnu síðustu vikuna fyrir jól.

Víða þótti til siðs að þrífa allt hátt og lágt fyrir jólin. Menn skiptu um nærföt og stundum var meira að segja skipt á rúmunum og mestu sóðar brutu jafnvel venjur sínar og voru hreinir og vel til hafðir um jólin.

Samkvæmt gamalli þjóðtrú lét guð alltaf vera þíðviðri rétt fyrir jólin, til þess að fólk gæti þurrkað plöggin sín fyrir hátíðina og var þessi þurrkur kallaður fátækrar þerri.

Til siðs var á mörgum býlum að fara í kaupstað fyrir jólin. Sumir fóru eingöngu til að sækja jólabrennivínskútinn til að eiga til hressingar.

Stundum var lagt út í mikla óvissu til að ná í jólaölið og kom fyrir að menn urðu úti í slíkum nauðsynjaferðum.

Á flestum bæjum var til siðs að slátra kind fyrir jólin til að eiga nýtt kjöt yfir jólin og mun kindin sú hafa verið kölluð jólaærin. Jónas segir að siðurinn hafi að mestu verið aflagður á Norðurlandi í sinni tíð en í fullu gildi á Vestfjörðum langt fram á hans daga.

Að sögn Jónasar voru jólin helgust og mest allra hátíða enda má rekja þau aftur til hinnar elstu og römmustu heiðni á Norðurlöndum og til Germana.

Um jólaleyti eru allar ófreskjur og illþýði á ferð og gera allt illt sem þau geta. Tröll og óvættir gengu um og voru Grýla gamla og jólasveinarnir hennar þar fremstir í flokki.

Ekki mátti leika sér á jólanóttina, hvorki spila né dansa. Til er saga sem segir að einu sinni hafi tvö börn farið að spila spil á jólanótt. Kom þá til þeirra ókunnugur maður og fór að spila við þau, hann hvatti þau til að spila við sig fram eftir nóttu eða þar til eitt barnið fór að raula sálmavers en þá hvarf maðurinn. Þar mun andskotinn sjálfur hafa verið á ferð.

Víða mun hafa verið til siðs að kveikja ljós um allan bæinn á jólanótt svo að hvergi bæri á skugga.

Þegar búið var að sópa húsið gekk húsfreyjan í kringum og bauð álfunum heim með orðunum: „Komi þeir sem koma vilja, veri þeir sem veri vilja, fari þeir sem fara vilja mér og mínum að meinalausu.“

Gleðileg jól. /VH

NYTJAR HAFSINS

Helmingur af fiskneyslu heims kemur frá fiskeldi

Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

Fiskur gegnir mikilvægu og vaxandi hlutverki í fæðuöflun jarðarbúa. Heimsaflinn hefur verið nokkuð stöðugur um langt árabil en hlutur fiskeldis eykst jafnt og þétt. Eldið var komið í 47% af heildarframboði í fyrra og stefnir í tæp 49% í ár.

Alþjóðamatvælastofnunin (FAO) heldur utan um tölur um heimsframboð á fiski. Í skýrslu frá FAO sem út kom fyrr á þessu ári segir að heimurinn hafi haft til ráðstöfunar 178 milljónir tonna af fiski á árinu 2018. Er það um 2,2% aukning frá árinu 2017. Svona til að setja þessar tölur í samhengi þá veiddu Íslendingar tæpar 1,3 milljónir tonna af fiski árið 2018. Heimsframboðið árið 2018 skiptist þannig að 94,5 milljónir tonna koma frá hefðbundnum fiskveiðum og 83,2 milljónir tonna frá fiskeldi.

Í þessari grein verður gluggað í nokkrar tölur FAO um fiskveiðar og fiskeldi, svo sem heildarmagn og hverning skipting er milli landa og einstakra tegunda o.fl. Nýjar tölur liggja ekki fyrir í öllum tilvikum og því er ýmist verið að fjalla um árin 2018, 2017 eða 2016.

Áður en lengra er haldið er rétt að geta þess að orðið „fiskur“ í skýrslu FAO er til einföldunar gjarnan notað sem safnheiti yfir ýmsar aðrar tegundir en fisk, svo sem rækjur, krabba, skeljar o.fl. Veiðar á sjávarspendýrum eru ekki inni í þessum tölum.

Hátt verð og mikil verðmæti

Samkvæmt tölum FAO var aflaverðmæti veiða og verðmæti eldis í heiminum metið á um 362 milljarða dollara árið 2016, eða tæpa 45 þúsund milljarða íslenskra króna. Þar af var verðmæti eldis 232 milljarðar dollara, tæpir 29 þúsund íslenskir milljarðar.

Vegna mikillar eftirspurnar var verð á fiskafurðum hátt árin 2017 og 2018. Í skýrslu FAO er birt þróun vísitölu fiskverðs síðustu áratuga. Hún fór í hæstu hæðir frá upphafi mælinga í mars í fyrra en lækkaði lítillega þegar leið á árið. Verðþróunin á síðasta ári var þó ekki öll á einn veg, verð á eldisfiski lækkaði að meðaltali en verð á villtum fiski hækkaði.

Verð í byrjun árs 2019 var enn hátt í sögulegu samhengi. Viðskiptastríð milli Kína og Bandaríkjanna og Brexit hafa skapað óvissu um viðskipti með fisk í heiminum á þessu ári.

Eldisfiskur 53%

Megnið af heimsframboði á fiski fór til manneldis, eða um 88% af heild árið 2018. Restin fór í framleiðslu á fiskimjöli eða var ráðstafað á annan veg.

Fiskneysla í heiminum hefur aukist gríðarlega. Árið 1961 sporðrenndi hver maður einungis 9 kílóum að meðaltali en neyslan er nú komin í 20,4 kíló á mann á ári. Neyslan hefur því meira en tvöfaldast á þessu tímabili.

Fiskneysla á mann skiptist þannig að 9,5 kíló koma frá veiðum en 10,9 kíló koma frá eldi. Eldisfiskur er þannig kominn í 53% af fiskneyslu jarðarbúa. Ráðstöfun á fiski til mjölframleiðslu minnkar hlutdeild veiðanna í fiskneyslunni.

Kínversk skip. Kína ber höfuð og herðar yfir aðrar fiskveiðiþjóðir. Kínverjar veiddu um 15,5 milljónir tonna af fiski árið 2016, eða tæp 17% af heildinni.

Vatnakarpi og skyldar tegundir skipa efsta sætið í fiskeldi. Framleiðslan nam samanlagt um 28,3 milljónum tonna 2017 sem er gríðarlegt magn.

Ansjósur við Perú eru alla jafna mest veidda tegundin í heiminum. Samkvæmt opinberum tölum í Perú nam veiðin 6 milljónum tonna árið 2018.

Ekki liggja fyrir nýlegar tölur um fiskneyslu Íslendinga. Oft er vitnað til könnunar sem gerð var fyrir allnokkrum árum sem sýndi að neyslan væri 46 grömm á dag sem gera tæp 17 kíló á mann á ári. Samkvæmt því er fiskneysla hjá fiskveiðiþjóðinni Íslandi undir meðaltali í heiminum.

Ansjósur oftast í fyrsta sæti

Þótt FAO hafi birt gögn um áætlaðan heildarafla á árinu 2018 þá þarf að fara til ársins 2016 til að fá nánari upplýsingar um skiptingu afla á einstakar tegundir og veiðiþjóðir.

Ansjósa við Perú hefur um langt árabil verið mest veidda fisktegund í heiminum. Hún lenti þó í öðru sæti á heimslistanum 2016, með tæp 3,2 milljónir tonna, vegna slæms ástands stofnsins af völdum veðurfyrirbærisins El Nino. Það ár var alaskaufsi í fyrsta sæti með tæp 3,5 milljónir tonna. Í þriðja sæti var randatúnfiskur með rúm 2,8 milljónir tonna. Þetta er sá túnfiskur sem við kaupum aðallega í dósum.

Ansjósustofninn rétti úr kútnum, að minnsta kosti um stundarsakir. Samkvæmt opinberum tölum í Perú nam veiðin 6 milljónum tonna árið 2018, sú mesta á sex árum.

Ef við horfum á tegundir sem Íslendingar þekkja best þá veiddust rúmar 1,6 milljónir tonna af síld í heiminum, þar af tæpar 1,5 milljónir tonna í Norðaustur-Atlantshafi. Þorskur skilaði rúmum 1,3 milljónum tonna.

Kínverjar veiða mest

Kína ber höfuð og herðar yfir aðrar fiskveiðiþjóðir. Kínverjar veiddu um 15,5 milljónir tonna af fiski árið 2016, eða tæp 17% af heildinni. Indónesía er í öðru sæti með tæp 6,2 milljónir tonna. Bandaríkin verma þriðja sætið með um 4,9 milljónir tonna. Perú er ekki í þrem efstu sætum þetta árið vegna ansjósubrests, eins og fyrr er sagt. Þess má geta að Ísland var í 18. sæti á heimslistanum árið 2016, með tæp 1,1 milljón tonna eða um 1,2% af heimsaflanum.

Gríðarlegt magn af vatnakarpa

Kína er einnig langstærsta landið í eldi á fiski, með yfir helming framleiðslunnar.

Ljúkum þessari yfirferð um heimsframboð á fiski með því að líta á framleiðslu á helstu tegundum í fiskeldi á árinu 2017.

Í nokkrum efstu sætunum eru tegundir sem Íslendingar þekkja vart nema af afspurn. Vatnakarpi og skyldar tegundir skipa efsta sætið. Framleiðsla á vatnakarpa, sem er ferskvatnsfiskur, nam samanlagt um 28,3 milljónum tonna sem er gríðarlegt magn. Tilapia er í öðru sæti með 5,9 milljónir tonna. Ostrur eru í þriðja sæti með 5,7 milljónir tonna.

Rækjur eru í 8. sæti með 5,5 milljónir tonna og lax og silungur koma næst á eftir með alls 3,5 milljónir tonna. Um er að ræða hlýsjávarrækjur sem Íslendingar þekkja sem risarækjur.

Spáð er aukinni eftirspurn eftir fiski í framtíðinni og til að anna þeirri eftirspurn þarf að efla fiskeldið enn frekar.

Bændablaðið
Kemur næst út
9. janúar 2020

www.n1.is facebook.com/enneinn

ENNEMM / SÍA / NM96811

Gleðilega hátíð

N1 óskar landsmönnum gleði og friðsældar um hátíðirnar og þakkar fyrir árangursrík samskipti í áranna rás. Megi nýtt ár færa ykkur gæfu og gott gengi.

Alltaf til staðar N1

FRÉTTIR

Flugfarþegum í ríkjum Evrópusambandsins hefur fjölgað um 43% frá 2010:

Flugið í ESB-löndum 2018 samsvarar því að hver einasti íbúi hafi farið í tvær flugferðir

– Flestir fóru um Heathrow í London, en yfir 10 milljónir flugfarþega um Ísland og þar var líka langmesta fjölgunin innan Evrópu

Þrátt fyrir allt tal og kröfur um nauðsyn þess að berjast gegn losun gróðurhúsalofttegunda og mikinn fjölda alls konar ráðstefna og funda þar sem þau mál ber á góma, þá fer flugfarþegum í löndum Evrópusambandsins ört fjölgandi. Á árinu 2018 samsvaraði farþegafjöldinn í ESB-löndum því að hver einasti íbúi Evrópusambandsins hafi farið í tvær flugferðir það ár og rúmlega það.

Árið 2010 voru flugfarþegar í löndum Evrópusambandsins 776 milljónir samkvæmt tölum Eurostat, en fóru yfir milljarð árið 2017. Á árinu 2018 fjölgaði þeim enn og voru þá 1.106 milljónir talsins en íbúarnir um 513 milljónir. Nam fjölgun farþega um 6% frá 2017 og hefur flugfarþegum í ESB-löndunum fjölgað frá 2010 um 43%. Af heildar farþegafjöldanum voru 46% að fljúga milli flugvalla í ESB-löndunum og 37% til og frá öðrum löndum í Evrópu. Um 16% farþeganna var að fljúga til og frá öðrum heimsálfum, eða rétt rúmlega sjötti hver farþegi.



Yfir 10 milljónir flugfarþega á Íslandi og langmesta fjölgunin innan Evrópu

Í gögnum Eurostat kemur líka fram að um þrjá millilandaflugvelli á Íslandi, þ.e. Keflavík, Akureyri og Reykjavík, hafi farið 10.166.000 farþegar 2018 sem var 22,3% aukning frá 2017. Það var jafnframt langmesta aukning farþega í löndum innan Evrópu, en af þessum fjölda voru rúmlega 9,8 milljónir í flugi milli landa.



Langflestir fara um Heathrow-flugvöll í London

Annasamasti flugvöllur Evrópu er Heathrow í London en um hann fóru 80 milljónir farþega á síðasta ári. Þar var aukningin 3% frá 2017 til 2018, en um 48 milljónir af þessum farþegum flugu á leiðum innan Evrópu. Næst kom Charles de Gaulle-flugvöllur í París með 72 milljónir farþega og 4% aukningu, þá Schiphol-flugvöllur í Amsterdam í Hollandi með 71 milljón farþega og 4% aukningu, Frankfurt Main-flugvöllurinn í þýskalandi var þá með 69 milljónir farþega og 8% aukningu og í fimmta sæti var Barajes-flugvöllur í Madrid á Spáni með 56 milljónir farþega og 9% aukningu á milli ára.

Næst þar á eftir kom El Prat-flugvöllur í Barselóna á Spáni með 50 milljónir farþega og 6% aukningu á milli ára. Því næst flugvöllurinn í München með 46 milljónir fraþega og 4% aukningu. Þá kom Gatwick í London með 46 milljónir farþega og 1% aukningu. Síðan Liumicino flugvöllur í Róm með 43 milljónir farþega og 5% aukningu. Í túnda sæti var svo Orly-flugvöllur í París með 33 milljónir farþega og aukningu á milli ára upp á 3%.

Miðað við þetta kemur ekki á óvart að Bretland var með flesta flugfarþega á síðasta ári, eða um 272 milljónir. Næst kom Þýskaland með 222 milljónir, Spánn var með 221 milljón, Frakkland með 162 milljónir og Ítalía var í fimmta sæti með 153 milljónir flugfarþega.

Af 30 umferðarmestu flugvöllum í ESB-ríkjunum státuðu allir nema flugvöllurinn í Hamborg og Düsseldorf af aukningu flugfarþega á milli áranna 2017 til 2018. Í Hamborg fækkaði um 2% og um 1% í Düsseldorf.

Mesta fjölgun flugfarþega innan ESB var í Búdapest

Mesta fjölgun flugfarþega í ESB-löndum milli ára var um Liszt Ferenc flugvöll í Búdapest í Ungverjalandi, en þar fjölgaði farþegum um 14%. Þá fjölgaði farþegum á Chopina-flugvelli í Varsjá í Póllandi um 13%. Á flugvöllunum Eleftherios Venizelos í Aþenu í Grikklandi, Schwechat-flugvelli í Vín í Austurríki og á Vantaa-flugvelli í Helskinki í Finnlandi fjölgaði farþegum um 11% á síðasta ári. Þá fjölgaði farþegum um 10% á Malpensa-flugvelli í Mílanó á Ítalíu. Eins fjölgaði um 9% á Ruzyne-flugvelli í Prag í Tékklandi, Lisboa-flugvelli í Lisabon í Portúgal og á Barajas-flugvelli í Madrid á Spáni.

/HKr.

Hrísey. Mynd / HKr.

Brothættar byggðir í Hrísey:

Óskað eftir framlengingu í eitt ár hið minnsta

Bæjarráð Akureyrar hefur lýst yfir vilja sínum til að óska eftir framlengingu á byggðaþróunarverkefninu Brothættar byggðir í Hrísey og hefur falið bæjarstjóra að vinna málið áfram.

Hverfisráð Hríseyjar hefur skorað á Byggðastofnun að framlengja verkefnið í eynni um að minnsta kosti eitt ár og óskaði eftir afstöðu bæjarins til málsins.

Unnið að góðum verkefnum

Fram kemur í erindi Hríseyinga að verkefninu Brothættar byggðir í eyjunni ljúki nú í ár, en talið er að það hafi haft jákvæð áhrif bæði á íbúaþróun og atvinnulíf. Meðal annara verkefna var rekstur Hríseyjarbúðarinnar efldur og hvannarverkun hjá Hrísiðn ehf. þróuð. Annað stórt verkefni sem hlaut styrki er framleiðsla á landnámshænueggjum í eyjunni.

„Íbúaþróun er byrjuð að snúast við, og atvinnutækifærum fjölgar rólega. Til þess að þessi þróun haldi áfram og verkefnin nái betur að festa sig í sessi, er æskilegt að áframhaldandi stuðningur verði veittur," segir í erindinu.

Íbúum í Hrísey hefur fjölgað hin síðari ár, þeir voru 172 árið 2015, þeim fækkaði niður í 151 í fyrra en í ár eru 167 íbúar skráðir til heimilis í Hrísey. */MÞÞ*

Reið- og göngubrú byggð yfir Eyjafjarðará

Framkvæmdir eru hafnar við smíði brúar yfir Eyjafjarðará en hún mun tengja austur- og vesturbakka Eyjafjarðar. Brúin nýtist umferð hestafólks um svæðið en einnig þeim fjölmörgu sem þangað fara í fuglaskoðunar- og gönguferðir.

„Við fögnum því fyrst og fremst að málið er í höfn og framkvæmdir hafnar. Búið er að tengja saman austur og vesturbakka Eyjafjarðarár með landfyllingu og hægt að ganga þurrum fótum yfir í Stórhólma," segir Sigfús Ólafur Helgason, framkvæmdastjóri Hestamannafélagsins Léttis, um smíði brúar yfir Eyjafjarðará en hún mun nýtast hestafólki á ferð um Kaupvangsbakka, á leið fram í Eyjafjörð eða austur í Þingeyjarsýslu. Framkvæmdir við smíðina hófust á dögunum.

Nokkur styrr stóð um brúarsmíðina, Léttismenn hafa undanfarið eitt og hálft ár tekist á við bæjaryfirvöld á Akureyri um smíðina og hver beri kostnað af henni.

Brúin skiptir verulegu máli fyrir hestafólk en hún nýtist fyrir hestaumferð milli Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu og eins vegna umferðar hestafólks fram í Eyjafjörð. „Það var á stundum tekist á við bæjaryfirvöld en við töldum okkur hafa réttinn okkar megin og sem betur fer fékk þetta mál farsælan endi," segir Sigfús.

Vonum að verkið vinnist hratt og vel

Hann segir Léttisfólk fagna því að framkvæmdir við brúarsmíðina séu hafnar og að þetta erfiða mál sé að baki. „Við vonum að verkið vinnist hratt og vel og stefnum að því að vígja þessa nýju reið- og göngubrú á Eyjafjarðará með viðhöfn á mikilli hátíð sem efnt verður til síðla í maí á næsta ári í tengslum við hina árlegu Bakkareið Léttis á Kaupvangsbökkum," segir Sigfús og bætir við að nýja brúin verði glæsilegt mannvirki sem nýtast mun sem tenging milli austur- og vesturbakka um ókomin ár.

Mikil samgöngubót fyrir hestamenn og útivistarfólk

„Nýja brúin á Eyjafjarðará verður okkur öllum til sóma og mikil samgöngubót fyrir, ekki bara okkur hestamenn eina, heldur líka allt annað útivistarfólk sem notar bakka Eyjafjarðarár í ríkum mæli til göngu- og fuglaskoðunar. Við Léttismenn börðumst því ekki bara fyrir brúnni fyrir okkur hestamenn, heldur miklu fleiri líka," segir Sigfús.

/MÞÞ

Almannavarnir Suðurlands: **Viðbragðsáætlanir**

Viðbragðsáætlanir verða unnar vegna skógar- og kjarrelda, jarðskjálfta á Suðurlandi og heimsfaraldra innflúensu.

Fulltrúar Almannavarna Suðurlands voru gestir á fundi Héraðsnefndar Árnessýslu á dögunum þar sem Ásta Stefánsdóttir, formaður Almannavarna Árnessýslu, Björn Ingi Jónsson almannavarnafulltrúi og Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri á Suðurlandi, komu inn á fundinn og fóru yfir málefni Almannavarna. Björn Ingi lagði mikið upp úr því að um sé að ræða eitt svæði og eitt afl. Það eru 14 sveitarfélög sem eiga aðild að þessu samstarfi og þrjár héraðsnefndir.

Fram kom á fundinum að áætlað er að fara í vinnu við viðbragðsáætlanir vegna skógar- og kjarrelda, jarðskjálfta á Suðurlandi, heimsfaraldra innflúensu og eldsumbrota í Öræfajökli svo eitthvað sé upp talið.

/MHH

FRÉTTASKÝRING

Það styttist í að sorpurðun verði bönnuð en vandræðagangur virðist enn einkenna stöðu mála á Íslandi:

Háþróaðar sorporkustöðvar koma í stað mengandi urðunar á sorpi víða um heim

– Kínverjar nýta norræna tækni og reisa nú risastóra sorporkustöð sem tekur til starfa 2020

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Kínverjar eru með stórtækar fyrirætlanir í sorpeyðingu og við að umbreyta sorpi í orku. Þar er m.a. ný sorporkustöð í byggingu við Shenzhen-borg norður af Hong Kong sem á að verður ein stærsta sorporkustöð í heimi. Hún á að brenna um 5.600 tonnum af sorpi á sólarhring og umbreyta því í hita- og raforku.

Á sama tíma er borgin að niðurgreiða meðferðarstöðvar fyrir veitingastaðaúrgang. Víðs vegar um Kína eru meira en 50 slíkar verksmiðjur, sem nota örverur til að brjóta lífræn efni niður í áburð og lífgas sem notað er til að framleiða orku til upphitunar.

Stefnuleysi virðist ríkja í losun úrgangs á Íslandi

Á Íslandi hefur engin ákveðin stefna verið mótuð í þessum efnum og sérkennileg pólitísk feimni og hræðsla virðist ríkjandi varðandi það að eyða sorpi með bruna. Á Suðurlandi hafa menn glímt við þennan vanda og fyrirséð að flutningur á sorpi til urðunar í landi Reykjavíkur í Álfsnesi verður ekki í boði til frambúðar. Helst hefur verið nefnt að flytja sorpið út í staðinn til förgunar með skipum með tilheyrandi kostnaði og kolefnisspori. Menn eru þó smám saman að átta sig á aðrar og mun umhverfisvænni lausnir eru vel þekktar sem skynsamlegt gæti verið að taka upp hér á landi. Hreinn bruni á sorpi við háan hita er t.d. umhverfisvænni leið til að losa sig við sorp en að láta það rotna í jarðvegsfyllingum. Slíkt er t.d. gert í sorpeyðingarstöð Kolku við Helguvík í Reykjanesbæ, en slæm reynsla af mislukkuðum sorpbrennslustöðvum, eins og á Ísafirði og á Kirkjubæjarklaustri, hafa fælt fólk frá frekari tilraunum í þessa átt.

Tæknin er vel þekkt

Frændþjóðir okkar, Svíar, Danir og Norðmenn, hafa fyrir löngu uppgötvað þennan möguleika og hafa um áratuga skeið verið að þróa og starfrækja sorporkustöðvar. Þannig hefur talsvert af úrgangsefnum verið flutt frá Íslandi til Svíþjóðar í fjölda ára undir yfirskini endurvinnslu, en í raun verið nýtt að stórum hluta sem eldsneyti fyrir sorporkustöðvar. Hér í Bændablaðinu hefur m.a. verið fjallað um nýja hátæknilega sorporkustöð á Amager í Kaupmannahöfn. Einnig hugmyndir manna um að byggja stóra sorporkustöð á Vestfjörðum.

Shenzhen East-verkefnið í Guangdong-héraði í Kína snýst um að setja upp 165 megawatta orkuver. Þetta verður ein stærsta sorporkustöð heims þegar hún verður fullbúin á næsta ári. Verið mun geta brennt 5.600 tonn af föstum úrgangi frá sveitarfélögum á svæðinu á sólarhring.

Shenzhen East-sorporkustöðin er á svæði sem spannar yfir 1,3 milljónir fermetra.

Hönnun sorporkustöðvar Shenzhen East þykir vera til mikillar fyrirmyndar og í hópi hönnuða er margverðlaunað lið arkitekta.

Amager Bakke-sorporkustöðin í Kaupmannahöfn.

Risasorporkustöð byggð í Kína með danskri tækni

Sama fyrirtæki og hannaði Amager Bakke sorporkustöðina í Kaupmannahöfn, danska fyrirtækið Babcock & Wilcox Vølund (B&W Vølund), hefur komið víða við á sínum ferli. Fyrirtækið var stofnað 1898, en hannaði sína fyrstu sorporkustöð árið 1930 og var hún reist í Gentofte í Danmörku árið 1931. Hófst síðan útflutningur á þessari tækni árið 1934. Hefur B&W Vølund verið leiðandi á þessu sviði allar götur síðan. Hafa sérfræðingar fyrirtækisins m.a. hannað yfir 500 endurvinnslustöðvar í 30 löndum og því ekki skrítið að Kínverjar hafi leitað til þessa fyrirtækis eftir samstarfi við að leysa sitt gríðarlega sorpvandamál.

Skartar margverðlaunuðum snillingum á öllum sviðum

Í október 2007 kom fyrirtækið Babcock & Wilcox Vølund inn á kínverskan markað og kynnti sína lausn við byggingu sorporkustöðva. Var síðan gerður samningur árið 2015 um að kínverska fyrirtækið China Sciences Group Holding fengi heimild til að nýta tækni B&W Vølund. Nú er bygging sorporkustöðvarinnar Shenzhen East langt komin en verkefnið felur í sér hönnun og skipulagningu af miklum metnaði á svæði sem er yfir 1,3 milljónir fermetra. Arkitektarnir á bak við þetta mikla verkefni eru Schmidt Hammer Lassen Architects og Gottlieb Paludan Architects. Hefur verkefnið þegar unnið til alþjóðlegra verðlauna, eða IDEAT Vision Award, 2019. Schmidt Hammer Lassen Architects hafa unnið til fjölmargra verðlauna fyrir störf sín í Asíu. Eru þeir þekktir fyrir innleiðingu á skandinavískum byggingarstíl. Gottlieb Paludan Architects hafa líka áður unnið til verðlauna í tæknilausnum eins og Nykredit Architecture Prize, sem eru helstu arkitektaverðlaunin í Danmörku.

Vaxandi sorpvandi samfara aukinni velmegun í Kína

Þrjátíu ára ára efnahagslegur uppsveifla í Kína og bætt lífskjör hafa leitt til aukningar í úrgangi frá þéttbýli. Kína er nú stærsti framleiðandi rusls í heiminum eftir að hafa farið fram úr Bandaríkjunum í þeim efnum árið 2004. Kínverjar hafa einnig verið leiðandi í úrvinnslu á innfluttum úrgangsefnum. Í hlutum Kína hefur sorpsöfnun og innflutn-

ingur á plasti og öðrum úrgangi, m.a. frá Vesturlöndum, skilið eftir arfleifð jarðvegs og loftmengunar. Eftir því sem landið verður ríkara er vaxandi þrýstingur á að hreinsa til.

Kínverjar reyna að finna lausn á eyðingu 280 milljóna tonna af sorpi á ári

Kínverskt samfélag skilur eftir sig meira en 280 milljónir tonna af úrgangi á ári, samkvæmt opinberum gögnum. Um það bil 60 prósent af þessu sorpi er enn urðað. Það sem eftir er fer til brennslu eða í lífefnafræðilega meðhöndlun. Þar sem engin merki eru um að það dragi úr þéttbýlismyndun, né að það dragi úr aukningu velmegunar, þá má búast við að úrgangur haldi áfram að aukast verulega. Þannig stefnir í mikið óefni ef ekkert er að gert.

Kínverjar hófu „No-Waste City“ áætlun sína í desember 2018, sem miðar að því að hvetja til endurvinnslu í 10 borgum. Tilraunaverkefnið felur í sér að hverfa frá urðun og fara í hættuminni aðferðir fyrir umhverfið við sorpeyðingu.

Söfnun á metani úr úrgangi er ein leið í áætlun Kínverja sem er reyndar ekki ný af nálinni í þessu fjölmennasta landi heimsins. Með því hafa menn séð leið til að draga úr loftmengun jarðar og hjálpa um leið við að fullnægja vaxandi eftirspurn eftir orku í landinu.

165 megawatta sorporkustöð sem á að skila 550 milljónum kwst af rafmagni á ári

Shenzhen East-verkefnið í Guangdong-héraði í Kína snýst um að setja upp 165 megawatta orkuver. Þetta verður ein stærsta sorporkustöð heims þegar hún verður fullbúin. Verið mun geta brennt 5.600 tonnum af föstum úrgangi frá sveitarfélögum á sólarhring.

Það er Shenzhen orku-umhverfisverkfræðifyrirtækið á Shenzhen sem stendur fyrir þessu verkefni. Verksmiðjan mun geta unnið um það bil þriðjung af árlegum föstum úrgangi sveitarfélagsins í Shenzhen og framleitt 550 milljónir kWst af rafmagni á ári. Shenzhen, með 20 milljónir íbúa, framleiðir um það bil 15.000 tonn af föstum úrgangi á dag, sem búist er við að muni aukast um 7% á ári.

Hönnun verksmiðjunnar hófst snemma árs 2016 og áætlað er að hún verði gangsett á næsta ári, þ.e. 2020.

Mjög fullkomið brennslukerfi

Nýja sorporkustöð Shenzhen East mun nota brennslukerfið sem hannað er af Babcock & Wilcox. Það felur í sér einhverja fullkomnustu tækni í sorpbrennslu og orkuvinnslu sem til er. Í verksmiðjunni mun verða sex DynaGrate brunakerfi sem hönnuð eru af Babcock & Wilcox, en fyrirtækið eignaðist þetta vörumerki árið 2001. Þar mun vera um að ræða háþróaða útgáfu af Bruun & Sørensen orkutækni sem býður upp á framúrskarandi afköst með lágum viðhaldskostnaði.

Kerfið gerir mönnum kleift að afgreiða allt að 55 tonn af úrgangi á klukkustund. Búnaðurinn verður framleiddur í framleiðsluaðstöðu B & W í Esbjerg í Danmörku og síðan fluttur til Kína í 48 hlutum og settur saman aftur undir eftirliti leyfishafa.

Nýta þakið líka til raforkuframleiðslu

Þak stöðvarinnar mun mæla 66.000 fermetra. Þar af verða allt að 44.000 m² þaktir með sólarsellum til að framleiða endurnýjanlega orku fyrir starfsemina. Aðstaðan mun einnig innihalda upplýsingamiðstöð fyrir gesti og útsýnispall á þaki sem er í raun 1,5 kílómetra löng göngubraut. Umhverfi stöðvarinnar verður líka mjög vistvænt og nýtt til útivistar.



Á þaki Shenzhen East-sorporkustöðvarinnar verða sólarsellur sem framleiða rafmagn og allt um kring verður gangbraut fyrir ferðamenn til að njóta útsýnisins.

limtrevirnet.is

Íslenskar einingar fyrir íslenskt veðurfar

Hjá Límtré Vírnet færðu hinar einu og sönnu Yleiningar - stálsamlokueiningar með steinullareinangrun á milli.

Hagkvæm, umhverfisvæn og myglufrí byggingarlausn.
Stuttur afgreiðslufrestur.

Kynntu þér Yleiningar á limtrevirnet.is.

LímtréVírnet Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350

Söluskrifstofur - Lynghálsi 2 - 110 Reykjavík
Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Netfang - sala@limtrevirnet.is

NYTJAR HAFSINS

Humarraunir Hafró

Í Bændablaðinu 24. október sl. var grein sem hét „Ráðgátan um humarstofninn“. Sagt var frá því að humarstofninn væri í dýpstu lægð frá því að veiðar á humri hófust fyrir rúmum 60 árum, en nýliðunarbrestur hefur verið sl. 9 ár. Veiðar séu að mestu bannaðar og miðist nú við sk. könnunarveiðar til að fylgjast með ástandi stofnsins.

Þar er Jónas Páll Jónasson, fiskifræðingur á Hafró, sem stýrir rannsóknum á humarstofninum, spurður að því hvers vegna sé svo illa komið fyrir humarstofninum.

„Stutta svarið er að við höfum ekki skýringu á því hvað veldur“ segir Jónas.

Ljótt er ef satt er, sérfræðingurinn sem stýrir veiðum, nýtingu og rannsóknum á humri veit ekkert hvaða þættir hafa áhrif á stofninn, sem hann er ábyrgur fyrir.

En hann fer þá leið að giska á ýmislegt sem gæti valdið því að nýliðun, endurnýjun stofnsins, hafi brugðist:

1. Makríllinn varla sökudólgurinn, segir hann, nýliðunarbresturinn hófst ekki fyrr en 2005.

2. Breyttar umhverfisaðstæður líkleg skýring, en frekari rannsóknir þurfi til, athuga þurfi hvort frumframleiðslan hafi verið seinna á ferðinni með því að skoða gervihnattagögn. Þá kunni hærra hitastig að hafa áhrif á þroskunarferli eggjanna. Þá þurfi að vakta fyrstu skeiðin á þroskunarferli humarsins betur.

Það vekur athygli mína að hann minnist ekkert á þær hættur sem humarinn þarf að forðast. Annað er sjálfrán eða sjálfát þar sem stór humar étur smærri humar. Hitt er afrán, þar sem aðalóvinurinn er þorskur. Varðandi hitastig sjávar má benda á að það hefur verið stöðugt eða lítillega lækkandi frá s003 skv. mælingadufli við Vestmannaeyjar.

Sjálfát humars

Vatnahumar (Astacus) er náskyldur leturhumri (Neprops) og þar sem hann er ræktaður verður hver og einn að vera í sérstöku búri á stærð við eldspýtustokk til að koma í veg fyrir að þeir éti hver annan. Ungarnir leita skjóls undir skildi kvendýrsins, annars étur karlinn þá. En eftir um 30 daga verða þeir að flýja því annars étur mamman þá.

Vatnahumarinn er næturdýr, hann fer á kreik út úr holu sinni þegar rökkvar til að forðast að verða rándýrum að bráð. Hann er í mestri hættu að verða étinn þegar hann skiptir um skel. En hann fer út úr holunni á daginn til skelskipta því hann metur það svo að það sé öruggara að vera á ferðinni þegar aðrir humrar eru í holum sínum og taka frekar áhættuna á að vera étinn af fiskum.

Alþekkt er frá Skotlandi og Írlandi að humar étur undan sér. Tilraunir með að friða svæði í þeim tilgangi að stækka stofninn hafa reynst afar illa. Þegar svæði voru opnuð aftur eftir nokkurra ára friðun gripu menn í tómt, einungis veiddust nokkrir stórir humrar. Þar hafa menn lært að miðin þurfa stöðuga áníðslu til að hindra sjálfát en þessi mikla sókn leiðir auðvitað til þess að humarinn er almennt smærri en menn velja að sjálfsögðu marga smærri en örfáa stærri.

Leturhumar veiddur á N-Írlandi.

Jón Kristjánsson.

Humarinn sem kemur í land úr írska hafinu er smár, enda er sóknin mikil. Þessir humarhalar eru unnir í það sem á Bretlandseyjum kallast scampi.

Hér á Íslandi er brugðist við samdrætti í humarstofninum með því að draga úr sókn, sem er rangt sé það rétt að humarinn éti undan sér. Ekki eru gerðar neinar tilraunir með það. Það vekur athygli mína að hann minnist ekkert á þær hættur sem humarinn þarf að forðast. Annað er sjálfrán eða sjálfát þar sem stór humar étur smærri humar. Hitt er afrán, þar sem aðalóvinurinn er þorskur. Mismunandi veiðiálag á mismunandi svæðum til að kanna hvort betra sé að minnka eða auka sókn. Litið er á humarstofninn sem eitt mengi þótt veiðisvæðin séu dreifð.

Afrán

Alþekkt er meðal sjómanna að þorskur sem veiðist á humarslóð er að éta humar og oft er það hans aðalfæða. Þar sem stefnan hefur verið að byggja upp þorskstofninn með friðun hefur verið mikið unnið að því að hanna veiðarfæri sem skilja þorsk frá öðrum afla. Þetta á við bæði um rækju og humarveiðar.

Reynslan í Noregi eftir að farið var að setja fiskskiljur í rækjutroll var að við það minnkuðu tekjur sjómanna um þriðjung vegna þess að þá hvarf meðafli af fiski sem gaf þessar tekjur. Þegar frá leið minnkaði rækjuaflinn og þar með tekjur sjómanna. Ástæðan fyrir minnkuðum rækjuafla var að hætt var að fjarlægja átvaglið, fiskinn, sem var að djöflast í rækjunni.

Hafró hóf athuganir á afráni ýsu og þorsks 2008 en þá var farið að greina magainnihald þorsks og ýsu sem veiddist í humarleiðöngrum stofnunarinnar. Nokkuð seint í rassinn gripið að margra mati, enda sjómenn búnir að vita lengi að oft var þorskurinn fullur af humri. Auk þess höfðu rannsóknir erlendis í Írska hafi og Norðursjó sýnt að þorskur át mikið af humri. Ein rannsókn við Ísland 2001/2002 hafði sýnt að afrán þorsks á humri var töluvert.

Niðurstaða þessarar rannsóknar Hafró var í stuttu máli sú að afránsvísitalan benti til þess að afrán á humri hafi verið töluvert árin 2009 til 2010 en lækkað eftir það.

Athygli vekur að ekkert er minnst á hvaða stærðir humars voru í þorskmögunum, ef menn voru að leita skýringa á slakri nýliðum humars, en e.t.v. voru þeir ekkert að hugsa út í það.

Það hefur lengi verið stefna Hafró að byggja upp þorskstofninn með friðun. Sóknarþunga í þorsk hefur verið breytt úr 35–40% árin 1981–93 í að vera undir 20% sl. 10 ár. Hrygningarstofn þorsks var fram undir síðustu aldamót tæp 200 þús. tonn en er nú kominn í sögulegt hámark, 650 þús. tonn, sem er rúm þreföldun á 10 árum. Þá hefur hlutfallslega verið veitt minna á vertíð en áður, því útgerðarmenn vilja heldur veiða þann kvóta sem þeim er úthlutað utan vertíðar, þegar fiskverð er hærra.

Ætla má að vertíðarþorskur eftir hrygningu sé sá sem mest étur af humri og að át þorsks á humri sé í réttu hlutfalli við stærð hrygningarstofnsins.

Ein kennisetning Hafró er að stór hrygningarstofn þorska auki nýliðun. Reynslan sýnir að það er ekki rétt, nýliðun þorsks hefur verið léleg í rúm 15 ár, líklega vegna þess að þorskurinn étur undan sér. Þessi minnkaða sókn í þorskstofninn hefur ekki eingöngu verið aflatap í þorski heldur einnig í öðrum tegundum fiska, rækju og humri. Engin breyting á þessari stefnu er í sjónmáli þótt gögn um skaðsemi hennar hrannist upp.



Hrygningarstofn þorsks (rauða línan) hefur rúmlega þrefaldast á rúmum áratug en nýliðun stendur í stað. Fæðuþörf stofnsins hefur aukist að sama skapi og ekki ólíklegt að hann hafi lagst á humarinn enda eru hrygningarstöðvar þorksins og uppvaxtarsvæði á svipuðum slóðum.



Humaraflinn 1980–2018. Aflinn hefur fallið hratt sl. 10 ár og útlitið svart.

Minnkuð sókn og veljandi veiðarfæri

Sókn í humar hefur minnkað mikið og er nú svo komið að eingöngu eru stundaðar sk. könnunarveiðar.

Á áttunda áratugnum stunduðu 158 bátar veiðarnar, en settar voru strangari reglur um veiðarnar með ákveðnum hámarksafla, sem var 3000 tonn 1973 og 2000 tonn 1974 auk þess sem bátarnir voru bundnir hámarksstærð. 1976–2013 var ársaflinn 1400–2700 tonn en minnkaði svo hratt. Bátum hefur mjög fækkað, nú eru 18 skráðir með kvóta, auk þess hafa veiðarfæri verið þróuð til að minnka meðafla af fiski, velja úr stærri humarinn og vernda þann smáa.

Legggluggi með 200 mm möskvastærð hefur um langa hríð verið lögboðinn við veiðar á humri í botnvörpu og þjónar þeim tilgangi að hleypa út smáfiski. Rannsóknir 2009 leiddu í ljós að með því að nota stórriðið yfirbyrði mátti ná enn betri árangri í að hleypa út smáfiski, jafnframt því sem tilraunavarpan veiddi hlutfallslega minna af smáhumri.

Það er klassískt verklag Hafró innan Alþjóða hafrannsóknastofnunarinnar, ICES, að reyna að stækka stofna með friðun, og vernda ungviði, með því að velja stærstu dýrin. Það hefur vægast sagt gefist illa en þrátt fyrir mikla faglega gagnrýni er haldið sama striki.

Jón Kristjánsson
fiskifræðingur

Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Bústólpi ehf • fóður og áburður • Oddeyrartanga • 600 Akureyri
bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is

WEIDEMANN

Áramótatilboð á liðstýrðum smávélum frá Weidemann

Kraftvélar bjóða í samstarfi við Lykil tilboðskjör á Weidemann liðstýrðum smávélum

Allt að 90% fjármögnun og ekkert lántökugjald

Tilboðið gildir til 15. janúar 2020

Weidemann 1160

- 32 hestöfl
- Lyftigeta í beinni stöðu 994 kg.
- Niðurfellanleg öryggisgrind EPS
- Innifalið er skófla og heygreip

3.460.000 kr. - án vsk.
4.290.400 kr. - með vsk.

Weidemann 1160e

- Rafknúinn
- Lyftigeta í beinni stöðu 994 kg.
- Niðurfellanleg öryggisgrind EPS
- Innifalið er skófla og heygreip

4.590.000 kr. - án vsk.
5.691.600 kr. - með vsk.

Weidemann 1260

- 33 hestöfl
- Lyftigeta í beinni stöðu 1,357 kg.
- Aksturshraði 0-13km/h
- Innifalið er skófla og heygreip

3.890.000 kr. - án vsk.
4.823.600 kr. - með vsk.

Weidemann 1280

- 33 hestöfl
- Lyftigeta í beinni stöðu 1,445 kg.
- Aksturshraði 0-20km/h
- 100% driflás
- Innifalið er skófla og heygreip

4.490.000 kr. - án vsk.
5.567.600 kr. - með vsk.

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Furuvellir 15 / 600 Akureyri
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Lykill fjármögnun

GLÍMT VIÐ NÁTTÚRUÖFLIN

Ábúendur á Vöðlum í Önundarfirði eru vel settir með varaafl þegar óveður dynja yfir:

Lítið mál að skella inn varaafli ef eitthvað bjátar á

– „Ég á í raun tvær varadísilstöðvar," segir Árni Brynjólfsson bóndi og hrósar um leið fyrirhyggju Orkubús Vestfjarða

Árni Brynjólfsson og Erna Rún Thorlacius búa á Vöðlum í Önundarfirði með um 50 mjólkandi kýr. Óveðrið sem gekk yfir landið í síðustu viku olli þeim þó engum teljandi vandræðum.

Árni sagði að óveðrið í síðustu viku hafi ekki verið að plaga þau neitt að ráði miðað við það sem heyrðist af vanda bænda á Norðurlandi. Hann segir að ekki hafi heldur borið á truflunum í afhendingu rafmagns frá Orkubúi Vestfjarða.

Hrósar Orkubúinu fyrir fyrirhyggju

„Hjá Orkubúinu ákváðu þeir að ræsa tímanlega varaaflsstöðina í Bolungarvík til að hafa allt til reiðu ef bilanir yrðu á línum. Þeir eiga hrós skilið fyrir að sýna þá fyrirhyggju. Það datt því ekkert út rafmagnið hér hjá okkur þótt einhverjar truflanir hafi verið á Þingeyri og víðar í Dýrafirði."

Vel sett með varaafl

Árni segist reyndar búa vel hvað

Árni Brynjólfsson, bóndi á Vöðlum, algallaður að sinna útiverkum.

varaafl varðar, bæði hvað varðar raforku fyrir mjaltaþjón og aðra starfsemi. Við bæinn er lítil vatnsaflsvirkjun sem búin er að þjóna bændum á Vöðlum síðan 1952. Hún hentar samt ekki til að knýja mjaltaþjón.

„Hún dugar ekki nema fyrir gamla bæinn, en hann var aldrei tengdur við veitukerfið. Virkjunin

Árni er líka vel tækjavæddur til snjómoksturs.

dugði hins vegar ekki fyrir þau hús sem ég hef byggt og þau eru tengd við veiturafmagn frá Orkubúinu. Þá keypti ég nýja varaaflsstöð um leið og ég keypti róbótinn."

Segir Árni að ekki hafi verið verjandi annað en að vera með öruggt varaafl á staðnum, enda hafi það nánast verið fastur liður í Önundarfirði og víðar á Vestfjörðum á hverjum einasta vetri á árum áður að rafmagnið dytti út. Jafnvel oft yfir veturinn.

Mikilvægt að missa kýrnar ekki út úr rútínu

„Það vita það allir sem þekkja inn á kýr að ef menn missa þær niður í nyt vegna þess að ekki er hægt að mjólka, þá eru menn búnir að tapa tekjunum af þeim kúm þar til eftir næsta burð. Einhverjar kunna að jafna sig að hluta eftir slík áföll en obbinn af kúnum missir nyt. Það er allavega mín reynsla," segir Árni.

„Það er búin að vera varaaflsstöð hér allan minn tíma í búskap. Reyndar var komin varaaflsstöð hér fyrir gamla fjósið áður en róbótinn kom. Þannig að ég á í raun tvær varadísilstöðvar.

Ég hef alltaf getað snúið lykli og sett í gang varaaflið ef rafmagnið hefur farið eitthvað úr skorðum í veitukerfinu. Svo er rofi við rafmagnstöfluna þar sem ég skipti á milli. Þannig hafa slíkar truflanir engin áhrif á okkur."

Margt búið að gera til úrbóta í flutningskerfinu

„Þeir mega samt eiga það hjá Orkubúinu að það hefur verið margt gert til úrbóta á þeim 30 árum sem ég hef stunda hér búskap. Það er búið að leggja jarðstrengi á verstu köflunum þar sem línur voru gjarnar á að gefa sig og staurastæður að fara í snjóflóðum."

Byggja nýtt haughús og aðstöðu fyrir nauta- og kvígauppeldi

Þau hjón hafa verið að byggja nýtt haughús við fjósið á Vöðlum. Ofan á því er hugmyndin að vera með uppeldisfjós fyrir naut og kvígur sem ekki hefur verið mögulegt að ala hingað til. Þannig munu þau hjón væntanlega styrkja tekjugrunn búsins. Árni segist að öðru leyti ekki ætla að bæta við sig mjólkurkúm nema það sem núverandi fjós býður upp á.

Þau hjón eru líka vel sett hvað moksturstæki varðar þótt hressilega snjói. Er Árni með snjóblásara til taks sem mikið var nýttur fyrir Vegagerðina meðan hann stundaði þar verktöku á vetrum.

Öll mjólkin frá Vöðlum fer nú beint til vinnslu hjá Örnu í Bolungarvík. Hefur sú mjólkurvinnsla mjög verið að sækja í sig veðrið og nýtir hún nú meiri mjólk en framleidd er á Vestfjörðum. Þar vonast menn líka til að við tilkomu Dýrarfjarðarganga opnist leið til að liðka fyrir flutningum og stytta leið með mjólk af Barðaströndinni. */HKr.*

Bændablaðið *Smáauglýsingar 56-30-300*
Næsta blað kemur út 9. janúar 2020

Gunnhildur Gylfadóttir á Steindyrum og mæðgurnar á Klaufabrekkum, þær Jóna Heiða Gunnlaugsdóttir og Soffía Hreinsdóttir, sóttu geitur upp í Urðabjörg, en þær höfðu sökum óþægðar ekki skilað sér til byggða í haust.
Myndir / Hjálmar Herbertsson

Sóttu geitur upp í fjall eftir að óveðri slotaði

Nokkrar geitur á tveimur bæjum í Svarfaðardal, Steindyrum og Klaufabrekkum, ganga saman í fjalli ofan þeirra á sumrin. Þær höfðu ekki náðst heim í haust sökum óþægðar og staðsetningar í klettum.

Eftir að óveðrinu sem skall á í síðustu viku slotaði fóru þau fjögur af stað að sækja þær, Gunnhildur Gylfadóttir á Steindyrum og mæðgurnar á Klaufabrekkum, þær Jóna Heiða Gunnlaugsdóttir og Soffía Hreinsdóttir. Með í för var Hjálmar Herbertsson.

Geiturnar voru upp við Urðabjörg og náðust þar. „Þær óþægustu tvær voru bundnar saman svo þær gerðu nú ekkert af sér á heimleiðinni. Steindyrageiturnar eru með bjöllur sem hljómuðu jólalega á leiðinni niður en við bættist hljómurinn í snjókleprunum á þessum greyjum," segir Gunnhildur. Geiturnar eru nú allar komnar á hús og hinar sprækustu. */MÞÞ*

Hugheilar hátíðarkveðjur!

Við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Við þökkum fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða og hlökkum til áframhaldandi samstarfs á komandi ári.

Verðskrá ársins 2020 verður birt innan tíðar.

Sprettur
ÁBURÐUR

VÉLANAUST ehf



Pústefni - Rafgeymar - Olíumiðstöðvar

-Sendum um allt land-

wallas

Óskum landsmönnum öllum gleði og hamingu um jólin og farsældar á komandi ári

-Varahlutir í vörubíla og vagna-

Varahlutaverslun - Atvinnubifreiðar og tæki

www.velanaust.is - S:555-8000

UTAN ÚR HEIMI

Spáð er að velta á kjötmarkaði í heiminum aukist árlega um 14,8% fram til 2026

– Framleiðsla á eftirlíkingum af dýraafurðum ekki talin sérlega aðlaðandi

Samkvæmt greiningu Meat Market á skýrslum og gögnum var kjötmarkaður á heimsvísu metinn á 10,10 milljarða dala árið 2018. Er búist við að hann muni ná 30,92 milljörðum dala fyrir árið 2026 og vaxi því um 14,8% á ári.

Stöðugt er verið að leita leiða til að framleiða „gervikjöt“ úr jurtaafurðum til að mæta aukinni eftirspurn. Þar hefur verið reynt að líkja sem mest eftir eiginleikum dýrakjöts, útliti, lykt og bragði. Samt sem áður hefur reynst erfitt að framleiða slíkar eftirlíkingar af kjöti vegna ólíkra sameinda í uppbyggingu kjöts af dýrum, að því fram kemur í umfjöllun á vefsíðu Meat Market.

Leið til að draga úr offitu

Þrátt fyrir erfiðleika við að framleiða áhugaverðar matvörur til að leysa kjöt af hólmi, þá telur áhugafólk um jurtafæði að slíkar eftirlíkingar séu mikilvægar. Þær geti gegnt lykilhlutverki við að draga úr vandamáli vegna offitu fólks í þéttbýli. Á móti hafa læknar og vísindamenn fært rök fyrir því að jurtafæði sé ekki nógu næringarríkt fyrir erfiðisfólk.

Vegna aukinna ráðstöfunartekna og bættra lífskjara er mikil tilhneiging hjá fólki að grípa til skyndibita sem þýðir um leið að heilsufar almennings versnar. Dýrakjöt er mjög orkuríkt og samanstendur af fitu, kolvetnum, próteinum, kólesteróli og ýmsum próteinum. Óhófleg neysla á dýrakjöti getur gert það að verkum að erfitt er að viðhalda kjörþyngd og leiðir það oft til ofþyngdar eða offitu.

Offita tekur sinn toll

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, er áætlað að 300.000 dauðsföll verði á hverju ári í heiminum vegna of þyngdar og offitu. Offita getur leitt til ýmissa heilsufarslegra vandamála eins og aukinnar hættu á hjartasjúkdómum og sykursýki. Þá eykst líka hættan á krabbameini og sýkingum úr mat. Að auki er sagt að aukin neysla á kjöti valdi ójafnvægi í vistkerfinu þar sem meiri fjöldi dýra drepist til manneldis.

Samkvæmt skýrslunni eru 56 milljarðar landdýra drepin á hverju ári til að mæta eftirspurn eftir kjöti en yfir 9 milljörðum dýra er slátrað á hverju ári í Bandaríkjunum einum. Tölur landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna leiddu í ljós að um 9,59 milljörðum landdýra var slátrað til manneldis á árinu 2018.

Í löndum Evrópu og Norður-Ameríku er kjötneysla mun meiri en þróunarríkjum eins og Indland, Kína og Brasilíu. Vegna trúarástæðna eru 31% af íbúum Indlands taldir vera grænmetisætur, en í Evrópu eru þær aðeins taldar vera um 10%.

Óspennandi eftirlíkingar af fæðu úr dýraríkinu

Með aukinni eftirspurn eftir heilbrigðum og umhverfisvænum afurðum er gert ráð fyrir því að vöxtur verði í greinum sem framleiða jurtafæði. Hins vegar eru vörur sem reyna að líkja eftir eiginleikum á kjötvörum oft mjög óaðlaðandi, eru mikið unnar og innihalda margvísleg aukefni.

/HKr.

VATN, HÚSASKJÓL OG BETRI HEILSA
MEÐ ÞINNI HJÁLP!
• Valgreiðsla í heimabanka: 2.500 krónur
• Söfnunarsími 907 2003: 2.500 krónur
• Framlag að eigin vali á framlag.is
• Söfnunarreikningur 0334-26-50886
kennitala 450670-0499
Hjálparstarf kirkjunnar
HJÁLP TIL SJÁLFSHJÁLPAR
VATN ER VON

Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna – Action by Churches Together actalliance

Matvælaframleiðendur í Noregi:

Skylt að skrá matarsóun

Frá og með 2020 verður matvælaframleiðendum í Noregi skylt að skrá matarsóun og verður það á höndum landbúnaðarstofnunar þar í landi að halda utan um skráningar og tölfræðina. Fyrst um sinn verða framleiðendur í garðyrkju að skrá til hagstofunnar þar í landi á meðan sölufélög og pökkunaraðilar skrá til landbúnaðarstofnunarinnar.

„Nú þegar höfum við skráningar úr matvælageiranum og sem snýr að sóun á korni. Við reynum að framkvæma þetta á eins einfaldan hátt og mögulegt er en það er mikilvægt að líta á skráningarnar sem sjálfboðavinnu því það er allra hagur að kortleggja sóunina. Markmiðið er jú að minnka matarsóun sem lið í því að ná sjálfbærnismarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en einnig fyrir norskan landbúnað til að ná loftslagsmarkmiðunum,“ útskýrir Harald Weie, deildarstjóri hjá norsku landbúnaðarstofnuninni.

Framleiðendurnir munu fá leiðbeiningar við skráninguna sem síðan finna sínar eigin aðferðir við framkvæmdina. Ráðgjafarmiðstöðin þar í landi mun jafnframt útbúa leiðbeiningar eftir þörfum.

„Það eru margir sem hafa yfirsýn yfir sóunina í dag en nú þarf að skrá þetta allt. Tölurnar eiga að gefa okkur grunn til að minnka sóun og það er hagur fyrir alla aðila. Við reiknum með að þegar líður á árið 2020 getum við gefið út fyrstu tölfræðina til að sjá betur af hverju sóun á sér stað. Með þeim upplýsingum væri síðan hægt að gera betrumbætur,“ segir Harald og bætir við:

„Í heildina eru allir aðilar sammála um að þetta sé nauðsynlegt og skynsamlegt en síðan er hægt að hafa skoðanir á því hvernig þetta er útfært. Búið er að ákveða að byrjað verði á framleiðendum með agúrkur, gulrætur, lauk, ísbergsalati, eplum, jarðarberjum og kartöflum. Þetta er allt liður í samstarfi innan landbúnaðar um að helminga matarsóun fyrir 2030 eftir sjálfbærnismarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.“ */Bondebladet - ehg*

Norska rannsóknarstofnunin RISE PFI:

Horfa í trjátrefjar í stað plasts

Í byrjun desember var haldin áhugaverð ráðstefna í Noregi um notkun á trjátrefjum í stað plasts við framleiðslu á ýmsum vörum svo sem umbúðum fyrir matvælaiðnað. Norska rannsóknarstofnunin RISE PFI, sem er viðurkennd fyrir ferla og vörur sem byggja á sellulósatrefjum áttu fulltrúa á ráðstefnunni.

Þetta fjallar um trefjar frá trjám, það sem við búum til pappír og umbúðir af í dag. Ekki er hægt að skipta út öllu plasti með trefjum unnum úr timbri í dag en nú er þróunarvinna í gangi með nýjar vörur sem byggja á þessari tegund af trefjum sem er hundrað prósent niðurbrjótanlegt í náttúrunni," segir Kristin Syverud, rannsóknarstjóri hjá RISE PFI, og bætir við:

„Í Noregi eru framleiddar trefjar úr trjám en það eru mismunandi ferlar sem gefa okkur trefjar með mismunandi eiginleikum. Þetta eru efna- og eða vélrænir ferlar eða blanda af hvoru tveggja. Við framleiðsluna eru bæði notuð barr- og lauftré en í Noregi er mest af því fyrrnefnda. Enn sem komið er verður ekki auðvelt að fara úr plasti yfir í vörur sem framleiddar eru úr trjátrefjum. Það er mikill áhugi á því að finna eitthvað sem hægt er að nota í stað plasts og til að mynda mörg fyrirtæki sem í dag nota plastumbúðir sem horfa í möguleikana á því að skipta þeim út fyrir umhverfisvænni lausnum." */ehg*

Kristin Syverud, rannsóknarstjóri hjá RISE PFI.



Staðsetning helstu gróðurelda í Ástralíu.

Gróðureldar í Ástralíu:

250 milljón tonn af CO_2

Andfætlingar okkar í Ástralíu hafa undanfarna mánuði barist við gríðarlega runna-, gresju- og skógarelda vegna mikilla þurrka. Reiknuð losun CO_2 vegna eldanna eru 250 milljón tonn sem jafngildir um helmingi af árlegri losun álfunnar.

Eldarnir eru mestir í New South Wales og Queensland og hafa logað síðan í ágúst. Samkvæmt útreikningum er losunin í New South Wales um 195 milljón tonn og talsvert meiri en í Queensland þar sem losunin er áætluð um 55 milljón tonn. Áætluð heildarlosun í Ástralíu árið 2018 var 532 milljón tonn.

Um 2,7 milljón hektarar af landi hafa brunnið í New South Wales með geigvænlegum afleiðingum fyrir dýralíf og íbúa svæðisins. Gert er ráð fyrir að eldarnir muni halda áfram þar sem ekki er gert ráð fyrir rigningu á svæðinu á næstunni.

Eldar á gresjum og runnagróðri eru ekki óalgengir þar sem þurrkar eru árlegir og jafnvel nauðsynlegir til að gróður nái að endurnýja sig. CO_2 losun við slíka bruna binst yfirleitt fljótt aftur þegar gróðurinn tekur að vaxa á ný.

Öðru máli gegnir um skógarelda þar sem tré eru iðulega lengi að vaxa og getur endurheimt þeirra og binding CO_2 í þeim tekið marga áratugi.

Einnig hefur verið bent á að vegna þurrkanna undanfarið hafi dregið verulega úr bindingu gróðurs í Ástralíu á CO_2 þar sem vöxtur gróðurs er í lágmarki. */VH*

Vondu veðri fylgir mjög oft rafmagnsleysi.
Látum það ekki koma okkur á óvart!

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10 / 104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

LÍF & STARF

„Fólk með forystufé elskar að tala við forystufé og um forystufé“

– segir Gulla á Gróustöðum í Gilsfirði sem skrifaði BA-ritgerð um forystufé og hefur stofnað vinsæla Facbook-síðu um forystufé

Gulla á Gróustöðum, eins og hún er alltaf kölluð, er mögnuð kona sem elskar að heyra sögur og umgangast forystufé. Hún stofnaði nýlega síðu á Facebook sem heitir „Forystufé“, sem hefur slegið í gegn því þar eru meðlimirnir orðnir tæplega 500 talsins.

Á Gróustöðum hefur verið forystufé í um 20 ár, auk þess sem forystuhrútar af bænum hafa verið á sæðingarstöð. Vorið 2015 útskrifaðist Gróa sem þjóðfræðingur eftir að hafa skrifað BA-ritgerð um forystufé, þar sem hún tók saman ritaða sögu forystufjár og viðhorf til þess síðustu 100 árin eða svo. Áhugi hennar á þessum stofni er því ansi víðtækur. En byrjum á byrjuninni, hver er Gulla á Gróustöðum?

Gulla í kindakjólnum sínum að tala við forystukindina Röskvu. Mynd / Úr einkasafni

Skjalavörður fyrir utanríkisráðuneytið

„Ég heiti Guðlaug Guðmunda Ingibjörg Bergsveinsdóttir, þekkt sem Gulla, uppalin á Gróustöðum í Gilsfirði, og er fjórða kynslóð í beinan kvenlegg sem býr þar. Ég útskrifaðist sem þjóðfræðingur frá Háskóla Íslands vorið 2015 en í framhaldi af því vildi ég komast í einhverja verklega vinnu aftur, svo ég réði mig hjá Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga og var þar í tvö ár, þar sem ég sá um heimatökuna í sláturvertíð. Eftir það fékk ég aðeins þjóðfræðilegri vinnu sem skjalavörður fyrir utanríkisráðuneytið, í starfsstöð þeirra á Sauðárkróki og var þar í ár.“

Sýning um íslenska haförninn

Haustið 2017 létust amma Gullu og mamma heima á Gróustöðum, en hún hafði alltaf verið með annan fótinn heima, stundum báða, frá því að hún „flutti burt“ um 16 ára þegar hún byrjaði í framhaldsskóla á Akranesi.

„Í lok febrúar 2019 var ég komin með allt of mikla heimþrá, fluttist frá Króknum og aftur heim og hef ekki séð eftir því. Ég tók við sem framkvæmdastjóri hjá litlu fyrirtæki sem foreldrar mínir stofnuðu árið 2012 og kallast „Össusetur Íslands“, en það er með sýningu um íslenska haförninn ásamt því að vera með hliðarverkefnið „GilsfjordurArts“. Það er „art residency“ og felst í því að taka á móti listamönnum hvaðanæva að úr heiminum, kynna þá fyrir Gilsfirði og sveitinni minni og veita þeim stað í nokkrar vikur til að skapa list sína í friði og kynna svo fyrir heimafólki,“ segir Gulla.

Í síðasta mánuði réði hún sig í starf hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Stöndum við að rannsaka þjóðsögur um fugla, ásamt því að vera í heimilishjálp, þannig að hún sankar að sér hinum og þessum hlutastörfum. Ofan á þetta hjálpar hún aðeins til með sauðfjárbúskapinn á Gróustöðum, en pabbi hennar tók við búskapnum eftir að mamma hennar féll frá.

Gulla með hrútnum Brúski og tíkinni Æsu. Mynd / Úr einkasafni

„Nema hvað ég sé um skemmtilega hluti sem voru á hennar könnu, eins og að berjast við Fjárvís,“ segir Gulla og skellihlær.

20 forystukindur í 300 kinda hjörð

Gulla segist vera alin upp í kringum sauðfé á Gróustöðum. Nágranni fjölskyldunnar í Gilsfirði, Halldór í Múla, gaf bróður Gullu forystugimbur kringum árið 1999, sem fékk nafnið Komma. Þegar Halldór hætti svo að búa í Múla nokkrum árum síðar fékk fjölskylda Gullu fleira forystufé frá honum og áður en þau vissu af voru þau komin með 20 forystukindur í 300 kinda hjörð.

„Mamma ber mesta ábyrgð á sauðfjáráhuganum mínum. Við gátum talað endalaust um forystufé, hún hringdi í mig þegar ég var að heiman og í skóla og sagði mér hvað það var að gera af sér, við ræddum hvernig persónuleika það hefði, hvernig samskiptin við það væru og hvernig við héldum að forystulambgimbrarnar/gemlingarnir yrðu seinna meir. Hún var þrusugóður sauðfjárbóndi því hún hugsaði svo mikið um féð sjálft, það gekk alltaf fyrir öllu,“ segir Gulla.

BA-ritgerð um forystufé

Þegar Gulla hóf nám í þjóðfræði gerði hún sér strax grein fyrir því að hún gæti fléttað saman þennan áhuga sinn á sveitinni, sauðfé og forystufé við námið.

„Það þróaðist út í heila BA-ritgerð sem ég gerði með hjálp Forystufjársetursins, Ólafs R. Dýrmundssonar, foreldra minna og ýmissa fleiri. Í ritgerðinni fór ég bæði í gegnum ritaða sögu forystufjár, en elsta heimildin um það er síðan um aldamótin 1200 í „Íslensk hómilíubók“ og svo tók ég nokkur viðtöl, fjallaði um þau og greindi út frá þjóðfræðilegu sjónarhorni. Ein af niðurstöðunum var einfaldlega sú að fólk með forystufé elskar að tala við forystufé og um forystufé,“ segir Gulla. Hún hvetur áhugasama að fara inn á Skemmuna, skemman.is, leita eftir „forystufé“ og lesa ritgerðina sér til ánægju og fróðleiks.

Kindin Kleó, barnabarn Kommu sem margir þekkja, ásamt hrútnum sínum í vor. Mynd / Úr einkasafni

Gulla kallar þessar mynd „Mórautt merkikerti“ en þetta er hrútur undan Freyju sem var seldur. Mynd / Úr einkasafni

Gulla ásamt foreldrum sínum á Gróustöðum í Gilsfirði. Móðir hennar lést haustið 2017 en hún hét Signý Magnfríður Jónsdóttir, fædd 1962, og var 55 ára þegar hún lést. Pabbi hennar er Bergsveinn Grétar Reynisson, fæddur 1964 og varð 55 fyrr á árinu. Bróðir Gullu heitir Jón Ingibe, fæddur 1988 og er því 31 árs og sjálf er Gulla fædd 1991 og er því 28 ára gömul. Mynd / Úr einkasafni

Forystufé á Facebook

Gulla segir að leiðbeinandinn sinn, Gísli Sigurðsson, hafa reglulega imprað á því við sig eftir útskrift hvort hún ætli ekki að taka þessa ritgerð sína lengra, halda áfram að vinna með þetta efni og safna sögum um þetta æðislega fé.

„Já, ég er svona aðeins farin að byrja á því núna, en fyrsti liður í því var að stofna hópinn „Forystufé á Facebook“. Á tveimur sólarhringum bættust 400 manns í hópinn og það er enn að tínast til, sem eru miklu betri viðbrögð en ég þorði að vonast eftir. Það er greinilega mikill áhugi fyrir hendi og fólki finnst gaman að geta deilt myndum af þessu fallega fé og sagt frá því, enda hefur það yfirleitt stóran persónuleika.

Í framhaldi af þessu er farin að aukast þráin hjá mér að safna saman í nýja bók, nokkurs konar sjálfstætt framhald af því sem Ásgeir frá Gottorp gerði með bók sinni Forystufé á sínum tíma, sem kom út um miðja 20. öld. Ég vil fara almennilega ferð um landið, taka viðtöl við fólk og fé og safna saman sögunum sem við eigum í dag, svo þær glatist ekki,“ segir Gulla og bætir við að verkefnið sé samt allt á algjöru byrjunarstigi og að hún sé ekki búin að finna út úr praktískari atriðum eins og hvernig það verk yrði fjármagnað.

Foreldrar Gullu stofnuðu árið 2012 lítið fyrirtæki, sem kallast „Össusetur Íslands“ en það er með sýningu um íslenska haförninn. Mynd / Úr einkasafni

Allt öðruvísi sögur í dag

Verði niðurstaðan sú að Gulla safni saman efni um forystufé í bók segir hún að sögurnar í dag séu allt aðrar en þær sem var verið að safna kringum 1950, hafa öðruvísi þemu og aðrar áherslur.

„Já, lýsingarnar eru ekki lengur eins og á fornköppunum og gáfa þeirra til að segja fyrir um veður nýtist ekki jafn mikið í dag. Núna tölum við um þessar kindur sem frekjur eða krútt og tölum meira um ærnar heldur en sauðina eða hrútana. Það er samt sem áður alltaf þessi sami grunnur, fólk sem elur forystufé dáist að því, leiðtogahæfni þess, hæfileikum og vill fá að deila þeim sögum með öðrum,“ segir Gulla frá Gróustöðum. */MHH*



Almanak
Háskóla Íslands 2020

Almanak (ásamt Árbók)
Þjóðvinafélagsins 2020

Fást í helstu bókaverslunum um land allt

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N
haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003

RAFÓS ehf
rafverktakar

Freyjunesi 10, 603 Akureyri
Sími: 777 1802
Email: rafos@rafos.is
Erum einnig á facebook

Tökum að okkur öll verkefni sem við kemur raflögnum, hvort sem er viðhald, viðbætur eða nýlagnir fyrir fyrirtæki, iðnað eða almennan notanda.

Rafós er löggiltur rafverktaki með reynslu í óháðri ráðgjöf og uppsetningu hleðslustöðva. Setjum upp allar gerðir hleðslustöðva fyrir einstaklinga, sameignir og fyrirtæki.

Ef búnaður er ekki fyrir hendi, þá veitum við ráðgjöf við val á búnaði miðað við þarfir.

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

ÖRMERKINGANÁMSKEIÐ

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins áformar að halda örmerkinganámskeið í janúar 2020. Að námskeiði loknu geta þátttakendur sótt um leyfi til örmerkinga hrossa hjá MAST, á grundvelli laga um velferð dýra.

Námskeiðin verða haldin á þremur stöðum, verði þátttaka næg:

√ Hvolsvöllur, föstudagur 17. janúar / (síðasti skrán.dagur fös. 10. janúar).
√ Hvanneyri, föstudagur 24. janúar / (síðasti skrán.dagur fim. 16. janúar).
√ Akureyri, fimmtudagur 30. janúar / (síðasti skrán.dagur fim. 23. janúar).

Um er að ræða eins dags námskeið, bæði bóklegt og verklegt, frá kl. 9:00-16:00. Námskeiðsgjald er kr. 50.000,- með einni örmerkingabók innifalinni í verði. Áhugasamir eru beðnir um að skrá sig til þátttöku hjá undirrituðum.

Pétur Halldórsson, RML-Hvolsvelli: petur@rml.is / S: 862-9322 eða 516-5038.

Ath. að félagar í *Bændasamtökum Íslands* geta átt rétt á styrk úr Starfsmenntasjóði BÍ (sjá nánar: http://www.bondi.is/felagsmal/starfsmenntasjodur/).

Lífsalt
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

UNNIÐ ÚR HAFSJÓ OG JARÐSJÓ Á SUÐURNESJUM
Lífsalt inniheldur kalíum sem vinnur gegn hækkun blóðþrýstings og magnesíum sem styrkir beinmyndun, taugakerfi og vöðvastarfsemi. Inniheldur öll steinefni sem líkaminn þarfnast.

ARCTIC SEA MINERALS

41% NATRÍUM KLÓRÍÐ | 41% KALÍUM KLÓRÍÐ | 17% MAGNESÍUM SÖLT | 1% SNEFILEFNI

Hvammshlíðin böðuð í leiftrandi norðurljósum og Zetorinn stendur í hlaðinu.

Karólína í Hvammshlíð gefur út nýtt dagatal:

Nú þarf að fjármagna vegarslóðagerð

Í fyrrahaust vakti það talsverða athygli þegar af því fréttist að Karólína í Hvammshlíð hefði náð að safna peningum til kaupa á sinni fyrstu dráttarvél, með sölu á ljósmyndadagatali sem gaf innsýn inn í lífið á bænum allan ársins hring. Hún hefur nú gefið út nýtt dagatal fyrir árið 2020 og segir að nú þurfi að fjármagna vegarslóðagerð frá bænum hennar niður að þjóðvegi.

Karólína býr ein í Hvammshlíð með sinn litla blandaða bústofn; rúmlega 50 kindur, fáein hross og tvo hunda. Dagatalið sem kom út í fyrra var eins konar búfjárdagatal með alþýðlegum fróðleik um sögu daganna og bæði með íslenskum og þýskum texta – enda er stór hluti viðskiptavina hennar þýskumælandi ferðamenn. Tvö upplög af því seldust upp. Hún segir að nýtt dagatal sýni meðal annars hvernig dráttarvélin, sem er af gerðinni Zetor 7245, árgerð 1990, hefur staðið sig á þessu ári.

Hvammshlíð er í Skagabyggð í Austur-Húnavatnssýslu og var eyðijörð þegar Karólína keypti hana fyrir nokkrum árum. „Margir hvöttu mig til að búa til aðra útgáfu, en þar má finna úrvalsmyndir af litríku kindahjörðinni, hrossunum fjórum og hundunum Baugi og Kappa sem veita enn dýpri innsýn í hversdagslífið uppi í fjöllunum,“ segir Karólína.

„Dagatalið er í stóru broti, 42 x 30 sentímetrar – eða jafnvel 42 x 60 sentímetrar ef maður hengir það upp á efra blaðinu til að sjá allar myndir og upplýsingar hvers mánaðar í einu. Upplýsingar um gömlu mánuðina á borð við Þorra, Hörpu og Einmánuð er þarna að finna ásamt helstu merkisdögum Íslendinga. Svo fylgir viðauki í svart-hvítu með þeim upplýsingatexta sem var í fyrri útgáfu. Einnig gamlar íslenskar mælieiningar, smá bakgrunnur um sauðamjaltir og nokkur ómissandi orð í kringum sauðfé. Að þessu sinni prýðir líka ein gömul mynd hvert mánaðarblað sem spannar tímabilið frá 1874 til 1950,“ útskýrir Karólína.

Dagatalið fæst að sögn Karólínu á nokkrum stöðum en best sé að hafa samband beint við sig í gegnum netfangið 14carom@web.de eða síma 8658107, en það kosti 3.000 krónur eins og á síðasta ári. */smh*

Ferðaþjónusta:

Hey Iceland veitt hvatningarverðlaun Ábyrgrar ferðaþjónustu

Ferðaþjónustufyrirtækinu Hey Iceland, sem sérhæfir sig í ferðalögum á landsbyggðinni, var veitt hvatningarverðlaun Ábyrgrar ferðaþjónustu þann 5. desember á Hótel Sögu

Verðlaunin voru veitt á viðburði sem haldinn var í nafni verkefnisins Ábyrg ferðaþjónusta, en tilgangur þess er að stuðla að því að Ísland verði ákjósanlegur áfangastaður ferðamanna um ókomna tíð þar sem stutt er við sjálfbærni fyrir komandi kynslóðir.

Í rökstuðningi dómnefndar fyrir verðlaununum segir meðal annars að fyrirtækið byggi á traustum grunni Ferðaþjónustu bænda og hafi starfað eftir sjálfbærnistefnu frá árinu 2002. Fyrirtækið hafi verið þátttakandi í Ábyrgri ferðaþjónustu frá upphafi, sett sér markmið og birt þau í tengslum við áherslur verkefnisins. Þá hafi það sett sér mælikvarða til að meta árangurinn.

Hugrún Hannesdóttir tók við verðlaununum fyrir hönd Hey Iceland og hún er hér með blómvöndinn. Með henni eru frá vinstri Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður stjórnar Samtaka ferðaþjónustunnar. Mynd / Íslenski ferðaklasinn

Stefnt að kolefnisjöfnun

„Fyrirtækið er gæðavottað af Vakanum, með gull-umhverfismerki og sýnilegt er að áhersla er lögð á sjálfbærni í starfsemi fyrirtækisins. Þá hvetur Hey Iceland samstarfsfyrirtæki sín til þess að vera með vottun hjá Vakanum og hefur þannig jákvæð áhrif á sitt nærsamfélag og ferðaþjónustu á Íslandi.

Hey Iceland stefnir að kolefnisjöfnun á öllu flugi Bændaferða árið 2020 og mun kolefnisjafna sína starfsemi samhliða því. Hey Iceland sýnir fordæmi fyrir aðra aðila í þessum skrefum og á starfsfólk Hey Iceland hrós skilið fyrir metnaðarfull verkefni á sviði umhverfismála. Þá ber einnig að nefna verkefnið „Hleðsla í hlaði“ sem unnið hefur verið að í samstarfi við fjölda aðila.

Fyrirtækið er með sjálfbæra ferðaþjónustu að leiðarljósi og er í einstakri stöðu til að hvetja aðra til góðra verka og vinna saman að verkefnum heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Margar flottar tilnefningar bárust dómnefnd en var niðurstaðan sú að Hey Iceland væri vel að þessum hvatningarverðlaunum komin og þá sérstaklega vegna þess áhrifamáttar sem fyrirtækið getur haft á aðra. Hey Iceland hefur mikið tækifæri til að vera innblástur og fyrirmynd í ábyrgri ferðaþjónustu fyrir samstarfsfélaga sína og ferðaþjónustu á Íslandi,“ segir í rökstuðningnum.

Fjöldi ferðaþjónustufyrirtækja þátttakandi í verkefninu

Íslenski ferðaklasinn og Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð, stofnuðu til verkefnisins Ábyrg ferðaþjónusta árið 2017 ásamt samstarfsaðilum og bakhjörlum. Fjöldi ferðaþjónustufyrirtækja hefur skrifað undir yfirlýsingu um þátttöku í verkefninu og þar með heitið því að setja sér markmið og mæla árangur sinn reglulega.

Ganga vel um náttúruna

Meðal þeirra atriða sem felast í þeirri þátttöku er að ganga vel um og virða náttúruna, tryggja öryggi gestanna og koma fram við þá af háttvísi, virða réttindi starfsfólks og hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið sitt. */smh*

Loftslagssjóður

Umsóknarfrestur til **30. janúar 2020**

Loftslagssjóður var stofnaður á þessu ári og heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga. Rannís hefur umsjón með sjóðnum.

Boðið er upp á tvær styrktegundir og eru styrkirnir veittir til eins árs:

- Styrkir til kynningar og fræðslu um loftslagsmál.
- Styrkir til nýsköpunarverkefna, ætlaðir meðal annars til þess að styrkja rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við innleiðingu á nýjum loftslagsvænum tæknilausnum og hönnun.

Umsóknarfrestur er til kl.16:00 þann 30. janúar 2020.

Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum rafrænt umsóknarkerfi Rannís. Ekki er tekið við gögnum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar og reglur um sjóðinn er að finna á www.rannis.is

HNOTSKÖGUR grafísk hönnun

Stjórnarráð Íslands
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

rannís
www.rannis.is

Bændaferðir sýna samfélagslega ábyrgð:

Allar ferðir kolefnisjafnaðar á næsta ári

Bændaferðir hafa sett sér það markmið fyrir næsta ár að allar flugferðir þeirra verði kolefnisjafnaðar. Heildarverð ferðar, með kolefnisgjaldi, verður þannig búið að reikna inn í ferðirnar og borgar farþeginn helming kolefnisgjaldsins en Bændaferðir hinn helminginn.

Bændaferðir eru vörumerki í eigu Ferðaþjónustu bænda hf. og að sögn Sævars Skaptasonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, er kolefnisjöfnunin hluti af sjálfbærnistefnu sem mótuð var árið 2002 og unnið hefur verið eftir síðan. Með henni sýni fyrirtækið samfélagslega ábyrgð.

Starfsfólk Hey Iceland og Bændaferða fór saman í aðventuferð til Þýskalands í desember. Bæði starfsfólk og fyrirtækið lögðu sitt af mörkum til kolefnisjöfnunar ferðarinnar með fyrstu framlögunum í kolefnisjöfnunarsjóðinn.

Bændur í lykilstöðu

Sævar segir bændur líka í lykilstöðu til að binda kolefni í jörðu og því sé samstarf við grasrótina gríðarlega mikilvægt en ferðaþjónustubændur vinna margir hverjir mikilvægt starf á sviði landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis.

Að sögn Sævars rennur kolefnisgjaldið í sérstakan sjóð og verður úthlutað úr honum í fyrsta sinn í byrjun árs 2021. Ítrekar hann að áhersla verði lögð á gagnsæi og kynningu á framgangi þeirra verkefna sem sjóðurinn styrkir, en þannig geti viðskiptavinir og aðrir áhugasamir fylgst

Sævar Skaptason.

með því hvernig fjármunum sjóðsins er varið.

Ábyrg ferðaþjónusta

Varðandi útreikning á kolefnisgjaldinu munu Bændaferðir styðjast við reiknivél Alþjóða flugmálastofnunar (ICAO), en samkvæmt þeim forsendum myndi kolefnisgjald á flugi með Bændaferðum til München í Þýskalandi nema 892 krónum – sem skiptist þá jafnt á milli farþega og Bændaferða.

Ferðaþjónusta bænda er gæðavottað af Vakanum, með gull-umhverfismerki og þátttakandi í hvatningarverkefninu Ábyrg ferðaþjónusta. */smh*

LÍF & STARF

Tuttugu og fimm nýir sjúkrabílar keyptir

Sjúkratryggingar Íslands hafa ákveðið að kaupa tuttugu og fimm nýja sjúkrabíla í kjölfar útboðs Ríkiskaupa. Reiknað er með að fyrstu bílarnir verði afhentir fullbúnir til notkunar í september á næsta ári.

Fyrirtækið Fastus átti tilboðið sem skoraði hæst og var tekið. Bílarnir tuttugu og fimm eru af tegundinni Mercedes Benz Sprinter. Þeir eru stórir og rúmgóðir sem tryggir sjúklingum góðar aðstæður, auðveldar sjúkraflutningamönnum að sinna þeim um borð og eykur þannig öryggi þjónustunnar. Í útboðinu var áhersla lögð á að nýir bílar myndu uppfylla ströngustu kröfur sérfræðinga varðandi öryggi, aðbúnað og vinnuumhverfi.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segir þetta stóran og kærkominn áfanga: „Í heilbrigðisstefnu til ársins 2030 er sérstök áhersla lögð á skilvirka og öfluga sjúkraflutninga sem lið í því að jafna aðgengi landsmanna að góðri heilbrigðisþjónustu óháð búsetu. Endurnýjun sjúkrabifreiða og búnaðar skiptir þar miklu máli, til að halda uppi tilskildum gæðum, tryggja öryggi sjúklinga og sjúkraflutningamanna og standa undir umfangi þjónustunnar til framtíðar," segir heilbrigðisráðherra.

Samkvæmt fyrrnefndu samkomulagi er gert ráð fyrir að alls verði 68 sjúkrabifreiðar endurnýjaðar fyrir árslok 2022, en flotinn samanstendur af um 80 bílum alls. Samkomulagið gerir því ráð fyrir endurnýjun á stærstum hluta þeirra sjúkrabíla sem nú eru í notkun á samningstímanum. Með þessu mun takast að endurnýja alla sjúkrabíla sem eru í fremstu röð viðbragða. */MHH*

Tuttugu og fimm nýir sjúkrabílar verða afhentir í september 2020.
Mynd/MHH

Vilja þyrlur á Egilsstaði

Á fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs nýlega fór Björn Ingimarsson bæjarstjóri yfir fyrri umfjöllun og umræður varðandi sjúkraflug á Austurlandi.

Fram kom hjá honum að einungis ein sjúkraflugvél er starfrækt á landinu, sem gerð er út frá Akureyri. Í ljósi þess er augljóst að upp getur komið mjög alvarleg staða, ef útköll koma á sama tíma á mismunandi landsvæðum. Eftirfarandi tillaga var lögð fram og samþykkt samhljóða:

„Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs tekur undir með bæjarráði og áréttar að brýnt er að komið verði upp aðstöðu fyrir hluta útgerðar þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar á Egilsstaðaflugvelli eða að þar verði staðsett sérstök sjúkraþyrla til að sinna bráðatilfellum á þessu landsvæði. Bæjarstjórn leggur áherslu á að mótuð verði sem fyrst framtíðarstefna í sjúkraflutningum." */MHH*

Uppsveitir Árnessýslu:
Heilsueflandi samfélag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar skoðar nú möguleika á samstarfi sveitarfélaganna í uppsveitum Árnessýslu um verkefnisstjóra heilsueflandi samfélags.

Á vettvangi Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur verið rætt um samstarf um verkefni tengd heilsueflandi samfélagi, þ.e. að sveitarfélögin sameinist um verkefnisstjóra til eins árs. Nú er Bláskógabyggð með verkefnisstjóra í 20% starfshlutfalli, en ef af breytingunni yrði þá væri hvert sveitarfélag um sig með 25%. Verkefnisstjóri myndi þá hafa starfsstöð í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Ástu Stefánsdóttur, sveitarstjóra Bláskógabyggðar, hefur verið falið að senda sveitarfélögunum áætlun um kostnað við verkefnið og er lagt upp með að Bláskógabyggð myndi halda utan um það. */MHH*

Aflétting riðuhafta í hólfum			
Varnarhólf	Sýkt svæði	Síðasta riðutilfelli	Riðutímabili lýkur
Landnámshólf	Sveitarfélögin Ölfus, Hveragerði og Árborg og Grafningur í Grímsnes- og Grafningshreppi.	2003	31. desember 2023
Vatnsneshólf	Allt hólfið	2015	31. desember, 2035
Húna- og Skagahólf	Allt hólfið	2019	31. desember, 2039
Tröllaskagahólf	Dalvíkurbyggð norðan Hámundarstaða	2017	31. desember, 2037
Suðurfjarðahólf	Allt hólfið	2005	31. desember, 2025
Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf	Allt hólfið	2010	31. desember, 2030
Biskupstungnahólf	Allt hólfið	2004	31. desember, 2024

Ef það gengur eftir að Skjálfandahólf verði riðufrítt um áramótin verða enn sjö varnarhólf skilgreind sem sýkt svæði.
Myndir / Matvælastofnun

Góður árangur hefur náðst í baráttunni gegn riðu:

Skjálfandahólf gæti orðið riðufrítt um áramótin

Ef ekki kemur upp riðutilfelli í Skjálfandahólfi til áramóta mun það verða skilgreint sem riðufrítt varnarhólf, enda hefur þá ekki komið upp tilfelli þar í tuttugu ár þegar riða greindist á bænum Lóni í Kelduhverfi.

Matvælastofnun greindi frá þessu á dögunum. Fé má þá flytja frjálst innan hólfsins sem er skilgreint sem svæðisskipt varnarhólf, þar sem svæðin Skútustaðahreppur, Engidalur og Lundarbrekka – og bæir þar fyrir sunnan – teljast ósýkt svæði í annars sýktu hólfi.



Gangi þetta eftir verða enn sjö varnarhólf skilgreind sýkt svæði; Landnámshólf, Vatnsneshólf, Húna- og Skagahólf, Tröllaskagahólf, Suðurfjarahólf, Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf auk Biskupstungnahólfs.

Matvælastofnun hvetur til þess að sauðfjáreigendur haldi áfram vöku sinni fyrir einkennum riðuveikinnar og hafi samband við héraðsdýralækni ef kind sýnir grunsamleg einkenni. „Einnig ef kindur drepast heima við eða þeim slátrað vegna sjúkdóma eða slysa. Þá skal hafa samband við Matvælastofnun og séð verður til þess að sýni séu tekin, bændum að kostnaðarlausu,“ segir í umfjöllun Matvælastofnunar. */smh*

2020 Alþjóðlegt ár plöntuheilbrigðis:

Verndum plöntur – Verndum líf

Matvæla og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, hefur lýst árið 2020 Alþjóðlegt ár plöntuheilbrigðis í heiminum. Á heimasíðu FAO segir að með tilnefningunni sé ætlunin að auka meðvitund jarðarbúa á nauðsyn þess að gæta að plöntuheilbrigði til að vinna gegn hungri og draga úr fátækt, vernda umhverfið og auka hagsæld.

Í yfirlýsingu FAO vegna tilnefningarinnar segir að þrátt fyrir að plöntur séu uppspretta súrefnis í heiminum og stórs hluta þess matar sem við neytum sé lítið gert til að huga að heilbrigði þeirra. Samkvæmt áætlun FAO tapast um 40% af uppskeru nytjaplantna í heiminum vegna plöntusjúkdóma og meindýra sem leggjast á plöntur. Afleiðing þessa er matvælaskortur hjá milljónum manna í fátækustu ríkjum heims og mikið tekjutap þeirra sem leggja stund á ræktun matjurta.

Fyrirbyggjandi aðgerðir vænlegastar

Samkvæmt FAO er mun betra að beita fyrirbyggjandi aðferðum til að draga úr matarsóun vegna plöntusjúkdóma og afáti meindýra heldur en að berjast við vandann eftir að hann er kominn. Erfitt og nánast ómögulegt er að útrýma plöntusjúkdómum eða rándýrum í ræktun ef þau ná fótfestu.

Hvað er hægt að gera?

Samkvæmt FAO geta allir lagt sitt af mörkum til að stuðla að eflingu plöntuheilbrigðis í heiminum.

Eitt það sem allir geta gert er að bera ekki með sér plöntur eða plöntuhluta eða panta þær milli landa nema að heilbrigðisvottorð fyrir gróðurinn liggi fyrir. Plöntusjúkdómar geta hæglega borist þannig milli landa og valdið gríðarlegu tjóni.

Í yfirlýsingu FAO er skorað á stjórnvöld að auka fræðslu um plöntuheilbrigði og á mikilvægi plantna fyrir mannkynið. Auk þess sem stjórnvöld eru hvött til að efla eftirlit með innflutningi plantna og tryggja heilbrigði þeirra. */VH*

Vinnuplan Evrópuráðsins „Horizon 2020“:

Markmiðið er að tryggja fæðuöryggi og sjálfbærni

Í vinnuplani Evrópuráðsins frá því í október „Horizon 2020“ varðandi lífhagfræði fyrir komandi ár, er áhersla lögð á fæðuöryggi, sjálfbæran landbúnað og skógrækt samhliða auknum sjávar- og ferskvatnsrannsóknum. Er þetta í takt við samfélagsáskorun (Societal Challenge 2) með fjárfestingu upp á 1,3 milljarða evra á árunum 2018 til 2020.

Bent er á að þetta sé hluti af áskorunum sem plánetan okkar stendur frammi fyrir um ókomin ár að laga sig að og draga úr loftslagsbreytingum. Það verði gert með því að tryggja fæðuöryggi, vernda náttúruauðlindagrunninn, stuðla að sjálfbærum valkostum í stað jarðefnaeldsneytisknúins hagkerfis. Sjálfbærri nýtingu á auðlindum hafsins og verndun hafanna. Landbúnaður og matvælaframleiðslukerfin, skógrækt, útgerð sem byggja á nýtingu lífríkisins eru að mati Evrópuráðsins kjarninn í þeim áskorunum sem takast þarf á við.

Vinnuáætlun SC2 leggur áherslu á sjálfbæra stjórnun lands og hafs til að tryggja hollan mat sem og líffræðilegan fjölbreytileika og hreint vatn. Enn fremur á það að styðja nýstárlegan matvæla- og sjávarútveg, lífhagkerfið og kraftmikla landsbyggð.

Um þessar mundir stendur heimsbyggðin einmitt frammi fyrir mikilli áskorun vegna afrísku svínapestarinnar sem fór að breiðast hratt um helstu svínaræktarlönd heims á árinu 2018 og 2019. Viðskipti með tugi milljóna tonna af kjöti eru að falla út og eitthvað þarf í staðinn og það með hraði. Þetta bætist við áhyggjur sem menn telja að muni stafa af hlýnandi loftslagi. Það er því engin tilviljun að þjóðir Evrópu sem og Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt áherslu á að ríki heims leggi ríka áherslu á fæðuöryggi til handa þegnum sínum.

Gert er ráð fyrir að lausnirnar sem verða til af starfsemi SC2, muni skila umtalsverðum efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum ávinningi. Til dæmis er fjárfestingunni ætlað að beina sjónum að eflingu fjölbreytilegs landbúnaðar og heilbrigðs og öruggs matar, auka dýravelferð, sjálfbæra stjórnun jarðvegs og þróun örverufræðilegra umsókna. Styðja brautryðjendastarf, stafræna byltingu og nýjar verðmætakeðjur í landsbyggðinni.

Gert er ráð fyrir að nýjar hugmyndir, vörur, tækni, og nýjar samfélagslegar lausnir muni vinna í takt við að skapa stuðningsramma fyrir raunverulegar endurbætur. Það varðar hvernig við framleiðum og neytum matar. Þetta er sagt vera í takt við væntingar samfélagsins um áhrifadrifnar rannsóknir. */HKr.*

Sláturfélag Suðurlands býður nú upp á sjö tegundir kúafóðurs

SS nGM óerfðabreytt fóður
- SS 16 nGM
- SS 20 nGM

SS LUX fyrir hámjólkandi kýr
- SS 17 LUX
- SS 21 LUX

SS ISLAND alhliða fóður
- SS 14 ISLAND
- SS 16 ISLAND
- SS 19 ISLAND

Nýr fóðurbíll var tekinn í notkun á árinu sem veitir betri dreifingarmöguleika

Hafið samband við sölumenn Sláturfélags Suðurlands

Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • www.buvorur.is
Ormsvellir 4 • 860 Hvolsvöllur • Sími 575 6099

Mikið úrval varahluta í Ifor Williams kerrur og allar aðrar gerðir af kerrum, ásamt úrvals viðgerðarþjónustu

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

SKÓGRÆKT & SKIPULAG

Garðabær skipuleggur golfvöll á 15 hektara skóglendi

Skógræktarfélag Garðabæjar fékk við stofnun þess úthlutaða 53 hektara, svokallað Smalaholt, til skógræktar frá Ríkisspítölum árið 1988. Gangi áform um nýtt skipulag Vífilsstaðalands í Garðabæ eftir mun um 15 hektarar, eða 1/3 af skóginum í Smalaholti, víkja fyrir golfvelli.

Kristrún Sigurðardóttir, formaður Skógræktarfélags Garðabæjar, segir að lítið samstarf hafi verið haft við félagið vegna áformanna og að stjórnin hafi fyrst heyrt um þau í fjölmiðlum. Kynning á skipulaginu var þann 11. desember síðastliðinn og rennur frestur til að gera athugasemdir við það út 6. janúar 2020.



Núverandi golfvöllur Golfklúbbs Garðabæjar að hluta og hluti skógarins í Smalaholti. Guli ramminn afmarkar það svæði sem lagt er til að tekið verði undir golfvöll samkvæmt nýja skipulaginu. Fjólublár línur eru stígar og slóðar um skóginn. Stígarnir eru um einn og hálfur kílómetri innan gula rammans. Skógurinn nær að landamerkjum Kópavogs, það er að segja íbúðarhúsunum sem sjást á kortinu.

Fréttum fyrst af tillögunni í fjölmiðlum

„Aðdragandi málsins er að Garðabær keypti Vífilsstaðalandið af ríkinu 2017 og í framhaldi af því var haldin samkeppni um skipulag svæðisins og vinningstillagan notuð sem útgangspunktur varðandi framtíðarskipulag svæðisins sem gildir til 2030.

Við hjá Skógræktarfélaginu vorum að mestu sátt við vinningstillöguna enda ekki verið að skerða skógræktarsvæðið í Smalaholti nema að takmörkuðu leyti.

Félagsmenn í Golfklúbbi Garðabæjar voru aftur á móti mjög ósáttir við vinningstillöguna á legu golfvallarins, samkvæmt ummælum í frétt í Morgunblaðinu vorið 2018. Með þeirri frétt var birt mynd af nýjum 9 holu golfvelli. Helmingur af golfbrautunum voru teiknaðar inn í skóginn í Smalaholti samkvæmt tillögunni sem fylgdi fréttinni.

Tillagan var kynnt á fjölmennum fundi hjá golfklúbbnum og fréttum við fyrst þá af málinu í fjölmiðlum.

Í framhaldinu höfðum við samband við yfirvöld í Garðabæ og báðum um fund með bæjarstjóra, þar mættu einnig skipulagsstjóri Garðabæjar og formaður skipulagsnefndar. Við spurðum meðal annars hvort hugmynd golfara sem birtist í Morgunblaðinu hefði verið unnin í samvinnu við bæjaryfirvöld, en fátt var þá um svör.“

Kristrún Sigurðardóttir, formaður Skógræktarfélags Garðabæjar, segir að þrátt fyrir að bæjaryfirvöld í Garðabæ telji sig hafa haft samráð við Skógræktarfélagið hafi það samráð einungis verið á einn veg. Golfvöllur er greinilega meira virði en útivistarskógurinn í Smalaholti.

Smalaholt. Sjö ára nemendur Hofsstaðaskóla gróðursetja tré í landi Skógræktarfélags Garðabæjar árið 1989. Í dag er þar gróinn skógur sem til stendur að fella fyrir golfvöll.

Meðferðarheimili Barnastofu í Smalaholti

„Það næsta sem gerðist var í desember 2018 þegar við fréttum fyrst af því í fjölmiðlum að búið var að gefa vilyrði fyrir byggingu meðferðarheimilis Barnastofu í skóginum í Smalaholti. Ferlið hafði staðið í nokkra mánuði og á þeim tíma var aldrei haft samband við Skógræktarfélagið eða farið fram á samráð af nokkru tagi. Gert er ráð fyrir einum hektara af landi undir heimilið auk veglagningar að því.

Skógræktarfélagið var jákvætt að meðferðarheimili risi á Smalaholti, en óskað var eftir við bæinn að hafa eitthvað um það að segja hvar það væri staðsett. Samkvæmt tillögu skipulagsins var lóð heimilisins fyrst staðsett í landgræðsluskóginum. Félagið hafði gert samning við Skógræktarfélag Íslands um landgræðsluskóg, sem hófst með landsátaki á Smalaholti þann 10. maí 1990 er frú Vigdís Finnbogadóttir forseti gróðursetti fyrstu plönturnar ásamt þingmönnum kjördæmisins, bæjarfulltrúum og félagsmönnum Skógræktarfélagsins. Sumarið 1990 gróðursettu íbúar, nemendur skóla og leikskóla bæjarins á Smalaholti um 70 þúsund trjáplöntur.

Hluti af því greni sem verður fellt ef stækkun golfvallarins verður.

Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, gróðursetur fyrsta tréð í Smalaholti 10. maí 1990.

Eftir að við leituðum eftir samstarfi varðandi staðsetningu á meðferðarheimilinu kom í ljós að það var vilji til þess og komið til móts við okkar sjónarmið,“ segir Kristrún.

Golfvöllurinn skal koma og skógurinn víkja

„Á fundi síðastliðið vor vorum við beðin um að merkja inn á loftmynd af Smalaholti hvaða svæði Skógræktarfélagið væri tilbúið að gefa eftir undir golfvöllinn og vonaðist stjórnin að þarna væri kominn grundvöllur fyrir samstarfi milli aðila.

Í ágúst síðastliðinn erum við kölluð til fundar þar sem skipulagsyfirvöld leggja fram tillögu um golfvöll í Smalaholti sem var keimlík tillögu Golfklúbbi Garðabæjar frá 2018. Á sama fundi leggjum við fram loftmyndina með hugmyndum félagsins varðandi hvaða svæði við vörum tilbúin að gefa eftir undir golfvöllinn.

Í nóvember síðastliðinn var annar kynningarfundur þar sem lögð var fram svipuð tillaga varðandi golfvöllinn og á fyrri fundi. Við létum í ljós mikla óánægju á fundinum með skipulagstillöguna þar sem ekkert tillit hafði verið tekið til sjónarmiða Skógræktarfélagsins.

Í lok fundar lagði Gunnar Einarsson bæjarstjóri til við Snorra Vilhjálmsson golfvallahönnuð að hann þétti golfbrautir þannig að ekki væri farið inn á félagsreiti sem Lionsklúbbur Garðabæjar, Lionsklúbburinn Eik, Kiwanisklúbburinn, Rótarýklúbburinn Görðum og Kvenfélag Garðabæjar hafa ræktað skóg í 30 ár og útbúið áningarstaði þar sem félagsmenn njóta samveru og útivistar,“ segir Kristrún.

Golfvöllurinn meira virði en skógurinn

Að sögn Kristrúnar kom greinilega fram á fundinum að um lokatillögu væri að ræða og að ekki yrði tekið frekara tillit til okkar sjónarmiða. „Sagt var að falleg tré skyldu fá að standa. Okkur jafnvel boðið að flytja tré, eins gáfulega og það hljómar úr hávöxnum skógi.

Þrátt fyrir að bæjaryfirvöld í Garðabæ telji sig hafa haft samráð við Skógræktarfélagið hefur það samráð einungis verið á einn veg. Golfvöllur er greinilega meira virði en útivistarskógurinn í Smalaholti, segir Kristrún Sigurðardóttir, formaður Skógræktarfélags Garðabæjar. /VH

40% af bæjarlandinu er friðlýst eða undir skógrækt

Þegar gerður var samningur við Skógræktarfélag Garðabæjar á sínum tíma var tekið fram að skógræktin ætti ekki að binda nýtingu landsins til framtíðar. Hugmyndin er að það fari þrjár brautir inn á skógræktarlandið og því verður mikill hluti skógarins enn til staðar.

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar, segir að búið sé að halda nokkra fundi með bæði Skógræktarfélagi Garðabæjar og Golfklúbbi Garðabæjar vegna málsins og gera nokkrar breytingar á tillögunni um völlinn.

„Breytingarnar sem gerða hafa verið eru allar í þá átt að minnka áhrif vallarins á skógræktina. Við erum enn að vinna í málinu sem aðalskipulagsbreytingu og því enn verið að horfa á stóru línurnar og ekki enn farið að teikna upp fínni myndina. Tillagan sem lögð hefur verið fram er til þess gerð að þeir sem hafa hagsmuna á gæta vegna breytinganna geti komið með athugasemdir.“

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar.

Golfvöllur undir íþróttasvæði og skógræktarsvæði undir golfvöll

Arinbjörn segir að tillagan að því að gera nýjan golfvöll í skógræktina komi frá bæjarstjórninni. „Í aðalskipulagi Garðabæjar, sem var staðfest fyrir tveimur árum, er gert ráð fyrir breytingum í Vetrarmýrinni þar sem gamli golfvöllurinn er og hluti hans tekinn undir framtíðar íþróttasvæði Garðabæjar.“

Skógræktarsvæði sem reiknað er með að fari undir níu holu golfvöll eru 15 hektarar og segir Arinbjörn að það þyki ekki mikið. Gamli golfvöllurinn í Garðabæ var 18 holur á 40 hekturum. Þannig að nýi völlurinn þykir frekar þröngur.

Hugmyndin er að það fari þrjár brautir inn á skógræktarlandið og því verður mikill hluti skógarins enn til staðar.“

Að sögn Arinbjarnar er ekki enn búið að áætla hversu mikið af skóginum þurfi að fella vegna golfbrautanna enda sé ekki byrjað að vinna að deiliskipulaginu.

Gróðursetja milli brauta

Arinbjörn segir að einn annar möguleikinn fyrir golfvöll á þessu svæði væri með því að fara út í friðland Garðabæjar í Vífilsstaðahrauninu og ef það hefði verið gert er mun lengra á milli þess hluta gamla vallarins sem stendur áfram og nýja vallarins.

Arinbjörn er spurður hvort gerð golfvallarins á skógræktarsvæðinu sé ekki í andstöðu við þá hugmynd að nú eigi að efla skógrækt í landinu, meðal annars til að auka kolefnisbindingu. „Við höfum bent á þetta sjálfir og það gæti allt eins orðið ákvæði í deiliskipulaginu um að gróðursetja tré milli brauta og auka þannig fjölda trjáa á svæðinu.“

Skógræktarsvæðið sem eftir verður breytt í útivistarsvæði

„Það er alveg ljóst að þegar gerður var samningur við

skógræktarfélagið á sínum tíma var tekið fram að skógræktin ætti ekki að binda nýtingu landsins til framtíðar. Sums staðar, eins og til dæmis í Hnoðraholtinu, var skógræktarsvæði undir íbúabyggð og þannig þrengt að skógræktinni og landið tekið til annars konar nýtingar.“

Arinbjörn segir að sá hluti skógræktarsvæðis Garðabæjar sem er ekki að fara undir golfvöllinn sé að festast í sessi sem útivistarsvæði og það breyti stöðu landsins talsvert og það verði í umsjón bæjarfélagsins en ekki skógræktarfélagsins. „Þess má geta að í dag eru 40% af bæjarlandinu friðlýst og því talsvert mikið land sem bæjarfélagið hefur friðlýst og lagt til skógræktar.“ /VH

Vel hægt að gera golfvöll á skógræktarsvæði

Formaður Golfklúbbs Garðabæjar segir að það sé misskilningur að golfklúbburinn hafi látið teikna nýjan golfvöll sem teygir sig inn á svæði Skógræktar Garðabæjar. Hann segir hugmyndina um staðsetningu nýja golfvallarins koma frá stjórn bæjarfélagsins og að golfklúbburinn sé einungis að þiggja land í bætur fyrir annað land sem tekið var af þeim.

Golfvöllur Golfklúbbs Garðabæjar. Mynd / GG

Guðmundur Oddsson, formaður Golfklúbbs Garðabæjar, segir að í sjálfu sér eigi golfklúbburinn enga aðkomu að málinu og að hér sé um málefni sveitarfélagsins að ræða. „Það er misskilningur að golfklúbburinn hafi látið hanna nýja völlinn. Garðabær tók af okkur níu holu völl og til að bæta okkur það þá bauð bæjarfélagið land sem er hluti af skógræktinni. Í sjálfu sér höfðum við ekki farið fram á að fá neitt sérstakt land annað en að það væri sambærilegt eða betra en landið sem var af okkur tekið.“

Völlur fyrir völl

„Við vorum áður mjög ánægð með völlinn sem við höfðum og ósátt við að missa hann og því einungis þiggjendur í þessu máli þar sem verið er að bæta völl fyrir völl. Ákvörðunin um staðsetningu nýja vallarins er því alfarið á ábyrgð bæjarins sem síðar réði til sín golfvallahönnuð til að skipuleggja svæðið og því alfarið á þeirra vegum. Mér er satt að segja ómögulegt að vita hvernig sá misskilningur kom upp að við stæðum að baki hönnuninni og ég hef sagt formanni skógræktarfélagsins að svo sé ekki.“

Klárlega þarf að fella einhver tré

Þegar Guðmundur er spurður hvort ekki skjóti skökku við að fella tré á Íslandi og í ljósi umræðna um skógrækt til að binda koltvísýring til að

Guðmundur Oddsson, formaður Golfklúbbs Garðabæjar.

búa til golfvöll svarar hann því að enginn skógur verði felldur til að búa til golfvöllinn. „Þetta er eiginlega hálfgert grín. Að mínu mati má alveg leggja golfvöll í skóglendi og ég hef sagt við skógræktarfólkið að það sé mikið auðveldara að færa tré en heilan golfvöll. Það eru ekki öll tré á svæðinu gömul og há og það hlýtur að vera hægt að færa minni trén með góðum árangri.“

Guðmundur segir að klárlega þurfi að fella einhver tré á svæðinu og að golfklúbburinn sé að sjálfsögðu til í að leggja skógræktinni lið við áframhaldandi skógrækt á svæði golfvallarins. „Það hefur aldrei staðið á því af okkar hálfu.“

Þegar Guðmundur er spurður hvort ekki megi finna annað land fyrir golfvöllinn en það sem skógræktarfélagið hefur ræktað upp, segir hann að golfklúbburinn hafi nýlega reist golfskála á svæðinu og að þeir geti ekki tekið land undir völlinn nema að það sé í eðlilegum tengslum við skálann.

Skil vel afstöðu skógræktarfólksins

Guðmundur segir að lokaútfærsla á golfvellinum sé ekki tilbúin en að hann haldi að það sé komin sæmileg sátt um málið. „Ég skil vel afstöðu skógræktarfólksins og að mínu viti hefur hönnuðurinn verið að hliðra teikningunni til þannig að sífellt minna er tekið af trjánum og að röskunin verði sem minnst.

Ég sagði á sínum tíma við bæjarstjórann að það yrði að ganga frá málinu á þann veg að sátt yrði um útkomuna og fékk það svar að málið yrði leyst og persónulega trúi ég ekki öðru en að svo verði og við náum góðri lendingu,“ segir Guðmundur Oddsson, formaður Golfklúbbs Garðabæjar, að lokum. /VH

SAGA & MENNING

Fólk að skoða sig um í Hlöðuhelli en hann er tengdur Fjárhelli með göngum. Framan af 20. öld voru hellarnir tveir notaðir, eins og nöfnin benda til, sem hlaða og fjárhús. Árið 1927 voru grafin 10 metra göng milli Hlöðuhellis og Fjárhellis.

Hellarnir við Ægissíðu á Hellu hafa slegið í gegn hjá ferðamönnum

– Margrét Blöndal markaðs- og verkefnisstjóri og Baldur Þórhallsson, sveitastrákur frá Ægissíðu, segja frá Hellunum

Manngerðir hellar eru víða á Suðurlandi en þeir hellar sem eru mest í umræðunni um þessar mundir eru hellarnir við Ægissíðu við bæinn Ægissíðu sem stendur við Ytri-Rangá rétt áður en komið er að Hellu.

Hellarnir hafa verið opnaðir almenningi þar sem hægt er að fá skemmtilega og fróðlega leiðsögn um þá. Einnig eru stundum óvæntar uppákomur í hellunum, t.d. tónleikar, sögulestur og fleira í þeim dúr.

Ægissíða hefur um aldir verið vinsæll áningarstaður en staðurinn var m.a. miðstöð vöru- og póstflutninga fyrir sveitina, auk þess sem fyrsta símstöðin á svæðinu var reist á bænum árið 1909.

Margrét Blöndal fjölmiðlakona er markaðsstjóri hellanna við Ægissíðu og Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur ólst upp á bænum. Þau svöruðu nokkrum spurningum um hellana og allt það sem þeir hafa upp á að bjóða.

Baldur Þórhallsson og Margrét Blöndal, sem hafa yfirumsjón með markaðssetningu á hellunum við Ægissíðu við Hellu. Skemmtilegt verkefni sem þau halda vel utan um með sínu fólki. Mynd / Hellarnir við Hellu.

Dularfull og spennandi saga

„Saga hellanna er bæði dularfull og spennandi, ekki síst vegna þess að enginn veit með vissu hver gerði þá og hvenær. En sé vitnað í sunnlenskar munnmælasögur, sem sumir rekja til Einars Benediktssonar, þá eru hellarnir verk Kelta sem voru hér fyrir þegar norrænir menn námu land. Okkur finnst spennandi að velta þeim möguleika fyrir okkur því það er margt í hellunum sem bendir til þess að þeir hafi verið bústaðir kristinna manna fyrir langa, langa löngu. Má þar nefna sem dæmi að í Fjóshelli er að finna einstaka krossa, höggna í bergið, sérstakar ristur sem enginn kann skil á og fagurlega höggvin sæti sem augljóslega hafa verið ætluð höfðingjum,“ segir Margrét.

12 hellar á jörðinni

Þegar Margrét er spurð hvernig hellar þetta séu og hvað þeir eru margir kemur fram hjá henni að þetta séu manngerðir móbergshellar og alls er vitað um 200 slíka frá Ölfusi að Vík í Mýrdal. Þeir eru misstórir og flestir á milli Þjórsár og Ytri-Rangár. Elstu heimildir um manngerða hella á Íslandi eru í Jarteinabók Þorláks helga frá 1199 og fyrstu skráða heimildir um hellana á Ægissíðu eru í þulu sem Guðlaug Stefánsdóttir í Selkoti á að hafa farið með fyrir Vigfús Þórarinsson sýslumann í lok 18. aldar þar sem hún nefnir átján hella á Ægissíðu.

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins og ráðherra, er heillaður af hellunum við Ægissíðu enda notar hann hvert tækifæri þegar hann er með gesti að fara og skoða hellana. Í sumar mætti hann m.a. með samstarfsráðherra Norðurlanda og þeirra embættismenn í skoðunarferð um hellana. Hér er hann með Ólöfu Þórhallsdóttur, systur Baldurs. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

„Nú er vitað um 12 hella á jörðinni og þar af 10 rétt við bæjarhólinn. Þeir bera nöfn eins og Hlöðuhellir, Fjárhellir og Lambahellir, svo einhverjir séu nefndir, og heiti þeirra vísa til þess hvernig þeir voru nýttir á síðari öldum. Fjóshellir var þó ekki fjós heldur hlaða og úr honum voru göng upp í fjósið sem stóð uppi á bæjarhólnum. Einn hellanna, Kirkjuhellir, dregur nafn sitt af því að í honum er fagurlega höggvin hvelfing sem minnir helst á kirkjuhvelfingu. Því miður er ekki óhætt að fara inn í hann í dag en það stendur til bóta,“ segir Margrét.

Geymslur fyrir saft, sultur og jarðávexti

Baldur segir að hellarnir hafi aðallega verið notaðir fyrir búfénað, hey og matvæli og einn þeirra, Skagahellir, var notaður sem íshús eða frystigeymsla á þriðja áratug 20. aldar.

„Þá var refabú á Ægissíðu og hellirinn notaður til að geyma fóður fyrir refina, aðallega kjöt og svo að það skemmdist ekki var hafður ís í hellinum. Og það var þekkt víðar að nota hella sem íshús, þá var snjó mokað ofan í þá að vetri og matvælin geymd í snjónum. Allt þar til nýlega voru hellarnir geymslur fyrir saft og sultur og jarðávexti sem voru ræktaðir á bænum. Hellarnir voru öldum saman nýttir af bændum á Suðurlandi og gríðarleg búbót og spöruðu bændum kostnaðarsamar húsbyggingar,“ segir Baldur.

Gamall draumur að rætast

Baldur er spurður að því hvað varð til þess að fólkið á Ægissíðu fór að grafa hellana út og koma þeim í „umferð“ aftur? „Já, það hefur lengi verið draumur minn að standsetja hellana og gera þá aðgengilega á ný. „Það vill svo skemmtilega til að það var einmitt Margrét sem kom að máli við mig og spurði hvort við ættum ekki að fjalla um hellana þegar hún var að vinna að sjónvarpsþáttunum Að sunnan á N4.“ Margrét kemur þá hér inn í spjallið:

„Baldur fór með mig og Sighvat Jónsson, sem vann þessa þætti með mér, í Fjóshelli og það má segja að ég hafi heillast upp úr skónum á svipstundu. Það er magnað að koma þarna inn og það fyrsta sem mér datt í hug var að við yrðum að fá manninn minn til að búa til einhvers konar tónleika í þessum helli. Annaðhvort með kór eða hljómsveit eða bara bæði. Hellirinn minnir mest á samkomusal eða einhvers konar félagsheimili og hrifningin minnkaði ekki þegar Baldur fór svo að segja sögu hellanna, enda er hún ævintýralega spennandi og beið þess að verða sögð sem flestum.“

Afi Baldurs sýndi gestum hellana

Baldur ólst upp við hellana og skottaðist þar um með afa sínum. Hvaða minningar koma fyrst upp í hugann þegar hellarnir eru nefndir í hans eyru?

„Já, þetta er rétt, ég var mikið með afa í hellunum því mikill fjöldi ferðamanna kom að skoða hellana á hverju sumri meðan afi gat haldið hellunum við. Hann var iðinn við að sýna gestum hellana og ég var oft með enda drakk ég í mig sögur hans um landnámið fyrir landnám þegar Keltar byggðu Suðurland áður en norrænir menn numu land. Afi fór gjarnan með ferðamenn í alla hellana við bæjarhólinn og gaf sér góðan tíma til að sannfæra alla gesti um sannleiksgildi sögunnar. Það var ekki efi í nokkru hjarta um tilburð hellanna þegar hann kvaddi á bæjarhlaðinu,“ segir Baldur.

Útlenskt góðgæti í laun

Þegar Baldur var beðinn um að rifja upp einhverja skemmtilega sögu

eða sögur úr hellunum, sem hann er til í að deila með lesendum blaðsins, kom hann með þessa sögu:

„Við krakkarnir á bænum hófum snemma að sýna gestum hellana þegar afi komst ekki frá vegna anna við búskapinn. Ég held að ég hafi ekki verið nema um 5 eða 6 ára þegar ég hóf að sýna Íslendingum sem og útlendingum hellana. Ég fór einfaldlega sama rúntinn og afi, sagði sömu sögurnar á íslensku að sjálfsögðu eins og hann og allir skildu. Þetta var þónokkur útgerð hjá okkur krökkunum á sumrin og oft viku útlendingar að okkur aur og nokkru magni af útlensku góðgæti.“

Fjölbreyttir viðburðir í hellunum

Ýmsar skemmtilegar uppákomur hafa verið haldnar í hellunum, sem vekja alltaf mikla athygli, og góð aðsókn.

„Já, okkur langar til að miðla sögu hellanna á margvíslegan hátt. Bæði með hefðbundnum skoðunarferðum og líka með því að efna til alls konar viðburða, fyrir börn og fullorðna. Við fögnuðum vetri fyrsta vetrardag og fengum Karlakór Hreppamanna, Guðrúnu Gunnarsdóttur, Aðalheiði Þorsteinsdóttur og Bjarna Harðarson til liðs við okkur það kvöld og það gekk allt ljómandi vel,“ segir Margrét og bætir við:

„Hlöðuhellir hefur meiri hljóm en Fjóshellir en báðir henta vel fyrir alls konar uppákomur. Við höfum líka verið með rannsóknarleiðangra og jólaævintýraferðir fyrir börn og á nýja árinu verða alls kyns tónleikar, draugasögukvöld og svo mætti lengi telja. Við verðum líka með jólaferðir í hellana um hátíðirnar og sú leiðsögn verður á ensku og einkum ætluð erlendum gestum sem ekki þekkja Grýlu og hennar lið.“

Séð inn í Fjóshelli, sem er ásamt Hlöðuhelli meðal stærstu manngerðu hella sem vitað er um á Íslandi. Hellirinn var ekki notaður sem fjós eins og nafn hans bendir til heldur var hann notaður sem hlaða fyrir fjósið á Ægissíðu fram til ársins 1975. Mynd / Hellarnir við Hellu.

Fjölskylduverkefni número eitt, tvö og þrjú

– En hvað með kostnaðinn við að gera hellana upp, er það ekki dýrt dæmi?

„Hellaverkefnið er fjölskylduverkefni, þar sem allir leggjast á eitt að standsetja og gera hellana aðgengilega. Öll þessi vinna er unnin í nánu samstarfi við Minjavernd og ekki síst Ugga Ævarsson, Minjavörð Suðurlands, sem hefur reynst okkur einstaklega vel. Og jú þetta er dýrt og við höfum fengið styrki bæði frá Minjavernd og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. „Svo megum við til með að nefna heimafólkið okkar, íbúa á Hellu og nærsveitunga. Það er alveg sama við hvern við tölum, allir eru boðnir og búnir að leggja okkur lið með ýmsum hætti og það er ómetanlegt,“ skýtur Margrét inn í.

Allir heillast af hellunum

– Þá er tilvalið að spyrja út í upplifun fólks sem fer í hellana, hvernig er hún?

„Við höfum ekki enn hitt þann ferðamann, íslenskan eða útlendan, sem ekki heillast af hellunum. Þeir eru svo óvenjulegir og það er ekki hægt að ímynda sér hvað bíður þegar maður fer inn í fyrsta hellinn, og svo þegar sögurnar bætast við verður þetta einstök upplifun og ólíkt öllu öðru,“ segir Margrét.

Hafa staðist alla jarðskjálfta

– Jarðskjálftar af ýmsum stærðum og gerðum hafa verið á Suðurlandi í gegnum aldirnar. Hvernig hafa þeir farið með hellana við Ægissíðu?

„Það er stórmerkilegt að allir þessir tólf hellar á Ægissíðu hafa staðið af sér Suðurlandsskjálfta í gegnum aldirnar. Móbergið gefur sig ekki svo glatt. Það er helst að hlaðna forskála og strompa þurfi að endurbæta eftir jarðhræringar og veðrun. Sunnlenska rigningin bítur meira á hleðslurnar en skjálftarnir,“ segir Baldur og hlær.

Sönghópurinn Öðlingar í Rangárvallasýslu hefur margoft sungið í hellunum við ýmis tækifæri, undir stjórn Guðjóns Halldórs Óskarssonar. Strákarnir segja hljóminn góðan í hellunum og alltaf jafn gaman að syngja þar. Mynd / MHH

Fjölmörg ævintýri fram undan

– Að lokum eru Margrét og Baldur spurð út í framtíð hellaverkefnisins, hvert þau stefna með verkefnið.

„Já, þú segir nokkuð, það eru ýmis ævintýri fram undan og margar hugmyndir á lofti og nú erum við að vinna að því að kynna hellana. Við viljum vanda okkur í hverju skrefi og vonum að sem flestir eigi eftir að koma og uppgötva þessa leyndardóma. Við höfum þegar gert fjóra hella aðgengilega fyrir gesti og gangandi og meðal þeirra eru tveir stærstu og glæsilegustu hellarnir. Sé litið til lengri tíma þá liggur fyrir að sækja um fjármagn til að endurbæta þrjá hella til viðbótar; Kirkjuhelli, Brunnhelli og Hrútshelli, sem allir hafa sína sögu að segja. Þar þarf að endurhlaða forskála og byggja upp strompa,“ segir Baldur og Margrét biður um lokaorðin: „Við tökum fagnandi á móti hópum sem vilja koma í heimsókn og það er hægt að hafa samband við okkur t.d á síðunni „Hellarnir við Hellu“ á Facebook og panta ferð þar með leiðsögn og einnig með því að fara á heimasíðuna okkar, www.cavesofhella.is. */MHH*

Slow Food-hreyfingin fagnar 30 ára afmæli:

Matvæli skulu vera vel gerð

Alþjóðlega Slow Food-hreyfingin fagnar 30 ára afmæli um þessar mundir. Formlega var hún stofnuð í París þann 21. desember árið 1989 þegar fulltrúar 15 landa skrifuðu undir stefnuyfirlýsingu fyrir hreyfinguna í Opéra Comique leikhúsinu.

Hjarta Slow Food-hreyfingarinnar slær þó í Piemonte-héraði á Ítalíu. Í Tórínó, stærstu borg héraðsins, er haldin hin mikla matarhátíð, Salone del Gusto, og Terra Madre annað hvert ár í nafni Slow Food. Rétt suðaustur af Tórínó er bærinn Bra, en þar – og í sveitunum í kring – er hugsjónafólkið fætt og alið upp sem hreyfingin á sínar rætur í. Það sem spyrnti fótum við skyndibitavæðingunni og mótmælti árið 1986 á Spænsku tröppunum í Róm þeim áformum borgaryfirvalda að heimila MacDonald´s að opna þar veitingastað.

Í Bra eru höfuðstöðvar alþjóðlegu Slow Food-hreyfingarinnar og þaðan er Carlo Petrini, einn af stofnendum hennar og forseti frá byrjun.

Fjölmörg ört vaxandi verkefni á borði Slow Food

Grunngildi Slow Food hafa verið smættuð niður í þrjú ensk orð; „*good*, *clean* and *fair* “ og er mest allt starf hreyfingarinnar leitt af þessum hugtökum. Þau standa fyrir þá hugsjón að matvæli skulu vera vel gerð; góð á bragðið, ómenguð og framleidd á sanngjarnan hátt í allri virðiskeðjunni.

Verkefni Slow Food taka mið af þessum grunngildum og eru í rauninni hjálparstarf á sviði umhverfis- og matvælaframleiðslumála.

Fræðslumál um matvæli verða málefni næstu ára

Carlo Petrini heimsótti Ísland að vori árið 2017 og flutti fyrirlestur í Háskóla Íslands, sem var innblásinn af óréttlátu hagkerfi matvælaframleiðslunnar í heiminum.

Í viðtali hér í blaðinu sagði hann að í Róm fyrir meira en 30 árum var einungis verið að andæfa þeirri þróun að matur væri að verða einsleitari. Hreyfingin hefði breyst mikið og væri orðin beittari í baráttunni fyrir því að allir eigi rétt á góðum mat. Hann taldi að þungi starfsins myndi í framtíðinni snúa að fræðslustarfi um matvæli þar sem ungt fólk léki lykilhlutverk varðandi framtíð móður jarðar. Hann sagðist vona að ekki yrði þörf fyrir Slow Food eftir önnur 30 ár; það myndi þýða að þá hefði takmarkinu verið náð.

/smh

Dóra Svavarsdóttir og Dominique Plédel Jónsson á góðri stund á hinni miklu matarhátíð, Salone del Gusto, í Tórínó á síðasta ári.

Slow Food Reykjavík fær nýjan formann:

Diskósúpudrottningin tekur við

– Dominique verið í fararbroddi fyrir málstaðinn síðastliðin 12 ár

Slow Food Reykavík hélt sinn aðalfund sunnudaginn 15. desember í Hörpu – í tengslum við Matarmarkað Íslands sem var haldinn sömu helgi. Helst bar þar til tíðinda að Dominique Plédel Jónsson hætti sem formaður, en hún hefur verið þar í fararbroddi síðustu 12 ár og látið mikið að sér kveða í baráttunni fyrir siðrænni matvælaframleiðslu – í anda grunngilda móðurhreyfingarinnar. Dóra Svavarsdóttir, samstarfskona hennar til margra ára, tekur við keflinu.

Á fundinum var Dominique þökkuð vel unnin störf og um hana sagt að hún hafi helst, að öðrum ólöstuðum, haldið kyndli heilbrigðrar matvælaframleiðslu á lofti á Íslandi og víðar undanfarin ár. Hún tekur nú við formennsku í Slow Food Nordic, samtökum Norðurlandadeilda. „Mér finnst nauðsynlegt að stíga til hliðar núna og hleypa yngra fólki að, þó ég sé enn í fullu fjöri. Þetta er að mörgu leyti ákjósanlegur tími til þess, en ég var fyrir nokkru beðin um að taka við Slow Food Nordic til að móta betur framtíðina þar og undirbúa Terra Madre Nordic 2020, sem verður haldin í ágúst í Stokkhólmi. Það verkefni er í mótun og er spennandi; við verðum þar til dæmis með norræna útgáfu af Askinum [Íslandsmeistaramótið í matarhandverki]. Eftir að hafa bragðað á íslensku matarhandverki íslenskra smáframleiðenda í Hörpu um síðustu helgi er ég sannfærð um að Íslendingar eiga fullt erindi í þá keppni.

Svo verð ég líka áfram í stjórn Slow Food Reykjavík þannig að ég er ekki af baki dottin,“ segir Dominique um þessi tímamót.

Dóra kunn fyrir Diskósúpuna

Nýkjörinn formaður er Dóra Svavarsdóttir matreiðslumeistari, sem hefur vakið athygli á matarsóun með því meðal annars að elda svokallaða Diskósúpu úr hráefni sem stóð til að henda, þótt það væri enn vel neysluhæft. Hún hefur þar að auki haldið námskeið um land allt til að vísa veginn að betri nýtni matvæla við allar aðstæður og hefur verið fulltrúi Slow Food víða á viðburðum undanfarin ár.

Aðrir í nýrri stjórn eru Gunnþórunn Einarsdóttir, gæðastjóri hjá ÁTVR, Ragnheiður Axel, Íslenskri hollustu og Og Náttúra, auk Sveins Kjartanssonar matreiðslumanns. Þeir Ólafur Dýrmundsson, fyrrverandi ráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands, og Svavar Halldórsson, sem nemur við Slow Food-háskólann í Pollenzo á Ítalíu, eru varamenn.

Mörg mikilvæg verkefni

Að sögn Dominique liggja mörg mikilvæg verkefni fyrir á næsta ári. Samtökin muni taka þátt í Terra Madre Nordic viðburðinum í ágúst á næsta ári og í byrjun október verður síðan Salone del Gusto og Terra Madre hátíðin, sem haldin er í Tórínó á Norður-Ítalíu. Þar sé meðal annars haldin matarsýningin, ein stærsta sölusýning opin almenningi með um 250 þúsund gesti. Þar hittist Slow Food félagar og áhugafólk hvaðan æva að úr heiminum, kynni sér matarhefðir, smakki góðan mat, styrki tengslanetið og leggi drög að nýjum áföngum við útbreiðslu á gildum hreyfingarinnar um að matvæli skuli vera framleidd vegna gæða þeirra, á „hreinan“ hátt með sanngirni að leiðarljósi.

Hún bendir á að aldrei megi gleyma því að góður matur sé ekki forréttindi, heldur mannréttindi – eins og Carlo Petrini, forseti Slow Food, hefur sagt.

Innanlands eru mörg áhugaverð verkefni í bígerð hjá nýrri stjórn Slow Food Reykjavík, að sögn Dominique. Haldið verður áfram að taka þátt í verkefnum sem stuðla að betri neyslu og matvælaframleiðslu, sem mun hafa jákvæð áhrif gegn þeirri loftslagsvá sem er fram undan. Áfram verður gert átak í að fjölga nýjum meðlimum til að koma skilaboðum markvissar áfram í samfélagið.

Árvekni um matarsóun

Diskósúpuviðburðurinn verður haldinn áfram til að auka vitund um matarsóun með því að bjarga matvælum sem annars hefði verið hent – og gómsætar súpur gerðar sem gefnar verða. Málefni matarsóunar verði áfram unnin í samstarfi við ýmsa aðila sem vinna sameiginlega að því að sporna við þessu vandamáli.

Að sögn Dominique leist þeim sem sátu aðalfundinn vel á þá hugmynd að tengja Slow Food meira við ferðaþjónustuna í gegnum Slow Food Travel-hugmyndina. */smh*

Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson

Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson auglýsir rannsóknastyrki í landgræðslu og skógrækt, með sérstakri áherslu á vistfræði lúpínu og landgræðsluskógrækt með lúpínu.

Til úthlutunar verða sjö milljónir króna.
Umsóknum skal skilað eigi síðar en 20. janúar 2020.

Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðum Landgræðslunnar (land.is), Skógræktarinnar (skogur.is) og Skógræktarfélags Íslands (skog.is). Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í einu pappírseintaki og á tölvutæku formi (á minniskubbi) sem rtf, pdf eða word skjal). Ófullgerðum umsóknum verður vísað frá.

Umsóknum skal skila til: Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson, bt. Guðbrands Brynjúlfssonar, Brúarlandi, 311 Borgarnes

Við hjá Automatic óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

MANNOL TILBOÐ TIL BÆNDA

Mannol Traktor Súperolía 15W-40

UMBÚÐIR	TILBOÐSVERÐ	FULLT VERÐ
5 Lítrar	2.490,- kr.	3.495,- kr.
20 Lítrar	8.990,- kr.	12.495,- kr.
60 Lítrar	25.900,- kr.	33.995,- kr.

automatic ... gengur vel

Smiðjuvegi 11, 200 KÓP | Stakkahrauni 1, 220 HFJ
S: 512 3030 | www.automatic.is

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjaþjónusta

Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og klið. Þú getur fengið Opn S með endurhlaðanlegum rafhlöðum. Heyrnartækni hefur um árabil veitt þjónustu víðs vegar á landsbyggðinni. Í janúar bjóðum við upp á heyrnarmælingar, ráðgjöf og þjónustu á eftirfarandi stöðum:

Akranes | Akureyri | Blönduós | Borgarnes | Egilsstaðir | Reykjanesbær
Saurárkrókur | Siglufjörður | Selfoss

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Sími 568 6880

Bændablaðið
Kemur næst út 9. janúar

DRAUMASTARFIÐ?

ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Mountaineers of Iceland leitar að trukkabílstjóra með aukin ökuréttindi D að lágmarki við að keyra trukka upp á Langjökull. Ensku-kunnátta æskileg.

Umsóknir sendist á operation@mountaineers.is

MOUNTAINEERS OF ICELAND

SULKY

Áburðardreifing er einföld með DX 20 frá Sulky

Þægilegur breiddarstjórnunarbúnaður býður upp á dreifibreidd 9-24m og rafstýrður jaðarbúnaður gerir það að verkum að áburðurinn lendir þar sem þú vilt.

Sérstakt áramótaverð ef pantað er fyrir 15. janúar!

Nákvæm dreifing er einföld með Sulky

VÉLAVAL
www.velaval.is

Heilsárshús

Bjóðum mikið úrval vandaðra heilsárshúsa sem eru hönnuð og framleidd fyrir íslenskar aðstæður og eftir íslenskum stöðlum.

Húsin afhendast fullbúin með raflögnum, pípulögnum, gólfefnum, eldhúsinnréttingu og fullbúnum baðherbergjum.



JÖTUNN BYGGINGAR

Selfoss - Sími 480 0480 - byggingar@jotunn.is - www.jotunn.is

65 1954-2019 DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Gleðilega hátíð
og gæfuríkt komandi ár
með þökk fyrir viðskiptin
á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Dynjanda

Í SUÐUR-AFRÍKU

Brúin yfir trjásafninu með austurhlíðar Table-fjalls, Kastalaklett, Beinagrindagil og Trjáburknatind í baksýn. Myndir / VH.

Grasagarðurinn í Höfðaborg:

Undrið Kirstenbosch

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Kirstenbosch-grasagarðurinn í Suður-Afríku teygir sig upp eftir austurhlíðum Table-fjallsins í Höfðaborg. Ofan af fjallinu er útsýnið yfir Höfðaborg stórkostlegt á heiðskírum og lygnum degi. Þaðan má meðal annars sjá Robbeneyju, þar sem Nelson Mandela var í stofufangelsi í tæpa þrjá áratugi. Garðurinn er ótrúlega fallegur og hreint undur að skoða.

Heitið Kirstenbosch er dregið af nafni J.F. Kirsten sem var umsjónarmaður svæðisins á átjándu öld. Seinni hluti heitisins, bosch, er hollenska og þýðir skógur eða runni.

Markmiðið að varðveita innlenda flóru

Garðurinn er einn af tíu þjóðargrasagörðum í Suður-Afríku og þar er að finna gróður sem tilheyrir fimm af sex lífbeltum landsins. Allt frá stofnun garðsins árið 1913 hefur meginháhersla hans verið að varðveita innlenda flóru landsins og var hann fyrsti garðurinn í heimi sem setti sér slíkt markmið.

Útisvæði garðsins er rétt rúmir 528 hektarar að stærð og liggur frá rótum Table-fjalls og hátt upp í klettóttar hlíðar þess. Garðinum er skipt í svæði eftir gróðri og í honum er að finna stórt gróðurhús þar sem vaxa eyðimerkurplöntur sem kjósa minni úrkomu en nýtur í Höfðaborg. Í garðinum er að finna yfir 7.000 plöntutegundir sem allar eru upprunnar í Suður-Afríku.

Ferðafélagar mínir í Suður-Afríku á vegum Farvel, Óskar Einarsson, Unnur Gunnarsdóttir, Jón Guðlaugsson, Lára Jónsdóttir og Guðjón Gústafsson, í Kirstenbosch-garðinum í Höfðaborg.

Gengið um garðinn

Frá aðalinngangi garðsins, þar sem er veitingaaðstaða, plöntusala og verslun með ágætu úrvali bóka um grasa- og náttúrufræði, liggur hann í aflíðandi hlíð þar til komið er að klettum Table-fjallsins.

Ég og ferðafélagar mínir heimsóttum garðinn á indælum góðviðrisdegi í byrjun nóvember síðastliðinn en þá er vor í Suður-Afríku. Hægt er að velja nokkrar mislangar gönguleiðir í garðinum en við völdum, að hætti Íslendinga, að ráfa frekar um garðinn og sjá það sem fyrir augu bar.

Fyrst lá leiðin að brjóstmynd af Nelson Mandela. Fyrir aftan styttuna vex afbrigði af blómi paradísarfuglsins sem kennt er við forsetann fyrrverandi og kynbætt honum til heiðurs í Kirstenbosch og kallast Strelitzia reginae 'Mandela's Gold'. Kynbætur afbrigðisins hófust 1970 og tóku tuttugu ár en eins og nafnið gefur til kynna er afbrigðið með gulari blómum en aðrar plöntur innan ættkvíslarinnar.

Fljótlega eftir að komið er inn í garðinn blasir við hátt og krónumikið afrískt mahogany-tré, Khaya anthotheca. Tegundin var mikið nýtt til viðarframleiðslu fyrr á tímum en er sjaldgæft í náttúrunni og því friðuð. Sagan segir að grasafræðingurinn sem fyrstur greindi tréð hafi spurt innfæddan leiðsögumann sinn hvað tréð héti. Leiðsögumaðurinn svaraði khaya og skráði grasafræðingurinn heitið samviskusamlega niður. Ekki vitandi að á máli leiðsögumannsins þýddi khaya ég veit það ekki.

Blóm próteru-tegunda eru eins og plastblóm viðkomu.

Agapanthus eða höfuðlilja í blóma.

Köngulpálmar og annar gróður í Kirstenbosch þjóðargrasagarðinum og Höfðaborg í baksýn.

Næst var gengið meðfram fjölda innlendra fjölærra plantna og þykkblöðunga af þurrari svæðum landsins. Sumar af þessum plöntum voru í blóma og komu blóm þeirra og ættkvíslarnöfn kunnuglega fyrir sjónir þrátt fyrir að tegundirnar væru flestar framandi.

Í trjásafninu þekkti ég aftur á móti engar af þeim 450 tegundum sem þar eru en mikið var gaman að ganga fyrst um trjásafnið og síðan að skoða trjákrónurnar, lögun þeirra og litbrigði ofan frá og sjá hvernig trén uxu á mismunandi hátt til að ná að fanga sem mest af sólarljósinu. Brúin, sem kallast Boomslang eða trjáslanga á máli innfæddra, Afríkans, er 130 metra löng og 11,5 metrar þar sem hún er hæst.

Skammt frá brúnni var svo próteru-safn garðsins. Ættkvíslin virðist ekki hafa neitt nafn á íslensku en kónga Prótera, Protera cynarodides, er þjóðarblóm Suður-Afríku. Próterur eru sígrænir og uppréttir runnar sem geta náð sjö metra hæð og eru ólíkar tegundir algengar í landinu. Á Afríkans, tungumáli margra innfæddra, kallast plantan stundum fynbos og er það hún sem gefur því sérstæða gróðursvæði Suður-Afríku nafn sitt. Blóm ólíkra próteru-tegunda eru yfirleitt gul eða rauð eða þar á milli en öll eiga þau það sameiginlegt að vera eins og plastblóm viðkomu.

Eftir próterurnar var eriku-safnið skoðað en ríflega 600 tegundir af þeim finnast villtar í Suður-Afríku. Fæstar þeirra komu kunnuglega fyrir sjónir og gaman að sjá hversu ólíkar plöntur innan sömu ættkvíslar geta verið fjölbreyttar og ólíkar að hæð, lit og blaðlögun.

Hápunktur garðsins, bæði hvað varðar hversu langt inn í garðinn var gengið og hvað áhuga varðar að mínu mati, var safn Cycads, eða köngulpálma, sem eru plöntur sem hafa haldist óbreyttar frá tíma risaeðlnanna. Stofn og blöð eru ekki ólík venjulegum sólarstrandarpálmum en blómin alls ólík og líkjast stórum könglum barrtrjáa enda plantan einkynja berfrævingur.

Í garðinum er að finna eintak af köngulpálma sem á latínu kallast Encephalartos woodii og ein af fáum plöntum sem eftir eru í heiminum af þeirri tegund. Reyndar er það svo að allar plöntur af þessari tegund í heiminum eru klónar af eintakinu í Kirstenbosch og allt karlplöntur og með sama erfðaefni. Talið er að plantan hafi dáið út í náttúrunni skömmu eftir þarsíðustu aldamót vegna mikillar ásóknar í börkinn á henni sem þótti góður til lækninga. Plöntunnar, sem hefur verið í garðinum frá 1916, er vel gætt og höfð innan girðingar til að hindra að þjófar steli hlutum af henni og selji söfnurum. Auk þess sem plantan er girt af eru í kringum hana hreyfiskynjarar sem setja af stað viðvörun sé farið of nálægt henni.

Köngulpálmar og annar gróður í Kirstenbosch-þjóðargrasagarðinum og Höfðaborg í baksýn.

Stráþök eins og þetta í Kirstenbosch-grasagarðinum eru algeng í Suður-Afríku og iðulega búin til úr grösum sem kallast restios og eru algengar á suðurhveli og geta náð þriggja metra hæð.

Strelitzia reginae 'Mandela's Gold'.

Í garðinum er að finna eintak af köngulpálma sem á latínu kallast Encephalartos woodii og ein af fáum plöntum í heiminum af þeirri tegund.

Afrískt mahogany, Khaya anthotheca, var mikið nytjað til viðarframleiðslu fyrr á tímum en sjaldgæft í náttúrunni og því friðað.

Stæðilegur köngulpálmi. Plöntur sem hafa haldist óbreyttar frá tíma risaeðlnanna.

Inni á milli köngulpálmanna er búið að koma fyrir eftirlíkingum af risaeðlum til að leggja áherslu á hversu gamlar lífverur plönturnar eru.

Á leiðinni niður eftir garðinum voru skoðuð svæði með ýmsum tegundum ilmjurta og nytjaplantna.

„Þetta er staðurinn“

Ógerlegt er að vita með vissu hvernig svæðið sem Kirstenbosch-grasagarðurinn er á leit út áður en Hollendingar settust að þar sem Höfðaborg er í dag snemma á sautjándu öld. Gera má ráð fyrir að innfæddir hafi nýtt svæðið til veiða og annarra nytja og þar hafa fundist tvö þúsund ára gömul verkfæri sem benda til fastrar búsetu.

Hollendingar hófu fljótlega mikið skógarhögg við rætur og í hlíðum Table-fjalls. Timbrið var notað til húsagerðar, í vagna, til skipasmíði og sem eldiviður. Eftir að búið var að fella nánast öll trén var landið nýtt til landbúnaðar og þar meðal annars ræktuð fura og eukalyptus-tré til viðarframleiðslu.

Árið 1913 var ákveðið að stofna grasagarð á svæðinu í kringum þau fáu innlendu tré sem eftir voru. Hafist var handa við að uppræta innfluttar plöntutegundir sem höfðu ýtt innlendum gróðri til hliðar. Það var ekki fyrr en milli 1960 og 1970 að hreinsunin bar árangur og innlendur gróður náði aftur fótfestu og innlendur skógur fór að vaxa aftur í hlíðum Table-fjalls og umhverfis garðinn.

Hugmyndin að stofnun garðsins átti grasafræðingurinn Henry Harold Pearson. Pearson var menntaður frá Cambridge og flutti til Höfðaborgar til að taka við stöðu forstöðumanns grasafræðideilda Háskólans í Suður-Afríku sem í dag kallast Háskólinn í Höfðaborg. Sagt er að Pearson hafi verið að leita að svæði fyrir grasagarð í tengslum við háskólann árið 1911 og strax litist vel á Kirstenbosch og umhverfi þess og hrópar við komuna þangað „Þetta er staðurinn“. Hann fékk lága fjárveitingu til að stofna garðinn tveimur árum síðar. Pearson tók að sér að vera umsjónarmaður garðsins, launalaust, og bjó lengi innan marka hans við fremur þröngan kost.

Fyrstu árin töldu margir að Pearson hefði tekið sér of mikið fyrir hendur og verkefnið óframkvæmanlegt. Svæðið var undirlagt af erlendum gróðri, skógrækt til viðarframleiðslu og villisvínum. Fyrstu árin voru einu tekjur garðsins af sölu trjáviðar og akarna. Pearson lést úr lungnabólgu árið 1916 og er hann jarðsettur í garðinum.

Fána Kirstenbosch

Auk gróðursins í garðinum er Kirstenbolsch-svæðið ríkt af dýralífi. Þar eru auk fjölda skordýrategunda, froskar og fuglar, fiðrildi, snákar, refir og einskaka mangar, eða mongús og skjaldbökur.

Dýrin sem mest ber fyrir augu eru fuglar enda margar tegundir sem lifa í garðinum og í nágrenni hans. Þrátt fyrir að nokkrar tegundir af slöngum finnist í garðinum fer lítið fyrir þeim og einna helst að leita þeirra í runnum og kjarri.

Ríflega 600 tegundir af erikum finnast villtar í Suður-Afríku og fæstar af erikunum í Kirstenbosch-garðinum komu kunnuglega fyrir sjónir.

TÆKNI & ORKA

Fyrsta metandráttarvélin frá New Holland kemur á markaðinn 2020

– Verður mun ódýrari í rekstri en dísilknúin vél og mengar 80% minna

Dráttarvélaframleiðandinn New Holland hefur kynnt fyrstu metanknúnu T6 METHANE POWER dráttarvél fyrirtækisins sem kemur á markað 2020. Til að byrja með verður vélin framleidd í takmörkuðu magni svo enn er óvíst hvenær hún verður á boðstólum hjá umboðsaðilanum Kraftvélum á Íslandi.

Miklar væntingar hafa verið bundnar við metanvæðingu dráttarvéla sem gæti aukið sjálfbærni í sveitum þar sem einnig er mögulegt að framleiða metangas. Metan er víða framleitt í sveitum i Þýskalandi og Danmörku svo einhver ríki séu nefnd, en það er þá ýmist notað til húshitunar eða keyrslu ljósavéla til raforkuframleiðslu.

Það virðist sannarlega tími til kominn að menn fari að taka við sér í framleiðslu á ökutækjum sem ganga fyrir gasi. Fyrsta nothæfa ökutækið með sprengihreyfli sem gekk fyrir gasi var hannað af Frakkanum Etienne Lenoir árið 1860. Á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar hugðust Sovétríkin gasvæða samgöngur og atvinnutæki og hönnuðu mikið net gasstöðva. Lítið framboð af gasi á þeim tíma kom þó í veg fyrir að þetta verkefni næði almennilegu flugi.

Metangasknúna dráttarvélin New Holland T6 Methane Power er með nýjan NEF 6,7 lítra og 180 hestafla mótor.

Metangas mengar 80% minna en dísilolía

Venjulegt metangas sem þjappað er til notkunar á bíla, eða svonefnt „Compressed natural gas - CNG“, er þjappað 200 til 250 falt miðað við gas í óþjöppuðu ástandi, eða nálægt 3.000–3.600 psi. Þó slíkt dugi ágætlega á fólksbíla, þá þyrfti ansi umfangsmikla tanka ef nota ætti CNG gas á dráttarvélar eða önnur vinnutæki sem starfa þurfa lengi fjarri áfyllingarstöð. Það þyrfti t.d. þrisvar til fjórum sinnum meira pláss í tönkum til að aka sömu vegalengd á gasknúnum bíl og á dísilbíl.

New Holland T6 er einungis útbúin fyrir CNG gas en til að auka drægni er hægt að fá vélina með aukatank að framan þar sem venjulega er pláss fyrir þyngdarklossa eða balllest. Einnig er hægt að fá aukatank að aftan. Að öðru leyti eru gastankar á sama stað og olíutankar á hefðbundnum vélum. Vinnslutími T6 dráttarvélanna óbreyttra er því nokkuð takmarkaðri en dísilknúinna dráttarvéla af sömu stærð, en þær geta þó hentað vel þar sem áfyllingarstöð er í nágrenninu. Rekstrarkostnaður á metangasvélinni er hins vegar sagður um 30% lægri en á hefðbundinni dísilvél. Að öðru leyti hefur vélin sömu eiginleika og dísilknúna dráttarvélin.

Nýr mótor sem byggir á 20 ára reynslu í smíði gasvéla

Mótorinn er glænýr NEF 6,7 lítra sem er sagður sérhannaður af FPT Industrial fyrir landbúnaðarnotkun. Byggt er á 20 ára reynslu við þróun og smíði yfir 50.000 gasknúinna mótora. Mótorinn skilar 180 hestöflum og er með tog upp á 740 Newtonmetra sem þykir ansi gott. Þá skilar mótorinn aðeins 1% af sótögnum miðað við hefðbundna dísilvél og um 10% minna af CO_2 og sáralítið af öðrum mengandi lofttegundum. Í heild losar gasknúni mótorinn um 80% minna af mengandi lofttegundum en sambærilegi dísilmótorinn þótt gasknúni mótorinn sé í grunninn byggður á dísilmótor.

Til að auka drægni og keyrslutíma vélarinnar er hægt að bæta við gastönkum að framan og jafnvel aftan líka.

Aukin drægni næst með fljótandi gasi

Til að ná mikilli drægni eða keyrslutíma á vélum og trukkum er æskilegt að minnka rúmtakið á gasinu verulega og koma því í fljótandi ástand. Þá verður til það sem kallað er fljótandi gas eða „Liquefied natural gas -LNG.“ Til að hægt sé að koma gasi í fljótandi form þarf að kæla það niður í mínus 161,5° á Celsíus og ná þannig 600 faldri þjöppun. Slík aðferð er gjarnan notuð við flutning á gasi t.d. með skipum. Þá er staðan orðin áþekk hvað drægni varðar og hjá dísilknúnum ökutækjum miðað við ásættanlegt rúmtak eldsneytisgeyma. Til að nota fljótandi gas þarf sérstakar átöppunardælur. Þar sem innviðir fyrir venjulegt gas eru afar takmarkaðir á Íslandi er trúlega enn langt í land að hér verði sköpuð skilyrði fyrir notkun á fljótandi gasi.

Framtaksleysi í innviðauppbyggingu fyrir gas

Varðandi nýtingu á gasi í ökutæki á Íslandi reynir á aðgerðir stjórnvalda, en þar hefur ríkt alvarlegt stefnuleysi á liðnum árum. Lítil sem engin áhersla hefur verið lögð á uppbyggingu innviða fyrir gasknúin ökutæki. Öll áherslan hefur verið lögð á innviðauppbyggingu fyrir rafbíla þó vitað sé að mesti árangurinn í að draga úr losun koltvísýrings fengist af að skipta um orkugjafa fyrir dísilknúna trukka, rútur, strætisvagna og vinnutæki. Auk þess eru gasknúin ökutæki mun ódýrari í framleiðslu og innkaupum en rafknúin og orkan mun ódýrari en olía og víðast líka ódýrari en rafmagn. Svo ekki sé talað um þann ávinning sem fæst með brennslu á gasi sem skilar sáralítilli mengun, en eyðir um leið út gasinu sjálfu sem annars er mjög áhrifamikil gróðurhúsagastegund.

Ávinningurinn margfaldast ef notast yrði við lífrænt gas (Biogas) sem framleitt væri í landbúnaði. Þar næst líka annar ávinningur þegar t.d. kúamykja er nýtt við gasframleiðsluna, en mykjan verður mun betri áburður á eftir. Svo ekki sé talað um sparnað á gjaldeyri, bæði við eldsneytis- og áburðarkaup.



Fyrsta nothæfa ökutækið með sprengihreyfli sem gekk fyrir gasi var hannað af Frakkanum Etienne Lenoir árið 1860.

Á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar hugðust Sovétríkin gasvæða samgöngur og atvinnutæki og hönnuðu mikið net gasstöðva. Lítið framboð af gasi á þeim tíma kom þó í veg fyrir að þetta verkefni næði almennilegu flugi.

Rafknúnar stórar dráttarvélar eru ekki í sjónmáli

Sérfræðingar sem Bændablaðið hefur rætt við telja litlar sem engar líkur á að rafknúin tæki muni leysa af stórar dráttarvélar í náinni framtíð. Þar séu neikvæðu þættirnir einfaldlega illyfirstíganlegir varðandi rafhlöðurnar og endurhleðslutíma á orkunni. Þá yrðu slíkar vélar mjög dýrar í framleiðslu. Mun líklegra er talið að trukkar og stórar dráttarvélar, og önnur stór vinnutæki verði útbúin fyrir fljótandi metangas. Rafmagn hefur samt reynst vel í liðléttingum og minni vinnuvélum sem ekki þurfa að vera í notkun heilu dagana langt frá hleðslustað.

17 milljónir gasknúinna ökutækja á götum heimsins

Samkvæmt heimasíðu rússneska gasfyrirtækisins Gazprom eru um 17 milljón gasknúin ökutæki í umferðinni í heiminum í dag og fer ört fjölgandi. Leiðandi fyrirtæki í bílaframleiðslu bjóða öll upp á gasknúna bíla, þar með taldir framleiðendurnir Volvo, Audi, Chevrolet, Daimler-Benz, Iveco, MAN, Opel, Peugeot, Citroen, Scania, Fiat, Volkswagen, Ford, Honda, Toyota auk fyrirtækja eins og Ssangyoung, Seat og fleiri. Hafa gasknúnir fólksbílar notið mikillar hylli meðal þeirra sem þá hafa prófað hér á landi. Þeir eru hljóðlátari en dísilbílar og mun ódýrari í rekstri. */HKr.*

YLEININGAR

YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Þéttriðnu neti rafhleðslustöðva hefur verið komið upp um land allt frá árinu 2016. Hér eru einungis sýndar stöðvar sem ríkið hefur styrkt.

Orkusjóður styrkir uppsetningu rafhleðslustöðva:

Hluti af aðgerðaráætlun um orkuskipti í samgöngum

Orkusjóður hefur nú tvisvar með stuttu millibili úthlutað styrkjum til uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla á landsbyggðinni; fyrst var rúmum 30 milljónum úthlutað til 24 aðila við hótel- og gististaði og svo í byrjun síðustu viku var 227 milljónum króna úthlutað til uppsetningar á 43 öflugum hraðhleðslustöðvum á 32 stöðum vítt og breitt um landið.

Gert er ráð fyrir helmings mótframlagi frá framkvæmdaraðilum og má því meta heildarfjárfestingu verkefnanna nálægt 450 milljónum króna. Verkefnin eru hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og uppbyggingu innviða vegna orkuskipta í samgöngum.

Liðkar fyrir orkuskiptum hjá bílaleigum

Orkusjóður úthlutaði í fyrra skiptið styrkjum til uppsetninga á hleðslustöðvum fyrir rafbíla við hótel- og gististaði. Þá var alls úthlutað rúmum 30 milljónum króna til 24 aðila.

Þegar hleðslustöðvarnar verða allar komnar í gagnið er gert ráð fyrir að ríflega 110 rafbílar geti hlaðið samtímis við þessa hótel- og gististaði. Tilgangurinn er að liðka fyrir orkuskiptum hjá bílaleigum á landinu.

Hæstan styrk í þessari úthlutun fékk Orka náttúrunnar, 13,5 milljónir króna, til að setja upp 20 hleðslustöðvar og Farfuglar ses. hljóta 2,7 milljónir króna, einnig til uppsetningar á 20 stöðvum. Munurinn á upphæðum styrkjanna skýrist af kostnaði verkefnanna; verkefni Orku náttúrunnar sé einfaldlega kostnaðarsamara.

Eftirfarandi aðilar fengu úthlutað frá Orkusjóði til uppbyggingar hleðslustöðva við hótel- og veitingastaði:

Aurora Vacation Homes sf.
Bær hf / Hotel Klaustur
Bjarni Guðráðsson
Blábjörg ehf.
Búbíl ehf.
CJA gisting - Aðalsteinn Már Þorsteinsson
Dísarbyggð ehf.
Efstidalur 2
Farfuglar ses.
Ferðaþjónustan Óseyri ehf.
Fljótsdalshreppur
Frost og Funi
Havarí ehf.
Holt Inn ehf.
Hótel Berg - Gistiver ehf.
Hótel Búðir
Húnavatnshreppur
Kirkjumálasjóður
Landbúnaðarháskóli Íslands
MyGroup ehf.
Orka náttúrunnar
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Stefán Tryggvason v/ Hótel Natur
Vogur Sveitasetur Heyá ehf.

Innviðauppbyggingu fyrir rafbílavæðingu miðar vel.

Hindrunarlausar ferðir rafbíla milli landshluta

Í seinni úthlutuninni voru veittir styrkir til uppbyggingar á hraðhleðslustöðvum, með 150 kW afl. Til samanburðar eru flestar almenningshleðslustöðvar í dag með 22 kW eða 50 kW afl. Þeim er ætlað að styrkja uppbyggingu hraðhleðslustöðva á lykilstöðum á landinu og tryggja þannig hindrunarlausar ferðir rafbíla milli landshluta.

Hraðhleðslustöðvarnar verða settar upp á eftirfarandi stöðum:

- Mosfellsbær
- Borgarnes
- Þingvellir
- Vegamót á Snæfellsnesi
- Ólafsvík
- Stykkishólmur
- Búðardalur
- Bjarkalundur
- Patreksfjörður
- Ísafjörður
- Hólmavík
- Staðarskáli
- Blönduós
- Varmahlíð
- Akureyri
- Mývatnssveit
- Egilsstaðir
- Seyðisfjörður
- Djúpivogur
- Höfn – Nesjahverfi
- Freysnes
- Skaftafell
- Kirkjubæjarklaustur
- Vík í Mýrdal
- Hvolsvöllur
- Hella
- Geysir
- Selfoss
- Keflavíkurflugvöllur
- Reykjanes – flugvallasvæði
- Reykjanesbær
- Norðlingaholt

Að auki verður sett um 50 kW hleðslustöð á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal.

Styrkveitingarnar byggja á tillögum starfshóps sem ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra skipuðu í byrjun árs og var falið að móta tillögur um aðgerðir til að hraða orkuskiptum hér á landi, í samræmi við aðgerðaáætlanir um orkuskipti og loftslagsmál. */smh*

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM

Riddarastjarnan vex villt í Brasilíu og í Andesfjöllum Mið- og Suður-Ameríku allt til Mexíkó.

Riddarastjarna

Af öllum þeim blómum sem við notum til að skreyta híbýli okkar á jólum og skammdegi yfirleitt er riddarastjarnan ein sú blómfegursta. Hávaxnir blómstilkar vaxa upp úr stórum lauk. Efst á hverjum stilk myndast stór og glæsileg blóm sem gaman er að fylgjast með.

Blómliturinn er af ýmsu tagi, hér þekkjum við aðallega sterkrauð yrki, enda höfum við vanist því að tengja riddarastjörnuna jólum, en hann fæst einnig hvítur, gulur og tvílitur.

Hippeastrum eða Amaryllis?

Riddarastjarnan vex villt í Brasilíu og í Andesfjöllum Mið- og Suðurameríku allt til Mexikó. Hippeastrum er hið kórrétta heiti ættkvíslarinnar sem tegundin telst til, en fyrir misskilning sem erfitt hefur reynst að uppræta hefur nafnið Amaryllis fest við hana svo oftar en ekki gengur tegundin undir því heiti í almennri umfjöllun. Amaryllis er hins vegar hópur tegunda sömu ættar sem á uppruna sinn í Suður-Afríku. Hér er bæði um hreinan nafnarugling að ræða og einnig deilur vísindamanna sem hafa átt erfitt með að staðsetja þessar tegundir innan flokkunarfræðinnar. Það var ekki fyrr en tekin var sameiginleg ákvörðun sérfræðinga beggja vegna Atlantshafsins árið 1987 sem nafngiftirnar voru formlega ákveðnar.

Blendingur nokkurra tegunda

Riddarastjarnan er kynblendingur nokkurra tegunda Hippeastrum-ættkvíslarinnar sem hefur verið ræktaður á Vesturlöndum síðan á 18. öld.

Amaryllis er hópur tegunda sömu ættar sem á uppruna sinn í Suður-Afríku.

Laukarnir eru framleiddir í stórum stíl á ökrum, líkt og aðrir skrautlaukar og síðan meðhöndlaðir á sérstakan hátt til að kalla fram blómvísa, sem eru varðveittir í lauknum og sjást ekki fyrr en hann er tekinn til ræktunar.

Ræktun og blómgunartími

Íslenskir garðyrkjubændur flytja laukana til landsins á haustin og gróðursetja þá grunnt í stóra blómapotta og rækta þá í gróðurhúsi þar til blómið, sem fram að því hafði varðveist inni í lauknum, tekur að vaxa uppúr honum. Þá er yfirleitt komið fram í nóvember og hægt er að bjóða þá til sölu í blómaverslunum. Hægt er að nota hitastýringu til að stjórna því hversu hratt blómin þroskast. Ef ætlunin er að hraða blómþroskanum er hitinn hækkaður dálítið upp fyrir 20°C, annars má hægja á þroskanum með því að lækka hitann, jafnvel niður í 10°C eða enn neðar ef þörf er á. Annars gildir sú regla að því svalari sem aðstæður eru þegar blómin hafa opnast þeim mun lengur standa þau á plöntunni. Riddarastjarna sem opnar fyrstu blómin um miðjan desember ætti að vera í blóma langt fram eftir janúarmánuði.

Hvað svo?

Lauf riddarastjörnunnar taka að vaxa af krafti þegar blómmyndunin er langt komin. Ef ætlunin er að reyna að fá laukinn til að blómstra aftur er eftirfarandi leið fær: Þegar laufblöðin hafa náð fullum þroska að lokinni blómgun er plantnan ræktuð áfram með daufri áburðarlausn eða með því að setja hana í örlítið stærri pott með meðalsterkri mold.

Plantan er ef til vill engin sérstök híbýlaprýði án blómanna en henni er sem sagt haldið í góðri rækt fram eftir sumri. Þá er dregið úr vökvun og plantan látin þorna í pottinum og við tekur dvalatími hennar. Á þessum þurra dvalatíma má geyma plöntuna á afviknum stað við lágan hita, td í kringum 10°C. Þegar haustar á ný er laukurinn, sem þá er orðinn þurr og skorpinn, settur grunnt í blómapott með venjulegri gróðurmold og vökvaður varlega við 15–20°C. Þá myndast rætur og lífsferillinn hefst aftur með endurtekinni blómgun í kjölfarið. Þannig má láta sama laukinn blómstra ár eftir ár.

Ingólfur Guðnason
námsbrautarstjóri
garðyrkjuframleiðslu BHÍ
Reykjum, Ölfusi

MAST ...frá heilbrigði til hollustu
Matvælastofnun

Flutningar á nautgripum

Eins og flestir búfjáreigendur vita er landinu skipt upp í 25 varnarsvæði eða hólf með svokölluðum varnarlínum sem ýmist eru girðingar eða náttúrulegar hindranir. Flutningar á nautgripum á milli hólfa (yfir varnarlínur) eru háðir leyfi Matvælastofnunar. Flutningar á nautgripum innan varnarhólfa eru aðeins skráningarskyldir í hjarðbók t.d. í Huppa.is (ekki þarf að sækja um).

Þegar flytja á nautgripi yfir varnarlínur er það kaupandinn sem sækir um flutningsleyfið á Þjónustugátt Matvælastofnunar og það er héraðsdýralæknir í umdæmi kaupandans sem afgreiðir leyfin.

Umsóknir

Þegar umsókn um flutning nautgripa berst til Matvælastofnunar er framkvæmd ítarleg skoðun til þess að ákveða hvort samþykkja eigi umsóknina eða hafna henni. Garnaveiki er fyrst og fremst sá sjúkdómur sem óttast er að geti fylgt í kjölfar nautgripaflutninga. Þess vegna er allur flutningur á nautgripum frá búum þar sem garnaveiki hefur greinst undanfarin 10 ár bannaður. Listi yfir garnaveikibæi á heimasíðu Mast er uppfærður reglulega.

Viðauki við reglugerð nr. 911/2011 um garnaveiki og varnir gegn henni segir til um hvar á landinu er skylt að bólusetja lömb og kið:

1. ***Á Suðvesturlandi og Vesturlandi frá Markarfljóti að Hvammsfjarðarlínu úr Hvammsfirði í Hrútafjörð. Ekki er þó skylt að bólusetja á fjárskiptabæjum í Biskupstungum eða í Vestmannaeyjum.***
2. ***Á Norðurlandi frá Húnaflóa að Skjálfandafljóti og einnig í Skútustaðahreppi. Ekki er þó skylt að bólusetja í Miðfjarðarhólfi eða í Grímsey.***
3. ***Á Austurlandi, frá Smjörfjallalínu að Hamarsfjarðarlínu. Undanskildir eru þó bæir í Suðurdal/Suðurbyggð í Breiðdal og á Berufjarðarströnd norðan Berufjarðarbotns.***
4. ***Á Suðausturlandi frá Hamarsfjarðarlínu að Jökulsá á Breiðamerkursandi.***

Hérlendis hefur aldrei fundist hinn alvarlegi sjúkdómur kúagarnaveiki heldur er hér um að ræða sauðfjárgarnaveiki sem þó getur smitast yfir í nautgripi. Bólusetning sauðfjár gegn garnaveiki er ekki trygging fyrir því að það geti ekki smitast, aðeins að það veikist ekki, og þar af leiðandi getur smit eftir sem áður borist í nautgripi. Þess vegna stafar mestri hættu af flutningi nautgripa af svæði þar sem bólusett er við garnaveiki yfir á svæði þar sem ekki er bólusett. Það er vegna þess að ef nautgripur smitaður af garnaveiki kæmi inn á svæði þar sem ekki er bólusett, gæti hann verið búinn að smita marga gripi áður en það uppgötvast, því sjúkdómurinn er lengi að búa um sig og smitefnið getur hafa dreifst með saur í langan tíma. Það gefur því auga leið að tjónið getur orðið umtalsvert og krafa yrði gerð um skyldubólusetningu á svæðinu.

Hins vegar er líklegt að leyfi fengist til þess að flytja nautgripi:

- ***milli svæða þar sem bólusett er í báðum hólfum***
- ***milli svæða þar sem bólusett er í hvorugu hólfi***
- ***frá svæði þar sem ekki er bólusett yfir á svæði þar sem er bólusett***

Á þessu er þó sá fyrirvari að þó að bólusett sé í Snæfellsneshólfi þá er það líflambasöluhólf og það mundi glata þeirri stöðu ef þar kæmi upp garnaveiki. Því má bara leyfa flutning á nautgripum í hólfið frá svæðum sem eru laus við garnaveiki og ekki er bólusett.

Héraðsdýralæknir sem afgreiðir umsókn um flutning á nautgripum tekur einnig tillit til hvort aðrir sjúkdómar gætu verið á ferli eins og t.d. veiruskita sem gæti orðið til þess að flutningi sé hafnað eða honum seinkað.

Einnig tekur héraðsdýralæknir afstöðu til þess hvort hafna þurfi umsókn um flutning vegna áhættu við riðusmit, t.d. ef óskað er eftir því að flytja nautgripi frá búi sem er á miklu riðusvæði, yfir á bú sem er með sauðfé og er staðsett á hreinu svæði.

Algjört skilyrði til þess að leyfi til flutnings fáist er að skráningar í hjarðbók séu uppfærðar reglulega og gefi rétta mynd af hjörðinni. Einnig gætu niðurstöður eftirlits haft áhrif á afgreiðslu umsókna.

Sigrún Bjarnadóttir*,*
dýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma
hjá Matvælastofnun

Flutningi fjögurra lambhrúta yfir varnarlínu vísað til lögreglu

Matvælastofnun hefur óskað eftir lögreglurannsókn á meintum flutningi fjögurra lambhrúta frá Vestfjörðum til Norðurlands eystra. Óheimilt er að flytja sauðfé yfir varnarlínur nema í sérstökum undantekningartilfellum að fengnu leyfi stofnunarinnar.



Meintur flutningur uppgötvaðist við eftirlit og hefur flutningsbann verið sett á hrútana að því er segir á vefsíðu MAST.

Árið 2016 sótti viðtakandi hrútanna um leyfi til Matvælastofnunar um kaup á fimm lambhrútum úr Vestfjarðahólfi vestra. Þeirri umsókn var hafnað.

Tilgangur dýrasjúkdómalaga er m.a. að hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra. Samkvæmt þeim lögum ákveður ráðherra, að fengnum tillögum Matvælastofnunar, hvaða varnarlínum skuli haldið við. Varnarlínur eru ákveðnar til að verja eftir föngum bústofn bænda fyrir dýrasjúkdómum.

Bændur, búalið og aðrir landsmenn!

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

BRIMCO ehf
Sími: 566 7242 - GSM: 894 5111
Netfang: brimco@brimco.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

STREYMI heildverslun

Kælitækni

LANDSTÓLPI

LÍFLAND
Stofnað 1917

STRÚKTÚR
www.struktur.is

ÍSRÖR

ÞÓR HF

MIÐFLOKKURINN

HYDROSCAND
SLÖNGUR OG TENGIBÚNAÐUR

BENEDIKT HJALTASON

VÉLAVAL
www.velaval.is

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS

Aloe – læknirinn í blómapottinum

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Alexander mikli þekkti til græðandi eiginleka aloe-plöntunnar og flutti þær með sér í pottum í landvinningaferðum sínum til að græða sár hermanna sinna. Plantan er vinsæl pottaplanta hér á landi enda auðveld í ræktun. Aloe er mest ræktaða lækningaplanta í heimi.

Erfitt er að átta sig á umfangi aloe-ræktunar í heiminum enda fleiri en ein og fleiri en tvær tegundir í ræktun. Plantan er einnig nytjuð í náttúrunni vegna mismunandi eiginleika. Löndin sem mest rækta af aloe eru Ástralía, Bangladess, Kúba, Dóminíska lýðveldið, Kína, Mexíkó, Indland, Jamaíka, Spánn, Kenýa, Tansanía, Suður-Afríka og suðurfylki Bandaríkjanna Norður-Ameríku.

Áætlað er að velta á vörum framleiddum úr aloe vera árið 2018 hafi verið ríflega 253 milljónir bandaríkjadalir sem jafngildir rúmum 30,7 milljörðum íslenskra króna. Áætlanir gera ráð fyrir að sú velta verði komin í 471 milljón dollara, 57 milljarða, árið 2026.

Ekki fundust upplýsingar um innflutning á aloe eða afurðum unnum úr plöntunni á heimasíðu Hagstofunnar.

Ættkvíslin Aloe

Heimildum ber ekki saman um hversu margar tegundir teljast til ættkvíslarinnar Aloe en þær eru sagðar vera milli 250 og 500 auk þess sem til er fjöldi undirtegunda, afbrigða og yrkja. Ólíkar tegundir finnast villtar á þurrkasvæðum um sunnanverða Afríku, á Madagaskar, Jórdaníu, Arabíuskaga og eyjum í Indlandshafi. Auk þess sem plönturnar hafa aðlagað sig vel í löndunum í kringum Miðjarðarhafið, Indlandi, Ástralíu, í suðurríkjum Norður-Ameríku, Mið-Ameríku og norðurhluta Suður-Ameríku eftir að hafa verið fluttar þangað til ræktunnar.

Sígrænar og fjölærar plöntur sem flestar vaxa upp af blaðhvirfingu þar sem þykk og safarík blöð sem annaðhvort eru þyrnótt eða án þyrna mynda rósettu með þykkum en fremur grunnt liggjandi trefjarótum sem lifa í sambýli við sveppi til að auðvelda næringarefnanám. Ummál rósettunnar er breytilegt eftir tegundum. Upp af rósettunni miðri, sem annaðhvort vex við jörðina eða myndar stofn með auknum aldri miðri, vex lauflaus blómstöngull eða stönglar sem stundum eru greinóttir og mislangir eftir tegundum. Blómin sem eru mörg saman á stöngulendunum eru pípulaga, gul, appelsínugul, bleik eða rauð.

Ýmsar tegundir innan ættkvíslarinnar, eins og til dæmis A. arborescens, A. perfoliata, A. chinensis, A. littoralis eru í ræktun til landbúnaðar eða sem pottaplöntur auk þess sem villtar tegundir eru talsvert nytjaðar.

Tegundir eins og A. vera, A. perryi og A. ferox eru vel þekktar lækningajurtir en aðrar eru nytjaðar vegna trefjanna og tegundir eins og A. socotrina og A. barbadensis eru notaðar til að búa til bragðefni fyrir matvörur.

Óþekkt aloe-tegund í Kirstenbosch grasagarðinum í Höfðaborg. Myndir / VH

Þyrnar aloe eru bæði stórir og hvassir.

Aloe feox á akri í Suður-Afríku.

Tegundirnar A. vera og A. ferox eru þær aloe-tegundir sem mest eru ræktaðar í heiminum í dag og þær eru mest ræktuðu og nytjuðu lækningajurtir veraldar. Langstærstur hluti uppskerunnar er notaður til að búa til vörur sem tengjast heilsu- og snyrtivörum.

Aloe ferox

Fjölær stofnplanta sem verður tveir til þrír metrar að hæð. Rósettan sem vex efst á trékenndum stofninum er með mörgum 40 til 60 sentímetra löngum og þyrnóttum blöðum en þyrnunum fækkar eftir því sem plantan eldist. Blómstöngullinn greindur og milli 60 og 120 sentímetra að hæð. Blómin rauð, gul og appelsínugul að lit, pípulaga og 2,5 sentímetra að lengd. A. ferox plöntur geta verið talsvert breytilegar eftir vaxtarstað og aðstæðum. Plantan sem er oft kölluð bitur aloe finnst villt um mest allan suðurhluta Suður-Afríku í sendnum og grýttum jarðvegi og þar sem sólar nýtur að fullu.

Aðallega ræktuð af fræi eða þá að rósettan er tekin af gömlum plöntum og látin ræta sig. Yfirleitt tekur fjögur til fimm ár fyrir fræplöntur að ná nýtingarþroska sem er þegar hvert blað rósettunnar er 1,5 til 2,5 kíló að þyngd.

Aloe vera

Fjölær og sígrænn planta með rósettum sem vaxa umhverfis grannan stofn sem oft er jarðlægur og verður plantan sjaldan hærri en einn metri. Blöðin vaxkennd viðkomu, grænn eða grágrænn, 30 til 60 sentímetra löng og snarptennt, ljósgul og eru ung blöð oft með hvítum blettum. Blómstöngullinn allt að 100 sentímetrar að hæð og greindur, blómin gul og mörg saman á stöngulendanum.

Læknirinn í pottinum. Aloe vera er vinsæl pottaplanta og ætti að vera til á öllum heimilum vegna græðandi eiginleika sinna.

Saga og útbreiðsal

Tegundin A. vera er langsamlegast algengasta tegundin í ræktun í dag og það sem á eftir fer á að mestu um hana. Tegundin er talin vera upprunnin á suðvesturhluta Arabíuskaga og að þaðan hafi hún snemma borist til suðurhluta Indlands og Súdan. Í dag hefur plantan breiðst út með ræktun og víða náð rótfestu í náttúrunni þar sem hún hefur slæðst út frá ræktun. Meðal annars í Norður-Afríku, suðurhluta Spánar, Súdan og á Kanaríeyjum svo dæmi séu nefnd. Tegundin var flutt til Kína á sautjándu öld þar sem hún hefur komið sér vel fyrir bæði sem nytjaplanta í ræktun og í náttúrunni.

A. vera á sér langa ræktunarsögu sem lækningaplanta. Ritaðar heimildir frá Egyptalandi benda til að Forn-Egyptar hafi gróðursett aloeplöntur meðfram aðalveginum að pýramídanum í Gísa og notað safa plöntunnar til lækninga 4000 árum fyrir Krist. Egyptar sögðu plöntuna varðveita leyndarmál fegurðarinnar og eilífs lífs og bæði Kleópatra og Nefredíta notuðu húðkrem sem unnið var úr henni til að viðhalda fegurð sinni og yndisþokka. Egyptar notuðu safa plöntunnar við smurningu náa

til varðveislu og þótti safinn einstaklega bakteríu- og sveppadrepandi og hún kölluð planta eilífðarinnar. Einnig var til siðs í Egyptalandi til forna að hafa með sér aloe-plöntu í jarðarfarir sem tákn um eilíft líf. Þegar plantan blómstraði var það merki um að hinn látni hefði lokið hættulegri siglingu gegnum undirheima og náð að ströndum Duat eða handan heimsins.

Á papírus frá borginni Eber og 1550 árum fyrir kristburð er talað um að aloe sé bólgu- og kvalastillandi.

Súmverskar leirtöflur frá borginni Akkad frá því milli 2100 og 2200 fyrir Krist benda til notkunar á aloe til lækninga. Heimildir frá svipuðum tíma frá borginni Nippur í Mesapótamíu benda til svipaðra nytja auk þess sem þar segir að hin guðlega planta aloe sé góð til að hrekja út illa anda og djöfla sem tekið hafa sér bólfestu í líkama manna.

Plöntunnar er getið á Atharvaveda-ritum Hindúa frá um 1200 fyrir upphaf okkar tímatals og hún kölluð þögli græðarinn.

Alexander mikli, uppi 356 til 323 fyrir Krist, þekkti til græðandi eiginleka plöntunnar og flutti með sér aloe-plöntur í pottum á vögnum í landvinningaferðum sínum. Sagt er að Alexander hafi særst illa af ör og sárið gróið illa þar til það var smurt með aloe-safa. Aristóteles, kennari Alexanders, sannfærði hann í framhaldinu um að hernema Socotra-eyjar í Indlandshafi og tryggja sér þannig nógan aðgang að aloe og freskum safa plöntunnar til að græða sár hermanna sinna.

Rómverjar þekktu græðandi mátt plöntunnar og rómverski grasafræðingurinn og læknirinn Pedanius Dioscorides sem var uppi á tíma Nerós keisara ferðaðist um Austurlönd til að kynna sér plöntulækningar. Í lækningabók sinni De Materia Medica segir hann aloe vera eina af sínum uppáhalds lækningaplöntum og ráðleggur hana við margs konar mannameinum eins og sárum, iðraverkjum, bólgum í gómi, liðverkjum, húðkláða, sólbruna og hárlosi.

Pliny eldri, 23 til 79 fyrir Krist, segir í náttúrufræði sinni að besta leiðin til að lægja blæðandi niðurgang sé að sprauta aloe-smyrsli upp í endaþarminn.

Talið er að plantan hafi borist til Kína og annarra Austurlanda fjær með kaupmönnum eftir Silkileiðinni. Kínverski stjörnufræðingurinn Shi-Shen, sem meðal annars rannsakaði loftsteina og var uppi á fjórðu öld fyrir Krist, þekkti til plöntunnar. Hann sagði að aloe-plantan væri hluti af daglegu lífi Kínverja og að hún skapaði samhljóm í tilverunni. Markó Póló sagði frá plöntunni í ferðabók sinni og sagði hana mikið notaða til lækninga í Austurlöndum fjær. Plantan er einnig í hávegum höfð í Japan og kölluð konunglega jurtin og samúræjar notuðu safa hennar sem græðandi krem.

Aloe er getið nokkrum sinnum í Gamla testamentinu. Í Ljóðaljóðunum 4:14 „nardus og saffran, ilmreyr og kanel, myrru og alóe og allar dýrustu ilmjurtir“, Orðskviðunum 7:17 „Myrru, alóe og kanel hef ég stökkt á hvílu mína.“ og Sálmunum 7:9 „Allur skrúði þinn angar af myrru, alóe og kassíu, þú gleðst af strengleik úr fílabeinshöllum.“ Grasafræðingar telja að þar sé þó um nafnarugling að ræða og að viðkomandi planta sé ekki aloe-tegund heldur tré sem á latínu kallast Aquilaruia malaccensis eða A. agallocha en þær plöntur virðast ekki hafa íslenskt heiti. Á ensku kallast A. malacceensis eaglewood tree, aloeswood og paradísartré í íslenskri þýðingu.

Samkvæmt mið-austurlenskri þjóðsögu er aloe-tréð upprunnið í aldingarðinum Eden og eina tréð sem enn er til úr þeim garði. Sagan segir að Adam hafi haft með sér græðling af trénu og gróðursett hann þar sem hann og Eva settust að eftir brottreksturinn úr Paradís.

Nunnan, sjáandinn, tónskáldið og rithöfundurinn Hildigerður frá Bingen, sem var uppi í kringum 1100 eftir Krist, sagði að aloe læknaði margs konar sýkingar, mígreni og græddi sár.

Sagt er að Kristófer Kólumbus og fleiri kapteinar hafi haft aloe-plöntur í pottum í löngum siglingum til að græða sár skipverja og vitað er að spænskir Jesúítamunkar á sextándu öld voru duglegir að dreifa plöntunni á svæði sem hún fannst ekki fyrir. Eftir að Maya-indíánar í Mið-Ameríku kynntust plöntunni í gegnum kristniboða kenndu þeir hana við æskubrunninn.

Nafnaspeki

Aloe vera-plantan á sér nokkur samheiti á latínu og þar á meðal heiti eins og A. barbadensis, Aloe indica Royle, Aloe perfoliata var. vera og A. vulgaris. Auk þess sem hún gengur undir fjölda alþýðuheita eins og kínverskt aloe, Indíána eða Barbados aloe, eld aloe og skyndihjálpar plantan. Auk þess sem plantan hefur verið kölluð þögli græðarinn og læknirinn í blómapottinum.

Latneska ættkvíslarheitið Aloe er komið úr arabísku alloeh eða hebresku halal og þýðir bitur og glansandi safi eða efni. Tegundarheitið vera þýðir sannleikur.

Á íslensku þekkjast heitin blaðlilja, biturblöðungur, remmulilja og er hún líka kölluð alóa.

Nytjar

Í dag eru unnar margs konar húð- og snyrtivörur og græðandi smyrsl úr plöntunni og úr henni er unnið gel sem er notað í jógúrt, drykkjarvörur og ýmiss konar eftirrétti. Áður fyrr var gel úr plöntunni selt sem hægðalosandi en í dag er það bannað þar sem mikil inntaka á aloe getur verið hættuleg og haft slæmar aukaverkanir. Reyndar eru fáar ef nokkrar rannsóknir sem sýna að neysla á aloe í gegnum munninn sé holl.

Ræktun og umhirða

A.vera er vinsæl pottaplanta hér á landi og ætti raunar að vera til á öllum heimilum vegna græðandi eiginleika sinna. Planta er auðveld í ræktun og fátt sem drepur hana nema þá helst ofvökvun. Hún kýs sandblendna og fremur rýra mold, sem má þorna á milli á milli vökvanna, og bjartan stað en ekki endilega beina sól og kjörhiti hennar er 15°C plús. Auðvelt er að fjölga plöntunni með hliðarsprotum.

Aloe á Íslandi

Í öðru bindi Tíðinda um stjórnarmálefni Íslands 1870 er ská yfir læknisdóma, sem lyfsölumenn mega ekki selja með „meiri ávinningi, þegar þeir eru keyptir fyrir borgin útí hönd, og keyptir er eins mikið að vikt, og tiltekið er við hverja vörutegundum sig, og þaðan meira, en 331/3 af hundrað fram yfir það verð, sem þeir fengist fyrir ef þeir væru pantaðir frá kaupmönnum þeim í Hamborg eða Kýbekk, sem selja ótilbúna læknisdóma.“ Í framhaldinu fylgir listi yfir slíka læknisdóma þar sem má finna Aloe eða alóe.

Í Búnaðarritinu 1894 er grein eftir Stefán Sigfússon sem nefnist Um hina helztu sjúkdóma og kvilla búpenings vors, sjer i lagi innvortis, og nokkur ráð og lyf við þeim. Í greininni segir að aloe-tiktúra sé góð við þurrum og sprungnum júgrum og spenum.

„Sprungur þær sem skepnur títt fá í þurrum og heitum sumrum, er einkar gott að bera fótafeiti á sem fáeinir dropar af karbólolíu hafa verið látnir drjúpa í; svo er og glycerin got til hins sama; en sjeu sprungurnar djúpar, er ráðlagt að „pensla“ þær með „aloe-tinktúri eða fínsteyttu álúni hrærðu í eggjahvítu. Annars er gamalt og gott ráð við öllum sprungum og sárum á spenum vallhumalssmyrsl, er vænta má að allir kunni að búa til.“

Á árunum milli 2000 og 2009 er mikið fjallað um hollustu aloe-afurða í íslenskum fjölmiðlum, bæði í umfjöllunum og í auglýsingum. Afurðir plöntunnar eru mærðar sem allra meina bót en minna fer fyrir umfjöllun um plöntuna sjálfa enda lítill hagnaður í að selja grunnefnið þegar hægt er að þynna það út og selja dýrara þannig.

Ungplöntur af A. ferox sem ætlaðar eru til framleiðslu á húðvörum.

Óþekkt aloe-tegund í Suður-Afríku.

Blóm A. ferox eru mörg saman á stöngulendunum, pípulaga, gul, appelsínugul, bleik eða rauð.

Rósetta með hliðarkrönsum.

Upp af rósettunni miðri vex blómstöngull eða stönglar sem stundum eru greinóttir og mislangir eftir tegundum.

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Ber að neðan, aflimun trjáa

– Uppkvistun og heilbrigður skógur

Að ganga um skóg þykir flestum yndislegt. Maður endurhleður batteríin í kyrrðinni og hreina loftinu. Fátt toppar þó að ganga um skóg og snyrta tré. Það er gott fyrir sálartetrið okkar, er góð líkamsrækt og gerir gæfumuninn fyrir skóginn. Að vera einn í skóginum eða vera með hóp, það er bæði gaman. Þetta er eitthvað sem allir þyrftu að prófa. Það er alltaf eitthvað hægt að möndla í skóginum.

Í útgáfu Bændablaðsins frá 15. mars 2019, á blaðsíðu 50, kom út greinin „Toppnum náð“ sem fjallaði um helstu atriði tvítoppaklippingar. Þessi grein er sjálfstætt framhald af henni og fjallar um uppkvistun trjáa.

Í skógi þar sem vaxa saman tvær kynslóðir skóga eða tvær ólíkar tegundir er æskilegt að greinahreinsa stóru trén svo trén í skógarbotninum hljóti ekki skaða af greinum þeirra. Mynd / Hlynur Gauti Sigurðsson

Orðið „uppkvistun“

Til eru nokkur orð sem notuð eru yfir að fjarlægja greinar af stofni trés. Með orðinu „uppkvistun“ er átt við greinahreinsun á lifandi tré. „Afkvistun“ er þegar greinar eru fjarlægðar af stofni trés sem hefur þegar verið fellt, t.d. við grisjun eða stormfall. Í báðum tilfellum er um greinahreinsun að ræða, þó í mismunandi tilgangi.

Tilgangur

Það geta legið margar ástæður fyrir að uppkvista tré. Í görðum er gjarnan um fegrunaraðgerð að ræða eða bót á aðgengi.

Þegar tré í nytjaskógi eru uppkvistuð er venjulega verið að gera góð tré betri og eftirsóknarverðari söluafurð síðar meir. Með uppkvistun verður álag viðarins jafnara og þar af leiðandi sterkari sé verkið unnið af kostgæfni. Uppkvistun er því hluti af ræktunarferli úrvals timburs.

Timbrið

Allar tegundir trjáa má uppkvista og gerir það öllum trjám gott. Greinar geta verið harðar eins og á greni, mjúkar eins og fura, stökkar eins og lerki og allt þar á milli. Markaðurinn ræður eftirspurn á nytjaviði en framboð á innlendum viði er og verður í höndum skógræktenda. Því fjölbreyttari sem skógarauðlindin er þeim mun meira úrval er á markaðnum. Vænta má að eftirspurn eftir kvistlausu timbri eigi eftir að aukast á næstu árum og áratugum vegna vaxandi vitundar almennings kostum tumburs.

Ekki á haustin

Það skal varast að uppkvista í skógum á haustin, eða frá byrjun september fram að kuldatíð vetrarins. Á því tímabili eru skógarnir að leggjast í dvala og geta illa varið sig fyrir sveppagróum sem ennþá eru í loftinu á þessum tíma og geta stundum farið illa með trén, komist þau í bert sár.

Heppilegast er að klippa að vetri því þá eru greinar meðfærilegastar. Á sumrin er það í lagi trjánna vegna en það getur verið erfiðara að meta form trjánna þegar skógurinn er í skrúða.

Á vorin er mikil vatnsupptaka í trjánum og sár eiga það til að „blæða“ mikið á þeim tíma. Það getur skemmt viðinn. Auk þess eru fiðraðir vinir okkar óhressir með langvarandi heimsóknir á vorin.

Undirbúningur

Þegar snyrta á tré er best að hafa meðferðis viðeigandi verkfæri, vinnuföt, vinnuhanska, skyndihjálparbúnað og öryggisgleraugu. Viðeigandi verkfæri eru greinasagir sem passa vel í hönd, ýmist með



Hér eru dæmigerðar hulsur á furugrein. Best er að saga greinina við hulsuna en ekki slétt við stofninn. Mynd / Hlynur Gauti Sigurðsson



Á þessari mynd má sjá merki um bæði góð og slæm vinnubrögð. Getur þú greint á milli? Mynd / HGS

Alltaf er von. Hér er mikið álag á bolnum eftir að aukastofn var fjarlægður. Þetta er þó betra en að hafa tvo stofna, eða fleiri. Mikilvægt er að fjarlægja aukastofna af trjám þegar þau eru ung. Mynd / HGS



Beit og skógrækt fer vel saman, sérstaklega í uppkvistuðum skógi. Mynd / Hlynur Gauti Sigurðsson

Með uppkvistun má komast hjá niðurrifi vegna íss. Mynd / Kolbrún Guðmundsdóttir

Jaðra má, ekki snyrta, en ekki of mikið því vindur og snjór á annars greiða leið í skóginn. Mynd / HGS

Ágætt er að uppkvista tré sem er komið í rúmlega mannhæð. Mynd / HGS

Við skilin, þar sem grein furu gengur í stofninn, má smá „krumpu“ og er hún greinlegri eftir því sem greinin er sverari. Þetta nefnist „greinarháls“ eða „hulsa“ og þar eru mikilvæg varnarhormón fyrir tréð. Þegar grein er söguð á furu skal komast hjá því að særa greinarhálsinn, heldur saga alveg upp að henni.

Varfærni er besta færnin

Tré sem brotnar í stormi brotnar þar sem það er veikast fyrir, eins og við tvístofn. Eitt viðmið er að uppkvista ekki mikið hærra en nemur hálfri hæð trésins. Tré, sem hafa fíngerða krónu og fella barr eða lauf, (t.d. lerki og birki) þola hærri uppkvistun en sígræn tré og krónumikil (fura og greni). Við þau tré getur jafnvel verið varasamt að afgreina hærra en þriðjung neðan af trénu. Tré í skógi veitir skjól fyrir hvert annað. Eftir því sem skógurinn er þéttari minnkar notagildi greina neðst á trjánum og með tímanum drepast þær og eru engum til gagns.

Fura kvistuð upp í 1/3 af hæðinni. Mynd / HGS

Gæðaviður

Þegar ætlunin er að rækta gæðavið er gott viðmið að uppkvista þegar stofn trésins er um það bil 5-7 cm í þvermál í brjósthæð (ÞBH) og þá eru trén venjulega 3-5 metra há.

Það hefur lítið upp á sig að eiga við tré lægri en mannhæð. Þegar greinar eru sagaðar af tré sem er mikið sverara en 7 cm ÞBH þá eru greinarnar gjarnan orðnar sverari en fingur og skapar það mögulega skemmd í viðinn og eykur sýkingarhættu. Ef það er gert þarf lagni við þegar um sverar greinar er að ræða. T.d. er gott að saga rauf undir greininni fyrst og svo saga afganginn ofanfrá.

Ef um mjög svera grein er að ræða er árangursríkast að saga greinina svolítið frá stofni með fyrrgreindri tækni til að létta á greininni svo að hún rífi ekki börkinn niður eftir trénu. Eftir á má saga stubbinn af stofninum.

Eftir að tré hefur náð yfir 12 cm ÞBHgagnast uppkvistunin lítið við að búa til gæðavið því sárin stækka eftir því sem greinarnar gildna og það tekur lengri tíma fyrir tréð að loka sárunum og hlutfall gæðaviðar verður lítið.

Alls ekki má notast við barefli og berja greinar af trjám. Við þannig athafnir brotna greinar ekki alltaf alveg af, greinar geta rifið börkinn niður eftir stofninum og slæmar holur geta opnast inn í stofninn. Ef ætlunin er að nota axir þarf mikla lagni við og vert að benda á að eitt rangt högg getur bæði skaðað tré og mann. Eftir að grein er klippt eða

Uppkvistaður skógur gerir bæði skóginum gott og ágætis aðgengi.

söguð af skal láta það afskiptalaust og ekki mála eða lakka yfir.

Greinahrúga

Að lokinni greinahreinsun trés myndast gjarnan greinahrúga af-sagaðra greina neðst við stofn trésins. Hrúgan getur virkað eins og bálköstur ef sinueldur kemst í þurran skógarbotninn. Því er gott að venja sig strax á það að færa hrúgunni til með einu eða tveimur spörkum eftir að tréð hefur verið uppkvistað. Einnig má safna greinunum saman, draga út í eyður eða á örfoka mel og nota í landgræðslu. Ekki skemmir ef fræfullir könglar eru á greinunum.

Jaðarsvæði

Skipta má jöðrum í tvennt: Útjaðra og jaðrar í eyðum. Útjaðar er kragi í kringum skógarreit sem tekur á sig vind og snjó.

Í skógarreitnum eru oft eyður þar sem sambærilegar aðstæður eru og við útjaðarinn. Eyður eru bæði af náttúrulegum ástæðum og mannlegum. Náttúrlega ástæður eru til dæmis klettar og dý, eða þar sem tré þrífast illa (Eyður hverfa yfirleitt með framvindu skógarins). Mannlegar ástæður eru mannvirki eins og vegir og aðrar skipulagsákvarðanir.

Varhugavert er að opna skógarjaðra um of. Vindur og snjór getur bæði brotið greinar og jafnvel brotið trén sjálf. Þá er vissara að uppkvista aðeins fá tré í fyrstu 10 metrunum inn frá jaðri skógarins. Fyrir þá sem eru óöruggir með umhirðu á jaðrinum er vissara að gera minna fremur en meira og leita sér aðstoðar til þeirra sem betur þekkja.

Uppkvistun nytjaskóga

Nytjaskógrækt gengur út á að rækta tré sem síðan eru notuð í margvíslega úrvinnslu, t.d. kurl, eldivið og flettiefni. Mestur árangur og arðsemi næst af ræktuninni þegar tré eru stór og gallalaus.

Lerkiskógur með langa kvistlausa boli. Mynd / HGS

Til að ná fram mestum timburnytum úr skógunum eru þeir grisjaðir á nokkurra ára fresti. Það er gert til að gefa gæðamestu trjánum svigrúm til aukinns þvermálsvaxtar.

Það eru ekki öll gróðursett tré sem verða flettiefni, en það eru þau tré sem henta best í vinnslu í sögunarmyllum. Eftir því sem gæði trjánna eru meiri, þeim mun verðmeira er timbrið. Það þýðir að ekki er þörf á að uppkvista öll trén í skóginum heldur einungis góð einstofna tré sem standa með um það bil 5 metra millibili. Vissulega má uppkvista fleiri tré, en óvíst er að það skili sér í auknum tekjum til skógarbóndans.

Ef önnur kynslóð trjáa er að vaxa upp í skógarbotninum skal gefa þeim trjám rými til að vaxa og þá getur verið gott að saga greinar neðan af fleiri eldri trjám svo þær slái ekki af toppa þeirra yngri.

Árangursríkasta uppkvistunin er að fara að sömu trjánum með nokkurra ára millibili og taka lítið í senn en fæstir sem hafa þolinmæði í það. Það þarf þó að fara tvisvar til þrisvar sinnum til að uppkvista nægilega langt upp í tréð til að hafa árangur sem erfiði.

Hlynur Gauti Sigurðsson
framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda (LSE)

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Skógræktarfélag Eyfirðinga fékk styrk til að merkja stíga:

Skilti sett upp sem sýna léttar og aðgengilegar gönguleiðir

Skógræktarfélag Eyfirðinga fékk í fyrra styrk úr Lýðheilsusjóði til að merkja stíga og koma á framfæri upplýsingum um léttar og aðgengilegar gönguleiðir í Kjarnaskógi við Akureyri. Skiltarömmunum var nýlega komið upp við helstu innganga að skóginum og að auki voru settir upp vegvísar við ýmis stígamót innan hans.

Skiltarammarnir voru búnir til úr lerki sem til féll við grisjun í nágrannaskóginum Vaðlareit. Haukur Karlsson, yfirsmiður Skógræktarfélagsins, sá alfarið um vinnu við gerð og uppsetningu skiltanna.

Haukur Karlsson yfirsmiður sá um að smíða skiltarammana og setja þá upp, en þeir eru búnir til úr úr lerki sem til féll við grisjun í nágrannaskóginum Vaðlareit.

Myndir / Ingólfur Jóhannsson

Vegvísum hefur verið komið upp við ýmis stígamót í Kjarnaskógi.

Starfsmennirnir Ari Hilmarsson og David Joseph Dowling (á myndinni til hægri) hafa nú í nóvember unnið af kappi við stígagerð í Naustaborgum og Kjarnaskógi, verk sem ekki endilega er algengt að vinna á þessum árstíma.

Milt tíðarfar gerir alla vinnu í skóginum auðveldari

Ingólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyjafjarðar, segir að verkefnið hafi verið unnið í samstarfi við þá aðila á svæðinu sem starfa að lýðheilsumálum, m.a. aldraðra, geðfatlaðra og þeirra sem sinna endurhæfingu svo dæmi séu tekin.

„Stjórn og starfsfólk SE hefur unnið hörðum höndum að þessu verkefni og það er ánægjulegt að verkinu er lokið, og léttleiðakortin komin upp en þau verða einnig aðgengileg á heimasíðu okkar þar sem fólk getur kynnt sér góðar gönguleiðir áður en farið er í skóginn. „Það var ótrúlega gaman að vinna að þessu verkefni og sjá hvernig það þróaðist á vinnslutímanum,“ segir hann. Samhliða skiltagerðinni hefur verið útbúið kort sem nær yfir aðrar göngu- og skíðaleiðir í skóginum og í kjölfarið munu fylgja upplýsingakort um sögu, örnefni, dýralíf og fleira þess háttar.

„Veturinn hefur farið mildilega með okkur það sem af er og þótt margir sakni þess að geta ekki þeyst um skóginn á skíðum gerir tíðarfarið okkur auðveldara um vik að sinna ýmsum framkvæmdum á okkar svæðum,“ segir Ingólfur. Nú í nóvember hefur af kappi verið unnið að stígagerð í Naustaborgum og Kjarnaskógi, verk sem ekki endilega er algengt að vinna á þessum árstíma.

Aðventutrén vinsæl

Ingólfur nefnir að önnur störf sem starfsfólk sinni nú miðist helst við að seðja jólatrjáþyrsta Eyfirðinga sem skreyta kringum híbýli sín á aðventunni. Gott dæmi um það séu verslunareigendur í miðbæ Akureyrar sem taka sig saman og fá jólatré frá SE fyrir hver jól. „Það er myndarlegur skógur sem verður til í göngugötunni á aðventunni. Trén köllum við aðventutré, þau er hægt að fá í ýmsum stærðum og fullskreytt ef óskað er en við flytjum þau til viðskiptavina í byrjun aðventu og sækjum aftur í lok janúar,“ segir hann.

Aðventutrén hafa notið vinsælda en þau er hægt að fá í ýmsum stærðum og fullskreytt ef óskað er.



Uglurnar fylgjast vökulum augum með gestum skógarins.

Aukin áhersla á íslensk jólatré

Ingólfur segir að heimilisjólatrén séu hoggin eins seint og hægt er og óneitanlega geri blítt veðurfar undanfarna daga alla umsýslu við trén þægilegri. „Við finnum mjög fyrir því að fólk leggur aukna áherslu á að vera með íslenskt jólatré um hátíðar og hlökkum til að standa vaktina í Laugalandsskógi á Þelamörk tvær síðustu helgarnar fyrir jól þar sem fólk kemur og heggur sín eigin jólatré. Þar eru allir vinir og eiga góða stund,“ segir hann. /MÞÞ

Kjarnaskógur er afar vinsælt útivistarsvæði og má gera ráð fyrir að fjölmargir sæki sér hressandi útiveru þar á komandi frídögum um jól og áramót.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Hvanneyrarbúið styrkir stöðu sína

Aðalfundur Hvanneyrarbúsins ehf. var haldinn þann 27. ágúst sl. Í stjórn félagsins á síðasta starfsári voru Baldur Helgi Benjamínsson, búfjárerfðafræðingur og bóndi á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði, formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir, námsbrautarstjóri búfræðibrautar skólans og Pétur Diðriksson, bóndi á Helgavatni í Þverárhlíð. Bústjóri er Egill Gunnarsson og fjósameistari er Hafþór Finnbogason.

Fundargerðir stjórnarfunda, ársreikningar og skýrslur stjórnar eru birtar á heimasíðu Landbúnaðarháskólans, lbhi.is.





Afurðir og mjólkurgæði í fremstu röð

Tilgangur félagsins er að reka á hagkvæman hátt kúabú á Hvanneyri í þágu kennslu og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands. Innlögð mjólk árið 2018 var 544.883 lítrar með 4,01% fitu og 3,26% próteini, mfm líftölu var 14 og mfm frumutölu 123. Hlutfall fitu og próteins hækkaði nokkuð frá fyrra ári, en líftala og frumutala lækkuðu frá árinu á undan, þannig að heilt yfir er þróun mjólkurgæða mjög jákvæð. Árskýr á búinu voru 72,2 (73,1) sem að meðaltali skiluðu 8.289 (8.180) kg mjólkur, með 4,06% fitu (3,79%) og 3,32% próteini (3,23%). Búið er hið 4. afurðahæsta á landinu, mælt í kg mjólkur/árskú. Tún, engjar og grænfóðurakrar eru um 170 ha.

Stöðugur rekstur

Rekstur félagsins gekk með ágætum á árinu 2018 og var hann í samræmi við þær áætlanir sem stjórnendur félagsins lögðu upp með. Heildartekur félagsins voru 87,1 m.kr og hagnaður félagsins á árinu eftir fjármagnsliði var 5 m.kr. Áætlun yfirstandandi árs gerir ráð fyrir tekjuafgangi þannig að halda megi áfram að byggja upp eigið fé félagsins, búa í haginn fyrir nauðsynlega endurnýjun á tækjum, búnaði og ræktun, ásamt því að efla fjárhagslegan styrk Hvanneyrarbúsins. Eigið fé félagsins jókst um rúmlega 5 milljónir kr á árinu og nemur það nú 26,6 m.kr. Eiginfjárstaða félagsins hefur rúmlega tvöfaldast frá því að rekstur félagsins var færður í núverandi horf árið 2015, eins og sjá má á myndunum hér að neðan.

Helstu fjárfestingar félagsins á liðnu ári voru nýjar sláttuvélar, bæði fram- og afturvél og frambúnaður á aðaldráttarvél búsins, MF5613. Auk þess var keypt notuð hliðarrakstrarvél. Eldri vélar voru ýmist seldar eða settar upp í þær nýju. Þá var umtalsverðum fjármunum varið til viðhalds á ræktun og framræslu.

Óplægður rannsóknaakur

Frá síðasta aðalfundi hafa orðið þau þáttaskil í rekstrinum að uppgjöri við fyrrverandi bústjóra er að fullu lokið. Stjórn leggur áherslu á að nýta það fjárhagslega svigrúm sem myndast við það í þágu áframhaldandi uppbyggingar á aðstöðu og búnaði.

Fyrir liggur að nauðsynlegt er að gera ýmsar breytingar á Hvanneyrarfjósinu ef í því á að vera mögulegt að framkvæma einstaklingsfóðrunartilraunir á nautgripum. Þegar er farið að huga að því með hvaða hætti sú endurnýjun skuli gerð. Til að mynda þrengdi einföld rannsókn á fóðrun ungkálfa mjög að núverandi búrekstri. Þá er mjög stór rannsóknaakur varðandi umhverfisáhrif nautgriparæktar óplægður.

Í nýrri skýrslu RML um hagrænt vægi eiginleika í nautgriparækt kemur fram að handbær gögn um launakostnað í mjólkurframleiðslu eru mjög takmörkuð. Með skipulegri og handhægri skráningu vinnutíma starfsmanna Hvanneyrarbúsins, væri mögulegt að gera þar nokkra bragarbót á.

Horft til framtíðar

Í nýútkominni stefnu Landbúnaðarháskólans 2019-2024 er lögð áhersla á að „tryggja fyrirmyndar búrekstur sem er leiðandi í sjálfbærni, umhverfisvernd og tækniþróun“.

Að mati stjórnar Hvanneyrarbúsins er núverandi búrekstur til mikillar fyrirmyndar á flesta mælikvarða. Til að hann verði leiðandi á landsvísu varðandi fyrrnefnd atriði þarf að ráðast í ýmsar framkvæmdir og fjárfestingar; plastnotkun er t.d. hægt að minnka gríðarlega. Öflugri rannsóknir í jarðrækt með bættri aðstöðu og auknum mannafla væru vel til þess fallnar að auka sjálfbærni í fóðuröflun búsins.

Nýr mykjutankur hefur stórbætt nýtingu næringarefna í búfjáráburði, svo dæmi séu tekin. Sú fjárfesting er mikilvægt framlag til umhverfismála. Aukin sjálfbærni í orkuöflun búsins er einnig atriði sem vert er að gefa gaum.

Stjórn Hvanneyrarbúsins ehf. þakkar starfsmönnum fyrir samstarfið á árinu og óskar þeim til hamingju með góðan árangur í búrekstrinum. Starfsmönnum skólans er jafnframt þakkað fyrir samstarfið. Á aðalfundi 2019 urðu þær breytingar að Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir rektor tók við stjórnarformennsku í félaginu en Baldur og Pétur sitja áfram með henni í stjórn þess. */BHB*

SKÓGARHÖGG ER DAUÐANS ALVARA

Grisjun og skógarhögg er orðinn ríkur þáttur í störfum skógarbænda en er síður en svo hættulaus.

Slys verða helst þegar menn eru að flýta sér eða misreikna öryggissvæðið í kringum skógarhöggið.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á **bondi.is**

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?



benni.is

Reykjavík
Krókhálsi 9
590 2000

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16
Verið velkomin í reynsluakstur

Bílabúð Benna

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Konur og skógrækt í Vopnafirði

Á Hellisheiði eystri, 20-30 km frá þorpinu á Vopnafirði, hafa fundist einstaka stórir og flottir steingervingar úr risatrjám sem uxu hér fyrir mörgum milljónum ára. Fyrir nokkrum árum síðan fundust stórir birkidrumbar við skurðgröft í mýrlendi tilheyrandi Engihlíð í Hofsársdal. Vísbendingar eru um að skógur hafi vaxið í Vopnafirði en horfið síðan af margvíslegum ástæðum. Í Vopnfirðingasögu og Þorsteins sögu Stangarhöggs er skógi vaxinn Hofsárdalur sögusviðið.

Ef við lítum um hundrað ár aftur í tímann var lítið af trjám í Vopnafirði. Myndir frá þeim tíma sýna víðáttu, grasi vaxið land, stórskorna náttúru, hér og þar sést sauðfé á beit.

Um aldamótin 1900 voru í þorpinu, á Kolbeinstanga, sem er staðsett á sjávarbakka, hvorki tré né runnar sjáanlegir. Í sveitinni voru örfáir, afgirtir garðar þar sem reyniviður og birki fékk að vaxa í friði ásamt rifsberjarunnum, skrautrunnum og blómum. Þetta óx hægt og bítandi, háð veðurfari sem hefur breyst mikið á undanförnum 100 árum. Í þá tíð var veturinn oft langur, snjóþungur og með löngum frostköflum, sumrin stutt ef vorið kom seint eða haustið snemma.

Vopnafjörður var einangrað sjávarþorp og breytingar í umhverfinu gerðust hægt. Vopnafjörður var líka aðal verslunarstaður fyrir stóran hluta af sveitinni á Norðausturlandi og einnig heiðarbændur sem fóru um langan veg til að selja afurðir sínar og versla.

Á Vopnafirði, eins og víðar, var það hlutverk kvenna að sjá um heimilið og flest annað heima við. Þær konur sem gátu brugðið sér af bæ eða jafnvel farið til útlanda höfðu tækifæri til að sjá garða með eigin augum; garða með trjám, runnum og skrautblómum. Sumar af þessum konum tóku af skarið. Þær tóku með sér heim fræ, græðlinga eða afleggjara og hófu ræktun heima hjá sér. Nokkur dæmi eru á Vopnafirði um gamla garða með trjám og runnum sem eru yfir 100 ára. Garðurinn í Ytri-Hlíð er meðal elstu garða í Vopnafirði (Mynd 1) og rúmlega aldargamall.

Frumkvöðullinn Oddný Aðalbjörg Methúsalemsdóttir, ung í Bustarfellsskógi.

Úr garðinum í Ytri-Hlíð Mynd / Emil Sigurjónsson

Oddný og eiginmaðurinn Friðrik Sigurjónsson í garðinum í Ytri-Hlíð.

Oddný Aðalbjörg Methúsalemsdóttir frá Ytri-Hlíð

Markviss skógrækt, garðyrkja og grænmetisræktun byrjaði í Vopnafirði þegar vakning innan skógræktar á Íslandi hófst rétt fyrir aldamótin 1900. Frumkvöðull skógræktar í Vopnafirði var mjög óvenjuleg kona, sem að mörgu leyti var langt á undan sinni samtíð. Oddný Aðalbjörg Methúsalemsdóttir hét hún, fædd 28. febrúar 1891 á Bustarfelli í Vopnafirði. Með henni hófst skógrækt í Vopnafirði.

Skógræktarsaga Vopnafjarðar hófst óformlega þegar Oddný kom heim eftir dvöl í Hússtjórnarskólanum í Reykjavík árið 1918. Í náminu bauðst tækifæri til að taka námskeið í skóg- og garðrækt í Gróðrarstöðinni í Reykjavík (Gróðrarstöð Einars Helgasonar við Laufásveg). Þar vaknaði áhugi fyrir ræktun hjá ungu konunni. Síðan fór hún til Noregs í þrjú ár og upplifði þar hvaða áhrif skógurinn hafði á nærumhverfið. Hún sá garða í fullum skrúða, grænmetisgarða þar sem hægt var að uppskera grænmeti til að bæta mataræði með og einnig sá hún fjölbreyttar tegundir berjarunna og ávaxtatrjáa. Upplifun og þekking bæði frá námi og utanlandsferðinni hafði mikil áhrif á Oddnýju. Þegar hún kom aftur heim á æskuheimilið bað hún pabba sinn um smá skika undir ræktun, sem hún fékk. Hér hófust fyrstu ræktunartilraunir hennar úr fræjum, græðlingum og hríslum sem hún hafði með sér heim eða tók úr Bustarfellsskógi, sem er náttúrulegur birkiskógur innst í Hofsársdalnum.

Oddný giftist Friðriki Sigurjónssyni frá Ytri-Hlíð í Vesturárdal árið 1924. Þar fékk hún bóndann sinn til að girða af spildu í kringum íbúðarhúsið, sem hún ætlaði í trjá- og garðrækt. Bændurnir í Vopnafirði áttu ekki til orð, voru yfir sig hneykslaðir yfir þessari heimsku; að láta konu fá hluta af besta túnblettinum til að rækta tré, sem allir vissu að aldrei mundu vaxa á Vopnafirði. En Friðrik stóð með konu sinni og Oddný var óstöðvandi í ræktunarverkefninu. Á besta túnblettinum bjó hún til beð, sum fyrir forræktun á trjáplöntum, önnur fyrir grænmeti og einnig fyrir skrautblóm. Oddný var með brennandi ræktunaráhuga og las sér til um allt sem hún komst yfir um ræktunaraðferðir, tegundir, kvæmi, grænmeti, skrautrunna og margt annað sem viðkom áhugamálinu hennar. Hún hafði „græna fingur“ og ræktunarstarfið bar árangur. Tré og gróður stækkaði og fjölskyldan hennar stækkaði einnig.

Una Guðrún Einarsdóttir.

Guðrún Arnbjargardóttir.

Börnin fimm ásamt vinnufólki á bænum lærði fljótt að meta fjölbreytilegt mataræði með grænmeti nánast allt árið. Þegar gestir komu í heimsókn eða til að aðstoða Oddnýju með að taka til í garðinum fengu þau oft afleggjara með sér heim í þakklætisskyni.

Til að byrja með voru afleggjarar frá Oddnýju gróðursettir hjá vinafólki í sveitinni eða á Kolbeinstanga en það gekk misvel. Mörg tré hurfu jafnóðum ef ekki var girt af. Það kom líka fyrir að blóm og runnar hurfu þrátt fyrir góðar girðingar. Garð- og trjáræktun var almennt erfið vegna lausagöngu búfjár en breyttist mikið til hins betra þegar þorpið var afgirt um 1980 og það loksins orðið fjárlaust, og voru þá beitarskemmdir á gróðri af völdum búfjár úr sögunni. Það gerðist stundum (þó ekki á Vopnafirði) þegar bændur voru að reka fé í kaupstað til slátrunar að þeir þurftu stað fyrir það yfir nóttina, þá ráku þeir féð inn í garða sem voru vel afgirtir og með gott og ríkulegt fóður við lítinn fögnuð garðeigenda.

Oddný var mjög virk í félagslífinu á Vopnafirði. Í kvenfélaginu notaði hún tækifærið til að dreifa kunnáttu sinni ásamt fræjum, græðlingum og plöntum til áhugasamra kvenna í félaginu. Oddný stofnaði líka fyrsta skógræktarfélagið í Vopnafirði þar sem hún með miklum áhuga og metnaði kenndi yngri kynslóðinni að rækta og gróðursetja. Í þeim hópi var meðal annars ein stelpa sem tók upp gróðursetningu og skógrækt af mikilli elju, Una Guðrún Einarsdóttir, sem fæddist á Hámundarstöðum í Vopnafirði og ólst þar upp.

Í landi Torfastaða, þar sem var grunnskóli fyrir sveitabörn, fékk Oddný tveggja ha. afgirt svæði og hóf þar ræktun með aðstoð skólabarnanna. Plönturnar ræktaði hún sjálf heima í garðinum í Ytra-Hlíð eða fékk þær frá þáverandi skógræktarstjóra, Sigurði Blöndal á Hallormsstað, en hann var mikill vinur og aðdáandi Oddnýjar.

Ræktunarstarfið í lundinum við Torfastaðaskóla gekk brösuglega fyrstu árin. Landið var nálægt sjó, blautt og kalt flatlendi í Vesturárdal og mikið var um plöntudauða og frostskemmdir fyrstu árin og erfitt reyndist að halda fénu frá reitnum. Skólabörn frá Torfastaðaskóla, sem hún fékk til að gróðursetja, höfðu mismikinn skilning og áhuga fyrir verkefninu en Oddný gafst ekki upp, trén ekki heldur. Ár eftir ár var gróðursett í Torfastaðarlundinn og smám saman, eftir því sem árin liðu, dafnaði skógarlundurinn með fjölbreyttum trjátegundum, rjóðrum og stígum. Skógarreitinn hafði Oddný í huga sínum hannað og skipulagt sem kennslureit fyrir börn og fullorðna, og skjólsælt útivistarsvæði fyrir aðra. Lundurinn var seinna nefndur henni til heiðurs – Oddnýjarlundur.

Oddný tók á móti fjölda gesta, skógræktarfélögum og ræktunarfólki sem kom alls staðar að til að skoða garðinn í Ytri-Hlíð sem lengi vel taldist til elstu og merkilegustu garða hérlendis. Oddný lést 20. apríl 1983, 93 ára. Hún skildi eftir sig einstakt og merkilegt lífsverk sem stendur enn. Hún gerði það sem margir af hennar samtíð töldu óraunhæft, ógerlegt og óþarft. Hún sýndi fram á að það væri hægt að rækta tré í Vopnafirði – jafnvel að rækta skóg þrátt fyrir staðsetningu, veðurfar, sauðfé og annað sem hamlaði því. Oddnýju var veitt fálkaorðan fyrir skógræktarstarf sitt 1962.

Önnur kona tekur við keflinu

Þegar Oddný fór að hægja á sér kom önnur kona og tók við keflinu, Una Guðrún Einarsdóttir, fædd 18.08 1930, á Hámundarstöðum í Vopnafirði. Hún hafði frá 16 ára aldri hjálpað Oddnýju í garðinum í Ytri-Hlíð og fengið mikinn áhuga á trjárækt og gróðursetningu.

Una giftist 1953 Sigmundi Davíðssyni og þau byggðu húsið „Lund“ á Kolbeinstanga. Eftir að maður Unu dó fluttist hún til Breiðdalsvíkur og hélt þar áfram að stunda áhugamálið sitt.

Um svipað leyti var í grunnskólanum kennari, Guðrún Arnbjargardóttir, sem hafði brennandi áhuga á skógrækt og voru þær í nokkur ár saman um að gróðursetja í kringum þorpið á Vopnafirði. Guðrún var á tímabili formaður skógræktarfélagsins í Vopnafirði og kom ýmsum gróðursetningarverkefnum af stað.

Skógræktar- og landgræðslufélagið Landbót

Áhugi á skógrækt er enn til staðar í Vopnafirði og mörg verkefni í gangi, ýmist á vegum skógræktarfélagsins eða einstaklinga. Margt hefur breyst síðan Oddný byrjaði að rækta og gróðursetja tré. Við erum nú smám saman farin að skilja af hverju við verðum að rækta skóga. Veðurfarsbreytingar, aukinn koltvísýringur í andrúmsloftinu og aukin eftirspurn eftir íslensku timbri hefur ef til vill breytt hugarfari fólks. Skógrækt er komin á dagskrá. Skógrækt er ein áhrifaríkasta leiðin til að binda kolefni, skógrækt sem landvernd, skógrækt sem auðlind og margt fleira. Oddný sá ekki fyrir sér hvernig heimurinn myndi breytast en hún sá fegurðina í trjánum og fann fyrir skjólinu og sá hvernig líffræðileg fjölbreytni jókst eftir því sem gróðurinn tók við sér. Það sama er hægt að segja um alla hina sem undanfarin 100 ár hafa tekið þátt í að gróðursetja og bæta gróðurfar í Vopnafirði sem og annars staðar. Þau græddu ekkert á því en skildu eftir sig grænna, fjölbreyttara og skjólsælla umhverfi fyrir okkur sem búum í Vopnafirði í dag.

Else Möller

Gleðilega hátíð

Bændasamtök Íslands óska bændum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla.
Megi nýja árið verða ykkur farsælt og gjöfult.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Búminjasafnið Lindabæ Skagafirði óskar gestum, velunnurum og styrktaraðilum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þakkar heimsóknir og gjafir á árinu.

BÚMINJASAFNIÐ Lindabæ

Kveðja,
Sigmar og Helga

Framleiðnisjóður landbúnaðarins óskar viðskiptavinum sínum og velunnurum gleðilegra jóla með farsæld á nýju ári og þökk fyrir góð samskipti liðinna ára.

FL minnir á námsstyrki þar sem umsóknarfrestur rennur út 15.1. 2020 og styrki til ábúenda lögbýla þar sem umsóknarfrestur rennur út 13.2. 2020.

Sjá nánar á heimasíðu sjóðsins, www.fl.is

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300

Jólagjöf allra
Njáluáhugamanna
er bókin
Leitin að Njáluhöfundi

Upplýsingar um sölustaði í s. 487-5098 og gunnhei@mi.is

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

BV
AUÐHUMLA
matís
Landgræðslan
MS
BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS 1908
BÚNAÐARSAMBAND SUÐUR-ÞINGEYINGA
BÚNAÐARSAMBAND KJALARNESÞINGS
BÚNAÐARSAMBAND SKAGFIRÐINGA
bænda FERÐIR
hey ICELAND

LESENDABÁS

Hugleiðing frá skrifstofu Alþjóðlega bahá´í samfélagsins í tilefni af leiðtogafundi um loftslagsmál sem haldinn var í New York 23. september sl.

Til að takast á við loftslagsbreytingar þarf að tryggja samhengi milli meginreglna og aðgerða

Nú þegar þúsundir safnast saman vegna loftslagsfundar Sameinuðu þjóðanna stöndum við frammi fyrir þeirri grundvallarspurningu hvað þurfi til að varanlegar framfarir í loftslagsmálum eigi sér stað. Skoðanir á þessu kunna að vera skiptar en eitt virðist ljóst, samhengi milli meginreglna og aðgerða er nauðsynlegt til að auka réttlæti þegar kemur að loftslagsmálum og umhverfisvernd. Málskrúð um þakklæti fyrir umhverfið, umhyggju fyrir komandi kynslóðum og velferð allra, verður innantómt þegar aðgerðir og stefnumörkun fylgja ekki sama siðferðisstaðli. Til að ná slíkri samfellu þarf meira en vísindi og rökfræði – til þess þarf hugrekki og fórnir.

Ef ekki verða stigin skref í þessa átt er auðvelt að falla aftur inn á troðnar slóðir sem hafa leitt okkur á þann stað, þar sem við erum nú. Vegna málamiðlana líðst að viðhalda óréttlátu og ósjálfbæru kerfi, án tillits til þeirra sem verst standa og tilhneiging til að viðhalda óbreyttu ástandi hrekur mannkynið að ystu mörkum hvað varðar nýtingu auðlinda jarðarinnar. Í ljósi þess hve mikilla umbreytinga er þörf, megum við ekki bíða frekari hörmunga áður en nauðsynleg skref verða tekin af djörfung.

Fjölþjóðlegar pallborðsumræður stjórnvalda um loftslagsbreytingar bentu á að til að beina mannkyninu inn á sjálfbæra vegferð þyrfti „skjótar, víðtækar og áður óþekktar breytingar á öllum þáttum samfélagsins.“ Þetta felur í sér kerfislægar breytingar á sviðum tækni, iðnaðar, landbúnaðar og vísinda, sem aftur krefst fordæmalausra breytinga á gildum, forsendum, stöðlum, hugsanamynstri og hegðun.

Núverandi skipan efnahagsmála hefur stuðlað að ósjálfbæru neyslumynstri í sókn eftir fjárhagslegum ávinningi. Skilaboðin eru að samasem merki hefur verið sett milli stöðu og gildis mannsins annars vegar og uppsöfnunar auðs og óhófs hinsvegar. Rökin fyrir ótakmarkaðri auðsöfnun einstaklingsins hafa leitt af sér auð og forréttindi fárra samhliða því að náttúrunni hefur verið spillt og stór hluti mannkynsins lagður í fjötra fátæktar. Langt frá því að upphefja okkar æðstu gildi hefur það kerfi sem við blasir með ýmsum hætti verðlaunað óheiðarleika, hvatt til spillingar og farið með sannleikann eins og umsemjanlega verslunarvöru.

Skapa má heimsskipan sem byggist á annars konar skilningi á mannlegu eðli. Sú staðhæfing að menn þrífist best í samstarfi, finni lífsfyllingu í samstilltum og vingjarnlegum samskiptum og hafi andlegar þarfir sem engin ofgnótt eigna getur fullnægt – þetta getur verið undirstaða mikilvægra og árangursríkra samfélagskerfa. En viðleitnin í þessa átt þarf að taka mið af þeim eiginleikum sem leitast er við að ná fram. Göfugra markmiða verður að leita eftir göfugum leiðum.

Að breyta venjum sem við erum gagntekin af krefst margra eiginleika sem lúta að skaperð, sérstaklega fyrir þá sem hafa mestan ávinning af ríkjandi skipulagi. Meðal þessara eiginleika eru hæfileikinn að geta fórnað eigin forréttindum til velferðar fyrir aðra, auðmýkt til að viðurkenna mistök, hugrekki til að taka erfiðar en mikilvægar ákvarðanir, agi til að sigrast á hefðbundnu en eyðileggjandi hegðunarmynstri og að meta hvert mannslíf sem heilagt.

Loftslagskreppan – eitt mest áberandi sjúkdómseinkenni okkar óheilbrigðu heimsskipunar – kallar á gagngerar og heilshugar breytingar. Hinar ýmsuefnislegu birtingarmyndir tjá villu okkar og vanhæfni í viðhorfum okkar til okkar sjálfra og til heimsins í heild.

Við verðum að finna einingu, samstöðu og jafnvel tækifæri í þeirri sameiginlegu baráttu sem við í auknum mæli stöndum frammi fyrir í öllum heimshornum. Við verðum að nýta okkur innsýn vísindanna og altæk gildi stærstu trúarbragða heimsins til að móta okkar næstu skref og lýsa vegferð okkar á þeirri braut sem við þræðum nú. Því trúarbrögð án vísinda leiða til hindurvitna, og vísindi án trúar og fylgni við lífsgildi verða verkfæri efnishyggju. Umbreyting verður vegna innsæis þegar bæði þessi kerfi þekkingar eru nýtt af visku gagnvart því hættuástandi sem mannkynið horfist í augu við – þar sem loftslagsvandinn vegur þyngst.

Alþjóðlega bahá´í samfélagið

Af tollum og tollvernd

Fyrir atvinnuveganefnd hefur legið frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um breytingu á búvöru- og tollalögum. Í frumvarpinu eru gerðar umfangsmiklar breytingar, hörfað frá núverndi fyrirkomulagi við úthlutun tollkvóta og horft til svokallaðra hollenskra útboða. Lagt er til að ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara verði lög niður samhliða þeim breytingum sem verða á úthlutun tollkvóta. Þetta byggist á niðurstöðu starfshóps sem ráðherra skipaði um endurskoðun á núverandi fyrirkomulagi.

Auk þess var lagt upp með að binda í lögin auka tollkvóta á svínasíðum um 400 tonn árlega og binda úthlutunartímabil tollkvóta fyrir árstíðarbundnar vörur fast árlega. Með því yrði tollverndin bundin í tímabil og verða því sumar vörur allt árið á opnum tollum en aðrar og þá t.a.m. nokkrar tegundir eins og kartöflur og gulrófur fá aðeins fulla tollvernd hluta út ári.

Miklar breytingar

Undirrituð var skipuð framsögumaður málsins. Þingflokkur Framsóknarflokksins lagði mikla áherslu á að breytingar yrðu gerðar á frumvarpinu og að hlustað yrði á þær gagnrýniraddir sem risu upp í kjölfar flutnings málsins. Hef ég lagt mig fram um að vinna að þeim breytingum sem við getum verið sátt við að fylgja en auðvitað er mörgum spurningum enn ósvarað.

Nýsköpun og vöruþróun

Tollvernd er íslenskri framleiðslu mikilvæg og er henni stuðningur til að standast samkeppni við innflutning frá löndum sem fá jafnvel mikinn stuðning í öðru formi við sína framleiðslu. Tollar eru og verða til staðar á meðan við lifum ekki í hinum fullkomna heimi frjálsra viðskipta. Sá tími mun seint koma því að samkeppnishæfni þjóða og hlutfallslegir yfirburðir þeirra eru mjög ólík.

Í stjórnarsáttmála ríkistjórnarinnar segir: „Ísland á að vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum. Lögð verður áhersla á nýsköpun og vöruþróun til að stuðla að byggðafestu, auka verðmætasköpun og nýta tækifæri sem byggjast á áhuga á matarmenningu með sjálfbærni og gæði að leiðarljósi.“ Með þetta að leiðarljósi tók frumvarpið breytingum sem nú liggja fyrir.

Halla Signý Kristjánsdóttir.

Aukin tollvernd

Meðal þeirra breytinga sem gerðar voru á frumvarpinu má nefna að hætt var við aukinn magntoll á svínasíðum. Kartöflur og gulrófur fá fulla tollvernd allt árið og er það eðlilegt skref þar sem kartöflu- og rófubændur hafa nýtt sér nýjungar í tækni og fjárfest í betri kæligeymslum sem tryggja gæði vörunnar allt árið. Það var líka sett inn aukin tollvernd á hvítkál, gulrætur, næpur, rauðkál og kínakál. Frumvarpið gerði ekki ráð fyrir að blómkál, spergilkál og selja nyti tollverndar en með breytingunum eru þær með tollvernd hluta úr ári. Þessar breytingar eru framleiðsluhvetjandi fyrir garðyrkjubændur og styðja samkeppnisstöðu þeirra gagnvart innfluttum vörum.

Endurskoðun á tímabilum og magni

Í breytingaferlinu lagði nefndin til að ráðherra skuli á tveggja ára fresti endurmeta vörur og tímabil sem frumvarpið nær yfir og verði þá m.a. litið til þróunar á innlendri framleiðslu og innanlandsneyslu. Þetta skapar meiri sveigjanleika fyrir framleiðendur og jafnframt innflytjendur en saman eru þeir ábyrgir fyrir að bjóða upp á sem mest úrval af gæðahráefni allt árið.

Þróun tollverndar

Þær umfangsmiklu breytingar sem gerðar verða á núverandi fyrirkomulagi við úthlutun tolla kalla á nokkra óvissu. Það birtist svo bersýnilega í yfirlýsingu sem nokkur ólík hagsmunasamtök sendu frá sér um ósk um að frumvarpinu yrði frestað. Við breytingar á frumvarpinu lagði atvinnuveganefndin áherslu á mikilvægi þess að fylgst verði náið með áhrifum breytinganna á tollvernd sem ætlað er að vernda innlenda framleiðslu og jafna aðstöðumun innlendra framleiðenda gagnvart erlendum framleiðendum. Nefndin lagði því til að ráðherra skipi starfshóp sem falið verði að fylgjast með þróun tollverndar vegna framangreindra breytinga. Starfshópurinn skili af sér skýrslu í ársbyrjun 2022.

Barinn biskup

Nú hefur frumvarpið orðið að lögum og öðlast sjálfstætt líf. Enginn verður óbarinn biskup er sagt en kannski djúpt tekið í árinni þegar leitað er í þennan málshátt um tilurð ofangreindrar breytingar en undirrituð fullyrðir að þær gagnrýniraddir sem bárust frá ólíkum hagsmunasamtökum bænda, Félagi atvinnurekenda og Neytendasamtökunum fengu framsögumann málsins til að taka í handbremsuna og með góðri samvinnu nefndarinnar og ráðherra náðist að koma þeim í höfn. Við tekur þroskaferill nýs fyrirkomulags sem þarf að fylgjast náið með.

Halla Signý Kristjánsdóttir
Þingmaður Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi

Á FAGLEGUM NÓTUM

Nýjar markaskrár gefnar út 2020

Hafinn er undirbúningur að útgáfu markaskráa um land allt en þær eru gefnar út á átta ára fresti í samræmi við ákvæði afréttalaga og reglugerðar um búfjármörk. Nýjum markaskrám verður dreift fyrir haustið 2020.

Nú er starfandi 21 markavörður í landinu og er reiknað með að markaskrárnar verði 17 að tölu eins og 2012. Skylt er að eyrnamarka allt sauðfé og geitfé og skulu öll þau mörk vera í markaskránum. Þá eru folöld víða eyrnamörkuð þar sem samgangur er mikill, svo sem í afréttum, og eru flest þau mörk sérmerkt í skránum. Brennimörkin koma með svo og öll skráð frostmörk hrossa. Bæjarnúmerin fylgja með að venju enda prentuð á öll plötumerki sauðfjár og geitfjár í viðeignandi litum eftir svæðum.

Sauðfjáreigendum í landinu hefur farið fækkandi, frostmörkum hefur lítið fjölgað og er því reiknað með nokkurri fækkun marka þegar á heildina er litið. Með skráningu marka í markaskrárnar er jafnhliða verið að mynda grunn undir endurnýjaða Landsmarkaskrá á netinu (www.landsmarkaskra.is).

Söfnun marka hafin

Markaverðir um land allt hafa fengið send öll þau gögn sem þeir þurfa frá Bændasamtökum Íslands til að geta hafið söfnun marka og er hún nú þegar hafin í sumum markaumdæmunum. Allir skráðir markaeigendur fá send bréf með markablöðum og leiðbeiningum og er reiknað með að flestar skráningarnar skili sér til markavarða í desember og janúar. Berist ekki bréf af einhverjum ástæðum þarf að hafa samband við viðkomandi markaverði. Þeir veita nánari upplýsingar eftir því sem þörf krefur og aðstoða við upptöku nýrra marka og bæjarnúmera. Í meðfylgjandi skrá eru póstföng og símanúmer þeirra allra og netföng flestra.

Markaverðir á Íslandi 2020

Markaskrá	Nafn	Heimili	Póstnr.	Staður	Sími	Gsm	Netfang
Landnám Ingólfs Arnarsonar	Ólafur R Dýrmundsson	Jóruseli 12	109	Reykjavík		841-1346	oldyrm@gmail.com
Borgarfjarðarsýsla	Ingimundur Jónsson	Deildartungu 1A	320	Reykholt í Borgarfirði		861-5171	zetorinn@visir.is
Mýrasýsla	Þórir Finnsson	Hóli	311	Borgarnes	435-0041		
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	Jónas Jóhannesson	Jörfa	311	Borgarnes	435-6782	869-4584	
Dalasýsla	Arndís Erla Ólafsdóttir	Ásgarðslandi	371	Búðardalur	434-1261		erla22@simnet.is
Vestfirðir - A.-Barð.	Arnór Grímsson	Arnórshúsi	381	Reykhólahreppur	434-7763	896-7763	soleygv@simnet.is
Vestfirðir - V.-Barð.	Barði Sveinsson	Innri-Múla	451	Patreksfjörður	456-2019		innrimuli@simnet.is
Vestfirðir - Ís.	Aðalsteinn L Valdimarsson	Strandseljum	401	Ísafjörður	456-4812		alvald@snerpa.is
Vestfirðir - Str.s.	Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir	Lækjartúni 15	510	Hólmavík	451-3196	696-3196	hrafnh@snerpa.is
Húnavatnssýslur - V.-Hún.*							
Húnavatnssýslur - A.-Hún.	Jóhann Guðmundsson	Holti	541	Blönduós	452-7127	861-5592	holtsvinadal@emax.is
Skagafjarðarsýsla	Lilja Björg Ólafsdóttir	Kárastöðum	551	Sauðárkrókur	453-6531		
Eyjafjarðarsýsla	Ólafur Geir Vagnsson	Hlébergi	601	Akureyri		894-3230	hleberg@simnet.is
S-Þingeyjarsýsla og Kelduneshreppur	Sveinbjörn Þór Sigurðsson	Búvöllum	641	Húsavík	464-3546	898-8306	buvellir@simnet.is
N-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár	Árni Davíð Haraldsson	Gunnarsstöðum 2 lóð	681	Þórshöfn		863-1265	arnihar@hotmail.com
Austurland - N.-Múl.	Jón Víðir Einarsson	Hvanná lóð 1	701	Egilsstaðir	471-1052		
Austurland - S.-Múl.	Björn Björgvinsson	Sólbakka 4	760	Breiðdalsvík	475-6643	893-1824	breiddal@simnet.is
A-Skaftafellssýsla	Guðfinna Benediktsdóttir	Volaseli	781	Höfn í Hornafirði	478-1713	895-0026	
V-Skaftafellssýsla	Jón Jónsson	Prestsbakka	881	Kirkjubæjarklaustur	487-4754	891-6009	prestsb@talnet.is
Rangárvallasýsla	Sigríður Helga Heiðmundsdóttir	Kaldbak	851	Hella	487-5133	869-2042	kaldbakur@uppsveitir.is
Árnessýsla*							
Vestmannaeyjar	Jónatan Guðni Jónsson	Smáragötu 13	900	Vestmannaeyjar		869-5074	jonatanjons@gmail.com

** Bráðlega verður skipað í stöður markavarða Árnessýslu austan vatna og Vestur-Húnavatnssýslu.*

Mynd / Jon Eiriksson

Búfjármörk eru lögvarin eign

Þess ber að geta að búfjármörk eru lögvarin eign sem getur gengið að erfðum, verið seld eða gefin. Þá er markaeign ekki bundin við búfjáreign þannig að sumir fyrrvarandi búfjáreigendur halda tryggð við mörkin sín og senda þau inn til birtingar. Markaverðirnir sjálfir skrá á sig nokkurn fjölda marka sem eru á lausu og úthluta þeim til nýrra eigenda, eftir þörfum, á milli skráa. Þá er alltaf nokkuð um að ný mörk og bæjarnúmer séu tekin upp.

Æskilegt er að mikil séringamörk (soramörk) verði aflögð eftir föngum og ný ekki skráð. Þá er mælst til þess að þeim góða sið verði við haldið að birta fjallskilasamþykktir í öllum markaskránum.

Guðlaug Eyþórsdóttir
(landsmarkavörður) og
Ólafur R. Dýrmundsson
(fv. landsmarkavörður)

JCB POWER PRODUCTS
AFLHLUTIR
aflhlutir.is | s. 544 2045 | aflhlutir@aflhlutir.is

BÆKUR & MENNING

Undir suðurhlíðum:

Prestur í launsátri og spakvitrar skepnur

Sváfnir Sveinbjarnarson, fyrrverandi prófastur á Breiðabólstað í Fljótshlíð, sendir nú fyrir jólin frá sér endurminningabókina Undir suðurhlíðum sem myndar sjálfstætt framhald bókarinnar Á meðan straumarnir sungu sem út kom 2016.

Hér segir frá prestsstörfum í Rangárþingi, félagsmálastarfi og ferðum heima og erlendis. Stærsti hluti bókarinnar eru þó frásagnir bóndans af búsmala og fjallaaferðum. Séra Sváfnir var samhliða prestsstörfum bóndi bæði í Suðursveit og í Fljótshlíð. Hann segir hér hugljúfar sögur af kúm, kindum, hestum og hundum. Við kynnumst undrum málleysingjanna og næmi bóndans og náttúrubarnsins sem hér heldur á penna.

Hér er gripið ofan í tvo kafla bókarinnar, sá fyrri segir frá ævintýrum heima á Breiðabólstað, hinn inni á afrétti Fljótshlíðinga.


Sváfnir Sveinbjarnarson.

Sváfnir við forláta Scout II jeppa frá International Harvester með númerinu L 131.

Hrekkjóttur og ekki gangspor í honum!

En ég ætlaði að segja frá Lýsingi með kostum og göllum. Strax sem folald var þessi ljósi fákur eignaður Sveinbirni syni mínum. Og folaldið varð að fallegum hesti. Fjögurra vetra var hann settur á tamningarstöð í tvo mánuði. Einkunnin sem fylgdi honum þaðan var ekki glæsileg: Hrekkjóttur, hreinn brokkari, ekki gangspor til í honum. Ekki var á að lítast. Ég tók við honum og reyndi að hreyfa hann daglega. Rétt var það, tveggja mánaða tamning hafði ekki skilað miklu. Raunar frétti ég að tamningin hefði byrjað illa, með byltu knapans, og það líklega oftar en einu sinni. Og eitthvað hefði Lýsingur orðið útundan á tamningartímanum, enda mörg hross sem sinna þurfti á stöðinni.

Heldur var ég því kvíðinn þegar ég steig fyrst á bak honum. Valdi ég mér stað á stórum bug niðri í gilinu í Vesturengjum, þar sem ekki sást til frá næstu bæjum. Um leið og ég var að komast í hnakkinn byrjaði dansinn, dýfur tvær eða þrjár, með kryppu á hryggnum og hausinn milli fótanna. Mér tókst þó að sitja þetta af mér og festa mig í sessi. Lét Lýsingur þá af þessum kúnstum og reyndi ekki frekari hrekkjabrögð eftir að riðið var af stað. Sagan endurtók sig svo, þó með vægari tilburðum, í hvert sinn er ég steig á bak.

En ég var þessu viðbúinn, vandist þessum töktum og réði ferðinni þegar þessi forleikur var afstaðinn.

Fáum vikum síðar falaði Magnús Sigurðsson læknir af mér hest til láns í langferð norður um Kjöl og aftur til baka. Féllst hann á að taka Lýsing í þessa ferð og töldum við að þá mundi von til þess að hann léti af kenjum sínum við svo stranga brúkun.

Þegar hann kom aftur að norðan reið ég út að Árbæjarhjáleigu til að sækja hann. Þar hitti ég fyrir Benedikt Árnason leikstjóra, sem löngu síðar varð vinur minn og félagi í Rótarýklúbbi Rangæinga. Vísaði hann mér á Lýsing í hesthúsi þar á hlaðinu. Var hann grannur og rennilegur eftir langferðina og teymdist vel á heimleiðinni. En þegar ég á næstu dögum fór á bak honum brá hann fyrir sig sömu töktum og áður.

Ekki bar Magnús honum vel söguna úr ferðinni. Hefði hann verið heldur óþjáll og brokkgengur allan tímann. Eitthvað hélt ég áfram að fást við Lýsing þetta sumar, en lítið virtist um framfarir. Þó komst ég að því að töltspor ætti hann til, þó ekki fengist hann til að flíka því að neinu ráði enn sem komið var.

Marga góða stund átti prestur með Lýsingi

Þegar leið á næsta vetur fór ég aftur að reyna við Lýsing og hélt því áfram næsta vor og sumar. Og nú bar nýrra við. Þótt hann héldi fyrri sið og væri til alls líklegur þegar stigið var á bak, tók hann að gefa sig til gangs og eflast að vilja eftir því sem á leið. Eftir sumarið fór nærri því að telja mætti hann í flokki gæðinga. Og árið eftir hélt hann áfram að bæta við sig. Hann var næstu árin kominn í hóp úrvals góðhesta sem sýndir voru á mótum á Gaddstaðaflötum. Jón Þórðarson á Eyvindarmúla sat hann þar með sóma, þótt ekki næði hann efstu verðlaunasætum.

Sveinbjörn sonur minn var á unglingsárum nokkuð laginn við Lýsing sinn og virtist fara vel á með þeim, en vegna skólagöngu og síðar sumarvinnu utan heimilis strjáluðust þær stundir sem Sveinbjörn fékk notið þess félagsskapar. En dýrmætar hafa þær verið honum og ofarlega í huga, jafnan þegar hann hugsar heim, eftir áratuga búsetu í Danmörku.

Eins og áður er fram komið átti ég marga góða stund með Lýsingi. Stóð svo allan áttunda áratuginn og nokkuð fram á þann níunda. Mörg voru sumarkvöldin sem lagt var á Lýsing og riðið niður á Aura, inn á Mýrbug eða yfir ána fram í Aurasel. Þá oftast einn á ferð, en stundum með tvo eða þrjá til reiðar. Kom þá fyrir að ég mætti nágranna mínum, Jóni á Uppsölum, sem einnig var að viðra sína ljósu gæðinga í kvöldkyrrðinni.

Nokkru yngri en Lýsingur var jarpblesóttur foli sem ég tamdi á þessum árum. Hann var undan jarpblesóttri hryssu og er mér minnisstætt vorið sem Jarpblesi fæddist, að dag einn renndi bifreið í hlaðið og út steig stór og vörpulegur maður. Kynnti hann sig og spurði um eiganda að jarpblesóttu hryssunni og folaldinu sem hann hefði séð í túninu niður undir þjóðveginum. Þegar ég kvaðst eiga, sagðist hann hafa verið að dáðst að þessum samlitu mæðginum og spurði hvort folaldið yrði falt í haust. Ég neitaði því, enda leist mér líka mæta vel á það – og ekki síður eftir að hafa fengið álit gestsins. En þessi maður var Þorkell Bjarnason, hrossaræktarráðunautur á Laugarvatni. Jarpblesi stóð líka undir væntingum, en ólíkt Lýsingi var hann næstum eins og sjálftaminn. Þurfti eiginlega aldrei neitt fyrir honum að hafa. Samt varð hann léttur og frískur reiðhestur. Þóttist ég vel ríðandi, ekki síst í fjallferðum á haustin, með þessa tvo til reiðar.

Vissara að vanda sig

Með tímanum myndaðist alveg sérstakt samband á milli okkar Lýsings. Hann fylgdi mér svo vel þegar ég leiddi hann við hlið mér að aldrei tók í taum. Það var sama hvort ég leiddi hann með mér um túnin við að raða böggum, til að geta svo skroppið á bak að verki loknu – eða teymdi hann í torfærum inn á Grænafjalli, þar sem ekki var reitt í brekkum og klungrum. Fyrri smaladaginn á Innfjallinu reið ég honum einhesta. Það var eins og hann treysti mér fullkomlega. Hann fór hiklaust á hvað sem ég beindi honum að og taldi fært án þess að fara af baki, og þar sem færan reiðveg þraut, fylgdi hann mér í taumi „eins og hugur manns“, jafnvel um torleiði sem áður hafði ekki verið talið hestum fært. Þannig fór ég með hann bæði yfir Vondagil inn með Fljóti og eitt sinn eftir kindagötu hátt í hlíð, þar sem sums staðar var slútandi berg yfir, svo lágt að Lýsingur varð að smjúga undir, hokinn í fótum. Áður var ég búinn að leiða hann í svipaðar aðstæður á hættulausum stað og vissi því hvað mátti bjóða honum.

Þrátt fyrir það traust sem skapast hafði á milli okkar, gat Lýsingur aldrei stillt sig um að taka létta dýfu um leið og stigið var á bak honum. Var því vissara að vanda sig og vera við öllu búinn, því nokkur sundurgerð var í þessum fyrirgangi hans og skrautsporum í upphafi ferðar.

Lýsingur sýndi oft að hann var skynugri, að ég segi ekki skynsamari, en aðrir hestar sem ég hafði kynni af. Hann virtist öðrum hrossum næmari á veðurbreytingar, var fyrstur að hesthúsdyrum þegar illviðri var í aðsigi og jafnan við dyrnar þegar út var hleypt úr húsi. Svo var einnig þegar hleypt var út úr hestagirðingunni í annað haglendi. En ekki þegar komið var til að beisla hann. Þá hélt hann sér til hlés. Hefur kannski séð hvort beisli var í hendi eða ekki.

Prestur í launsátri

Eitt sinn að vori til byrgði ég hann með öðrum hesti í gömlu fjósi vestan við bæinn. Þar hagaði svo til að dyrnar voru í suðausturhorni, svo sem fet frá austurvegg. Ekki var þar hurð á hjörum, heldur lagði ég allþykkan og þungan tréhlera fyrir dyrnar að innan og lét hann halla vel að dyrakarmi. En að morgni stóðu dyrnar opnar og hestarnir horfnir, en hlerinn stóð upp við austurvegginn, rétt eins og ég hefði sjálfur stillt honum þar – nú eða einhver annar. Ekki var hægt að koma honum fyrir

HÁGÆÐA
GASELDAVÉLAR

Við höfum mörg járn í eldinum þegar það kemur að úrvali á gaseldavélum því við vitum að ekki elda allir kokkar eins. Hvort sem þú ert ástríðukokkur eða ekki, þá höfum við réttu græjurnar fyrir þig. Ofnarnir okkar eru með fjölda stillinga sem henta ástríðukokkum sem og áhugafólki um matargerð.

ELBA Í YFIR 60 ÁR
3ja ára ábyrgð

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

OPIÐ:
Mán. til fimmtudaga kl. 9 -18
Föstudaga kl. 9 - 17
Laugardagar kl. 11-15

vestan dyra að sunnan, því þar voru byrslur og básar nær að dyrum.

Þetta þótti mér að vonum undarlegt og taldi mjög ósennilegt að nokkur maður hefði farið að hleypa hestunum út. Næsta kvöld byrgði ég hestana þarna aftur með sama hætti. Hlaða var austan við fjósið og op á veggnum efst í norðausturhorni fjóssins. Gamalt hey var þar í hlöðunni og laumaðist ég upp þangað sem ég gat séð til hestanna úr launsátri. Virtust þeir hinir rólegustu drjúglanga stund, svo ég var í þann veginn að guggna á vaktinni.

En þá sé ég allt í einu hvar Lýsingur gengur að dyrunum, hnusar nokkra stund að hleranum og síðan er eins og hann sé að narta í efri brún hans. Loks sé ég að hann tekur hlerann með kjaftinum, lyftir honum upp og snýr sér svo snyrtilega með hann að austurveggnum og leggur hann þar frá sér, með hæfilegum halla upp við vegginn – rétt eins og hann hlýtur að hafa gert kvöldið áður. Lölluðu þeir félagar síðan í rólegheitum út í vornóttina og fékk ég mig ekki til að svipta þá frelsinu að sinni. Fengu þeir því að nasla í túninu aðra nóttina til.

Sundafrek smalahundsins

Annarrar ferðar minnist ég vegna sérstaks atviks sem við bar í Fljótsgljúfrinu. Ég var þar í leit með Fljótinu ásamt Steinari fjallkóngi. Við urðum kinda varir niðri í einni ofangöngunni, að mig minnir í Hausaofangöngunni. Fórum við þar niður og fundum tvær einlembur niður undir vatnsfarveginum.

Steinar var með fjárhund sinn er Smali hét. Var sá margreyndur í fjallferðum, þolinn og harðskeyttur eins og þarna kom á daginn með einstæðum hætti.

Þegar við hugðumst reka kindurnar áleiðis upp úr gljúfrinu voru þær heldur ósamvinnufúsar og misstum við þær aftur niður að fljótinu. Þegar við komum að þeim að nýju, tókst ekki betur til en svo, að önnur ærin setti sig í fljótið og synti austur yfir. Þar tók hún land við bratta stórgrýtisskriðu niður frá víðum og háum hamrakór og var þar lítið undanfæri, því fljótið svarraði við þverhnípta hamra beggja vegna skriðunnar.

Var nú ekki á að lítast og þótti mér sem þarna yrði ærin að dúsa, uns til sérstakra aðgerða yrði efnt með mikilli fyrirhöfn, mannskap og útbúnaði.

Smali herti takið með hnykkjum og rykkjum

En Smali var ekki á sama máli. Ærin var rétt svo búin að krafsa sig upp í grjótskriðuna handan fljótsins og var að hrista vatnið úr ullinni, þegar við sjáum okkur til undrunar að Smali tekur viðbragð og setur sig til sunds í ólgandi flauminn. Stórfljótið er þarna á að giska 40-60 metra breitt, í einum streng. Smali synti sitt kraftmikla hundasund og náði landi austan megin rétt neðan við ána í skriðunni. Þegar hún varð hundsins vör tók hún að brölta upp skriðuna og komst svo sem hálfa leið upp undir bergið, áður en Smali komst upp fyrir hana. Snerist hún frá honum á hlið, en hann læsti þegar kjaftinum í hálsullina undir kverkinni og tók að ýta ánni á hlið á undan sér og skáhallt ofan og inn eftir skriðunni niður að fljótinu. Þótt ærin reyndi að stimpast við, herti Smali því meir á takinu með hnykkjum og rykkjum og virtist þá sem ærin hætti að mestu að veita mótstöðu.

Furðulegt var að fylgjast með atferli hundsins sem virtist helst vinna eftir fyrirframgerðri áætlun. Hann hnuðlaði ánni á undan sér þannig að þegar niður að fljótinu kom var hann nær því kominn að hamrinum innan skriðunnar. Og það sem næst gerðist kom manni til að gapa af undrun og aðdáun. Hann virtist nýta hæðarmuninn síðasta metrann niður að vatninu til að hrinda ánni og sjálfum sér út í kolmórauða iðuna, en um leið og í vatnið kom sveiflaði hann sér undir kverk ærinnar og var allt í einu kominn vinstra megin við hana og þannig synti hann með hana forstreymis vestur yfir fljótið. Hrakti hann nokkuð undan straumi á leiðinni vestur yfir, enda lagði ærin lítið til þessa sundafreks.

„Skynlaus skepnan“ sýnir útsjónarsemi!

Sem betur fer háttaði þannig til að landtaka var fær nokkuð niður með fljótinu okkar megin og hlupum við til, að taka á móti sundkappanum þar sem hann bar að landi með feng sinn. Má nærri geta um hrósyrði, klapp og kjass sem hann hlaut fyrir afrekið, auk nestisbitans úr vasa húsbóndans.

Þetta atvik, sem ég þarna varð vitni að, tel ég eitt gleggsta dæmi þess að „skynlaus skepnan“, sem sumir kalla svo, getur einatt gert mannskepnunni skömm til, sýnt útsjónarsemi og leyst úr verkefnum sem okkur eru um megn.

Hundurinn Smali, sem hér kom við sögu, var af blendingskyni sem ég kann ekki að nefna. Hann var rúmlega í meðallagi að stærð, fremur mjósleginn, hvítur með hálflafandi svört eyru og svartan rófubrodd, einnig með grásvartar doppur á fótum og ef til vill lítils háttar á hálsi. Hann sýndi ókunnugum engin vinalæti og ekki laust við að krakkar hræddust hann. Þó var hann meinlaus við fólk, en í hundahópi var hann með afbrigðum grimmur og harðskeyttur svo að enginn hundur lagði til atlögu við hann nema einu sinni.

Smali var duglegur smalahundur og vel vaninn. Fór hann vel að fé og hélt hópnum saman eins góðra fjárhunda er vandi.

Bændablaðið *Næsta blað kemur út 9. janúar 2020*

UTAN ÚR HEIMI



Kort FAO yfir tilkynningar sem borist hafa um útbreiðslu afrísku svínapestarinnar (ASF) í Asíu.

Indónesía:

Svínapestin farin að herja á Súmötru

– Kallað eftir aðstoð FAO um gerð viðbragðsáætlunar

Ekkert lát er á útbreiðslu svínapestarinnar um heiminn og nú hefur verið staðfest að veikin hafi borist til Indónesíu. Ljóst er að milljónir tonna af svínakjöti munu hverfa af heimsmarkaði á komandi misserum vegna veikinnar.

Sjúkdómafaraldurseftirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar (FAO) gaf út tilkynningu 12. desember ásamt landbúnaðarráðherra Indónesíu að faraldur svínapestar hafi brotist út á Norður-Súmötru.

Í tilkynningu FAO kom fram að tilkynnt hafi verið um óeðlilega mikinn fjölda dauðra svína á Norður-Súmötru í september. Yfirmaður dýraeftirlits, sem og yfirstjórn dýraheilbrigðismála í Indónesíu, óskuðu þá eftir ráðleggingum frá FAO um hvernig ætti að hafa hemil á útbreiðslu afrísku svínapestarinnar ASF. Er nú unnið að gerð viðbragðsáætlunar fyrir Indónesíu.

Um 100% dauðatíðni

Frá því fyrst varð vart við útbreiðslu afrísku svínapestarinnar í Kína í ágúst 2018, hefur veirusmit borist til allra héraða Kína. Hafa milljónir svína verið drepin til að reyna að hefta útbreiðslu veikinnar sem engin lækning er til við, né bóluefni. Allt hefur komið fyrir ekki og heldur veikin áfram að breiðast út um Asíu. Dauðatíðni smitaðra dýra af ASF veirunni er um 100% samkvæmt gögnum FAO.

Kjötskortur leiðir til verðhækkana

Vegna skorts á svínakjöti í Kína hafa kínverskir kjötkaupmenn leitað fanga um allan heim til að reyna að tryggja sér heilbrigt svínakjöt. Hefur það þegar leitt til mikilla hækkana á svínakjöti og þar sem fyrirsjáanlega stórt hlutfall af kjöti er að detta út af markaði er verðhækkana líka farið að gæta í öðrum kjöttegundum.

Í frétt Global Meat um málið er vísað til Rabobank í Sviss en sérfræðingar bankans um markað fyrir dýraprótein segja vel fylgst með áhrifum af útbreiðslu svínapestarinnar á fjármálakerfið. Þar er talað um að þótt verð á mörkuðum sé að „batna“ séu enn miklir óvissuþættir, m.a. vegna girðinga sem ríki kunni að setja varðandi innflutning á kjöti til að forðast smit.

FAO hefur birt langan lista yfir héruð í Asíu þar sem ASF-smit hefur þegar greinst. */HKr.*



Lúsin Mesophthirus engeli sem lifði á risaeðlum fyrir um 99 milljónum ára.

Risaeðlur og lýs:

Fiðraðar og lúsugar

Nýlegur fornleifafundur bendir til þess að risaeðlur eða vissar tegundir af þeim hafi verið með fjaðrir og að lýs hafi lifað góðu lífi í og undir fjöðrunum.

Vísindamenn hafa verið að rannsaka nýlega fundinn amber-klump frá Búrma, sem talinn er vera að minnsta kosti 99 milljón ára gamall, og í klumpinum er að finna risaeðlufjaðrir og tíu smádýr sem líkjast lúsum. Við smásjárskoðun má svo sjá að lúsin eða lýs hafa nartað í fjaðrirnar.

Fundurinn er meðal annars áhugaverður fyrir það að þetta er elsta þekkta dæmið um lýs eða lúsalík kvikindi sem éta fjaðrir og færir tilkomu þeirra aftur um 55 milljón ár.

Tegundin, sem hefur verið óþekkt fram til þessa, hefur fengið latneska heitið Mesophthirus engeli og eru kvikindin sem fundust 0,14 til 0,23 millimetrar á lengd en áætlað er að fullvaxin ættu þau að ná um 0,5 millimetrum að lengd. Þau eru vængjalaus, kjaftur þeirra er sagður sterkbyggður og með að minnsta kosti fjórum tönnum. */VH*

Á FAGLEGUM NÓTUM



Þriðjungur matvæla fer árlega til spillis!

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Síðustu ár hefur umræða um sótspor matvælaframleiðslu í heiminum verið töluverð og farið vaxandi. Samhliða hefur verið varið miklum fjármunum til að bæta þekkinguna á raunverulegum umhverfisáhrifum af matvælaframleiðslunni og er raunar enn í dag mörgum spurningum ósvarað um áhrifin.

Ein af áhugaverðari staðreyndum um umhverfisáhrifin er samhengið við sóunina sem verður á þeim matvælum sem eru framleidd í heiminum en samkvæmt skýrslu frá FAO, Landbúnaðar- og Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna, þá tapast nærri þriðjungur allrar matvælaframleiðslu heimsins árlega!

Umhverfisáhrif matvælaframleiðslu heimsins ná með öðrum orðum vissulega til frumframleiðslunnar, en þau ná svo sannnarlega langt út fyrir frumframleiðsluna einnig og nýverið var haldin áhugaverð ráðstefna í Peking um þessi áhrif, þar sem horft var til sóunarinnar í heildarferlinu, þ.e. frá sjómanninum eða bóndanum og til neytandans, sem og hvað hægt væri að gera til að auka nýtingu almennt séð. Á ráðstefnunni, sem haldin var sem samstarfsverkefni danska umhverfisráðuneytisins og hins kínverska, voru haldin fjölmörg erindi af fulltrúum umhverfisstofnana, fyrirtækja og hins opinbera.

122 þúsund milljarðar í súginn árlega!

Á ráðstefnunni kom m.a. fram að þegar horft sé til nýtingar þeirra matvæla sem eru framleidd árlega þá fari einfaldlega allt of mikið af þeim til spillis og hefur FAO reiknað út að líklega megi ætla að verðmætið sem tapist á hverju ári vegna þessa nemi um 990 milljörðum bandaríkjadala eða hvorki meira né minna en 122 þúsund milljörðum íslenskra króna! Þessi gríðarlegu verðmæti felast í því að það verður margs konar sóun á leið matvæla heimsins af landi, vötnum eða sjó og til neytenda. Þessi sóun er þó misjöfn eftir löndum og á meðal hinna þróuðu landa verður mun meiri spilling á matvælum en meðal þróunarlanda og hjá sumum löndum er sóun matvæla nánast hverfandi!

Nærri þriðjungur allrar matvælaframleiðslu heimsins tapast árlega.
Mynd / Vadican News

1,3 milljarðar tonna

Samkvæmt FAO reiknast hin árlega sóun á matvælum heimsins vera 1,3 milljarðar tonna en afar misjafnt er eftir flokkum hve mikið er talið spillast árlega. Mest eru það ávextir og grænmeti sem oftast fer til spillis en talið er að 45% framleiðslunnar endi ekki sem matur á borði íbúa heimsins og var nefnt sem dæmi um þessa geigvænlegu sóun að talið er að á hverju ári fari 3,7 trilljónir ætra epla til spillis!

Þá er talið að 35% af fiskafurðum og öðrum sjávarafurðum fari til spillis á hverju ári og þannig er t.d. talið að 8% af öllum veiddum fiski í heiminum sé hent aftur í sjóinn, m.a. vegna einhverra takmarkana á veiðum, en í erindi fulltrúa FAO kom fram að talið er að meirihluti þessara fiska séu annaðhvort dauðir, að drepast eða illa særðir og því væri eina vitið að koma með þá að landi og nýta. Fiskveiðikerfi sumra landa komi hins vegar í veg fyrir að sjómenn geti gert það án þess að lenda í vanda.

Þegar horft er til kjötsins þá telur FAO að um 20% af öllu framleiddu kjöti í heiminum fari til spillis og að sama hlutfall af olíufræjum, ólífum og belgbaunum fari einnig til spillis árlega.

95–115 kíló á mann

Þegar horft er til þess hve mikið spillist af matvælum í heiminum er umhugsunarefni hve mikið fer til spillis á heimilum hinna efnameiri íbúa heimsins. Þannig telur FAO að magnið nemi 95–115 kílóum árlega

Krafa neytenda um fallegt útlit matvæla leiðir oft til mikillar sóunar.

Að mati FAO þá eru skýringarnar á mikilli spillingu matvæla margvíslegar og ekki alltaf vegna þess að matvælin renni út eða skemmist hjá neytendum. Heldur er oft töluverðu magni af matarafgöngum hent þar sem fólk telji sig ekki geta nýtt þá almennilega.

á hvern íbúa í Evrópu, Eyjaálfu og Norður-Ameríku en ekki nema 6–11 kílóum á hvern íbúa í Suður- og Suðaustur-Asíu og í Afríku sunnan Sahara-eyðimerkurinnar. Sé hins vegar tekið með í reikninginn hve mikið magn matvæla fer til spillis, að teknu tilliti til heildarferlisins, þ.e. frá frumframleiðandanum og til og með neytandans, bætist mikið magn við. Þannig er talið að í Evrópu fari um 250 kíló til spillis á hvern íbúa og í Eyjaálfu og Norður-Ameríku er talið að þetta magn nemi tæplega 300 kílóum á hvern íbúa. Minnst heildarsóun matvæla er hins vegar talin vera í Suður og Suðaustur-Asíu, eða um 125 kíló á hvern íbúa, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Af hverju gerist þetta?

Að mati FAO þá eru skýringarnar á mikilli spillingu matvæla margvíslegar og ekki alltaf vegna þess að matvælin renni út eða skemmist hjá neytendum. Heldur er oft töluverðu magni af matarafgöngum hent þar sem fólk telji sig ekki geta nýtt þá almennilega. Þá er það svo að oft gerist það sérstaklega meðal þróaðri landa að stóran hluta spillingar á matvælum megi finna í mikilli samkeppni á milli aðila, sem gerir það að verkum að oft lenda framleiðendur, sölueða dreifingaraðilar í því að sitja uppi með matvörur sínar vegna lægri boða samkeppnisaðilanna. Þá fer nokkuð einnig til spillis af tæknilegum eða veðurfarslegum orsökum þegar verið að er uppskera eða heimta matvælin, auk þess sem rof í kælikeðjum frá frumframleiðanda til neytenda brestur eins og gerðist einmitt hér á landi í síðustu viku þegar t.d. margir bændur þurftu að hella niður mjólk vegna straumleysis.

8% gróðurhúsalofttegunda

Þó svo að það sé í raun nógu mikið áhyggjuefni að það mætti metta hundruð milljóna íbúa heimsins með þeim matvælum sem fara árlega til spillis, þá er þetta einnig alvarlegt vegna þess að þegar matvælin eru framleidd verður óþarfa umhverfisálag vegna framleiðslu sem engum nýtist. Stofnunin World Resources Institute hefur t.d. reiknað út að um það bil 8% af árlegri losun gróðurhúsalofttegunda heimsins megi rekja til framleiðslu á matvælum sem enginn borðar!

Er til lausn?

Í framsöguerindum á ráðstefnunni komu fram margvíslegar ábendingar og reynslusögur um hvernig megi snarminnka matarsóunina. Augljósu leiðirnar væru að bæta samgöngur svo hægt sé að koma matvælunum betur á milli staða, efla bæði frumframleiðsluna og vinnsluðilana svo fagmennskan aukist, tryggja góða kælingu frá frumframleiðanda til neytenda og vinna að auknu geymsluþoli á matvælum. Þá eru alltaf að koma á markað betri og betri umbúðir sem verja matvælin betur auk þess sem fram kom að gera þurfi gangskör í lagaumhverfi margra landa svo hægt sé að nýta betur matvælin eins og dæmið um brottkast á fiski sýnir.

En fleira má gera og tók fulltrúi stofnunarinnar World Resource Institute dæmi frá Bandaríkjunum þar sem sum fyrirtæki hafa, í samstarfi við samtökin, sett matarsóun á dagskrá og náð undraverðum árangri. Í þessu verkefni hafa fyrirtækin tekið upp á því að fylgjast nákvæmlega með sóuninni með mælingum og eftirfylgni, þjálfað starfsfólk sitt í atriðum er varða matarsóun og auk þess fjárfest í bættri lagerstjórn og sum hver einnig breytt umbúðum. Athyglisvert var að heyra að fyrir hvern einn dollara sem fyrirtækin hafa fjárfest í verkefninu, hafa þau uppskorið 14 dollara í aukna veltu vegna aukinnar sölu, sölu á matvælum sem e.t.v. þóttu ekki söluvænleg áður t.d. vegna útlits eða áferðar, vegna þróunar á nýjum vörum sem nýttu það sem áður fór til spillis og með því að draga úr sóun með betra utanumhaldi. Þá telur stofnunin World Resource Institute að stór hluti af því að draga úr sóun sé að auka upplýsingagjöf til allra aðila sem koma að virðiskeðjunni og auka almenna vitund á því mikla vandamáli sem matarsóun er.

Frekara lesefni: www.fao.org

STRANDAVEGUR (643) UM VEIÐILEYSUHÁLS KRÁKA - KJÓSARÁ Í ÁRNESHREPPI

DRÖG AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN

Vegagerðin auglýsir hér drög að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Strandavegi (653) um Veiðileysuháls á kafla sem nær frá Kráku í Veiðileysufirði að Kjósará í Kjósarvík. Framkvæmdin er í sveitarfélaginu Árneshreppi.

Núverandi Strandavegur er 11,6 km langur en gert er ráð fyrir að nýr vegur verði 11,8 km langur. Áætlanir eru um að meta umhverfisáhrif einnar veglínu, þ.e. **veglínu 708**.

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur á Vestfjörðum og hafa þar með jákvæð áhrif á samfélagið. Með nýjum vegi um Veiðileysuháls verða samgöngur í Strandasýslu áreiðanlegri og öruggari. Að loknum framkvæmdum verður mögulegt að halda veginum á milli Bjarnarfjarðar og Djúpuvíkur opnum allan ársins hring sé á annað borð ferðaveður.

Drög að tillögu að matsáætlun eru kynnt á heimasíðu Vegagerðarinnar,

http://www.vegagerdin.is/framkvaemdir/umhverfismat/matsaetlun/ samkvæmt reglugerð 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Almenningur getur gert athugasemdir við áætlunina og er **athugasemdafrestur til 20. janúar 2020**. Athugasemdir skal senda með tölvupósti til *helga.adalgeirsdottir@vegagerdin.is* eða til Vegagerðarinnar, Miðhúsavegi 1, 600 Akureyri.

VEGAGERÐIN

Vélar, bátar, bílar, gámar eða vörur í lausu
Það skiptir ekki máli hvað þú þarft að flytja,
við getum flutt það fyrir þig landshorna á milli.
Reglulegar ferðir á flesta staði á landinu.

Hafðu samband og við finnum lausnina með þér.
fraktlausnir@fraktlausnir.is
Sími 519-2150 eða 773-1630

FRAKTLAUSNIR



LESENDABÁS

Jólakveðja frá Framsókn

Þau lýsa fegurst,
er lækkar sól,
í blámaheiði
mín bernsku jól.

Á þessu erindi hefst ljóð Stefáns frá Hvítadal sem heitir einfaldlega Jól. Og nú eru þau að koma, jólin, með öllum sínum hefðum og minningum. Fjölskyldur koma saman og gleðjast og svo eru einhverjir sem búa við það að eiga fáa að ef nokkurn. Það tíðkaðist oft til sveita og gerir enn að einstæðingum sé boðið til kvöldverðar á aðfangadag. Það er fallegur siður.

Síðustu vikur hafa víða verið erfiðar á norðanverðu landinu. Óveðrið sem gekk yfir landið og afhjúpaði marga veikleika í grundvallarkerfum okkar, rafmagnskerfinu og fjarskiptakerfinu, hefur orðið til þess að mikil umræða hefur skapast um hversu misjöfn aðstaða fólks er eftir því hvar það býr á landinu. Skaðinn sem óveðrið olli er mikill, stundum óbætanlegur, en vonandi getum við nú sameinast um að bæta úr þeim ágöllum sem upp hafa komið. Það væri virðingarleysi við þá sem eiga um sárt að binda eftir ofviðrið að gera það ekki.

Sigurður Ingi Jóhannsson á Borgarfirði eystri þar sem Samtök sveitarfélaga á Austurlandi funduðu í október.

Frá opnun verslunar í Norðurfirði.

Frá Dalvík í síðustu viku.

Ríkisstjórnin hefur sett á laggirnar starfshóp sem hefur þegar tekið til starfa. Hlutverk hópsins er að safna saman upplýsingum og koma með tillögur að úrbótum. Við það verður ekki unað að hluti þjóðarinnar búi við það öryggisleysi sem kom í ljós í óveðrinu fyrir norðan.

Frá því ég byrjaði í stjórnmálum hafa byggðamálin staðið mér nærri. Árið 2013 skrifaði ég grein sem bar yfirskriftina Ljós í fjós og boðaði ljósleiðaravæðingu alls landsins. Hún er nú langt komin undir nafninu Ísland ljóstengt og verður staðan sú árið 2021 að 99,9% heimila og fyrirtækja verða tengd við háhraðainternet. Það er heimsmet. Ég hef einnig lagt mikla áherslu á að flytja störf frá höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðirnar. Það hefur vakið mismikla hrifningu en ég trúi því að og berst fyrir því að opinber störf eigi að vera um allt land, sérstaklega þegar kemur að störfum og stofnunum sem tengjast náið grundvallaratvinnuvegum okkar.

Það er enda einn af lærdómum óveðursins að opinberum störfum, til dæmis í orkugeiranum, hefur fækkað úti á landi. Ekki aðeins vegna meiri sjálfvirknivæðingar, heldur einnig vegna þess að störf, sérstaklega stjórnunarstörf, hafa sogast til höfuðborgarsvæðisins. Þekking á byggðunum og skilningur á aðstæðum hefur því minnkað eftir sem tíminn líður. Þetta hefur gerst á sama tíma og yfirlýst stefna stjórnvalda hefur jafnan verið að styrkja byggðirnar.

Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að færa opinber störf út á land. Það er meðal annars gert með stefnu um störf án staðsetningar. Þar hefur ráðuneyti mitt riðið á vaðið og nú hefur einn lögfræðingur verið ráðinn til starfa og er hann staðsettur á Sauðárkróki. Það er mikilvægt fyrir stjórnsýsluna að hafa annað sjónarhorn á landið en það sem er uppi í miðborg Reykjavíkur.

Annar veruleiki sem hefur dregist inn í sviðsljósið er eignarhald á jörðum. Við höfum séð að nauðsynlegar umbætur í vegamálum á sunnanverðum Vestfjörðum hafa tafist vegna kæra frá sumarbústaðaeigendum í Teigsskógi. Lagning ljósleiðara hefur einnig tafist á einstaka stað vegna svipaðra aðstæðna. Í raforkukerfinu eru sömu vandamál uppi. Auðvitað þarf náttúran að njóta vafans en eins og ég hef áður sagt þá hljóta hagsmunir einstakra aðila sem snúa til dæmis að sjónmengun að víkja þegar almannahagsmunir eru meiri.

Jarðamálin svokölluðu hafa verið mikið í umræðunni, sérstaklega vegna uppkaupa auðkýfings á hátt 40 jörðum á norðausturhorni landsins. Því tengist einnig óskýrt eignarhald sem einhverra hluta vegna hefur liðist. Ríkisstjórnin hefur sett af stað vinnu varðandi það hvernig hægt er að takmarka jarðakaup og vinna að því að styrkja byggð því að jarðir án ábúenda hafa áhrif á atvinnustig byggðanna. Vinnan er í fullum gangi og vonast ég til að út úr henni komi aðgerðir sem tekið verður eftir og skipta máli fyrir byggðir um allt land. Enginn sættir sig við í nafni viðskiptafrelsis að hægt sé að kaupa heilu dalina eða héruð.

Stórkostleg jarðauppkaup geta skaðað fullveldi landsins. Þau hafa áhrif á uppbyggingu samfélagsins. Slík jarðarsöfnun dregur kraft úr byggðum landsins. Dæmin sýna að heilu landsvæðunum er lokað fyrir frjálsri för. Við viljum ekki sjá slíka auðlindasöfnun. Þessi þróun gengur gegn hugsun framsóknar. Verkefni framsóknar er að tryggja fjölbreytta nýtingu auðlindar í þágu samfélags og þjóðar.

Landbúnaður er ein af grundvallaratvinnugreinum okkar og mikilvægt að henni sé búið gott umhverfi. Málið sem jafnan er tengt við hrátt kjöt var á borði þings og ríkisstjórnar fyrr á árinu og var niðurstaðan sú að snúa vörn í sókn. Framsókn stóð í febrúar fyrir fjölmennum fundi þar sem fjallað var um þá ógn sem steðjar að heimsbyggðinni í formi sýklalyfjaónæmis. Ísland hefur einstaka stöðu í heiminum varðandi sinn landbúnað. Íslenskir bændur nota sýklalyf af mikilli varfærni og sú ábyrgð sem þeir hafa sýnt eru mikilvæg lýðsheilsu þjóðarinnar.

Við hófum sókn og börðumst fyrir því að Ísland yrði fyrsta landið í heiminum til að banna dreifingu á matvælum sem innihalda tilgreindar sýklalyfjaónæmar bakteríur. Þessi sókn okkar snýst um sérstöðu íslensks landbúnaðar sem skapar einstaka stöðu okkar hvað varðar lýðheilsu en sýklalyfjaónæmi er ásamt loftslagsbreytingum helsta ógn við líf og heilsu manna og dýra í heiminum. Í þessu máli sýndum við svo ekki verður um villst að við erum framsækinn og framsýnn flokkur.

Nýtt ár mun hafa miklar breytingar í för með sér á alþjóðasviðinu. Nágrannar okkar, Bretar, munu eins og útlit er fyrir ganga frá útgöngu sinni úr Evrópusambandinu þótt margir þræðir séu enn lausir. Sú atburðarás mun eflaust hafa áhrif á Ísland en ríkisstjórnin hefur lagt kapp á að fylgjast vel með henni og sjá tækifæri og ógnanir sem henni fylgja. Líklegt er að áhrifin á Evrópusamstarfið verði þó nokkur. Ég hef áður talað um mikilvægi þess að við stöndum fast á okkar þegar kemur að EES-samningnum. Við þurfum að vera vakandi fyrir þróun hans samningsins og hvernig hann verndar íslenska hagsmuni. Íslensk stjórnvöld hafa þær skyldur að hugsa um heildarhagsmuni þjóðarinnar og það munu þau gera.

Ég vona að nýtt ár verði okkur farsælt. Stöndum vörð um það sem er gott og vinnum saman að umbótum á því sem betur má fara. Ég óska bændum og búaliði og landsmönnum öllum gleðilegra jóla.

***Sigurður Ingi Jóhannsson**,*
formaður Framsóknar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Yfirborðskenndum pólitískum rétttrúnaðarkenningum hafnað

Stórsigur Boris og breska íhaldsflokksins hefur svo miklu útbreiddari þýðingu en bara fyrir Bretland og Evrópusambandið. Þetta eru pólitísk vatnaskil þar sem fólkið, venjulega fólkið, hafnar öllum þeim yfirborðskenndu pólitísku rétthugsunarkenningum sem tröllriðið hafa hinu vestræna samfélagi undanfarinn áratug.

Það er nefnilega svo merkilegt að eftir því sem háværar frekjuraddir kváðu harðar að með sínar „réttu“ skoðanir þeim mun sjálfhverfari varð heimurinn. Náungakærleikur og samkennd eru á miklu undanhaldi og fólk er löngu hætt að hugsa 'við' en í stað farið að hugsa 'ég'.

Þessu harðneitar að sjálfsögðu vinstri hliðin en við þurfum ekki að líta langt til að sjá dæmi um þetta.

Guðmundur Franklín Jónsson.

Hér áður fyrr tíðkaðist að karlmenn opnuðu dyrnar fyrir kvenfólki en sá siður hefur að mestu liðið undir lok því nú geta herramennirnir orðið fyrir hörðum ávítum ef þeir svo mikið sem dirfast að rétta fram hjálparhönd af þessu tagi. Börnin hafa svo ekki farið varhuga af þessu en þeim er hent á milli stofnana því foreldrarnir hafa ekki tíma eða jafnvel áhuga á að sinna þeim og þunglyndi meðal ungmenna hækkar staðfastlega. Hvað er svo fengið með þessu annað en óhamingja? Nákvæmlega ekki neitt.

Ég er nefnilega með kenningu um hvers vegna svo auðvelt hefur reynst að selja allar þessar rétthugsunarkenningar, sem eru ekkert nema orð á blaði, og hún er sú að fólk gengur um með bullandi samviskubit. Það stekkur því á hverja hugmyndina á fætur annarri sem lætur því líða örlítið betur með sjálft sig og auðvitað er það skiljanlegt. Það er ekki þar með sagt að það sé rétt en þannig rennur aukin skattheimta vegna loftslagsvár á hinu græna Íslandi ljúflega ofan í kokið á fólkinu okkar. Ekki vegna þess að það er endilega sammála þessari nálgun heldur vegna þess að þau eru með samviskubit.

Ég las eitt sinn bók eftir Martha Stout sem er með doktorsgráðu í sálfræði og ber bókin heitið „The sociopath next door“, eða Siðblindinginn, við hliðina á þér og kemur sú bók inn á siðblindu og hvað það í raun er. Hún segir að uppáhaldstæki siðblindingjans til að stjórna öðrum sé samviskubit. Hann finnur sjálfur ekki fyrir því en verður fljótt sérfræðingur í að nota það gegn venjulegu fólki og ég tel ráðamenn nota þessa aðferð í allt of miklum mæli en í nótt þá hafnaði fólkið þessu. Það sagði hingað og ekki lengra. Nú hættið þið að segja okkur að gera eitt á meðan þið gerið annað. Nei, takk, við þessari kúgun. Já, takk, við einstaklingsfrelsi og mannkærleik. Við ætlum að elska okkur sjálf og elska aðra og við ætlum að breyta samfélaginu til hins betra.

Ég hef nefnilega trú á því að samkenndin eigi eftir að koma aftur. Það er nefnilega gott að búa í samfélagi þar sem fólk hjálpast að og styður hvað annað og þangað ættum við að stefna.

Guðmundur Franklín Jónsson
viðskipta- og hagfræðingur

BÆKUR & MENNING

Myndlistarkonan og þýðandinn Freyja Eilíf.

Mannveran eftir Maxím Gorkí:

Hundrað ára prósaljóð um lífskraft mannlegrar tilvistar

Mannveran eftir Maxím Gorkí er rúmlega hundrað ára prósaljóð um lífskraft mannlegrar tilvistar sem var samið í aðdraganda rússnesku byltingarinnar. Ljóðið er eitt af fyrstu útgefnum verkum Gorkí.

Þýðandi er myndlistarkonan Freyja Eilíf. Freyja er fædd árið 1986 og dvaldi í Rússlandi í ár á táningsaldri og lærði rússnesku og hefur hún unnið að þýðingu verksins í rúman áratug. Útgefandi er Skriða bókaútgáfa.

Freyja segir að Maxím Gorkí, sem var uppi 1868 til 1936, sé best þekktur fyrir félagslegt raunsæi í rússneskum bókmenntum og að ljóðið Mannveran sem kom út árið 1903 sé eitt af hans fyrstu útgefnu verkum.

Sagt er um Gorkí að hann hafi alist upp á hliðargötum lífsins og að hann hafi veitt heiminum ógleymanlega innsýn í líf og tilveru rússneskrar alþýðu, reiði og ástríður, um þarsíðustu aldamót og í aðdraganda rússnesku byltingarinnar,

Auk þess að leggja stund á myndlist og þýðingar rekur Freyja Skynlistasafnið í Þingholtunum. Útgáfunni verður fagnað í Holti, Menningarsetri á Hvammstanga, þann 19. desember og í Skynlistasafninu í Reykjavík, í Bergstaðastræti 25B þann 21. desember.

Skriða bókaútgáfa hóf starfsemi sína fyrr á þessu ári með útgáfu örsagnasafnsins Einsamræður eftir Birtu Þórhallsdóttur og ljóðabókarinnar Vínbláar varir eftir Sigurbjörgu Friðriksdóttur. /VH

KAUPLAND

LED ljós
20Wött Stærð 600X124X43mm, 2000 lúmen.
40Wött Stærð 1200X124X43mm, 4000 lúmen.
60Wött Stærð 1500X124X43mm, 6000 lúmen.
6000 Kelvin. 5 ára ábyrgð.

Hentar: Í öll votrými og allan iðnað, landbúnað, bílageymslur og margt fleira.

IK08

www.kaupland.is Í allar byggingar sími 844-9484



SULKY

Nákvæmni dreifingar endurskilgreind

Framúrskarandi nákvæmni áburðardreifingar með dreifibreidd allt að 40-50m á X40+ og X50+ dreifurunum frá Sulky.

Tæknilegasta svæðisstýringin á markaðnum, breytilegt flæði, sjálfstætt til vinstri og hægri og gríðarleg afköst. Sparar þér bæði tíma og peninga.

Sérstakt áramótaverð ef pantað er fyrir 15. janúar!

12 hluta stjórnun fyrir fullkomna nákvæmni

VÉLAVAL
www.velaval.is

Bændablaðið Auglýsingar 56-30-300
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

Ný kynslóð
100% rafmagn!

Eigum á lager nýja kynslóð af **MultiOne EZ-7** liðléttingum sem eru **100% rafknúnir** með góða endingu á rafhlöðunni.

Frábær fjölnotavél með **1600 kg lyftigetu** og möguleika á ýmsum aukahlutum.

Vélarnar afhendast með skóflu og taðgreip.

Hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is**.

KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10** / 104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

Þátttaka í ræktunarstarfinu að eflast

– Af niðurstöðum lambaskoðunar haustið 2019

Eyþór Einarsson
ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt
ee@rml.is

Dómar á lömbum er eitt af stærstu verkefnum sem tengjast ræktunarstarfi í sauðfjárrækt. Tilgangur þeirra er fyrst og fremst að veita bændum upplýsingar sem þeir geta nýtt sér við ásetningsvalið. Einnig er um að ræða söfnun upplýsinga til að fá afkvæmadóma bæði fyrir heimahrúta og sæðingastöðvahrúta.

Hér verður gefin stutt samantekt á helstu niðurstöðum úr lambaskoðunum haustið 2019.

Aukin þátttaka

Sauðfjárræktin hefur gengið í gegnum talsverðar þrengingar á síðustu árum og hafa afleiðingar þess m.a. komið niður á þátttöku í ræktunarstarfinu, þ.e.a.s. sæðingum og lambadómum. Í haust sáust þess þó merki að áhugi fyrir ræktunarstarfinu væri heldur að aukast. Bæði var farið í fleiri heimsóknir til bænda í haust en haustið áður og skoðuðum lömbum fjölgaði þrátt fyrir að framleiðsla hafi dregist talsvert saman. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum í Fjárvís.is frá 11. desember sl. voru stigaðir 12.038 Lambhrútar í haust en á sama tíma í fyrra lágu fyrir upplýsingar um 11.321 hrútlamb. Lokatalan var síðan aðeins hærri þegar öll kurl voru komin til grafar líkt og fram kemur í töflu 1. Skoðaðar gimbrar í haust voru 50.456 talsins sem er rúmlega 3.600 gimbrardómum fleiri en lágu fyrir á sama tíma í fyrra.

Lömbin væn

Tíðarfar sl. vor og sumar var víða á landinu fremur kalt og þurrt. Þrátt fyrir það var vænleiki lamba að jafnaði góður í haust. Meðalfallþungi dilka var 16,52 kg samkvæmt niðurstöðum frá sláturhúsunum og er það svipað og árið áður, en þá var hann 16,56 kg og var þá næstmesti meðalþungi sem mælst hefur. Lambhrútarnir sem komu til skoðunar í haust voru svipaðir að þyngd og í fyrra, með aðeins þykkari vöðva og stiguðust heldur hærra líkt og sjá má í töflu 1. Þetta er í ágætu samræmi við niðurstöður slátrunar þar sem lömbin voru heldur léttari en gerðareinkunn sláturdilka potaðist upp á milli ára úr 8,99 í 9,04.

Tafla 1. **Meðaltöl lambhrúta**

Ár	Fjöldi	Lífþungi kg	Ómv. mm	Ómf. Mm	Læri stig	Stig alls
2018	11.515	48,2	30,3	3,2	17,7	84,5
2019	12.038	48,1	30,6	3,2	17,8	84,7

Efstu hrútar

Í töflu 2. Er að finna yfirlit yfir 5 hæststigðu lambhrúta í hverju héraði. Séu hrútar jafnir að stigum, ráða samanlögð stig fyrir frampart, bak, malir og læri. Séu einhverjir enn jafnir er næst tekið tillit til bakvöðvaþykktar, þá fituþykktar og síðast er það lag bakvöðvans sem sker úr um röðun.

Hæststigaði lambhrúturinn í haust er frá Landamótsseli í Suður-Þingeyjarsýslu með 92,5 stig. Þetta er annað árið í röð sem hæst stigaði lambhrútur landsins kemur frá þessum bæ. Þessir stigakóngar eru albræður undan Belg 17-166 og Gyltu 15-648. Belgur er sonarsonur Gaurs 09-879 og dóttursonur Snæs 07-867. Gylta er af heimakyni en í langfeðratali má rekja ættir hennar til sæðingastöðvahrútanna Grána 03-957, Hriflons 07-837, Ljúfs 05-968, Kalda 03-989, Þráðar 06-996 og Lóða 00-871.

Næstur í röðinni með 91,5 stig er annar Suður-Þingeyingur sem hlotið hefur nafnið Toppur 19-123. Toppur er frá Búvöllum undan kaupahrút frá Bassastöðum í Steingrímsfirði sem Glanni heitir, sonur Fáfnis 16-995 frá Mýrum 2. Móðurföðurfaðir Topps er Bekri 12-911 frá Hesti.

Þá koma einir 8 hrútar með 91 stig. Efstur af þeim raðast Neró 19-166 frá Mýrum 2. Gríðarþykkur bakvöðvi hans skaut honum fram fyrir aðra hrúta í upprröðun. Hann mældist með 43 mm þykkan vöðva. Neró er sonur Kögguls 17-810 frá Hesti. Móðir hans er tvævelta, ákaflega efnileg með 9,9 afurðastig. Hún rekur ættir sínar m.a. í Danna 12-923 frá Sveinungsvík og Guma 09-880 frá Borgarfelli.

Synir stöðvahrútanna

Í Hrútaskránni má finna yfrlit yfir meðaltöl allra sona sæðingastöðvahrútanna sem skoðuð voru ásamt nýju kynbótamati fyrir holdfyllingu og fitu. Þær niðurstöður gefa besta mynd af því hvernig þessir kynbótagripir standa sig. Það er einnig áhugavert að skoða hvaða stöðvahrútar eiga stærsta hlutdeild í toppunum í hverri sýslu. Af þeim 100 lambhrútum sem birtast í töflu 2 þá eru 31 lambhrútur undan sæðingastöðvahrútum. Af þeim á Mávur 15-990 frá Mávahlíð flesta eða 7 talsins. Mávur hefur sannað sig sem mjög öflugur lambafaðir en afkvæmi hans eru bæði vel gerð og skarta góðri ull sem gerir gæfu muninn í heildar stigum. Tvistur 14-988 frá Hríshóli á næstflesta syni eða 4. Þá koma þeir Bergsson 14-986 frá Valdasteinsstöðum og Guðni 17-814 frá Miðdalsgröf með 3 syni hvor.

Að lokum

Að bæta vaxtarlag sauðfjár er langhlaup. Þar hafa margir ræktendur náð frábærum árangri á síðustu áratugum. Góð þátttaka í lambamælingum og sæðingum hefur án efa skilað þar gríðar miklu og er augljós sá munur sem fram kemur í öllum eiginleikum sem unnið er með í ræktunarstarfinu ef skoðuð eru meðaltöl búa sem eru virk í ræktunarstarfinu og þeirra sem ekki taka þátt í þessum lykilverkefnum. Þótt gæðin þokist upp á við að jafnaði þá er stærsta sóknarfærið í því að lyfta upp meðaltölum á landsvísu, hvort sem það er fyrir skrokkgæði eða afurðaeiginleika ánna, að virkja þann hluta bænda sem á inni mikil sóknarfæri.

Gleðileg jól

	Uppruni	Lambsnr.	Faðir	Þungi (kg)	Ómvöðvi	Ómfita	Lögun	Fótleggur	Haus	Háls+herðar	Bringa+útlögur	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samræmi	Stig alls
	Gullbringu- og Kjósarsýsla																	
1	Kiðafell	251	17-006 Kerhóll	63	42	2,9	5,0	112	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**90,0**
2	Kiðafell	363	18-003 Vaðall	63	41	3,5	4,0	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,0**
3	Kiðafell	490	17-004 Sprengjsandur	63	38	3,8	4,5	112	8,0	8,5	8,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,0**
4	Morastaðir	977	17-032 Jörvi	45	31	1,9	5,0	108	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,0	**87,5**
5	Kiðafell	489	17-004 Sprengjsandur	65	35	4,2	4,5	112	8,0	8,5	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	**87,5**
	Borgarfjarðarsýsla																	
1	Múlakot	102	17-022 Börkur	62	35	3,9	4,5	109	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
2	Hægindi	56	18-105 Floti	61	35	4,1	5,0	110	8,0	9,5	9,5	9,5	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**89,5**
3	Hægindi	35	17-022 Börkur	62	35	3,7	4,5	109	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**89,0**
4	Hægindi	71	15-990 Mávur	52	32	2,8	5,0	109	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,0**
5	Hægindi	25	18-107 Amír	51	30	3,6	4,5	106	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	9,0	8,0	9,0	**89,0**
	Mýrasýsla																	
1	Leirulækur	21	17-814 Guðni	48	36	3,2	4,5	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	8,5	7,5	8,5	**88,5**
2	Skiphylur	132	13-953 Dreki	62	36	3,9	4,5	112	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,5	7,5	8,0	9,0	**88,5**
3	Leirulækur	116	18-016 Limbó	55	35	3,2	4,5	111	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	8,5	**88,0**
4	Gilsbakki	42	13-953 Dreki	58	33	3,0	4,5	110	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,0**
5	Brekka	659	17-616 Camus	54	33	4,7	4,0	110	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	8,5	**88,0**
	Snæfells- og Hnappadalssýsla																	
1	Ólafsvík, Guðmundur Ó.	86	18-031 Gosi	59	35	4,8	5,0	108	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**89,5**
2	Ólafsvík, Guðmundur Ó.	65	18-031 Gosi	51	40	3,7	4,5	103	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
3	Máfahlíð	36	16-001 Askur	54	36	2,3	5,0	110	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Hofsstaðir	593	15-210 Stutti	54	36	2,5	4,5	110	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	19,0	8,5	8,0	9,0	**89,5**
5	Gaul	92	17-504 Gammur	64	33	7,1	4,0	112	8,0	9,5	9,0	9,0	9,0	19,0	9,0	8,0	9,0	**89,5**
	Dalasýsla																	
1	Geirmundarstaðir	170	14-801 Spakur	48	37	2,5	5,0	106	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**89,0**
2	Stóra-Vatnshorn	66	14-986 Bergson	52	37	3,3	5,0	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,0**
3	Magnússkógar 3	129	17-136 Lokkur	54	34	2,9	5,0	112	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,0**
4	Skerðingsstaðir	107	15-231 Toppur	48	33	3,6	4,5	106	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
5	Spágilsstaðir	216	14-986 Bergson	55	36	3,8	4,5	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	7,5	8,0	9,5	**88,5**
	Barðastrandarsýslur																	
1	Kambur	428	18-286 Bolur	54	32	3,1	4,5	110	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,0**
2	Árbær	208	16-048 Stubbur	43	33	2,7	4,5	105	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,5	9,0	8,0	8,5	**88,5**
3	Gufudalur-Fremri	47	18-410 Ási	58	37	7,9	4,5	114	8,0	9,0	8,5	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	8,5	**88,0**
4	Brjánslækur 1	977	18-211 Bútur	53	35	4,5	5,0	111	8,0	9,0	9,0	10,0	9,0	18,0	8,0	8,0	8,5	**87,5**
5	Brjánslækur 1	141	16-245 Öðlingur	51	34	5,8	4,5	107	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**87,5**
	Ísafjarðarsýslur																	
1	Skjaldfönn	13	16-170 Smári	46	35	4,1	5,0	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
2	Skjaldfönn	224	17-075 Skarpur	50	40	3,3	5,0	110	8,0	9,0	9,5	10,0	9,0	18,0	8,5	8,0	8,5	**88,5**
3	Hólar	729	17-106	48	36	3,9	4,5	105	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	8,5	**88,5**
4	Skjaldfönn	199	17-072 Sómi	57	32	6,8	4,5	111	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,0**
5	Staður	2	15-990 Mávur	46	31	1,6	4,5	108	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	8,5	**88,0**
	Strandasýsla																	
1	Broddanes 1	83	16-081 Glæsir	59	38	2,9	5,0	106	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**91,0**
2	Broddanes 1	129	18-052 Svanur	52	39	5,8	5,0	105	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**91,0**
3	Innri-Ós	52	17-091 Vindur	61	38	2,6	5,0	109	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	8,5	8,0	9,5	**91,0**
4	Innri-Ós	252	18-099 Þokki	54	37	3,6	5,0	107	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	9,5	**90,5**
5	Broddanes 1	264	17-091 Guðni Már	50	38	4,5	5,0	105	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,5	7,5	8,0	9,0	**90,0**
	Vestur-Húnavatnssýsla																	
1	Mýrar 2	1439	17-810 Köggull	54	43	2,6	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10,0	10,0	19,5	7,5	8,0	9,5	**91,0**
2	Efri-Fitjar	541	16-663 Skýr	55	40	5,1	5,0	110	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**91,0**
3	Sauðá	6361	15-990 Mávur	59	39	2,1	5,0	113	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**91,0**
4	Syðri-Urriðaá	322	15-018 Baukur	63	41	7,1	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,5	7,5	8,0	9,5	**90,5**
5	Mýrar 2	2426	17-667 Stofn	48	38	3,8	4,5	110	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**90,5**
	Austur-Húnavatnssýsla																	
1	Litla-Giljá	186	15-570 Bónus	60	41	2,9	5,0	111	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**90,0**
2	Litla-Giljá	55	15-574	59	37	2,9	5,0	107	8,0	9,0	9,5	10,0	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
3	Bjarnastaðir	39	14-801 Spakur	56	35	4,7	4,5	110	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,0**
4	Stóri-Dalur	35	15-990 Mávur	52	31	3,9	4,5	113	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	18,5	9,0	8,0	8,5	**89,0**
5	Sölvabakki	271	18-086 Bossi	56	36	3,9	4,5	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,0	8,0	8,0	9,0	**88,5**
	Skagafjarðarsýsla																	
1	Hóll	87	15-990 Mávur	56	32	2,3	5,0	104	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,0**
2	Hóll	3	15-804 Gunni	58	35	3,6	4,5	109	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
3	Reykir	274	15-402 Birkir	54	34	3,1	5,0	107	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Ytri-Hofdalir	15	18-522 Þristur	57	36	3,3	5,0	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,5**
5	Syðri-Hofdalir	415	18-526 Unnsteinn	58	38	3,8	4,5	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,5**
	Eyjafjarðarsýsla																	
1	Hríshóll	32	18-779 Simbi	63	39	3,9	5,0	110	8,0	8,5	9,5	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
2	Hríshóll	236	18-777 Nebbi	54	39	3,3	5,0	109	8,0	9,0	9,5	10,0	9,0	18,5	8,0	8,0	8,5	**88,5**
3	Auðnir I	124	16-358 Þræll	56	40	3,5	5,0	114	8,0	9,0	9,0	10,0	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,5**
4	Hríshóll	106	18-774 Raggi	50	38	2,5	5,0	110	8,0	8,5	9,5	10,0	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,5**
5	Hvammur	60	16-154 Jaxl	44	35	3,9	4,5	106	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	18,5	8,5	8,0	8,5	**88,5**
	Suður-Þingeyjarsýsla																	
1	Landamótssel	54	17-166 Belgur	64	41	3,3	5,0	108	8,0	9,5	9,5	10,0	10,0	20,0	8,0	8,0	9,5	**92,5**
2	Búvellir	74	18-326 Glanni	54	36	2,1	5,0	107	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	20,0	8,5	8,0	9,0	**91,5**
3	Landamótssel	131	17-166 Belgur	57	40	3,3	5,0	108	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	20,0	8,0	8,0	9,0	**90,5**
4	Hlíðarendi	7	15-990 Mávur	50	39	2,5	4,5	100	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	20,0	8,0	8,0	8,5	**90,0**
5	Stóru-Tjarnir	125	16-096 Kopar	46	35	2,1	4,5	106	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	20,0	8,0	8,0	8,5	**90,0**
	Norður-Þingeyjarsýsla																	
1	Snartarstaðir II	49	17-321 Blöndal	51	36	3,0	5,0	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	8,5	8,0	8,5	**88,5**
2	Sveinungsvík 1	127	18-203 Banni	45	35	2,2	5,0	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,5**
3	Sveinungsvík 1	2	18-208 Æstur	53	37	2,4	5,0	114	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	7,5	8,0	8,5	**88,0**
4	Bjarnastaðir	236	17-153	48	36	3,3	5,0	106	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	7,5	8,0	8,5	**88,0**
5	Hagaland	646	17-810 Köggull	53	39	2,8	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10,0	9,0	18,0	8,0	8,0	8,5	**88,0**
	Norður-Múlasýsla																	
1	Melar	325A	17-114 Hringur	49	35	6,2	5,0	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,0	9,0	8,0	8,5	**88,0**
2	Brekka	9163	17-013 Ýri	46	34	3,0	5,0	109	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**88,0**
3	Rauðholt	29	15-990 Mávur	52	32	2,1	5,0	108	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**88,0**
4	Brekka	9015	12-960 Malli	50	36	1,6	5,0	106	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	18,5	7,5	8,0	9,0	**87,5**
5	Bessastaðagerði	5	17-813 Dúlli	49	35	2,6	5,0	107	8,0	9,0	8,5	9,0	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**87,5**
	Suður-Múlasýsla																	
1	Gilsárteigur 2	216A	14-986 Bergson	51	37	3,2	5,0	105	8,0	9,5	9,5	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
2	Hafranes	706	17-814 Guðni	59	35	3,0	4,5	106	8,0	9,5	9,0	9,0	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,0**
3	Ásgarður	294	14-253 Kveikur	47	32	2,8	5,0	108	8,0	9,5	9,0	9,0	9,0	18,0	9,5	8,0	9,0	**89,0**
4	Víkingsstaðir	28	16-995 Fáfnir	48	37	1,8	5,0	106	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,5**
5	Hafranes	703	17-814 Guðni	58	38	3,7	5,0	109	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	18,0	8,5	8,0	9,0	**88,5**
	Austur-Skaftafellssýsla																	
1	Kálfafell 2	33	16-994 Durtur	50	34	2,7	5,0	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,0**
2	Kálfafell 2	125	17-808 Drjúgur	70	36	3,3	5,0	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,0**
3	Vík 2	025E	14-988 Tvistur	52	35	3,1	5,0	117	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	8,5	**87,5**
4	Breiðabólsst 2 Gerð	18	14-988 Tvistur	53	34	2,9	5,0	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	7,5	8,0	9,0	**87,5**
5	Setberg 1	7052	17-515 Draumur	47	34	4,4	4,5	102	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	8,5	8,0	8,5	**87,5**
	Vestur-Skaftafellssýsla																	
1	Kerlingardalur 1	13	17-014 Djöfull	55	36	2,8	5,0	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	19,5	8,0	8,0	9,0	**89,5**
2	Skammidalur 2	34	15-540 Áratugur	53	35	4,2	5,0	106	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	19,5	8,0	8,0	9,0	**89,5**
3	Giljur	24	18-231 Gemsi	54	34	4,4	5,0	105	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
4	Borgarfell 1 og 3	1988	17-808 Drjúgur	55	35	3,5	4,5	112	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	19,5	7,5	8,0	8,5	**88,5**
5	Borgarfell 1 og 3	1723	17-343 Bjarmi	50	30	4,9	4,0	111	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	9,5	8,0	8,5	**88,5**
	Rangárvallasýsla																	
1	Skarðshlíð 1	682	18-635 Leifur	51	42	7,2	4,5	108	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	20,0	8,5	8,0	9,0	**90,5**
2	Saurbær	278	14-988 Tvistur	63	35	3,6	5,0	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**90,0**
3	Álfhólar	118	17-192 Fannberg	48	34	3,5	5,0	103	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**90,0**
4	Næfurholt	178	14-988 Tvistur	55	35	2,2	5,0	106	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	9,5	**90,0**
5	Kaldbakur	71	18-112 Háleggur	58	40	3,5	4,5	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	19,5	8,0	8,0	9,0	**89,5**
	Árnessýsla																	
1	Hrepphólar	139	18-194 Raftur	63	40	2,1	5,0	107	8,0	9,0	9,5	10,0	10,0	19,5	8,0	8,0	9,0	**91,0**
2	Hófgerði	048A	18-070 Prúður	58	36	4,3	5,0	107	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	20,0	8,0	8,0	9,0	**91,0**
3	Tóftir	127	17-005 Glæsir	54	41	4,1	5,0	115	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,5	8,5	8,0	8,0	**90,0**
4	Brúnastaðir 1	5	18-073 Naggur	55	34	3,1	5,0	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	20,0	8,0	8,0	9,5	**90,0**
5	Austurhlíð II	318	16-994 Durtur	60	43	3,5	5,0	109	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,5**

LESENDABÁS

Húsnæðisuppbygging á landsbyggðinni komin á skrið

Frá því ég tók við embætti um þetta leyti árs árið 2017 hef ég einsett mér að mynda traustari umgjörð um húsnæðismál á Íslandi. Í þeim efnum hef ég lagt áherslu á að tryggja nægjanlegt framboð húsnæðis fyrir alla, óháð efnahag og óháð búsetu. Þegar hefur farið fram mikil endurskipulagning og umbótavinna á sviði húsnæðismála bæði hjá ríki og sveitarfélögum og er henni hvergi nærri lokið.

Ég hef lagt sérstaka áherslu á að landsbyggðin verði ekki látin sitja eftir en þar hefur ríkt stöðnun á húsnæðismarkaði um langt skeið. Haustið 2018 fól ég Íbúðalánasjóði að fara af stað með tilraunaverkefni í því skyni að leita leiða til þess að bregðast við þeim áskorunum sem landsbyggðin stendur frammi fyrir í húsnæðismálum. Þegar hafa verið kynntar ýmsar lausnir á grunni verkefnisins og eiga fleiri eftir að líta dagsins ljós. Málið er brýnt enda allmörg dæmi um að skortur á íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni hafi staðið atvinnuuppbyggingu fyrir þrifum. Við það á ekki að una enda hagur okkar allra að atvinnulíf blómstri um allt land.

Sértækar aðgerðir

Þörf á húsnæðisstuðningi fyrir landsbyggðina er önnur en á höfuðborgarsvæðinu. Þar vantar oftar en ekki upp á að húsnæðismarkaðurinn sé nægilega skilvirkur enda víða misvægi á milli byggingarkostnaðar og markaðsvirðis íbúða. Þeir sem vilja kaupa eða byggja húsnæði á landsbyggðinni hafa haft takmarkaðan aðgang að lánsfé og kjörin ekki verið sambærileg þeim sem bjóðast á virkari markaðssvæðum. Í því skyni var nýjum lánaflokki hjá Íbúðalánasjóði komið á fót í haust. Hann er sérsniðinn að landsbyggðinni og er ætlað er að auðvelda sjóðnum að veita fjármögnun til verkefna úti á landi. Hann hefur nú þegar stuðlað að uppbyggingu víða um land.

Ásmundur Einar Daðason.

Þá hefur leigufélagið Bríet, sem er sjálfstætt félag í eigu Íbúðalánasjóðs rekið án hagnaðarsjónarmiða, átt þátt í að bæta stöðu leigjenda úti á landi en það var stofnað að mínu frumkvæði í árslok 2018. Markmið þess er að vera hluti af uppbyggingu og styrkingu leigumarkaðar á landsbyggðinni og rjúfa þá stöðnun sem ríkt hefur á húsnæðismarkaði víða um land. Bind ég miklar vonir við og er ég þess fullviss að starfsemi leigufélagsins verði landsbyggðinni til framdráttar í komandi framtíð.

Eins hafa verið lagðar fram tillögur til að gera sveitarfélögum á landsbyggðinni kleift að byggja íbúðir í almenna leigukerfinu með stofnframlagi ríkisins en þannig má bregðast við skorti á hagkvæmu leiguhúsnæði. Tillögurnar gera ráð fyrir að heimilt verði að veita **sérstakt byggðaframlag** vegna leiguíbúða á svæðum þar sem misvægi ríkir á milli byggingarkostnaðar og markaðsverðs auk þess sem heimildir sveitarfélaga til þess að leggja fram stofnframlög verði rýmkaðar. Um er að ræða umtalsverðar réttarbætur á lögum um almennar íbúðir sem munu skipta miklu máli fyrir hinar brothættu byggðir landsins.

Framkvæmdir víða hafnar

Ég bind miklar vonir við þessar og frekari aðgerðir á landsbyggðinni. Framkvæmdir eru víða hafnar á grunni þeirra og hef ég verið þess heiðurs aðnjótandi að fylgja þeim úr hlaði hringinn í kringum landið. Víða er um að ræða nýbyggingar en auk þess eru sveitarfélög að leita leiða við að breyta húsnæði sem fyrir er með stuðningi ríkisins og koma því í sölu eða leigu. Samanlagt hafa þessar aðgerðir komið af stað hreyfingu á húsnæðismarkaði á stöðum þar sem stöðnun hefur ríkt árum og áratugum saman.

Betur má ef duga skal. Ég mun leggja mitt af mörkum til áframhaldandi uppbyggingar húsnæðis á landsbyggðinni enda er hún nauðsynleg svo að atvinnulíf fái að blómstra og samfélögin þar með.

Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra

RML
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Landsseyðasýning 2019

Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Ráðjöf í sauðfjárrækt
eyjolfur@rml.is

Um miðjan nóvember sl. fór undirritaður til Færeyja til að vera dómari á landshrútasýningunni þar. Færeyingar óskuðu eftir því að fá dómara frá Íslandi til að koma og dæma skv. íslenskum reglum. Þarna ferðaðist ég sem aukamaður ásamt fimm sýnismönnum (dómnefnd) sem dæmdu skv. færeyskum reglum.

Talsverður munur er á færeyskum og íslenskum dómum enda áherslur og aðstæður breytilegar milli landanna.

Færeyskt sauðfé

Færeyski sauðfjárstofninn telur um 75.000 gripi og er af ætt norðurevrópsks stuttrófufjár líkt og íslenska féð. Færeyskir hrútar eru allir hyrndir en ærnar eru að 2/3 kollóttar og 1/3 hyrndar. Ullin á færeysku fé er svipuð og á fénu á Íslandi, þ.e. hefur bæði þel og tog en tíðni grunnlita er allt önnur. Þannig eru um 30% af ánum hvítar, 30% svartar eða með svartan grunnlit, 30% gráar eða með gráan grunnlit og 10% mórauðar eða með mórauðan grunnlit. Að jafnaði er féð aðeins rúið einu sinni á ári, þ.e. á sumrin enda þétt og góð ull nauðsynleg gripunum þar sem bæði er vindasamt og rakt yfir vetrarmánuðina í Færeyjum. Hrútar eru hafðir inni en ærnar eru á beit og fá kjarnfóður með – sérstaklega síðustu vikurnar fyrir burð. Þó færistí vöxt að ær séu einnig haldnar á húsi yfir vetrarmánuðina. Flestar ærnar eiga aðeins eitt lamb og afurðir sauðfjár hafa verið ríkur partur af menningu Færeyinga gegnum aldirnar.

Landsseyðasýningin

Á landshrútasýningunni eru skoðaðir þeir hrútar sem hafa fyrr um haustið staðið efstir á héraðssýningum á hverjum stað fyrir sig. Keppt er í þremur flokkum, flokki lambhrúta, flokki veturgamalla og flokki fullorðinna hrúta. Í ár voru á landssýningunni 54 hrútar og flokkur lambhrúta langstærstur.

Í færeyskum dómum er gefin einkunn fyrir framfætur, afturfætur, horn, ull og samræmi. Segja má að ræktunarmarkmiðið sé að gripirnir hafi sterka fætur og þétta ull vegna þess umhverfis sem þeir eru í allt árið um kring enda undirlendi lítið og mikill bratti í öllum hlíðum.

Af öllum hrútum sem keppa er tekið myndband og birt á heimasíðu Búnaðarstovunnar sem annast sýningarhaldið. Vegna sjúkdómavarna má ekki safna hrútunum saman á einn stað til dóma heldur þarf að fara á milli bæja eða eyja og dæma á hverjum stað.

„Sýnismenn 2019“ talið frá vinstri: Jacob Vestergaard, Markus Í Norðnástovu, Eyðun Eliasen, Óli í Hjøllum, Poul Samuelsen og Eyjólfur Ingvi Bjarnason. Í bakgrunni er Malínsfjall hjá Viðareiði, Viðey. Mynd / Jens Ivan í Gerðinum



Svartur hrútur í eigu Absalon Hansen, Þórshöfn sem ég taldi besta gripinn skv. íslenskum reglum. Mynd / Absalon Hansen

Hrútar dæmdir í Porkeri, Suðurey. Mynd / Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Þrjár kynslóðir bænda í Syðradal með verðlaun fyrir góða hrúta. Mynd / Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Sýningahaldið spannar því þrjá daga með öllum ferðalögum.

Fyrir undirritaðan var talsvert öðruvísi að mæta þarna með ómsjá og dæma hrútana skv. íslenskum reglum enda byggingarlag þeirra talsverð frábrugðið íslensku fé, þó uppruninn sé sá sami, enda hefur íslenska féð verið kynbætt sem holdsöfnunarfé meðan færeyska féð hefur ekki verið kynbætt fyrir aukinni holdsöfnun sérstaklega. Hins vegar sá ég þarna talsverðan breytileika og með sömu aðferð og við notum hér á landi við dóma væri hægt að auka holdfyllingu í færeysku fé. Lægsti fótleggur sem ég mældi var 124 mm á veturgömlum hrút og sá hæsti var 155 mm, einnig á veturgömlum hrút. Ómmælingu verður að taka með ákveðinni varúð á þessu árstíma enda hrútarnir búnir að vera inni í talsverðan tíma, komnir í aflögn og biðu spenntir eftir að fengitími hæfist sem er yfirleitt síðustu vikuna í nóvember.

Verðlaunafhending

Föstudagskvöldið 22. nóvember var síðan verðlaunaafhending þar sem mættu tæplega 100 manns. Verðlaunaafhendingin er talsverður viðburður og byrjaði samkoman á söng og því næst að horfa á myndabandsupptöku af öllum hrútum sem tóku þátt, síðan voru kaffiveitingar. Þá voru tvö fræðsluerindi og loks veitt verðlaun fyrir efstu þrjá hrúta í hverjum flokki. Undirritaður hélt annað fræðsluerindið sem var um íslenska sauðfjárrækt. Fyrir áhugasama er hægt að sjá myndir og upptökur af öllum hrútum sem tóku þátt, á heimasíðu Búnaðarstovunnar – www.bst.fo.

Besta lambhrútinn átti Thorvald Lútzen í Syðradal, besta veturgamla hrútinn átti Sigtór Thorvaldson í Syðradal og besta eldri hrútinn átti Jóhannes Petersen í Syðrigötu.

Röðun hrútanna var þó önnur eftir dómum undirritaðs, að teknu tillit til íslenskra dóma, en þá var besti hrúturinn yfir allt landið svartur hrútur í eigu Absalons Hansen í Þórshöfn en sá hrútur var í þriðja sæti veturgamalla í ár og var í öðru sæti lambhrúta á landsseyðasýningunni í fyrra. Miðað við íslenska dóma dæmdist hann núna með 79 stig, mældist með 124 mm fótlegg og ómmælingin var 29 mm vöðvi, fita 3,7 mm þykk og lögun bakvöðva 3,5.

Samvinna/samstarf í sauðfjárrækt

Í fræðsluerindi mínu fyrir færeyska sauðfjárbændur fór ég almennt yfir sauðfjárræktarstarfið á Íslandi og mikilvægi sauðfjárræktar fyrir dreifbýlið á Íslandi. Í því samhengi eru mikil líkindi milli landanna því margt sem tengist sauðfjárrækt byggist á félagslegum grunni í báðum löndunum. Í nýlegu viðtali við „Dagbladet Information“ orðar Ólafur Reinert í Norðurdal mikilvægi færeyskrar sauðfjárræktar á þennan hátt: „Á mínu svæði erum við hvert okkar í eigin húsi uns eitthvað þarf að gera með kindurnar, það eru þær sem fá okkur til að hittast og vinna saman.“ Norðurdalur er frekar afskekkt byggð á færeyska vísu.

Fyrir Færeyinga eru tækifæri í því að hagnýta sér ómmælingar líkt og gert er á Íslandi með það að markmiði að rækta þá gripi sem henta best þeirra framleiðsluhefðum. Ég skynjaði áhuga þeirra á að fá kjötmeiri gripi og þá sérstaklega hvað varðar frampart og hrygg en samhliða því þarf líka að vera rétt magn af fitu, hvorki of lítil né of mikil. Þarna myndu ómmælingar með afkvæmarannsóknum nýtast Færeyingunum vel. Eins gætu þeir skoðað að lækka eitthvað fótlegg stofnsins, t.d. um 10–15 mm.

Hins vegar lagði ég áherslu á það við þá að breyta ekki bara breytinganna vegna. Verðmyndun á kindakjöti í Færeyjum er allt önnur en á Íslandi og meðalverð á kíló af fersku kjöti er um 100 danskar krónur (1.880 kr./kg m. v. gengi í dag), en mikið af kjötinu er síðan þurrkað og verður ræst kjöt eða skerpukjöt. Á því kjöti er allt annað og hærra verð.

Færeyskir sauðfjárbændur skapa sér líka sitt orðspor og þar ræður eftirspurnarmarkaður för. Færeyingar flytja ekki út kjöt en þar hafa verið innleiddar margar reglur ættaðar frá Brussel því eyjarnar eru hluti af Danmörku, en þar er þó heimilt að slátra heima. Reglan er sú að kalla þarf til dýralækni til eftirlits við slátrun þegar kaupandi vörunnar ætlar að selja hana áfram til þriðja aðila en ekki þegar um viðskipti bænda og neytenda er að ræða. Mögulega gætu íslensk stjórnvöld leitað í smiðju Færeyinga hvað þetta snertir þegar kemur að regluverki varðandi slátrun til að auka verðmætasköpun bænda sem vilja slátra sjálfir.

Við Íslendingar gætum líka ýmislegt lært af Færeyingum varðandi verkun og varðveislu kjöts. Þeir viðhalda enn verkþekkingu sem var eflaust við lýði á Íslandi við landnám en hefur á einhverjum tímapunkti fallið í gleymskunnar dá. Þar er held ég óplægður akur tækifæra fyrir þá sem hafa áhuga á slíkri verkun kjöts.

Ferðin til Færeyja var mjög lærdómsrík fyrir mig og ég hef í störfum mínum undanfarin ár aðeins fengið að kynnast sauðfjárrækt í löndunum í kringum okkur, bæði með því að flytja fyrirlestra (í Grænlandi, Færeyjum og Englandi) en eins með því að taka á móti erlendum vísindamönnum á sviði sauðfjárræktar. Allir dást að því hversu vel við gerum hlutina þegar sagt er frá þeim, enda vita þeir sem hingað koma lítið hvað við erum að gera þegar meginþorri upplýsinga um starfið er aðeins á íslensku. Ég tel að við Íslendingar getum miðlað miklum fróðleik varðandi sauðfjárrækt erlendis með samstarfi – það krefst hins vegar bæði mannskapar og fjármögnunar. Hvort skilningur verður á því hjá þeim sem forgangsraða fjármunum varðandi landbúnað og alþjóðlegt samstarf verður tíminn að leiða í ljós.



Búnaðarstovan í Kollafirði. Á myndunum til hliðar má sjá hjallinn þeirra undir brúnni heim að stöðinni, þar sem kjöt er í þurrkun. Myndir / Eyjólfur Ingvi Bjarnason

LESENDABÁS

Framleiðum sem mest af okkar fæðu sjálf

Á þessum árstíma er hollt að líta um öxl og rifja upp liðið ár. Fyrir mig sem landsbyggðarþingmann standa ferðir um kjördæmið upp úr.

Á árinu hef ég kappkostað við að fræðast um og kynna mér hið víðfeðma Suðurkjördæmi og er svo lánsamur að hafa fengið að kynnast afrekskonum og -mönnum á ýmsum sviðum hins sunnlenska samfélags og reyndar víðar um landið. Þannig hef ég heimsótt bændur sem stunda ólíkan búskap við ýmiss konar aðstæður og hitt sjómenn sem stunda allra handa veiðar. Ég hef kynnt mér fyrirtækjarekstur af öllum stærðum og gerðum og komið við í opinberum stofnunum um allt kjördæmið.



Karl Gauti Hjaltason.

Álögur of háar og kerfið oft flókið

Mér er fullljóst hversu harðgerðir og einbeittir íbúar þessa lands eru. Lítil fyrirtæki blómstra sem aldrei fyrr sem kostar mikið harðfylgi og dug forvígismanna þeirra, eins og þeir þekkja sem hafa komið nálægt atvinnurekstri. Álögur á fyrirtæki eru of háar á Íslandi. Flækjur í hinu opinbera kerfi taka of mikinn tíma og orku þeirra sem standa í rekstri fyrirtækja. Þessu þarf að breyta, lækka þarf tryggingagjald til mikilla muna og gera mönnum auðveldara að reka fyrirtækin svo þeir geti ráðið til sín fleira starfsfólk, gert betur við það í launum og ráðist í fjárfestingar til að hagræða í rekstri.

Fæðuöryggi

Þjóð sem býr í landi sem er langt úti í hafi fjarri öðrum löndum þarf að framleiða sem mest af sínum matvælum heima við. Nú þegar allt beinist að því að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda ætti þetta að vera enn meira áríðandi. Við þekkjum heilbrigði íslenskra afurða mæta vel. Þekking á framleiðslu landbúnaðarafurða má ekki glatast og landinu þarf að halda í byggð.

Þjóðaröryggi og birgðir

Nýlega barst svar við fyrirspurn minni um þjóðaröryggi og birgðahald þar sem ég spurði ráðherra um hvernig háttað væri birgðahaldi matvæla, eldsneytis og lyfja, ef flutningsleiðir að landinu myndu lokast skyndilega um ófyrirsjáanlegan tíma. Í stuttu máli var svarið þess eðlis að ekki liggi fyrir sérstök viðbragðsáætlun af hálfu stjórnvalda í þessum efnum. Þessi staðreynd veldur mér ákveðnum áhyggjum, því það hefur þrisvar sinnum komið upp á síðustu árum að sú staða var alls ekki fjarlæg að landið lokaðist um lengri eða skemmri tíma. Hér á ég við yfirvofandi heimsfaraldur inflúensu 2008, bankahrunið sama ár og Eyjafjallagosið 2010. Allir þessir atburðir gátu, ef allt færi á versta veg, lokað aðflutningsleiðum að landinu um lengri eða skemmri tíma. Í ljósi þessa er óábyrgt af stjórnvöldum að hafa ekki einu sinni hugað að viðbragðsáætlunum á þessu sviði.

Sameining sveitarfélaga

Fyrir þinginu liggur ályktun um sameiningu sveitarfélaga og er í henni gert ráð fyrir að þvinga minni sveitarfélög til að sameinast. Miðflokkurinn leggst alfarið á móti því að þannig sé gengið gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga. Jafnvel þótt í mörgum tilfellum sé æskilegt að sveitarfélög sameinist teljum við að íbúarnir eigi þar að eiga síðasta orðið. Víða eru landfræðilegar aðstæður þannig að sameining skapar afar stór sveitarfélög sem ná ekki fram æskilegri stærðar hagræðingu þó af verði. Það er alls ekki trygging fyrir betri rekstri þótt sveitarfélög stækki, það sanna dæmin.

Hvað er að gerast með drengina okkar?

Framtíð okkar sem þjóðar byggist að miklu leyti á því hvernig við stöndum okkur í menntun barnanna. Það hversu illa við stöndum í alþjóðlegum samanburði er mikið áhyggjuefni. Það er ljóst að eitthvað mikið er að og lélegur árangur ungra drengja er sérstakt áhyggjuefni. Illa læsir og skrifandi drengir geta verið tifandi tímasprengja. Þeir eru líklegri til þess að eiga við alls konar andleg og félagsleg vandamál þegar fram í sækir með öllum þeim samfélagslega kostnaði sem því fylgir. Hér verðum við að spyrna við fótum strax. Bið eftir aðgerðum er ekki í boði.

Veðurofsinn

Nýlegt óveður, sem lék stóran hluta landsins illa, leiddi í ljós veikleika á fjölmörgum stöðum í dreifikerfi raforku. Miðflokkurinn hefur óskað eftir viðamikilli úttekt á ástæðum þess og þar er ráðherra krafinn svara við fjölmörgum spurningum sem brenna á fólkinu sem varð illa úti vegna veðursins. Ísland er harðbýlt land og við eigum að þekkja hvernig náttúruöflin geta gripið í taumana. Gera verður kröfu um lágmarks viðbúnað í þágu fólksins hvar sem það býr í landinu.

Ég óska lesendum Bændablaðsins gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Karl Gauti Hjaltason
þingmaður Miðflokksins
í Suðurkjördæmi
kgauti@althingi.is

ÍSTEKA
SELDU HRYSSUR TIL LÍFS
Hrossabændur óska eftir hryssum
Mega vera þriggja til fimmtán vetra
Greiðum 30.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.
Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.
Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma 581-4138.
Geymið auglýsinguna!
Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

Lely Center Ísland
RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ
John Deere, Ford, Zetor, Fiat, Case IH, New Holland, McCormick, Deutz-Fahr, Steyr, Massey Ferguson, Claas
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000
Gott framboð af áhugaverðum jörðum
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
Maria Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

Ovitop forðastautar

*Fæst bæði með og án kopars
Ovitop forðastautar fyrir sauðfé og geitur. Leysast hægt upp í vömb. Virka í 4 mánuði
Ovitop inniheldur joð, kóbalt, mangan, zink og selen.
Notkunarleiðbeiningar:
Sauðfé og geitur yfir 40kg
2 stautar, einum mánuði fyrir fengitíma og aftur einum mánuði fyrir sauðburð.
Sauðfé og geitur undir 40kg
Gefinn er 1 stautur
Frekari upplýsingar inn á netverslun okkar www.kb.is
KB BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI

MD VÉLAR
SÉRTILBOÐ – SÝNINGARVÉL
RAFSTÖÐVARSETT 35 GTC
FYRIR LAND- EÐA SJÓNOTKUN
Grunnvél: MITSUBISHI
Fullt Verð 2.430.000 + vsk
Tilboð á sýningarvél 1.798.000,- krónur + vsk
- Fyrir þurrt púst
- Afl: 35 KVA – 28 kWe
- 3 x 400/230 VAC 50 Hz 1500 RPM
- Stærð í einangruðum kassa: 1445 x 630 x 788 mm
- Rafkerfi vélar: 24 VDC tveggja póla
- Digital mæla- og aðvörunarkerfi fyrir vél og rafal
- Kapall í mælaborð 4 m CPC
- Systra gasolíusíur
- Tæmingardæla fyrir smurolíu
MITSUBISHI DIESEL ENGINES

Vagnhöfða 12 | 110 Reykjavík | Sími 567 2800
mdvelar@mdvelar.is | www.mdvelar.is

HÁTÍÐARMATURINN Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Hörpuskel, nautasteik og trönuberjakaka

Matreiðslumeistari Bændablaðsins gefur lesendum hér nokkrar úrvals hugmyndir að veisluréttum um jól og áramót.

Kryddaður hörpuskelfiskur með graskersmauki

Hér er hátíðlegur forréttur, heilnæmur með djörfu bragði – hörpuskel með graskersmauki er frábær áramótaforréttur.

Hráefni

- 8 stórar frystar hörpuskeljar, sem hafa verið affrystar og þerraðar vel
- Klípa af uppáhalds sterka kryddinu ykkar; til dæmis chili, cayanne pipar eða sítrónupipar
- Sítrónusafi eftir smekk
- 1 msk. smjör
- 1 msk. ólífuolía

Hráefni fyrir graskersmauk

- 450 g grasker skorið í teninga
- ¼ tsk. engiferduft eða smá biti ferskur engifer
- sjávarsalt og svartur pipar eftir smekk

Hráefni fyrir kínóasalat

- 150 g – hægt að nota blöndu af hvítu og rauðu kínóa
- 1 msk. ólífuolía
- ½ tsk. gott edik eða safi og börkur af ½ lime
- fullt af ferskum kryddjurtum og steinselju eða ferskt salat

Aðferð
Sjóðið eða bakið graskerið í 15 mínútur eða þar til það er mjúkt. Kryddið með salti, pipar og engifer eftir smekk. Færið yfir í matvinnsluvél og blandið þar til það er slétt. Setjið til hliðar.

Sjóðið kínóa í stórum potti í léttsöltuðu vatni í níu mínútur. Tappið af, sigtið og kælið.

Blandið kínóa með ólífuolíu, limesafa eða ediki og kryddjurtum. Geymið sem meðlæti og skraut.

Kryddið eftir smekk.

Undirbúið næst hörpuskelina. Klappið hörpuskelina með eldhúspappír þar til hún er orðin þurr. Kryddið með sjávarsalti, pipar eða chili-kryddi.

Hitið stóra pönnu með ólífuolíu og smjöri, steikið síðan hörpuskelina á hvorri hlið í eina mínútu eða þar til þær eru stökkar og gullnar, en ekki soðnar í gegn.

Takið af pönnunni og hvílið á volgum stað í tvær mínútur. Þá klárast þær að eldast í gegn.

Berið hörpuskelina fram á graskersmauki með kínóasalati til hliðar.

Ricotta- og spínatkúlur í tómat-passata sósu

- 250 g ricotta ef ekki fæst má blanda saman kotasælu og rjómaost
- 2 egg
- ½ rauðlaukur
- 75 g rifinn bragðgóður ostur
- 30 g rifinn parmesanostur
- 75 g frosið spínat, afþítt
- 75 g hveiti
- ½ tsk. lyftiduft

Fyrir sósu

- 700 ml passata-sósa (marnir tómatar)
- ½ bolli sólþurrkaðir tómatar
- 4 msk. tómatur mauk
- 2 tsk chilisósa (valfrjálst)
- ½ rauðlaukur, fínt saxaður
- 3 negulnaglar
- ¼ bolli saxaður graslaukur, parmesanostur, salt og pipar eftir smekk

Aðferð
Hitið ofninn í 180 gráður og takið stórt bökunarfat eða eldfasta pönnu með háum hliðum. Blandið saman

sósuinnihaldinu í fatið og leggið til hliðar.

Blandið saman ricotta, (eða kotasælu og rjómaosti) eggjum, lauk, osti og spínati í matvinnsluvél.

Tæmið í stóra skál og blandið síðan hveitinu saman við (ekki blanda of mikið saman). Notið síðan litla ísskeið eða matskeið, gerið kúlur og setjið þær í sósuna. Bakið í 35 mínútur.

Skreytið með graslauk, parmesanosti, salti og pipar.

Nautasteik með svepparagú

Rósrauð steik með sveppum, sem eru ilmandi af jarðsveppaolíu.

Hráefni

- 3 msk. smjör
- 1 hvítlauksrif, saxað
- ½ tsk. þurrkað majóran
- 2 box blandaðir villi- eða íslenskir sveppir skornir í fjórðung
- ⅓ bolli kjúklingasoð (vatn og kraftur)
- ⅓ bolli þurrt rauðvín
- 3 msk. rjómi
- 1 ½ tsk. hnetuolía
- Nautasteik eftir smekk hvers og eins
- ½ tsk. truffluolía (jarðsveppaolía)

Aðferð
Bræðið smjör á steikarpönnu á miðlungshita. Bætið söxuðum hvítlauk og majóran við, léttsteikið í um 30 sekúndur. Bætið sveppum við og ausið yfir með smjörinu. Stráið salti yfir. Hyljið og eldið þar til sveppirnir hafa mallað í um það bil 13 mínútur. Bætið kjúklingasoði, víni og rjóma við og látið sjóða í um fimm mínútur. Kryddið sveppina eftir smekk, með salti og pipar.

Hitið þunga miðlungsstóra pönnu á miklum hita þar til hún er orðin vel heit. Bættu hnetuolíu og brúnið kjötið á pönnunni, jafnt á öllum hliðum. Stráið yfir með salti og pipar. Lækkið hitann og eldið eftir smekk í um það bil fjórar mínútur á hlið fyrir miðlungssteikt kjöt. Færið steikurnar yfir á diska. Hitaðu sveppina og færið upp á disk með ¼ teskeið af jarðsveppolíu yfir.

Margir kjósa að nota ekki hvítan, hreinsaðan sykur, laktósa eða glúten. Þetta endurspeglar líka jólaborðið hjá sumum sem fara ekki út af braut í desember þótt þeir vilji leyfa sér eitthvað gott.

Það er verra að hafa góða samvisku og hugsa um hollari kost í undirbúning jólahátíðarinnar.

Trönuberjakaka

Þessir sæta og súra terta er fullkomin með kaffi eða te eða sem eftirréttur.

Hráefni fyrir hafrabotn

- 1 ¼ bolli hveiti
- 1 ¼ bolli gamaldags haframjöl
- ¾ bolli púðursykur
- ¼ tsk. salt
- ½ tsk. matarsódi
- ½ tsk. kanilduft
- 8 msk. saltað smjör, brætt
- 2 msk. sítrónusafi

Hráefni fyrir toppinn

- 1 bolli sýrður rjómi eða grísk jógúrt
- 2 tsk. vanilluþykkni
- ½ tsk. sítrónubörkur og safi
- 3 msk. hveiti
- ½ bolli pakkaður púðursykri
- 2 bollar fersk trönuber
- ¾ bolli saxaðar pecan eða valhnetur

Hitið ofninn í 180 og smyrjið bökunarpönnu.

Fyrir haframjölsskorpu:

Búið til skorpu með því að þeyta saman hveiti, hafra, púðursykri, salti, matarsóda og kanil. Hrærið bræddu smjöri og sítrónusafa saman þar til þetta er vel blandað saman. Dreifið blöndunni jafnt í botninn á bökunarpönnunni.

Fyrir toppinn:

Blandið saman sýrðum rjóma, vanilluþykkni, sítrónusafa og fínt rifnum berki, hveiti og púðursykur. Dreifðu blöndunni yfir skorpuna og því næst ferskum trönuberjum jafnt yfir blönduna og þrýstið létt á blönduna. Dreifið jafnt yfir með söxuðum hnetum.

Bakið við 170 gráður í 45–50 mínútur, þar til hann er ljósbrúnn. Látið kólna alveg áður en hún er skorin.

Sendum bændum landsins bestu jóla- og nýárskveðjur með von um gæfuríkt komandi ár

FÉLAG HROSSABÆNDA
THE HORSE BREEDERS ASSOCIATION OF ICELAND

VOR VERNDUN OGRÆKTUN

Samband íslenskra loðdýrabænda
Icelandic Fur breeders Association

ÆÐARRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Geitfjárræktarfélag Íslands

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

Landssamtök sauðfjárbænda

FÉLAG SVÍNABÆNDA

FÉLAG EGGJABÆNDA

félag ferðaþjónustubænda

LANDSSAMTÖK SKÓGAREIGENDA

FÉLAG KJÚKLINGABÆNDA

Íslenskir bændur senda landsmönnum öllum óskir um gleðileg jól.

Við þökkum samskiptin á árinu og vonum að árið 2020 verði ykkur gæfuríkt.

Austurey 1
Bláskógabyggð
Auður G. Waage og Kjartan Lárusson

Baugsstaðir 3 og 5
Stokkseyrarhreppi, hinum forna
Tóti, Ólafía og Sjöfn, Guðmundur og börn

Borg, Njarðvík
Borgarfirði eystra
Margrét Hjarðar og Jakob Sigurðsson

Bryðjuholt
Hrunamannahreppi
Þórunn og Samúel

Bölti, Svínafelli 3
Öræfasveit
Ragnheiður Magnúsdóttir og
Benedikt Þór Steinþórsson

Fagridalur
Mýrdal
Jónas Erlendsson og
Ragnhildur Jónsdóttir

Félagsbúið Sandfellshaga 2
Sandfelli, Öxarfirði
Gunnar Björnsson og Anna Englund

Félagsbúið Tunguseli
Langanesbyggð
Binna, Marinó, Ævar, Magga,
Marinó Níels, Guðbjörn og Rakel

Fjarðarhorn
Hrútafirði
Sigurður Geirsson

Fjöll 1
Kelduhverfi
Óli, Rósa, María og Þórdís

Fjölskyldan Ásgarði
Hvammssveit
Eyjólfur Ingvi, Guðbjört Lóa,
Eydís Helga og Erna Diljá

Fjölskyldan í Áshóli
Grýtubakkahreppi
Sveinn Sigtryggsson,
Anna Bára Bergvinsdóttir og dætur

Fjölskyldan Hjarðarfelli
Eyja- og Miklaholtshreppi
Gunnar, Sibba og stelpurnar

Fjölskyldan Hofi
Svarfaðardal
Árni, Hanna, Kjartan, Eiður og Jón Steinar

Fjölskyldan á Snartarstöðum
Lundarreykjadal
Jóhann Páll, Guðrún María,
Heiðdís Guðrún og Arnfríður Birna

Fjölskyldubúið
Gunnbjarnarholti
Arnar Bjarni Eiríksson,
Berglind Bjarnadóttir og börn

Flúðasveppir ehf.
Garðastíg 8, Flúðum
Georg Már Ottósson

Friðheimar
Reykholti
Knútur Ármann og
Helena Hermundardóttir

Garðabýlið
Kolbeinsstaðahreppi, Borgarbyggð
Fjölskyldurnar að Mið- og Syðstu-Görðum

Goðdalir
Skagafirði
Sigríður og Smári

Heimavöllur ehf.
Hvammi, Eyjafjarðarsveit
Helga, Hörður og fjölskylda

Hlíðarendi
Breiðdal
Gróa og Arnaldur

Hnefilsdalur
Jökuldal, Fljótsdalshéraði
Stebbi og Dóra

Hörgsland 2
Skaftárhreppi
Anna og Sigurður

Kjappeyri
Fáskrúðsfirði
Gestur Sigmundsson

Lágafell
Austur-Landeyjum, Hvolsvelli
Halldór Óskarsson,
Sæunn Þóra Þórarinsdóttir og börn

Loðmundarstaðir
Mýrdal
Einar Freyr Elínarson,
Sara Lind Kristinsdóttir og börn

Meðalheimur
Blönduósi
Guðný Þórarinsdóttir,
Óskar Sigurfinnsson og fjölskylda

Merki
Jökuldal
Stefán og Solla

Minni-Borg
Eyja- og Miklaholtshreppi
Siggi, Kata, Perla, Inga, Hafdís og Gísli

Randversstaðir
Breiðdal
Guðmundur Elísson og
Guðný Helga Guðmundsdóttir

Sauðfjárbúið Ytri-Bakki
Hörgársveit
Vikar Mar

Steinsholt 1
Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Sigurður og Sigríður Björk

Stóra-Hof
Hellu
Bæring Sigurbjörnsson og
Kolbrún Jónsdóttir

Sveitakarlinn / Uppspuni
Lækjartúni, Rangárþingi ytra
Tyrfingur, Hulda og börn

Tréstaðir
Hörgársveit
Líney, Kristján og fjölskylda

Úlfsstaðir
Akrahreppi
Halldór, Kolbrún og fjölskylda

Vestur-Meðalholt
Flóahreppi
Magnús Erlendsson og María Weiss

Villingadalur
Eyjafjarðarsveit
Guðrún og Árni

Barnaþrautir

Um jól og áramót er mjög til siðs að grípa í spil, lesa bækur eða leysa þrautir af ýmsum toga. Eins og áður býður Bændablaðið því upp á þrautir til að glíma við fyrir jólin eftir snillinginn Braga Halldórsson.

Fyrsta barnaþrautin sem fullorðnum er að sjálfsögðu líka heimilt að glíma við er tiltölulega einfalt púsluspil. Önnur þrautin er kannnski ekki alveg jafn auðveld og hún sýnist. Þriðja þrautin reynir dálítið á skynjun heilans. Lausnirnar er að finna á bls. 74, en bannað er að kíkja áður en reynt er við þrautirnar.

Jólakrossgáta Bændablaðsins er svo vegleg að vanda. Lausnin á henni verður birt í fyrsta blaði ársins 2020 sem væntanlegt er í janúar.

1 Hvaða stóran bókstaf er hægt að búa til með því að raða þessum formum saman?

Prófaðu að klippa formin út og sjáðu hvaða bókstafur það er.



2 Þessi köttur er búin til úr þríhyrningum. Getur þú talið hversu margir þríhyrningarnir eru?

Athugaðu að þeir geta skarast, til dæmis geta tveir þríhyrningar myndað nýjan þríhyrning.



3 Hvor af rauðu línunum, **A** eða **B** heldur þú að sé lengri?



Gerum jólin skemmtilegri:

Öðruvísi jól

Jólin eru sá árstími þegar alls konar kynjaverur fara á stjá, jólasveinarnir koma til byggða, álfar flytja búferlum og tröll halda veislur. Það er því ekki hættulaust að vera einn á ferli á þessum tíma ef mark er tekið á þjóðtrú sem tengist jólunum.

Sumir tengja jólin fæðingu Krists aðrir halda upp á þau til að fagna því að sólin fer að hækka á lofti og börnin bíða spennt eftir því að fá í skóinn. Fyrir flesta eru jól og áramót skemmtilegur tími þegar fjölskyldan kemur saman og gerir sér glaðan dag. Vinir og vandamenn gefa hver öðrum gjafir og gleyma gömlum deilumálum, að minnsta kosti um stundarsakir.

Sumir tengja jólin fæðingu Krists, aðrir halda upp á þau til að fagna því að sólin fer að hækka á lofti og börnin bíða spennt eftir því að fá í skóinn.

Í desember má sjá ungar og eggjandi konur syngja auglýsingar við vestræn jólalög.

Drykkja var þar mjög óstjórnleg

Í Bárðar sögu Snæfellsáss segir frá allsvakalegu jólaboði sem Hít tröllkona stóð fyrir í Hundahelli í Hítardal. Til veislunnar bauð hún meðal annarra Bárði Snæfellsás sem var af risakyni í föðurætt, Gesti syni hans og mörgum tröllum. Þar var Surtur af Hellisfitjum og Jóra úr Jórukleif, Kolbjörn í Breiðdalsbotnum, Glámur og Ámur úr Miðfjarðarnesbjörgum og Guðlaugur úr Guðlaugshöfða. Allt góð og gild þurs og drykkjutröll.

„Voru þá borð upp tekin og matur á borinn, heldur stórkostlegur. Drykkja var þar mjög óstjórnleg, svo að allir urðu þar ginntir. En er máltíð var úti, spurðu þursar og Hít, hvað Bárður vildi til gamans hafa. Bárður bað þá fara til skinnleiks. Stóðu þeir þá upp Bárður og Surtur, Kol- A björn, Guðlaugur og Gljúfra-Geir, og höfðu hornskinnaleik; var þá ekki svo lítið um þá, - þó var auðséð að Bárður var sterkastur, þó hann væri gamall. Bjarnfeld einn stóran höfðu þeir fyrir skinn, og vöfðu hann saman og köstuðu honum á milli sín fjórir, en einn var úti og skildi sá ná. Ekki var gott að vera fyrir hrundningum þeirra. Flestir stóðu uppi á bekkjum nema Gestur, hann sat kyrr á rúmi sínu. En þá er Kolbjörn var úti, ætlar hann að ná skinni fyrir Bárði og hljóp heldur snarlega. En er Gestur sá það, skaut hann fætinum fyrir Kolbjörn, svo þursinn hraut þegar út á bergið svo hart, að brotnaði í honum nefið, - féll þá blóð um hann allan. Varð þá upphlaup og hrundningar heldur sterklegar; vildi Kolbjörn hefna sín á Gesti.“

Gandreiðin

Jólin eru magnaður tími og svo virðist sem öll náttúrulögmál snúist á hvolf.

Á aðfangadagskvöldi jóla er drengur, sem hafði ráðist til starfa á prestsjörð, úti í hesthúsi að kemba og hirða eldishesta prestsins. Hann veit ekki fyrr til en kona prestsins vindur þar inn og gefur hún sig á tal við dreng um ýmis málefni. Þegar minnst varði dregur hún beisli undan svuntu sinni og leggur við drenginn og fylgir því mikið töfraafl. Drengurinn leyfir prestkonunni að fara á bak sér og tekur hann hann svo á loft eins og fuglinn fljúgandi. Fer hann yfir fjöll og dali, kletta og klungur og hvað, sem fyrir er með prestkonuna á bakinu. Meðan á þessu stendur þykir drengnum eins og hann vaði reyk.

Dansferðir í mannahíbýlum

Álfar eru mikið á ferð um jólin. Bæði er skemmtanatími þeirra mestur um það leyti ársins því þá halda þeir mikið af samsætum og veislum með hljóðfæraslætti og dansi, ýmist í mannahíbýlum eða i álfabyggðum. Auk þess eru hjá þeim fardagar um nýárið.

Stundum hafa mennskir ratað í álfaveislur á jólanótt eins og segir í sögunni Álfar hjá Víðivöllum. Í klöppum hjá Víðivöllum sá maður nokkur á jólanóttina stórt hús allt ljósum prýtt. Hann gekk þar inn og fékk góðar viðtökur og ágætan beina. Morguninn eftir er hann vaknaði lá hann á berum klettunum og sá hvorki veður né reyk eftir af stóra húsinu.

Sögur um jólagleði álfa hefjast iðulega á að heimilisfólkið er á leið til kirkju og að einhver einn, maður eða kona, verður eftir til að gæta bæjarins. Þegar líður fram á kvöld koma álfarnir inn í bæinn og halda skemmtun og sá sem heima situr missir vitið eða deyr. Þeir sem halda glórunni og lifa álfageimið af í fyrsta sinn missa þó yfirleitt vitið eða lífið eftir að djammið hefur endurtekið sig í tvö eða þrjú ár.

Þar var Surtur af Hellisfitjum og Jóra úr Jórukleif, Kolbjörn í Breiðdalsbotnum, Glámur og Ámur úr Miðfjarðarnesbjörgum og Guðlaugur úr Guðlaugshöfða.

Jóladansinn í Hruna

Eins og sannast hefur eru það fleiri en álfar og tröll sem hafa gaman af því að skemmta sér um jólin. Í Hruna í Árnessýslu var prestur sem mjög var gefinn fyrir skemmtanir og gleðskap. Ein jólin messaði hann ekki þegar sóknarfólkið kom til kirkju heldur hélt dansleik með drykkju, spilum og öðrum ósæmilegum skemmtunum langt fram á nótt.

Presturinn átti aldraða móður sem hét Una og var mjög á móti háttalagi sonar síns og bað hann oft um að huga frekar að guði en skemmtanahaldi en hann hirti ekkert um það og hélt uppteknum hætti.

Eina jólanótt var presturinn lengur að en venja var og bað móðir hans hann í þrígang að hætta en hann sagði ávallt: „Einn hring enn, móðir mín.“ Þegar Una gamla gengur frá syni sínum í þriðja sinn heyrir hún kveðið utan við kirkjuna:

Hátt lætur í Hruna
Hirðir þangað bruna;
svo skal dansinn duna
að drengir megi það muna.
Enn er hún Una
og enn er hún Una.

Þegar kerlingin kom út sá hún mann sem hún taldi vera djöfulinn sjálfan. Una söðlaði því hest og reið allt hvað af tók til næsta prestsseturs. Þegar hún kom aftur að Hruna ásamt prestinum og fleiri mönnum var kirkjan og kirkjugarðurinn sokkinn með fólkinu í og heyrðist ýlfur og gaul niðri í jörðinni.

Jólasveinninn krossfestur

Þó að sögurnar hér að framan séu gamlar er ekki þar með sagt að nýjar þjóðsögur verði ekki til.

Fyrir nokkrum árum fór á kreik saga sem segir frá vilja Austurlandabúa til að gera túristum frá Vesturlöndum til hæfis um jólin. Íbúar þessara landa eru fæstir kristnir og þekking þeirra á jólunum oft takmörkuð.

Aðstandendur stórrar verslunarmiðstöðvar í Austurlöndum tóku sig til og létu smíða fyrir sig margra metra háan kross fyrir jólin. Í stað Krists þótti þeim viðeigandi að negla brosandi jólasvein á krossinn og hengja hann upp til að geðjast viðskiptavinum sínum.

Að sögn kunnugra ganga Japanar allra þjóða lengst í að markaðssetja jólin. Þar í landi er ekki óhugsandi í desember að sjá ungar og eggjandi konur í nunnubúningi syngja auglýsingar við vestræn jólalög og að fólk sendi jólakort sem sýna Maríu mey lyfta sér til flugs á kústi, umkringda jólaálfum sem hafa flösku af saki sér við munn. */VH*

Bændablaðið Jólakrossgáta 2019

								FLOTHOLT / GELGJUR	SKADDA	HÓTA / KLAFI			SKYGGNI / MÖRK		TALA / SPAUG			MISMUNUR / SNÝ		PÍP	ENDAST / SKJÓÐA	
ÖLDUFALL												BÆTUR					LOFT-RELLA					
ÖNDUNAR-FÆRI / SPRÆNA												KALK-STEINN / BYTTA					ARGUR / SPIL					
										KK NAFN / Í RÖÐ				MÁTTUR / ÓSKA					SKEL / MÆLI-EINING			
GRIND											SLYSNI / FYRIRBOÐI					NADDUR / TOGVINDA						KROPP
								YNDI / FRÝS					PÁR / ÁTT					LOFT-TEGUND / KEILU				
SKÓLI									TVEIR EINS	STAKUR / SNUÐRA					MIGA / ÖFUGT					GROBB	HARLA	
ALÚÐ / SNAP												ÍLÁT / DRYKKUR					STUNDIR / UTAN					
		DRÁTTUR	INNBYRÐA / FÍFLAST		TÍÐKA		KAUPSTAÐ / DRYKKUR			ÞÖKK / STELA				TVEIR EINS	SKARPUR / HVIÐA					TÍÐUM / SKRIFA		
GAGN						BEST					BRAKA / TVEIR EINS							LÍFFÆRA / DROTTINN					BORINN
FARÐAÐ						ÓLÆTI / HLJÓÐ-FÆRI			FORA / BÓK-STAFUR				EITURLYF / SEFUN						HRISTAST / AUMA				
ELLEGAR				SVAR-GREITT / SITT Á HVAÐ								KYRRÐ / KORN			STÁSS / SKYLDIR						ÍÞRÓTTA-FÉLAG	BRAG-FORM	
TIGNASTI		FLOTT / GEÐ						ÁTT / DRYKKJAR-ÍLÁT			KALLORÐ / DÁNA			STEFNUR / ÍLÁT						VALDI / SJÁÐU			
					UPP-LÝSINGAR / FJÖR					FJÖRLITLA / VERÐUR						HINDRA	SKILABOÐ / ASI				ÞESSI / ÞÍÐA		
NESODDI			STOÐ-GRIND / GRIPUR						SANKA / VINNU						ÞVERNEITA / ÞVAGA						Í RÖÐ / MAKAÐUR		
LYKT				MÁLMUR / TVENND			TRÉ						LISTA / UMBUN						HÆRRA / ÁSTÚÐ				VAGN
		NEÐAN / ÓSKIPULAG				TÍMA-EINING	KVARÐA / ALTAN							BLÍNA / HAKA						ÁHRIFAVALD / MARGS-KONAR			
FÆGJA					VÖRU-MERKI			FÆÐA / TVÍHLJÓÐI				SKYLDIR / AÐALS-TITILL			Í RÖÐ / BLANDAR			FISKUR / GATA				ÍSKUR	
VERMIR / SEYTLAR					ÓVILJANDI / TVEIR EINS						SMÁBÁTUR / KÁL						BÚI / BLAUÐUR						
				HORNSKÓR / MÁLMUR						SAFNA / MEIN-LEGUR						LITUR / TVEIR EINS					REIÐI-HLJÓÐ		
TVEIR EINS			GÍPA / SVELG					FRÁNN / SJÁVAR-DÝR					KK NAFN / NIÐUR-LÆGJA						URGA				
		TVEIR / FRAMA-GOSI			BEIN / UMFRAM				SAMTALS / KÁSSA					SPROTA / FUGL									
HAMINGJA						STAGA / ÓREIÐA						FITA / RÍKI Í ASÍU				ÁKAFLEGA		VEGA					
	BRALL / REIKULL						TALA / ASKA								MAÐK / MANN-LEYSA								
EMJAN			GERAST	STRÁK-PATTI / SUNDL							MÓTMÆLI / TEYGJU-DÝR						TEINAR						
KLÁR					MEGIN	ÍÞRÓTT		FORA		HERMA				ALDIN-LÖGUR / DASA									
		KVEINA / FÚSK							BERG-MÁLA				VINDA / NÁTTA										
HLAUPA							GLUNDUR			EIMUR / FRELSA									EINKAR	BOKKA		MJÖÐUR	AUÐUR
HINN			KRAUMA						TVEIR EINS / FRJÓ			ÚT / DANS						NEITUN / ÝRA					
	LASLEIKA							FIRÐ / ÁLFA								BUNGA / SÝSLAN					UPPISTAÐA / GJÓTA		
									HÝÐI			TÆRA / MYNT			STEF / BÝLI							ÁTT / YFIRDEKK	
									SVÖRÐUR	FLUTNINGUR / ÓÞEKKUR				STRÍPA / GÆFA					BIRTAST / BLUNDA				
											HLAUP / BEYGÐU			BLUND / LÖGUR			MERGÐ	SPILDA / RÁK					RÍKI Í ARABÍU
									LEGU-BEKKUR / ÁHALD			HÆTTA / LETURTÁKN			LAND Í ASÍU / FOR						FESTING / ÖGN		
										OTA / GJALD-MIÐILL						FRESTUR / DRYKKUR				LAG / NÚNA			
									GLJÁHÚÐ			STEFNA			ÁN				GNAUÐA				

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

VÉLABÁSINN

Sjötta kynslóð af Mitsubishi L200

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Mitsubishi L200 Instyle. Myndir / HLJ

Mitsubishi L200 kom fyrst fram á sjónarsviðið 1978 og þá með 92 hestafla vél, 2015 kom svo fimmta kynslóð L200 og var þá með 181 hestafla vél, það sem gerði fimmtu kynslóðina af bílnum sérstaka að mínu mati var skriðvörnin í bílnum.

Ekki hef ég prófað enn pallbíl með eins góða og fullkomna skriðvörn eins og er í Mitsubishi L200. Í síðasta mánuði frumsýndi Hekla sjöttu kynslóð af þessum vinsæla pallbíl og tók ég bílinn til prufu í tvo daga.

Minni vél í hestöflum sem eyðir svipað, en er umhverfisvænni

Nýjasti bíllinn er með 2268 rúmsentímetra dísilvél sem skilar 150 hestöflum (31 hestafli minni vél en í fimmtu kynslóð L200), maður finnur vel muninn á færri hestöflum í snerpu bílsins, sérstaklega í innanbæjarakstri, en í langkeyrslu er munurinn ekki eins afgerandi.

Dráttargetan er sú sama á öllum þrem útgáfunum sem er á bilinu 3000 til 3100 kg miðað við kerru með bremsubúnað.

Eyðslan er mjög sviðuð og á síðasta bíl sem var 9,9 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri. Þess má geta að 2015 bíllinn var beinskiptur, en nú var ég á sjálfskiptum bíl og almennt er aðeins meiri eyðsla á sjálfskiptum bílum. Nú var ég að eyða 10,0 lítrum í blönduðum akstri.

Í boði þrjár útgáfur af Mitsubishi L200

Í boði eru þrjár mismunandi útgáfur af bílnum, allir með sömu vél, en í boði er val á milli beinskiptingar eða sjálfskiptingar.

Verðið er á ódýrasta Mitsubishi L200 Invite beinskiptum sem er 5.490.000 og upp í dýrasta bílinn sem ég prófaði og heitir Mitsubishi L200 Instyle og er sjálfskiptur og kostar 6.990.000. Verðið í dag er töluvert lægra í desember 2015 þegar ég prófaði L200 þá. Aukalega á bílnum sem prófaður var nú er pallhýsi sem kostar um 500.000.

Nýi bíllinn er ennþá með þessari frábæru skriðvörn sem kom fyrst í 2015 bílnum og á sér enga líka í pallbílum. Hún vinnur þannig að ef bíllinn byrjar að renna til að aftan í hálku eða lausamöl bremsar bíllinn sjálfkrafa á öðru framhjólinu til að rétta bílinn af, samfara því að taka hluta af kraftinum úr vélinni meðan bíllinn er að rétta sig af.

Fannst þessi ljós ekki líkleg til að lýsa vel, en hafði rangt fyrir mér.

Pallurinn aðeins lengri en á 2015 bílnum.

Útlitið nýtt og margar smáar breytingar

Það fyrsta sem ég tók eftir voru að bílstjórasætin eru þægilegri, með hita sem hitar ekki bara sitjandann heldur upp á mitt bak líka.

Hiti er í stýrinu (að hluta, ekki allur hringurinn sem ég hefði viljað).

Pallurinn hefur lengst um 5 cm. Er nú 152x147 (var 147x147), hægt er að fá pallhýsi sem aukabúnað á bílinn á verðbilinu 300–550.000.

Framendi bílsins er töluvert breyttur og það fyrsta sem ég tók eftir er að mér fannst framljósin vera lítil og ræfilsleg og þar af leiðandi myndi ekki vera mikil ljós af þeim.

Þessi hugsun mín var alröng, lýsingin frá þessum litlu ljósum er hreint frábær og engin ástæða að hafa áhyggjur af.

Góður bíll fyrir krefjandi aðstæður

Í Mitsubishi L200 er hátt og lágt drif og milligírkassi sem hægt er að læsa. Gott fyrir þá sem vinna og nota bíla við erfiðar aðstæður. Að hafa möguleika á að læsa öllum hjólum er mikill kostur, sérstaklega þegar ekið er í miklum snjó eða í lausum sandi.

Margir bílar koma þannig að ljóstírur eru að framan, en engin ljós að aftan, en með því að kveikja ljósin og hafa þau alltaf kveikt. Eins segir mælaborðið manni að slökkva ljósin þegar maður drepur á bílnum, en sú viðvörun er óþörf. Það má alveg hunsa þessi skilaboð því ljósin slokkna þegar maður lokar bílstjórahurðinni og kvikna aftur þegar maður setur í gang.

Allavega var ég sáttur við allar breytingar nema þessi rúmu 30 hestöfl sem voru í 2015 bílnum aukalega.

Svolítið magnað að ekki kom snjór fyrir linsuna á bakkmyndavélinni.

Gott pláss í aftursætum og sætin góð.



Ánægður með hljóðeinangrun, ekki nema 68db. á 90.

Helstu mál og upplýsingar

Lengd	5.225 mm
Hæð	1.780 mm
Breidd	1.815 mm

BRIGGS & STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Ekki beint óska andvari stuttu fyrir jól

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum, hressilegur norðanvindurinn í byrjun mánaðarins, sem olli svo miklu tjóni að vænta má að taki eitthvað fram á vorið að koma í ljós tjón og skemmdir sem ekki er hægt að komast að núna sökum ófærðar og snjóalaga.

Það var tvennt sem ég tók sérstaklega eftir í kringum þetta veður sem var bæði lof og last. Annars vegar voru það þeir sem voru að gera lítið úr veðrinu, en það að reyna að tala niður óveðursspár og viðvaranir er ekki skynsamlegt í ljósi þess að varla man nokkur maður eftir veðurofsa í líkingu við þetta veður. Hitt var öllu jákvæðara sem ég tók sérstaklega eftir. Fræðimenn gáfu út viðvaranir um komandi veður og báðu fólk að vera viðbúið veðrinu og ekki að vera á ferð á þeim tíma sem veðrið átti að vera verst og virðist það hafa tekist. Svo vel tókst þetta að varla sást nokkur maður á ferðinni nema af illri nauðsyn, sem í leiðinni fækkaði útköllum björgunarsveita og gerði snjómokstursmönnum auðveldara fyrir að koma samgöngum í lag þegar veðrinu slotaði.

Forsjárhyggja vegna lokana á vegum og þjónustu á ekki að vera deiluefni

Appelsínugul og rauð viðvörun á veðri er eitthvað sem maður vonar að maður sjái ekki aftur á næstunni og vonandi ekki næstu árin, en eins og spilað var úr þessu veðri er lærdómsríkt.

Það að loka vegum, stofnunum og fyrirtækjum vegna náttúruafla á ekki að vera þrætuefni. Það hefur svo margsinnis sýnt sig að allt of margir vaða áfram án nokkurrar hugsunar út í vond veður, inn á ófæra vegi vanbúnir til þess að takast á við það sem fram undan er.

Þessi valt innanbæjar í sterkri vindhviðu og hefði ekki átt að vera á ferðinni í svona miklum vindi. Mynd / HLJ

Vonandi allra vegna sést þessi mynd hvergi á næstunni.

Allt of margir hlusta ekki á ráðleggingar, veðurspár, viðvaranir og halda sig geta meira en reyndin er, samanber að fara fjallvegi á eindrifs bílum og jafnvel ekki einu sinni útbúnir til vetraraksturs. Kalla síðan eftir björgunarsveit til að sækja sig. Verða að skilja bílinn eftir, jafnvel á miðjum vegi, sem skapar hættu og óþarfa fyrirhöfn fyrir snjómokstursmenn sem opna veginn.

Meira að segja sér maður oft bíla sem ekki þola mikinn vind á ferðinni og jafnvel með kerrur og vagna í eftirdragi. Sem dæmi þá fannst mér útskýring hjá starfsmanni á kerruleigu N1 mjög góð að kerruleigan væri lokuð hjá sér þegar vindur er kominn yfir 15 metra á sekúndu og gul viðvörun í gangi. Það verður einhver að hafa vit fyrir fólki sem aldrei hlustar á veðurspár, sagði hann, þegar ég spurði hann hvers vegna kerruleigan væri lokuð fyrir nokkru á vindasömum degi.

Nóg af vindi og óveðri, það eru að koma jól

Þegar þetta er skrifað er komið rafmagn á nánast öllum þeim heimilum sem urðu rafmagnslaus og daglegt líf allt að komast í eðlilegan farveg við undirbúning jóla. Þökk sé dugnaði og drífanda í viðgerðarmönnum rafmagnslína sem vissulega eiga hól skilið.

Árlega hef ég minnst á þessi hefðbundnu verk sem þarf að gera í undirbúningi fyrir jól og má alls ekki gleyma. Passa upp á að fara varlega með kerti og opinn eld, skipta um rafhlöður í reykskynjurum, yfirfara slökkvitæki og passa upp á að ljósaseríur séu ekki of margar á sama stofnörygginu og að nota vatnsheldar rafmagnssnúrur og fjöltengi í útiljós og ljósaseríur.

Svo er það allur góði maturinn og annað góðgæti sem fylgir jólum. Fólk sem er ekki vant að borða mikið reyktan og saltan mat þarf að kunna sér hóf í mat og sælgæti sérstaklega þeir sem eru orðnir 40+. Þetta vita margir ef ekki allir sem eru komnir yfir þennan aldur og borða of mikið á stuttum tíma, það tekur einfaldlega lengri tíma að jafna sig eftir ofát eftir því sem maður eldist, en samt er svo erfitt að kyngja því að maður sé að eldast, en freistingar eru of miklar um jólin, bara borða annan hvern konfektmola það er allavega byrjunin.

Gleðileg jól, lesandi góður, megir þú og þitt fólk hafa það sem allra best um jólin.

Uppsetning og viðhald á kælikerfum, kæliklefum og frystiklefum.
Sala og uppsetning á varmadælum.

KÆLIÞJÓNUSTA AKUREYRAR

Freyjunesi 10, 603 Akureyri Sími 777 1800
ktak@ktak.is Erum einnig á Facebook

KROSSGÁTA Bændablaðsins

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

MYND: RHUBARBFARMER (CC BY-SA 3.0)

	120	HRISTA	MÖGLA	EINSKÆR	Í RÖÐ	KVIÐUR		LÆRIR	FENGUR	YNDIS	ELDHÚS-ÁHALD
	STRAUM-ROF	S	K	A	M	M	H	L	A	U	P
	DVÍNA	K	U	L	N	A	UPPFYLLA / ALLTAF	E	F	N	A
	GRÖM	E	R	G	PÖSSUN / BLÓM	G	Æ	S	L	A	N
	TEKJUHLIÐ / ASI	K	R	E	D	I	T	FAG / PLANTA	I	Þ	N
	T	FUGL	SJÁVAR-MÁL / FYRIR HÖND	F	J	A	R	A	Í RÖÐ / BOGI	Í	J	ÁTT / FISKINET	S	A
RÆNA	R	U	P	L	A	LÖNG	ALÞÝÐA / HORNSKÓR	L	Ý	Þ	U	R	FLÍS	TVEIR
STORKA	Ö	G	R	A	SKÆR / RÍKI Í AFRÍKU	S	K	Í	R	TÖNG / RÁNFUGL	K	E	F	I
TVEIR EINS	L	L	SKRIFA / GENGI	S	T	Í	L	A	LIÐAMÓT / SPÍRA	Ö	K	K	L	I
DRAUP	L	A	K	SPREIA / SKOLLANS	Ú	Þ	A	OTA / VERKFÆRI	T	R	A	N	A	DRYKKJAR-ÍLÁT
	A	BLESSUN / UMKRINGJA	L	Á	N	YNDI	U	N	U	N	FJALLSBRÚN / LOFT-TEGUND	E	G	G
NEFNI	S	K	Í	R	I	SPOR / MÁL	F	A	R	MERGÐ / ÞJÁLFA	Ó	T	A	L
AFSTYRMI	Ú	R	K	A	S	T	HVÆS / LEYFIST	F	N	Æ	S	Í RÖÐ	SKÓLI	A
SEFUN	R	Ó	U	N	ANGRA	A	M	A	LÖGUNAR	F	O	R	M	S
SAMTÖK	A	A	STJÖRNU-ÁR	S	Ó	L	Á	R	SVARA	A	N	S	A	

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
kemur næst út 9. janúar
Smáauglýsingar 56-30-300

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VÆ HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Stærri-Bær



Þau Ágúst og Anna Margrét hófu búskap á Stærri-Bæ árið 1994 og tóku við búi af foreldrum Ágústs.

Býli: Bærinn okkar heitir Stærri-Bær.

Staðsett í sveit: Bærinn er staðsettur í Grímsnes- og Grafningshreppi í nágrenni við Borg.

Ábúendur: Á bænum búa Ágúst Gunnarsson, Anna Margrét, kona hans, og elsti sonurinn, Sigurður Yngvi.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Ábúendurnir og yngri sonurinn Guðjón sem er við nám í Reykjavík.

Stærð jarðar? Jörðin er um 700 hektarar.

Gerð bús? Við stundum kúabúskap ásamt því að vera skógræktarbændur.

Fjöldi búfjár og tegundir? Gripir eru um 100 talsins, þar af um 40 mjólkandi kýr. Einn pattaralegur krummi sér um músaveiðar og nokkrir hestar tilheyra okkur einnig.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Hefðbundinn vinnudagur hefst með gjöfum og mjöltum. Gjöfum er svo sinnt 2–3 á dag ásamt ýmsum öðrum tilfallandi verkum eins og þrifum.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegast er að heyja og skera korn þegar tíð er góð, rétt eins og var í sumar sem leið. Leiðinlegast er að eiga við óþekkar kýr og liggja andvaka vegna bleytutíðar á sumrin.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Nýverið hófst bygging á 60 básafjósi og eftir 5 ár má sjá fyrir sér bætta aðstöðu fyrir gripi og betri vinnuaðstöðu fyrir okkur að starfa við. Jafnvel getur hugsast að bætt hafi verið við kvóta verði það mögulegt.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Við teljum mikilvægt að bændur séu virkir í félagsmálum og gætum sjálf verið virkari þar.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Íslenskur landbúnaður er í jákvæðri þróun og mikilvægt að hann geti blómstrað áfram. Til að svo megi verða þurfa íslensk stjórnvöld að skapa fordæmi með lögum og reglum sem styðja við bændur og búalið.

Ef vel er að því staðið og bændaforystan meðvituð um hvað gera skal er framtíð í íslenskum landbúnaði björt.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Við látum aðra um að finna tækifærin varðandi útflutning á íslenskum afurðum en höfum fulla trú á að hægt sé að gera enn betur á því sviði. Gæðin og sérstaðan eru til staðar.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Í ísskápnum er „alltaf“ til mjólk eða hún stutt undan. Skyr, smjörvi, lýsi, rabarbarasulta og marmelaði ómissandi líka.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Best þykir okkar að snæða góða nauta- eða lambasteik.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Eftirminnilegt í búskapnum er þegar blessaðar kýrnar skreppa í heimsókn heim á bæ til að kíkja á pallinn eða jafnvel að kanna heita pottinn.

JÓLAMATURINN — Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Grafinn lax og kalkúnabringa

Það eru enn þá einhverjir að spá í jólamatinn og vantar innblástur fyrir einfalda, fljótlega en ekki síst hátíðlega jólamáltíð. Hér eru nokkrar hentugar útfærslur.

Sítrus- og sinnepsgrafinn lax

Þessi vinnsluaðferð tekur sólarhring og mun umbreyta óelduðum laxi í grafinn silkimjúkan fisk. Ekki ósvipað og graflax sem allir þekkja.

Hráefni

- 300 g salt
- 200 g sykur
- 100 g púðursykur
- 1 tsk. svört piparkorn
- 1 tsk. kóríanderfræ
- 1 tsk. fennelfræ
- 1 tsk. sinnepsfræ
- ½ teskeið muldar rauðar chiliflögur
- 1 beinlaust laxaflak
- ½ teskeið fínt rifinn sítrónubörkur
- ½ tsk. fínt rifinn lime-börkur
- ½ tsk. fínt rifinn appelsínubörkur

Aðferð

Blandið saman salti, sykri, púðursykri, piparkornum, kóríanderfræjum, fennelfræjum og rauðum chilifræjum í miðlungsstórri skál. Dreifið helmingnum af sykur- og saltblöndunni á miðjuna á smjörpappír (sem er aðeins stærri en fiskurinn) ofan á bökunarplötu. Setjið fiskinn á blönduna með roðhliðina niður. Dreifið sítrónu-, lime- og appelsínuberki jafnt yfir fiskinn; hyljið afganginn af flakinu með því sem eftir er af salt- og sykurblöndunni. Færið brúnir smjörpappírsins upp og yfir laxinn.

Setjið aðra bökunarplötu ofan á laxinn og þyngið með nokkrum stórum dósum eða þungum potti. Slakið nú á og látið þetta hvíla í sólarhring.

Skolið fiskinn, þurrkið og setjið roðhliðina niður á skurðarbretti. Notið lengsta, skarpasta hnífinn ykkar og þurrkið hnífsblaðið með röku þvottastykki á milli skurðarsneiða. Skerið á ská fallegar sneiðar og hendið roðinu. Rúllið hverri sneið upp í rós og framreiðið með majónesi og sýrðum rjóma, með ögn af safanum úr sítrusávöxtunum og smá hlynssírópi.

Mandarínu-jólakalkúnabringa

Hráefni

- 1 kalkúnabringa
- 5 mandarínur, skornar í tvennt
- ½ msk. salt
- „Herbes de Provence“ kryddblanda
- ¼ bolli smjör

Aðferð

Setjið bringuna í stórt, eldfast fat og hyljið vel með salti á allar hliðar.

Setjið plastfilmu yfir og í ísskáp yfir nótt.

Daginn eftir, hitið ofninn í 185 gráður og hjúpið bringuna bræddu smjöri og stráið síðan „Herbes de Provence“ kryddi yfir. Kreistið mandarínurnar yfir bringuna til að gefa henni smá bragð. Setjið mandarínurnar yfir bringurnar (eða inn í kalkúninn ef þið eruð með skip eða heilan). Setjið brjósthliðina niður á steikarpönnu í um það bil 25 mínútur inni í ofni og snúið henni síðan við. Gangið úr skugga um að enn séu jurtir á bringunni. Ef ekki, setjið þá meira á bringuna.

Bakið í ofni þar til kjarnhiti nær 68 gráðum. Hjá mér var það um 45 mínútur til viðbótar.

Framreiðið með hvítum aspas og rauðrófum og jólasósu að eigin vali.

Gott að gljá með ögn af hunangi og setja aðeins undir grillið.

Hyljið létt með álpappír og látið sitja í 20–30 mínútur áður en kjötið er skorið.

Fimm mínútna snickers-mús

- 1 bolli marcapone-ostur, eða rjómaostur
- 2 tsk. kakó/kakóduft
- ⅓ bolli hnetusmjör
- 2 msk. hlynsíróp
- 1 msk. dökkt súkkulaði plús aukalega til að skreyta

Blandið vel saman öllum hráefnum í skál.

Berið fram í bollum eða skálum og toppið með auka súkkulaði – kælt úr ísskápnum. Þetta þarf að vera í 30 mínútur til klukkustund í kæli.

HANNYRÐAHORNIÐ

Peysan Agnes

Drops Sky er dúnmjúkt og létt garn sem stingur ekki. Peysan Agnes er prjónuð ofan frá og niður með gatamynstri á berustykki. Opin útgáfa af peysunni sem og útgáfur í fullorðinsstærð má finna á garnstudio.com. Tilboðsdögum á Alpaca lýkur 31. desember.

Stærðir: 3/4 (5/6) 7/8 (9/10) 11/12 ára

Garn: Drops Sky (fæst í Handverkskúnst)

- Ljósgallabuxnablár nr 13: 150 (150) 200 (200) 200 g

Prjónar: Sokka- og hringprjónn 40 og 60 cm, nr 4 – eða sú prjónastærð sem þarf til að 21 lykkja á breidd með sléttu prjóni = 10 cm.

Garðaprjón (prjónað í hring): *1 umferð slétt, 1 umferð brugðin*.

Mynstur: Sjá mynsturteikningu A.1. Veldu mynsturteikningu fyrir þína stærð.

Mynsturteikning sýnir allar umferðir í mynstri séð frá réttu.

Útaukning-1 (jafnt yfir): Til þess að reikna út hvernig auka eigi jafnt út, teljið fjölda lykkja í umferð (t.d. 72 lykkjur) og deilið með fjölda útaukninga sem á að gera (t.d. 17) = 4,2.

Í þessu dæmi er aukið út með því að slá 1 sinni uppá prjóninn á eftir 4. hverja lykkju. Í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúið slétt svo að ekki myndist gat.

Útaukning-2 (á við um hliðar á fram- og bakstykki): Byrjið einni lykkju á undan prjónamerki, sláið uppá prjóninn, prjónið 2 lykkjur slétt (prjónamerki er staðsett mitt á milli þessa tveggja lykkja), sláið uppá prjóninn = aukið út um 2 lykkjur. Í næstu umferð eru uppslátturinn prjónaður snúið slétt svo ekki myndist gat. Prjónið síðan nýju lykkjurnar slétt.

Úrtaka (á við um ermi): Fækkið um 1 lykkju hvoru megin við prjónamerki þannig: Prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir að prjónamerki, prjónið 2 lykkjur slétt saman, prjónið 2 lykkjur slétt (prjónamerki situr á milli þessa lykkja), takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, 1 lykkja slétt, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir = fækkað um 2 lykkjur.





Berstykki: Fitjið upp 62 (66) 70 (76) 82 lykkjur, tengið í hring og prjónið 4 umferðir garðaprjón – sjá útskýringu að ofan. Prjónið 1 umferð slétt þar sem aukið er út um 16 (18) 20 (22) 23 lykkjur jafnt yfir umferð SJÁ ÚTAUKNING-1 = 78 (84) 90 (98) 105 lykkjur. Prjónið 1 umferð brugðið.

Setjið eitt prjónamerki í þessa umferð, héðan er nú mælt. Í næstu umferð er prjónað eftir mynsturteikningu A.1, (veljið mynsturteikningu fyrir rétta stærð) alls 13 (14) 15 (14) 15 sinnum í umferð. Þegar mynsturteikning A.1 hefur verið prjónuð eru 208 (224) 240 (252) 270 lykkjur á prjóninum. Í næstu umferð er aukið út um 4 (4) 2 (2) 4 lykkjur jafnt yfir umferðina = 212 (228) 242 (254) 274 lykkjur.

Prjónið slétt þar til stykkið mælist ca 15 (15) 16 (17) 18 cm frá prjónamerki. Næsta umferð er prjónuð þannig: Prjónið 62 (66) 70 (74) 75 lykkjur (= bakstykki), setjið næstu 44 (48) 51 (53) 62 lykkjur á band (= ermi), fitjið upp 6 lykkjur undir ermi, prjónið 62 (66) 70 (74) 75 lykkjur (= framstykki), setjið síðustu 44 (48) 51 (53) 62 lykkjur á band (= ermi), fitjið upp 6 lykkjur undir ermi.

Fram- og bakstykki: Nú eru 136 (144) 152 (160) 162 lykkjur í umferð. Héðan er nú mælt. Setjið 1 prjónamerki mitt á milli lykkjanna 6 sem fitjaðar voru upp. Prjónið slétt í hring. Þegar stykkið mælist 3 cm er aukið út um 1 lykkju hvoru megin við hvort prjónamerki (= 4 lykkjur fleiri) sjá útaukning-2. Endurtakið útaukningu með 3 (4½) 5½ (6½) 7½ cm millibili alls 3 sinnum = 148 (156) 164 (172) 174 lykkjur í umferð. Prjónið slétt þar til stykkið mælist ca 15 (17) 20 (23) 26 cm (eða að óskaðri lengd, nú eru eftir ca 2 cm til loka). Prjónið garðaprjón 2 cm. Fellið laust af.

Ermi: Setjið til af bandi á yfir á stuttan hringprjón/sokkaprjóna nr 4, prjónið upp 1 nýja lykkju í lykkjurnar 6 sem fitjaðar voru upp á fram- og bakstykki (= 50 (54) 57 (59) 68 lykkjur). Setjið 1 prjónamerki mitt í þessar 6 lykkjur. Prjónið slétt í hring þar til ermin mælist 3 cm. Fækkið nú um 1 lykkju hvoru megin við prjónamerki. Sjá úrtaka. Prjónið áfram slétt og endurtakið úrtöku með 4 (4) 4 (4) 3½ cm millibili alls 5 (6) 7 (8) 10 sinnum = 40 (42) 43 (43) 48 lykkjur á prjóninum. Prjónið slétt þar til ermin mælist 23 (28) 31 (35) 38 cm. Prjónið garðaprjón 2 cm. Fellið af. Prjónið hina ermina alveg eins.

Gangið frá endum, þvoið flíkina og leggið til þerris.

Prjónakveðja, mæðgurnar í Handverkskúnst.

www.garn.is

Létt

2			1	4		6		3
					3	8		
1	3	5		2		7		
7	5		9		2		8	6
4		9		6		3		5
6	2		3		4		7	1
		1		8		5	9	7
		2	7					
5		6		9	1			8

Miðlungs

		5				2	7	
7		3	5	1			4	
	1		7		2		8	
			3	5		4		9
1			8		9			3
2		9		6	7			
	4		9		3		1	
	9			4	6	5		7
	6	2				8		

Þung

		9			5			
							3	
				4	3		1	2
2		3			8	6		
	1			3			4	
		7	9			3		8
3	2		5	1				
	6							
			7			8		

Þyngst

3	9					8		
7				8	1			
			7					
	2			5				8
	6		8		2		5	
9				3			4	
					4			
			1	6				5
		6					3	9

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Ætla að vera með ömmu um jólin og baka með henni

Gylfi er 7 ára fjörugur, glaður og hugmyndaríkur strákur sem vill að öllum líði vel.

Sjaldan er lognmolla í kringum hann þar sem hann býr yfir hafsjó af sögum sem vilja brjótast út.

Nafn: Gylfi Björnsson.

Aldur: Sjö ára.

Stjörnumerki: Sporðdreki.

Búseta: Grenivík.

Skóli: Grenivíkurskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Allt saman, mest skemmtilegt í stærðfræði.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hundur.

Uppáhaldsmatur: Hamborgari.

Uppáhaldshljómsveit: Ég veit það ekki en uppáhaldslagið mitt er Ástin á sér stað.

Uppáhaldskvikmynd: Alvin og íkornarnir.

Fyrsta minning þín? Þegar ég hitti afa Tóta.

Ærfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Æfi fótbolta með Magna og langar að æfa á píanó.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Ég ætla að verða vísindamaður.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Ekki neitt.

Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt um jólin? Vera með ömmu, baka með ömmu og vera með allri fjölskyldunni.

Næst » Gylfi skorar á Anítu Ingvarsdóttur að svara næst.

LESENDABÁS

Allt það sem er æskilegt fyrir velferð mannsins

Abraham Lincoln er einn merkasti forseti sem Bandaríkjamenn hafa átt og meta margir hann fremstan allra forseta. Hann sagði eitt sinn: „Allt það sem æskilegt er fyrir velferð mannsins, bæði í þessu lífi og öðru, má finna í Biblíunni.“

Birgir Þórarinsson.

Fyrir skömmu var mér boðið á aðventukvöld Gídeonfélagsins. Þar var saman kominn góður hópur fólks sem á það sameiginlegt að vilja stuðla að því að sem flestir eignist Guðs orð. Mér er það minnisstætt þegar ég var ungur að árum og fékk Nýja testamentið að gjöf frá Gídeonfélaginu. Mér þótti bókin ákaflega falleg og þorði varla að fletta henni í fyrstu af ótta við að hún yrði þá fljótt slitin.

Gídeonfélagið var stofnað 1899 í Bandaríkjunum af þremur einstaklingum. Félagsskapurinn breiddist hægt og rólega út og var Ísland þriðja landið þar sem Gídeonfélag var stofnað. Það er í sjálfu sér svolítið merkilegt í ljósi þess að starfsemi þess er í dag nánast í öllum löndum heims. Meðlimir á heimsvísu eru um 270 þúsund og þeir færa öllum sem vilja Nýja testamentið og Biblíuna að gjöf á yfir 100 tungumálum. Félagið hefur gefið rúmlega tvo milljarða eintaka af Biblíunni frá stofnun. Á Íslandi gaf félagið fyrstu Biblíuna á hótelherbergi árið 1949 en það var á Hótel Borg. Árið 1954 hóf félagið að fara í grunnskólana og gefa 10 ára börnum Nýja testamentið.

Íslenskt samfélag og kristnar rætur

Þeirri vegferð lauk því miður árið 2011 þegar kristin trú var sett í skammarkrókinn af Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar. Þegar borgin bannaði að dreifa í grunnskólum boðandi efni eins og það var orðað. Þremur árum áður, eða árið 2008, bannaði þáverandi menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins kristnifræðikennslu í skólum landsins.

Þessar ákvarðanir voru ekki heillavænlegar að mínum dómi. Það var óskynsamleg ákvörðun að þessi bók bókanna sem svo ríkulega hefur mótað íslenska menningu og íslenskan trúararf skuli þannig gerð hornreka í íslensku skólakerfi. Uppeldishlutverk skólans er mikilvægt, ekki síst siðgæðisuppeldi. Skólum er ætlað að miðla slíkum gildum og í íslensku samfélagi eiga þessi gildi sér kristnar rætur. Taka á tillit til þess að kristin trú hefur verið ráðandi í mótun menningar okkar og samfélags.

Nú þegar styttist til jóla spyr maður sig að því hvenær verði farið að fetta fingur út í helgidagahald. Verður það jafn sjálfsagt að við fáum frí á kristnum helgidögum og verið hefur? Segja má að hér á landi hafi gætt tilhneigingar til ákveðinnar afkristnunar síðustu árin. Þessari öfugþróun hefur verið stjórnað af háværum minnihluta. Hér þarf að snúa við blaðinu.

Bersýnilegt er að kirkjulegt starf hefur mjög færst í aukana á aðventunni í íslenskum söfnuðum hin síðari ár. Mikið framboð er af tónleikum og öðru efni sem laðar fólk að kirkjunni. Á þessum árstíma erum við minnt á langa samleið trúar og lista, ekki síst trúar og tónlistar og er það ánægjulegt.

Mikilvægi kyrrðarinnar í aðdraganda jóla

Boðberar kristninnar hafa á öllum tímum bent á mikilvægi kyrrðarinnar, mikilvægi þess að draga sig um stund í hlé frá áreiti umhverfisins. Margir sakna kyrrðar og jafnvel þagnar á þessum tíma frammi fyrir öllum þeim hávaða sem umlykur fólk í flóði auglýsinga fyrir jólahátíðina. Við eigum ekki að vanmeta mikilvægi kyrrðarinnar í aðdraganda jóla.

Hugleiðum vel í hverju jólaundirbúningur okkar ætti helst að vera fólginn. Upplagt er nú á aðventunni að hugleiða gildi hinnar kristnu trúar, hver sé boðskapur jólanna og hver sé kjarni hinnar kristnu trúar og kristins siðar, sem hefur fylgt þjóðinni í meira en þúsund ár.

„Allt það sem er æskilegt fyrir velferð mannsins.“

Gleðileg jól.

Birgir Þórarinsson
þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi.

LAUSNIR Á GÁTUM

1 Stafurinn F



2 20 þríhyrningar



3 Þetta er skynvilla, þær eru jafn langar. Prófaðu að mæla þær með reglustiku.

Varúð! – Afturför í tryggingarvernd

Nú um áramótin taka gildi ný lög um ökutækjatryggingar. Þar er afnumin sú skylda eigenda torfærutækja, snjósleða, fjórhjóla og torfærumótorhjóla að tryggja ökumenn tækjanna sérstaklega.

Sú skylda hefur verið við lýði síðan árið 1988 og voru helstu rök fyrir þeirri skyldu þau að hættueiginleikar allra vélknúinna ökutækja væru svo miklir að eðlilegt væri að slysatryggingar ökumanna þeirra væru lögbundnar og bótagreiðslur færu eftir reglum skaðabótalaga. Þessi hætta hefur ekki minnkað, hún hefur jafnvel aukist með kraftmeiri tækjum og verður ekki séð hvað kallar á breytingu varðandi þessi tilteknu tæki. Þá vaknar einnig spurningin, til hagsbóta fyrir hvern er þessi breyting?

Þessi breyting um áramót kann að láta lítið yfir sér, en felur í sér verulega afturför frá því sem núgildandi lög áskilja. Hún þýðir að frá og með áramótum eru ökumenn snjósleða, fjórhjóla og torfærumótorhjóla ótryggðir með öllu lendi þeir í slysi við notkun tækjanna. Hún þýðir einnig að allir sem leigja sér vélsleðaferð eða fjórhjólaferð eru ótryggðir sem ökumenn á tækjunum verði þeir fyrir slysi. Þetta gildir einnig um bændur, veiðimenn, hjálparsveitarmenn og aðra sem nota t. d. fjórhjól eða vélsleða.

Óðinn Elísson.

Þetta þýðir á mannamáli að tekjutap vegna óvinnufærni, útlagður kostnaður vegna læknismeðferða og varanlegar afleiðingar slyssins fást ekki bættar.

Tryggingafélögin

Þrátt fyrir að þessi lagbreyting sé vond og illskiljanleg þá er sennilega öllu verri sú ákvörðun flestra tryggingafélaganna að ákveða að hætta að selja eigendum þessara tækja slysatryggingu ökumanns og eiganda frá og með næstu áramótum. Þetta þýðir einfaldlega að eigandi fjórhjóls eða vélsleða getur ekki keypt þá tryggingu sem áður var lögbundin, þrátt fyrir að hann óski eftir því og sé tilbúinn að greiða fyrir það iðgjald. Ég hvet því eigendur torfærutækja til að kanna hvernig þessu verður háttað hjá þeirra tryggingafélagi.

Þessi ákvörðun flestra tryggingafélaganna er vægast sagt sérkennileg því að þó svo að með lögunum sé felld niður skylda til að kaupa þessa tryggingu þá banna þau tryggingafélögunum ekki á nokkurn hátt að halda áfram að selja hana þeim sem vilja kaupa hana og greiða fyrir. Ég hélt í einfeldni minni að rekstur tryggingafélaga gengi út á að selja tryggingar, þeim sem vilja kaupa þær.

Flest tryggingafélögin benda nú hins vegar viðskiptavinum sínum á að þeir geti keypt sér almenna slysatryggingu sem er allt önnur vernd og lakari en slysatrygging ökumanns og eiganda var áður.

Með öðrum orðum þá er þessi lagabreyting og ákvörðun flestra tryggingafélaganna í kjölfarið mikil afturför frá því sem hefur verið um áratuga skeið í slysatryggingavernd til handa þeim sem eiga og nota torfærutæki.

Óðinn Elísson
lögmaður hjá Fulltingi

VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -

Sanddreifari f/ krók
SL-290, 1m, 290 lítra, 89 kg
Verð: 179.000 kr + vsk

Sanddreifarar
3P og EURO festing
1,5m Verð: 450.000 kr. + vsk
2m Verð: 495.000 kr. + vsk
2,3m Verð: 545.000 kr. + vsk
Aukabúnaður: Glussatjakkur

Salt- og sanddreifari
HZS-10, 1 m3, glussadrifin, með klumpabrjót og tjakk

Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.250.000 kr. + vsk

Tokvam®

U-plógur UT 490.
Hægt að skekkja til hliðar og vængi fram og aftur. 262-490cm
Verð: 2.950.000 kr. + vsk

Fjölplógar VT320, VT380
Vinnslubreiddir frá: 258 til 380 cm. Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Verð frá: 2.000.000 kr + vsk

Snjóblásari 256 THS Flex
Vinnslubreiddir frá 256 cm
Verð 2.250.000 kr + vsk

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.300 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.700 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir órugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Úrval af traktorsdekkjum. Búvís. Sími 465-1332.

Öflugt hlaupabretti með stillanlegum halla, fyrir allt að 130 kg notanda. Verð aðeins 99.000 kr. Sendum frítt hvert á land sem er. Þrektæki, Bíldshöfða 16, s. 661-1902.

Rúllugreip/faðmgreip. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 189.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Stórbaggagreip ásoðnar Euro festingar og slöngur. Verð kr. 230.000 með vsk. (186.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. S. 465-1332.

Rúllugreip - Tilboð. Fyrir 2 rúllur. Glussaopnun. Verð kr. 330.000 mínus 10% afsl. = kr. 297.000 m/vsk. (kr. 240.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Gunnar Hippe norskar kerrur í úrvali. Búvís. S. 465-1332.

Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,20 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 kr. auk vsk. Verð 2-4 stk. 22.900 kr. auk vsk. 5 stk. eða fleiri 19.900 kr. auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.

Eigum nú á lager okkar grimmsterku skúffur úr Hardox 450 stáli, bæði á 4ra öxla bíla og trailer vagna. Getum einnig afgreitt sams konar palla, með sturtugrind, tjakk og öllu, tilbúna að setja á bæði notaða og nýja 3ja og 4ra öxla bíla á grind. Gerum líka við palla. Vagnasmiðjan, Eldshöfða 21 Rvk. S. 894-6000.

Sveitarfélög / Verktakar. Getum skaffað sjálfsogandi dælubúnað fyrir vatn og skolp í mörgum stærðum. Rafdrifinn, traktorsdrifinn eða dísildrifinn búnaður, 80 mm upp í 450 mm. Allur slöngubúnaður og kúplingar. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.

Sauðfjárbúið Ytra-Hólmi 1 er með til sölu kofareykt jólahangikjöt Beint frá býli. Erum með reykt lambakjöt, sauðahangikjöt og tvíreykt læri, einnig léttreyktan lambahamborgarhrygg. Pantanir í síma 860-2641, netfang kristina1@simnet.is. Einnig facebook.com/sauðfjárbúið

Hlaupabretti / göngubraut. Þessi frábæra braut fyrir allt að 110 kg notanda, aðeins 69.500 kr. Frí heimsending um allt land. Þrektæki, Bíldshöfða 16, s. 661-1902.

Girðingaefni - Tilboð. 5 str. túnnet kr. 8.900 rl. 6 str. túnnet kr. 10.500 rl. Gaddavír Iowa kr. 5.450 rl. Gaddavír Motto kr. 3.300 rl. Þanvír 25 kg. kr. 6.850 rl. Öll verð með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Tilboð: kr. 25.990 m.vsk. Gastæki með einnota kútum og mælum. Engin kútaleiga. Ítölsk gæði. Kristján G. Gíslason ehf. kgg@kgg.is – s. 552-0000.

Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

KRAFTVÉLAR

Til sölu

New Holland
T5.120 EC

- 4 strokka „Common Rail“ mótor, 117 hestafla með ECOBlue Hi-eSCR mengunarvarnarbúnaði ásamt rafmagnshitara á mótor
- Vökvavendigír og 16×16 vökvaskiptur gírkassi 40km/h með sjálfskiptimöguleika
- „ParkLock“ handbremsa í gírstöng
- 200 A rafall
- Rafstýrð framdrifsásetning og driflæsing, 100% á báðum hásingum
- 3ja hraða aflúttak 540/750/1000sn
- 2 vökvadælur 84 og 34 ltr/mín afköst
- 4 vökvaventlar (8 vökvaúttök) með flotstöðu og stillanlegu vökvaflæði
- 2 miðjuventlar með stjórnstöng
- Rafstýribeilsi með 5,420 kg. lyftigetu
- Opnir beislisendar ásamt vökvaútskotnum dráttarkrók
- Fjaðrandi og rúmgott ökumannshús með miklu útsýni
- Loftkæling (air condition)
- Útdraganlegir hliðarspeglar með neðri gleiðhorna spegil
- Loftfjaðrandi ökumannssæti ásamt farþegasæti
- Hljóðeinangrun 74db. í ökumannshúsi
- 8 LED vinnuljós og 2 blikkljós á ökumannshúsi
- Brettabreikkanir og stjórnrofar á afturbrettum fyrir aflúttak og lyftu
- Dekkjastærðir: 480/65R24 framan og 600/65R34 að aftan

New Holland 740TL ámoksturstæki með 210cm. skóflu fylgja með

Verð: 10.320.000 kr. án vsk.

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur
Furuvellir 15 / 600 Akureyri
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Svampur.is

Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

• Tjaldvagninn • Fellihýsið
• Húsbílinn • Bátinn
• Hjólhýsið • Sumarhúsið
• Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Næsta Bændablað kemur út 9. janúar

Bændablaðið

www.bbl.is

Eigum til á lager úriþan-einingar fyrir milliveggi, kæla og frysta. Einnig hurðar og kerfi. Kristján G. Gíslason ehf. kgg@kgg.is – s. 552-0000.

Snjótönn (blað) til sölu. Nánari upplýsingar í síma 892-1157.



Til sölu 52 fm hús til flutnings. Svefnherbergi og baðherbergi afmarkað. Reyklaust, án gæludýra. Innréttingar og fleira fylgir. Rúmgott og bjart. Ásett verð 5,8 millj. kr. Fæst á 4,8 millj. kr. ef flutt fyrir áramót. Einföld samsetning. Uppl. í síma 862-9755.

Vökvastýrður traktorskurlari á tilboði, kr. 350,000 +vsk. Öruggur og þægilegur í umgengni. Skógarblað Harðskafans er komið út, margt nýtt að sjá. S. 896-5486 - www.hardskafi.is

Glussadrifinn afrúllari. Festingar og slöngur fylgja. Vandaður og öflugur búnaður. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.

Til sölu mjög öflug, traktorsdrifin brunndæla. Mikil hrærigeta: 18.000 L/mín. Vinnudýpt allt að 3 m. Dælan er 6 mánaða gömul og lítið notuð. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.

Defender 2010, ekinn 156.000 km. Nýleg 35" heilsársdekk. Nýlagað: ljósabúnaður, spindlar, spindilstöng, hjöruliðskross o.fl. Frábær bíll! Verð 3,5 m. kr. Uppl. í síma 866-0677.

Subaru Impreza GX árg. 2002. Ekinn 211.000 km. Aðeins útlitsgallaður en vél og annað í toppstandi. Uppl. í s. 616-7985 eða moh9@hi.is. Verð 200.000 kr.

Flutningsbox á þrítengi. Breidd 2 m. Verð kr. 168.000 mínus 10% afsl. = kr. 151.200 með vsk. (kr. 122.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Taðkvísl. Breidd 1,7 m. Verð kr. 145.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Fjárhúsmottur. Verð kr. 9.350 stk. m/vsk. (kr. 7.540 án vsk). Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is.

Stórviðarsög á braut. Aflgjafar: Kohler bensínmótorar eða rafmótorar. Lengd á braut: 3,8 m, hægt að lengja um 1,52 m eða meira. Mesta þykkt á trjábol: 66 cm. Framleiðandi, Timbery í Póllandi. CE merktur og vottaður búnaður. Hentar í alla stórviðarsögun. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: hak@hak.is

Einstaklega léttar og meðfærilegar vinnulyftur. Eigum einnig stillansa með lyftu. Tilboðsverð kr. 520.000 +vsk. Uppl. í s. 778-8108, rk108@rk108.is eða lockhard.is

Til sölu Holms V-plógur, 305 x 100. Nánari uppl. í síma 892-1157.

Til sölu Generator (rafall). Atlas Copco Gesan DVAS 140 E. Árgerð 2018 með 10 vinnustundir. Heildarþyngd 2.421 kg. Verð 2,0 mill. kr. + vsk. Hz 50 kVA 144 kW 115 V 400 A 207,5. Þriggja fasa. Uppl. gefur Magnús í s. 822-5552.

Weckman rúlluvagn. Stærð palls 2,55 x 9 m. Verð kr. 1.990.000 mínus kr. 100.000 afsl. = kr. 1.890.000 með vsk. (kr. 1.525.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

fleiri myndir af scaniunni er að finna á vefsíðunni http://www.bbl.is/smaauglysingar/

Scania lbs85 árg. 1975. Án athugasemda. Aðalskoðun í fyrra. Vél lítið keyrð frá upptöku og hentugri en nýlegar ef aðlaga á fyrir t.d. lífdísil b100, repjuolíu eða aðrar umhverfisvænni blöndur. Tilboð í s. 431-2079 milli kl. 17-21

Fornbílar til sölu. Þessir tveir hálfbræður eru nú til sölu. 1915 Ford model T quarter ton truck. 1967 Ford Anglia super. Báðir uppgerðir og lítið notaðir eftir það. Seljast saman eða hvor í sínu lagi. Verður seldur hæstbjóðanda. Vinsamlegast hafið samband í netfangið gr8@simnet.is ef raunverulegur áhugi er fyrir hendi. Aðrir eru vinsamlegast beðnir um að hafa ekki samband.

Opel Movano 17 manna. Sýningarbíll með 2.000.000 kr. afslátt. Verð án vsk. 4.669.000 kr. Bíllinn er keyrður innan við 100 km. Upplýsingar á benni.is og í s. 590-2000.

Brettagaflar. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Verð kr. 135.000 með vsk. (kr. 109.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Brettagaflar með glussaopnun. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Verð kr. 205.000 með vsk. (kr. 166.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Kranzle, þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.

Taðklær. Breiddir 120 cm, 150 cm og 180 cm. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Rastaðir fjósbitar frá Andersbeton eru minna hálir og auðvelda því beiðslisgreiningu. Sérstök hönnun á neðra yfirborði heldur rifum betur opnum. Fáið tilboð í verð og flutning heim á hlað. Benedikt Hjaltason, s. 894-6946, fjosbitar@simnet.is

Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Nú er tími til kominn að athuga með flatgryfju fyrir búið. Verðdæmi: Uppsettir veggir í Boschbeton flatgryfju lxbxh 60x12x2 m. 6.250.000 kr. án vsk. Uppl. í s. 894-6946 og fjosbitar@simnet.is Benedikt Hjaltason.

Airrex AH-300 dísil/rafmagns innfrarauður hitari. Tilvalið í skemmur, sýningarsali, partítjöld eða jafnvel úti. Eyðsla 1.05–1.24 l/klst, 80w rafmagn. T.d hægt að nota með 12v rafgeymi, innverter 12/220v og dísil og þér er heitt. Afköst 13–15 kW/h. Sjálfvirk hitastjórnun. Ofninn er mengunarlaus og nánast lyktarlaus. Verð kr. 499.000 m/vsk. Dagsleiga kr. 9.900 m/vsk. JHM Sport ehf. - Stórhöfða 35, s. 567-6116.

Flaghefill / snjótönn. Breidd 3 m. snjóvængir fylgja. Verð kr. 751.000 m/vsk. (kr. 606.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Taðklær. Breidd 120 cm - verð kr. 195.000 m.vsk. Breidd 170 cm - verð kr. 245.000 m. vsk. Breidd 220 cm - verð kr. 330.000 m.vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

29 lítra dreifari fyrir salt, sand, áburð og grasfræ. Auðvelt að stjórna magni og dreifingu. Kr. 44.950 m.vsk. Uppl. í síma 896-5486 - www.hardskafi.is

Norskar skádælur. 5“ eða 6“ dælurör, 4,3 m eða lengra. Dælugeta, frá 8.000 L/mín. Hræristútur sem hægt er að snúa 360°. Skurðarblöð á dæluhjóli. Þarf op sem er 70 cm x 70 cm. Hákonarson ehf. hak@hak.is, s. 892-4163.

Snjóblásari 256 THS Flex frá Tokvam. Breidd 256 cm, fyrir vélar + 110hp. 3p framan/aftan. Verð 2.250.000 kr. +vsk. Aflvélar ehf. S. 480-0000, sala@aflvelar.is

Gömul og góð CAT hjólaskófla til sölu. Fín í snjóinn. Allar upplýsingar í s. 767-5050, Heimir.

Hausttilboð á Palmse PT-190 sturtuvögnum. Burðargeta 15 tonn með rúlluhöldurum. Tilboðsverð kr. 1.990.000 án vsk. Tilboðsverð með upphækkunum kr. 2.090.000 án vsk. Eigum aðeins örfáa vagna eftir. Búvís ehf. S. 465-1332.

7 tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.170.000 mínus kr. 60.000 afsl. = kr. 1.110.000 m/vsk. (kr. 896.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is

Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is

Weckman sturtuvagnar - Tilboð. 11 tonna. Verð kr. 1.570.000 mínus kr. 100.000 afsl. = kr. 1.470.000 með vsk. (kr. 1.186.000 án vsk.) 13 tonna. Verð kr. 1.790.000 mínus kr. 100.000 afsl. = kr. 1.690.000 með vsk. (1.363.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Árgerð 2019 af Temared kerru. Rampur, varadekk. Farmrými: 3.990 mm, 1.800 mm. Heildarst. 6.120 mm, 2.450 mm. Eiginþyngd 904 kg. Hámarksþyngd 3.500 kg. Verð kr. 990.000 +vsk. Uppl. í s. 660-6111.

Palmse malarvagn - PT1600. Burðargeta 16 tonn. Rúmmál 9,1 rúmmetri. Verð kr. 2.490.000 án vsk. Búvís ehf. S. 465-1332 - www.buvis.is

Árg. 2019 ónotuð Temared kerra. Rampur, varadekk. Farmrými: 4.010 mm, 2.160 mm. Heildarstærð 5.660 mm, 2.200 mm. Eiginþyngd 676 kg. Hámarksþyngd 2.700 kg. Verð kr. 594.000 +vsk. Uppl. í síma 660-6111.

Jarðvinnsluvélar fyrir landbúnað frá Pólland og Ítalíu. Diskaherfi, tætarar sem jarða stórt grjót, plógar o.fl. Vandaður búnaður á hagstæðu verði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is

Innflutningur og sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning og kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum og tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. Erum á Facebook undir: Suður England. Net-símar: Haukur s. 499-0588, Hafþór s. 499-0719, sudurengland@gmail.com

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Básaog drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. Netfang: jh@johannhelgi.is - s. 820-8096.

Til sölu 2.000 lítra haugsuga - virkar, gangfær IMT, sláttuvél 2,4 m - virkar, rúlluvél - virkar, pökkunarvél (7 plastrúllur með) - virkar og margt fleira af kúabúi, m.a. íhlutir í DeLaval mjaltakerfi. Uppl. í síma 894-4802.

Til sölu Suzuki Quat Runner 500 fjórhjól. Árg. 2001. Keyrður 6.680 km. Uppl. í síma 868-1926.

Vegna bókbands. Til sölu er bókskurðarhnífur af gerðinni IDEAL. Uppl. í síma 487-5098 og gunnhei@mi.is

Bókin Veiðivötn á Landmannaafrétti I-II (910 bls.) er til sölu í Versluninni Veiðivon, Mörkinni 6. Uppl. í síma 487-5098 og gunnhei@mi.is

Weckman þak- og veggjastál. Galv. 0,5 mm kr. 1.350 fm. Galv. 0,6 mm kr. 1.690 fm. Litað 0,45 mm kr. 1.490 fm. Litað 0,5 mm kr. 1.790 fm. Stallað/litað kr. 2.450 fm. Öll ofangreind verð með vsk. Afgreiðslutími 4-6 vikur. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130, netfang: hhaukssonehf@simnet.is

Vestfjarðabækurnar eru hvorki stórkostlegar né einstakar. En þær leyna á sér! Fást í bókabúðum um land allt og víðar. Vestfirska forlagið - jons@snerpa.is

Pick Up Mitsubishi L 200, árg. 2007. Ekinn 240.000 km. Ljótur en ekki mjög lélegur. Góður fyrir karl eða konu sem er með skiptilykil í vasanum alla daga. Verð 500.000 kr. Uppl. í s. 840-6100.

Til sölu dísil rafstöð og hún er 7 kva (5,6 kW). Verðhugmynd 250.000 kr. Uppl. í netfangið oddureir@gmail.com

Óska eftir

Lítill ódýr traktor, helst með tækjum, óskast, t.d. MF 35, 135. Þarf ekki að vera fallegur. Helst á Norðurlandi. Uppl. í s. 615-1779 og gegnum netfangið ir892@hotmail.com

Atvinna

Sænsk kennarahjón óska eftir 2ja vikna dvöl á íslensku sveitaheimili í júlí í sumar. Allar frekari upplýsingar veittar í síma 696-9635.

Húsnæði

Gistihús til sölu á Vestfjörðum. Sima Hostel Flateyri. Sjá: https://www.mbl.is/fasteignir/fasteign/857492/

Til leigu íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Ýmsar stærðir og staðsetningar. Nánari uppl. í síma 864-3000 og á netfanginu gghus@gghus.is

Við erum 26 og 29 ára par. Við óskum eftir sveitabýli til leigu. við erum að leita að langtímaleigu eða í 4–5 ár allavega. Helst á Norðurlandi eða Norð-Austurlandi, t.d. Mývatni, Jökuldal, Möðrudal eða Bárðardal. Það væri kostur ef það væri uppi á hálendi. Okkur langar í sveit þar sem langt er í næstu sveit. Fyrirframgreiðsla eða bankaábyrgð ekkert mál. Greiðslugeta 170.000–190.000 kr. Það fylgja okkur hundar og 2 hestar. Uppl. í s. 777-4029 - Alexandra Karlsdóttir. Netfang: alexandra.ak90@gmail.com

Veiði

Til leigu er lítil falleg stangveiðiá í skemmtilegu landslagi á Norðurlandi vestra. Til leigu er stangveiðiáin Hallá á Skagaströnd sem er ca 18 km fyrir utan Blönduós. Árlegur veiðitími er á tímabilinu 20. júní–20. september ár hvert. Leyfðar eru tvær stangir og veitt er á maðk og flugu. Gamalt veiðihús er við ána. Tilboð óskast í veiðirétt í ánni fyrir 30.12.2019. Heimilt er að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Upplýsingar gefur Magnús Guðmannsson, Vindhæli í s. 841-9091 og 452-2738. Netfang: vindhæli@simnet.is

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

RÉTTUR
• Bílaréttingar
• Sprautun
• Tjónaviðgerðir
Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -

Fjölplógur PUV1600
Breidd 1,6m, með 3P festingu
Verð: 436.000 kr. + vsk

Fjölplógur PUV3300
Breidd 3,3m, án festinga
Verð: 735.000 kr. + vsk

Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Án festinga
2,6m Verð: 830.000 kr. + vsk
2,8m Verð: 850.000 kr. + vsk
3,0m Verð: 890.000 kr. + vsk
3,3m Verð: 950.000 kr. + vsk
Fjölplógur PUV „HD“
Án festinga
3,6m Verð: 1.190.000 kr. + vsk
4,0m Verð: 1.270.000 kr. + vsk

Snjótönn fyrir lyftara
2,5 m breið.
Verð: 195.000 kr. + vsk

Snjótönn, 3000 HD
3m, Euro festing
Verð: 355.000 kr. + vsk

Fjölplógur, SBM festing
VB-3200, 3,2m, 1.155 kg
Verð: 1.470.000 kr. + vsk

VB-3700, 3,7m, 1.205 kg
Verð: 1.590.000 kr. + vsk

Flaghefinn 310-70
3m, +/- 32°, 1692 kg
Verð: 645.000 kr + vsk

Snjóskófla með vængjum
SBM festing.
2,4 - 3,77m. Verð: 749.000 kr. + vsk
3 - 4,54m. Verð: 1.250.000 kr. + vsk

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Starfsfólk og sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar sendir íbúum og landsmönnum öllum hugheilar jóla- og nýárskveðjur með þökkum fyrir ánægjulegt samstarf á líðandi ári.

HVALFJARÐAR SVEIT

Næsta Bændablað kemur út 9. janúar

Bændablaðið





Á þessari teikningu má sjá breytta legu Eyjafjarðarbrautar vestri (vegur 821-02/03) út fyrir þéttbýli Hrafnagils. Breytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins.

Eyjafjarðarbraut vestri verður færð út úr Hrafnagilshverfi:

Mun liggja meðfram Eyjafjarðará frá Jólahúsi að Stokkahlöðum

Fyrirhugað er að færa Eyjafjarðarbraut vestri niður á bakka Eyjafjarðarár, en hún liggur nú í gegnum Hrafnagilshverfið. Færsla brautarinnar er inni á samgönguáætlun og gert ráð fyrir að verkefninu verði lokið árið 2021.

Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit, segir öryggi barna og annarra íbúa hverfisins stóraukast í kjölfar þess að vegurinn færist út úr hverfinu. Nýi vegurinn mun liggja meðfram Eyjafjarðará norðan við Jólahúsið og allt suður að Stokkahlöðum.

Ekið of hratt gegnum hverfið

Meðalökuhraði bílstjóra á Eyjafjarðarbraut vestri gegnum Hrafnagilshverfi er um 58 kílómetrar á klukkustund samkvæmt úttekt Vegagerðarinnar. Það er töluvert meira en hámarkshraði vegarins leyfir og er tilfærsla hans því stórt skref í átt að auknu umferðaröryggi á svæðinu. Áætlun Vegagerðarinnar gerir ráð fyrir að framkvæmdin verði í tveim áföngum og hefjist á næsta ári og ljúki árið þar á eftir, 2021.

Við færslu vegarins opnast möguleikar til aukinnar uppbyggingar í Hrafnagilshverfi og mun nýtt deiliskipulag taka mið af því, að sögn sveitarstjóra. Þannig er gert ráð fyrir að á næstu tveimur árum rísi um 12 ný einbýlishús þar auk raðhúss í Bakkatröð. Þá stendur til að skipuleggja nokkurn fjölda nýrra lóða á árinu 2020 en unnið er að nýju deiliskipulagi fyrir Hrafnagilshverfi í heild.

Séð yfir Hrafnagilshverfi. Við færslu vegarins opnast möguleikar til aukinnar uppbyggingar í hverfinu og mun nýtt deiliskipulag taka mið af því. Mynd / Eyjafjarðarsveit

Fjárveiting nemur 300 milljónum vegna fyrri áfanga

Margrét Silja Þorkelsdóttir, deildarstjóri tæknideildar norðursvæðis, kom á fund skipulagsnefndar Eyjafjarðarsveitar í liðnum mánuði og kynnti fyrstu drög af nýrri hönnun Eyjafjarðarbrautar vestri. Hún segir frumhönnun vera í fullum gangi. Í drögum að samgönguáætlun er gert ráð fyrir fjárveitingu til framkvæmdarinnar upp á 300 milljónir króna árið 2021. Sú fjárveiting nær til fyrri áfanga framkvæmdarinnar, þ.e. færslu Eyjafjarðarbrautar norðan Miðbrautar. Seinni áfangi framkvæmdarinnar hefur ekki verið tímasettur en hann gerir ráð fyrir áframhaldandi færslu vegarins að árbakka Eyjafjarðarár suður fyrir Stokkahlaðir. Tenging núverandi vegakerfis að nýjum vegi í fyrsta áfanga er enn í útfærslu. */MÞÞ*

Óveðrið:

Óttast að yfir hundrað hross hafi drepist

Talsvert af útigangshrossum drápust í óveðrinu sem gekk yfir landið fyrir stuttu. Talið er að rúmlega 70 hross hafi drepist en óttast er um afdrif fleiri. Flest hross drápust í Húnavatnssýslum.

Hross sem lifðu óveðrið af voru mörg örmagna af þreytu og þurfti björgunarfélagið Blanda á Blönduósi að sinna fjölda verkefna tengdum hrossum í veðrinu.

Mörg hross fenntu í kaf í skjóli

Ingunn Reynisdóttir, dýralæknir að Syðri-Völlum í Miðfirði, segir að hún hafi staðfest að 70 hross hafi drepist en að sú tala eigi örugglega eftir að hækka. „Hrossin sem drápust fenntu mörg hver í kaf í skjóli, bæði náttúrulegu og manngerðum. Hrossin hröktust undan veðrinu og fóru í skurði, að girðingum þar sem hlóðst að þeim og sum fóru í skafla þar sem þau fóru á kaf og snjórinn svo þungur og pakkaður að þau gátu enga björg sér veitt.

Ég geri fastlega ráð fyrir því að tala dauðra hrossa vegna óveðursins eigi eftir að hækka og að hún fari yfir hundrað.

Aðstæður sem enginn ræður við

„Við svona aðstæður ræður enginn við neitt. Það reyndu margir að gera vel við hrossin og koma þeim í skjól og fóður en í fæstum tilfellum skilaði það tilætluðum árangri.

Öll hrossin sem lifðu storminn af eru ofboðslega þreytt eða hreinlega uppgefin og flest hrossin sem grófust undir hafa verið aflífuð. Það er eitthvað verið að reyna að bjarga fölöldum en tvísýnt hvort þau lifa af.“

Magnús Ásgeir Elíasson á Stóru-Ásgeirsá í Víðidal að moka upp eitt af hrossum sínum sem fennti í kaf í óveðrinu í síðustu viku.

Ingunn segir að margir geldingar sem voru með skaufann úti og gátu ekki dregið hann inn hafi ekki getað migið frá því að veðrinu slotaði og aðrir hafa heldur ekki getað skitið og allt stopp. „Ég hef verið að meðhöndla þrjá þannig sem ég hafði litla trú á að myndu jafna sig en þeir eru samt að koma til. Önnur hross hafa ofkælst og fengið lungnabólgu og svo er farinn að detta inn hrossasótt um leið og þau komast í fóður.“ */VH*

TÍMARIT BÆNDABLAÐSINS 2020

TRYGGÐU ÞÉR AUGLÝSINGAPLÁSS Í TÍMA

Þann **1. mars 2020** kemur **Tímarit Bændablaðsins** út samhliða setningu Búnaðarþings.

Tímaritið er prentað í **8.000 eintökum** og dreift til allra áskrifenda, á öll lögbýli landsins og í fyrirtæki sem tengjast landbúnaðinum. Lengd ritsins er yfir **100 síður** og það er prentað á glanstímaritapappír í stærðinni A4.

Boðið er upp á hefðbundnar auglýsingar í Tímariti Bændablaðsins en í seinni hluta þess er pláss fyrir kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn.

Nánari upplýsingar í síma **563-0303** og í gegnum netfangið **gudrunhulda@bondi.is**

Bændablaðið

Lely Center Ísland

SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

HEITUR POTTUR.IS
KALDUR POTTUR.IS

GÁMATILBOÐ

- Saunatunnur - saunaofnar -
- viðarpottar - viðarkyndingar -

S: 416 - 2500
info@heiturpottur.is

Verð frá 99.000kr.

Bændablaðið
Fyrsta blað ársins kemur út 9. janúar 2020

Alternatorinn eða startarinn bilaður?

Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.

Hjólastillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.

Sendum um allt land.

www.pgs.is
pgs@pgs.is
s 586 1260
Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík

PG Startþjónustan
Alternatorar & Startarar

www.bbl.is

microlift material handling e-solution

RAFMAGNSTJAKKAR
LÉTTIR OG LIPRIR MEÐ LITHIUM RAFHLÖÐU.

ÞÚ SÉRÐ MICROLIFT VIDEO Á www.youtube.com MEÐ ÞVÍ AÐ SLÁ INN cPx7PPvNUM
ÞEGAR VIÐ METUM KOSTINA ER SVARIÐ MICROLIFT HYBRID
ETNA ehf. s. 698 1539 netf. siggi@pmt.is. Til sýnis hjá Pmt. Krókhálsi 1

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

ÁSCO

BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í* 12V, truflanapéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi *í bíla. Gleröryggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett *fyrir bassakeilur.* Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. *Díóur. Raffgeymaskór.* Jarðsamband. Dióðubrýr. Reimskífur *fyrir alternatora.* Kúplingskrossur. Startarakol. Legur *í alternatora. Kol í alternarora.* Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

Til hamingju!

Við hjá Landstólpa erum stolt af fjósverkunum og öllum hinum verkunum okkar líka á árinu 2019!

Fjós
Réttarholt, 561 Varmahlíð
Verkkaupi: Róbert Örn Jónsson og Annika Charlotte Webert

Iðnaðarhúsnæði
Dynskálar 49, 850 Hella
Verkkaupi: B. R. Sverrisson ehf.

Fjós
Stóri Dunhagi 2, 601 Akureyri
Verkkaupi: Lilja Dögg Guðnadóttir og Halldór Arnar Árnason

Vinnsluhús
Flatir 2, 845 Flúðir
Verkkaupi: Hrunamannahreppur

Fjós
Skúfsstaðir, 551 Sauðárkróki
Verkkaupi: Þorsteinn Axelsson og Jóhanna Bjarney Einarsdóttir

Fjós
Lambhagi, 851 Hella
Verkkaupi: Lambhagabúið ehf.

Umbúðalager
Fossnes, 800 Selfoss
Verkkaupi: Sláturfélag Suðurlands

Fiskeldi
Núpum 2, 816 Ölfus
Verkkaupi: Samherji Fiskeldi ehf.

Slökkvistöð
Norðurgarður 5, 640 Húsavík
Verkkaupi: Trésmiðjan Rein

Vélageymsla
Reykjahlíð, 804 Selfoss
Verkkaupi: Búkostir ehf.

Eimskip - Sundakælir - Endurbætur
Korngörðum, 104 Reykjavík
Verkkaupi: Eimskip

Gleðileg jól!

Kveðja,
Starfsfólk Landstólpa

LANDSTÓLPI